

í ómaksbætur samkvæmt dómi Hæstaréttar ásamt endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 315.00, og málskostnaði, kr. 11.300.00, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir hann sjálfur, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst gerðarþoli ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu gerðarþola lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola:

Dómur í málinu nr. 40/1969 í Árnessýslu: Gústav Sigjónsson gegn Frosskraft s. e. f.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

---

Fimmtudaginn 11. marz 1971.

Nr. 90/1970. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Sveinbirni Gíslasyni**

(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Sýknað af ákæru um morð. Þjófnaður. Sérátkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

#### **I.**

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Eftir uppsögu hans hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna. Skammbyssur þær og skotfæri, sem um er fjallað í málinu, voru send til rannsóknar hjá The Metropolitan Police Forensic Science Laboratory í London. Rannsókn framkvæmdi John

McCafferty, yfirmaður í tilraunadeild stofnunarinnar, og segir svo í skýrslu hans, sem þýdd er af löggiltum skjalaþýðanda:

„Hinn 6. maí 1970 tók ég persónulega við eftirfarandi dómsgögnum úr hendi hr. Hallvarðs Einvarðssonar frá Íslandi, en þau voru öll í innsigliðum „perspex“-öskjum:

Dómsgagn LX S&W SKAMMBYSSU, SEM FANNST Í BIFREIÐINI R 15612.

— LXII SKOTI, SEM FANNST Í HÖFÐI. SKOTHYLKI, SEM FANNST Í BIFREIÐ. 7 SKOTHYLKJUM ÚR „MAGAZINE“ (hlaðhylki) SKAMMBYSSU NR. 2184. TVEIMUR SKOTUM, SEM FUNDUST Í PENINGAKASSA.

— LXIII MAUSER SKAMMBYSSU NR. 210236.

Einnig tók ég við 15 ónotuðum .35 S&W skotum.

Hefi ég athugað þessi gögn.

Smith & Wesson skammbyssan var sjálfhlaðandi skammbysa með .35 þuml. hlaupvídd, sem er nú úrelt vopn. Var hún í góðu ástandi og vel nothæf, og skaut ég skotum úr henni í tilraunaskyni. Komst ég að raun um, að hún verkaði rétt, og þurfti 7 enskra punda þrýsting á gikkinn til að hleypa sérhverju skoti af. Á byssunni voru tvö virk öryggi, og ekki var hætt á, að hlypi af henni af slysi, jafnvel þótt harkalega væri farið með hana.

Skotinu úr höfðinu (LXII) var skotið úr .35 Smith & Wesson skammbyssuskotfæri. Hlutar raufarfaranna höfðu verið afmáðir af skemmdum, eftir að hleypt hafði verið af, en nóg var eftir til að sýna með samanburði við tilraunaskot mín, að skotinu hafði verið hleypt af úr S&W skammbyssunni LX.

Skothylkið (LXII) var af sams konar afhleyptu skoti, og bar það einnig merki þess, að því hefði verið skotið úr skammbyssu þessari.

Skotin sjö (LXII) voru ónotuð skotfæri fyrir .35 S&W skammbyssu sams konar og afhleypta skothylkið og skotið

höfðu komið úr. Á fimm þessara skota sáust lítil eða dauf skotpinnamerki á hvellhettunum. Voru þau of ógreinileg, til að hægt væri að sanna, að þau væru eftir ákveðinn skotpinna. En þó komst ég að raun um, að þegar skotum var hleypt af eða þau sett gegnum S&W skammbyssuna, voru stundum gerð sams konar merki eftir skotpinnann, þegar hann stóð gegnum gat sitt, og kólfurinn var dreginn til baka til að kasta notuðu skotfærunum. Önnur fingerð merki voru á hylkjum ónotuðu skotanna (LXII), sem voru sams konar tegundar og merkin, er S&W skammbyssan gerði, en ekki var hægt að sanna, að um sömu merki væri að ræða.

Ónotuðu skotin tvö (9 mm (P) og .35 S&W) sýndu ekkert athyglisvert.

7.63 mm Mauser herskammbyssan nr. 210236 (LXIII) var í nothæfu lagi og hægt að skjóta úr henni. Um 1 þumlungur af oddenda skotpinnans var brotinn af, en á staðnum og á slagoddinum var flatt mar. Vegna þess voru merkin, sem gerð voru, öðruvísi en merkin á óafhleyptu skotunum (LXII). Hin merkin, sem gerð voru á skotfærum, er sett voru gegnum Mauser skammbyssuna, voru einnig annarrar tegundar en hin daufu merkin á skotum þessum.

Mögulegt kynni að vera að skjóta .35 S&W skotfærum með Mauser skammbyssunni, en vegna minni hylkja mundi árangurinn óviss, og væntanlegar afleiðingar mundu verða, að skotin festust í hlaupi skammbyssunnar.

Skaut ég réttu skotunum úr henni“.

Með bréfi saksóknara ríkisins 18. desember 1970 var óskað umsagnar Læknaráðs á álitagerð Þórðar Möllers yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og féllst Læknaráð á niðurstöður yfirlæknisins.

## II.

Sannað er, að skoti því, er varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, var hleypt af úr skammbyssu þeirri, er ákærði stal frá Jóhannesi heitnum Jósefssyni og fannst í bifreið ákærða, R 15612, hinn 6. marz 1969, en með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykja ekki framkomnar alveg fullnægjandi sannanir fyrir því, að ákærði hafi orðið Gunnari

Sigurði að bana eða átt þátt í þeim verknaði með saknæmum hætti. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að þessu leyti.

### III.

Samkvæmt játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum, stal hann á árinu 1965 skammbyssu af gerðinni Smith & Wesson cal. 35 á heimili Jóhannesar Jósefssonar. Eftir upplýsingum frá sendiráði Íslands í Bandaríkjunum Norður-Ameríku var verð skammbyssu af þessari gerð, sem nánast er safngripur, á árunum 1965 til 1967 frá 75 til 115 dalir. Er ljóst, að verðmæti byssunnar var meira en kr. 3.000.00, og varðar þetta brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og koma því ákvæði 2. mgr. 256. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 69/1964, ekki til álita. Þjófnaðarbrot ákærða tæmir sök, að því er varðar vörzlur hans á skammbyssunni, og verður honum því ekki sérstaklega refsað fyrir bot gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. lög nr. 69/1936.

### IV.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 8. marz 1969 til 13. febrúar 1970, og hefur hann því þegar afplánað refsingu þessa í gæzluvarðhaldsvist sinni.

Rétt þykir, að ákærði greiði  $\frac{1}{20}$  hluta alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun réttargæzlumanns hans og verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 240.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast kr. 240.000.00, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

### Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti fangelsi 45 daga, en refsivist þessi er þegar afplánað í gæzluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði  $\frac{1}{20}$  hluta alls kostnaðar sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun réttargæzlumanns hans og verjanda í héraði og fyrir Hæsta-

rétti, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 240.000.00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 240.000.00, en að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### S é r a t k v æ ð i

#### Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 18. janúar 1968, milli kl. 0500 og 0600 að morgni, að því er ætla verður, var Gunnar Sigurður Tryggvason bifreiðarstjóri ráðinn af dögum í bifreið sinni, R 461, á Lauga-læk í Reykjavík. Verknaðurinn var framinn með skammbyssu og kúlu af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson cal. 35. Með skýrslu sérfræðings í alríkislögreglunni í Bandaríkjunum og skýrslu brezkrar sérfræðistofnunar, The Metropolitan Police Forensic Science Laboratory, verður að telja sannað, að vígið hafi verið framið með skammbyssu, sem Jóhannes Jósefsson, fyrrum hóteleigandi, átti og horfið hafði sumarið 1965 úr ólæstum kassa í húsi hans, Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi.

Rækilegar eftirgrennslanir voru á sínum tíma, sérstaklega eftir víg Gunnars Sigurðar Tryggvasonar, gerðar eftir byssu Jóhannesar.

Gera verður ráð fyrir, að maður, grunaður um víg, en saklaus af því, leitist við eftir fremsta megni að aðstoða við að leiða hið sanna í ljós.

Ákærði hafði verið í þjónustu Jóhannesar Jósefssonar áratugum saman og fram til ársins 1960. Það var því eðlilegt, að eftirgrennslunarmenn leituðu vitneskju hjá honum. Tveir lögreglumenn höfðu, hvor í sínu lagi, tal af honum um byssuna, áður en hún fannst, en hann varðist allra fréttu.

Svo sem rækilega er rakið í hinum áfrýjaða dómi, fannst síðan byssan í bifreiðinni R 15612, sem ákærði ók frá Bæjarleiðum. Var hún þá fullhlaðin sjö skotum.

Gerðist þetta 6. marz 1969.

Í mörgum og rækilegum prófum, sem fram fóru á tímabilinu frá 7. marz til 28. júní 1969, staðhæfði ákærði, að byssan hefði þá fyrst komizt í hans hendur, er hann hafi fundið hana fullhlaðna undir framsæti bifreiðarinnar R 15612 rétt eftir miðjan janúar 1969.

En við dómpróf 28. júní 1969 sneri ákærði við blaðinu. Hann skýrði, er hér var komið, svo frá, að hann hefði hnuplað byssunni sumarið 1965 úr húsi Jóhannesar Jósefssonar, Tjarnarstíg 8. Kveðst hann síðan hafa geymt byssuna óhlaðna, unz hann hafi á árinu 1966, fyrir 1. september, farið með byssuna skotlausu niður á Bifreiðastöð Steindórs, en þaðan ók hann þá leigubifreiðinni R 1402. Hafi tilætlunin verið að sýna byssuna samstarfsmanni, sem áhuga hafði á byssum. Úr því hafi eigi orðið, en um kvöldið, að afloknu dagsverki, hafi hann gleymt byssunni í mælaborðshólfu nefndrar bifreiðar, þar sem hann skildi við hana í bifreiðageymslu stöðvarinnar. Daginn eftir hafi byssan verið horfin úr bifreiðinni. Hafi hann síðan ekki haft hugmynd um verustað byssunnar, unz hann hafi fundið hana upp úr miðjum janúar 1969 í bifreiðinni R 15612, sem hann ók frá Bæjarleiðum. Þessi síðbúni framburður ákærða um hvarf byssunnar og endurfund hennar er svo fjarstæður og ósennilegur, að trúnaður verður eigi á hann lagður.

Ákærði hefur fullyrt, að hann hafi aldrei hlaðið byssuna, en endurfundið hana fullhlaðna. Hins vegar játaði hann við dómprófin 28. júní 1969, að hann hafi á árunum 1953—1955 hnuplað hálfum öðrum pakka af skammbyssuskotum úr skúffu í sumarbústað Jóhannesar Jósefssonar við Hítará. Við húsleit á heimili ákærða hinn 7. marz 1969 fundust tvö skot, og er annað þeirra Smith & Wesson cal. 35. Var það af sömu tegund og stærð og skot það, sem varð Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, og svo þau sjö skot, sem skammbyssan var hlaðin með, þá er hún fannst í bifreiðinni R 15612. Hér er og þess að geta, að ákærði hafði orðið sér úti um og hafði á lykklakippu sinni útidyralykil að húsi Jóhannesar Jósefssonar, Tjarnarstíg 8, en hinn 14. og hinn 15. febrúar 1968 fundu lögreglumenn í kjallara og þvottahúsi nefnds húss 142

skot af tegundinni Smith & Wesson cal. 35. Hefur hann þannig haft færi á að afla sér skotfanga í byssuna.

Skotin Smith & Wesson cal. 35 voru framleidd á árunum 1913—1940. Fram á árið 1925 var stafurinn U á hvellhettu þeirra. Stafurinn U var á skothylkinu, sem fannst í bifreið Gunnars Sigurðar Tryggvasonar, R 461. Hann var einnig á Smith & Wesson cal. 35 skotinu, sem fannst heima hjá ákærða, og svo á skotunum sjö, sem skammbyssan var hlaðin með, þá er hún fannst í bifreiðinni R 15612.

Vætti vitna sker ekki úr í máli þessu.

Þá er lögreglumenn spurðu ákærða upphaflega um byssu þá, sem vígið var framið með, þóttist hann ekkert um hana vita. Rúmu ári eftir vígið fannst hún fullhlaðin sjö skotum í vörzlum hans. Hann fullyrti mánuðum saman við próf, að hann hefði þá fyrst haft byssuna undir höndum, er henni hefði án vitundar hans verið komið fyrir í leigubifreiðinni R 15612 rétt eftir miðjan janúar 1969. Loks viðurkenndi ákærði 28. júní 1969, að hann hefði hnuplað byssunni 1965, en sagði jafnframt fjarstæðukennda sögu um hvarf byssunnar óhlaðinnar úr bifreiðinni R 1402 á árinu 1966 og endurfund hennar fullhlaðinnar í bifreiðinni R 15612 upp úr miðjum janúar 1969. Allur framburður ákærða í sínum ýmsu myndum bendir til þess, að hann hafi eigi misst byssuna að óvilja sínum, frá því að hann hnuplaði henni og þar til hún fannst í vörzlum hans, fullhlaðin sjö skotum, sem ætla má, að tekin hafi verið frá Jóhannesi Jósefssyni. Líkurnar gegn ákærða eru því svo sterkar, að fullnægt er sönnunarskilyrðum 108. og 109. gr. laga nr. 82/1961.

Með skírskotun til þess, sem sagt var, og málavaxta þeirra, sem raktir eru í sératkvæði Þórðar Björnssonar yfirsakadómara, verður að telja, að ákærði hafi átt hlut að vígi Gunnars Sigurðar Tryggvasonar. Ber því að refsa honum eftir 211. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til, hvernig málið er í pottinn búið.

Fallast má á ákvæði meiri hluta dómenda um refsingu á hendur ákærða fyrir töku og hald skammbyssu þeirrar, sem í málinu greinir.

Refsing ákærða ákveðst fangelsi 5 ár.

Ekki er ástæða til að láta gæzluvarðhaldsvist koma til frádráttar refsingu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað fyrir sakadómi og Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 240.000.00, og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 240.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti fangelsi 5 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir sakadómi og Hæstarétti, kr. 240.000.00, og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns fyrir sakadómi og Hæstarétti, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 240.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1970.

Ár 1970, föstudaginn 13. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í gömlu bæjarþingsstofunni í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hér í borg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 91/1970: Ákærvaldið gegn Sveinbirni Gíslasyn, sem tekið var til dóms 20. f. m.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 22. september f. á., er höfðað opinbert mál á hendur Sveinbirni Gíslasyni leigubifreiðarstjóra, til heimilis að Sækambi á Seltjarnarnesi, en nú gæzlu-fanga í hegningarhúsinu hér í borg, fæddum 17. desember 1926 í Reykjavík, „fyrir manndráp með því að hafa árla morguns fimmtudaginn 18. janúar 1968 ráðið Gunnari Sigurði Tryggvassyni leigubifreiðarstjóra, Kambsvegi 8, Reykjavík, bana með skammbyssuskoti í bifreið Gunnars Sigurðar, R 461 L, á Laugalæk í Reykjavík skammt frá mótum Laugalækjar og Sundlaugavegar eða á annan hátt átt þátt í framkvæmd þessa brots með skammbyssu þeirri, sem verknaðurinn var framinn með, en byssan hafði þá um nokkurt skeið verið í vörzlum ákærða. Kom skotið í höfuð Gunnars Sigurðar, hægra megin í hnakkann.

Telst ákærði með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegur við

211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða við nefnt laga-ákærði, sbr. 22. gr. sömu laga.

Jafnframt er ákærða og gefið að sök að hafa fyrri hluta árs 1965 stolið fyrrgreindri skammbyssu (Smith & Wesson Automatic Pistol, caliber 35, Serial Number 2184) úr eigu Jóhannesar heitins Jósefssonar á þáverandi heimili Jóhannesar að Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi (Svalbarða).

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og handhöfn ákærða á byssunni einnig við 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, útgefnu af Hagstofu Íslands fyrir hönd þjóðskrárinnar, er fullt nafn ákærða Sveinbjörn Snædal Gíslason, en hann kveður, að seinna fornafn sitt sé Sædal.

Ákærði hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Á árunum 1951—1962 fékk hann tvisvar áminningu og í 10 skipti sektir, kr. 50.00—kr. 250.00 í hvert skipti, fyrir brot gegn bifreiða- og umferðarlögum svo og gegn lögreglusamþykkt.

Hinn 3. apríl 1968 gekkst hann undir sektargreiðslu að fjárhæð kr. 500.00 fyrir brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

### *I. kafli.*

#### *A.*

Kl. 0715 að morgni fimmtudagsins 18. janúar 1968 hringdi Jóhann Jón Þorvaldsson húsgagnasmiður, Laugarnesvegi 94 hér í borg, á lögreglustöðina hér í borginni og tilkynnti, að leigubifreiðin R 461 stæði á Laugalæk, og virtist eitthvað athugavert við ökumann hennar. Lögreglumennirnir Héðinn Skúlason, Hilmir Ásgrímsson og Þór Gunnlaugsson fóru þegar á vettvang í bifreið, sem Hilmir stýrði, og kveðst hann hafa ekið um Skúlagötu, Borgartún og Sundlaugaveg. Þeim ber saman um, að ekki hafi liðið meira en 5—7 eða aðeins fáeinar mínútur, frá því að hringt var á lögreglustöðina, þar til þeir voru komnir á staðinn. Þar voru fyrir fyrrgreindur Jóhann Jón og sonur hans, Magnús Helgi. Lögreglumennirnir sáu, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr austan megin á Laugalæk, nokkuð fyrir norðan Sundlaugaveg, og sneri hún í suður. Var framhlutinn nær gangstéttarbrún en

afturhlutinn. Vél bifreiðarinnar var í gangi svo og gjaldmæli, og kveikt var á stöðuljósum hennar. Undir stýrinu sat maður, sem reyndist vera Gunnar Sigurður Tryggvason leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 8 hér í borg. Hann hallaði höfðinu aftur á sætisbakið, líkt og hann svæfi, og hafði blóð runnið úr andliti hans niður á jakka og bringu. Héðinn Skúlason kveður, að vinstri afturhurð bifreiðarinnar hafi verið lögð að hurðarstaf og því ekki alveg lokuð. Hann kveðst hafa lyft höfði Gunnars Sigurðar örlítið fram og þá séð, að aftan á höfði hans var sár, sem líktist skotsári, og einnig hafi verið að sjá sem reyklitað hafi verið í kringum sárið eins og eftir púður, en á gólfi við framsæti bifreiðarinnar hægra megin hafi verið notuð patróna. Lögreglumennirnir höfðu þegar samband við lögreglustöðina um talstöð bifreiðar sinnar og báðu um, að sjúkrabifreið kæmi á vettvang svo og rannsóknarlögreglumenn. Sjúkrabifreið kom mjög fljótlega, og var Gunnar Sigurður fluttur í henni á slysavarðstofuna, en þar upplýstu læknar, að hann væri þegar dáinn. Rétt á eftir komu á vettvang og í þessari röð rannsóknarlögreglumennirnir Ragnar Vignir aðalvarðstjóri, Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður og Ingólfur Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Segir í skýrslu Ingólfs Þorsteinssonar, sem staðfest er fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Er ég kom þarna á vettvang, var stormur og hellirigning, en gatan flóandi í vatni og nokkur hluti hennar þakinn glerhálum ís, og þannig var allt nágrenni þarna utan við götuna.

Ragnar Vignir, aðalvarðstjóri tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, taldi, eins og á stóð, algerlega ógerlegt að framkvæma fullkomnar athuganir á bifreiðinni þarna á staðnum, og að tillögu hans lét ég flytja hana í bifreiðaverkstæði lögreglunnar við Síðumúla, þar sem starfsmenn tæknideildar svo athuguðu hana, er mesta vatnið hafði þornað af henni. Á staðnum var því ekki hreyft við neinu í bifreiðinni, en þar sáum við strax á gólfi bifreiðarinnar framan við hægra framsæti skothylki, sem leit út fyrir að vera úr skammbyssu af stærðinni cal. 32. Á götunni í grennd við bifreiðina og á auðu svæði þar í grennd var strax gerð nákvæm leit, strax þegar birti af degi, og veðrið hafði slotað nokkuð, en ekkert fannst þar markvert, sem hugsanlega gæti gefið neinar upplýsingar varðandi atburðinn“.

Fyrir dómi hefur Ingólfur tekið fram, að skothylkið, sem fannst í bifreiðinni og leit út fyrir að vera cal. 32, hafi reynzt vera cal. 35.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður í Reykjavík (flugvellinum) á þessum tíma þannig:

Dags.	Tími	Vindátt	Mest veðurhæð	Veður	Skyggni	Hiti
			Veðurhæð milli athugana		km.	C°
17/1	17	A 5	6	Snjókoma	1	÷1.8
—	20	ASA 7	7	—	2	0.5
—	23	SA 6	7	Rigning	8	3.3
18/1	02	SA 5	6	Úrkoma í grennd	15	3.9
—	06	SA 5	6	Rigning	10	4.0
—	08	ASA 7	7	Rigning	5	2.6

Ingólfur Þorsteinsson athugaði einnig lík Gunnars Sigurðar á slysavarðstofunni, og segir í fyrrgreindri skýrslu hans um þá athugun meðal annars svo:

„Við athugun kom strax í ljós, að skotsár var aftan á hnakka hins látna, og var það nokkuð neðarlega á hnakkanum og hægra megin. Úr sárinu vall bæði blóð og einhvers konar vilsa, sem læknirinn taldi vera frá heilanum. Vinstra auga hins látna var nokkuð farið að blána, og virtist þetta benda til, að kúla mundi vera í námunda við það, en engin merki sáust um, að kúlan hefði neins staðar komið út. Nokkuð blóð hafði runnið úr sárinu á hnakkanum, og voru blóðtaumar niður eftir jakkakraga og boðang hægra megin, en nokkuð af blóði hafði einnig runnið út af jakkakraganum niður á peysu, sem var innanundir jakkanum, og hafði frá því komið nokkuð blóðklístur innan á fóður jakkans undir hægri boðang. Önnur merki frá umræddum skotáverka sáust ekki, og ekki fundust við fljótlega athugum aðrir áverkar.

Hinn látni var klæddur þokkalegum jakkafötum og peysu. Jakkinn var flakandi frá honum, en í vösum fatanna fann ég eftirtalda muni: Í bakvasa á buxum var svart leðurveski og í því 1.500.00 krónur í peningum og tékkhefti og einnig ökustírteini hins látna, sem sýndi, að maðurinn var Gunnar Sigurður Tryggvason, Kambsvegi 8, f. 17/11 1925. Í jakkavösum voru nafnskírteini og sjúkrasamlagsskírteini hins látna, og voru þau það eina, sem var í innri brjóstvösum jakkans, í hægri brjóstvasa. Þá voru í vösum jakkans lyklaveski með þremur smekkláslyklum, vindlakveikjari, vasahnífur, kúlupenni, greiðubrot og 12 krónur í krónu- og tveggjakrónupeningum. Á vinstri úlnlið hins látna var armbandsúr. Fötin fóru öll eðlilega og benti ekki til, að látni hefði lent í neinum átökum“.

Síðar kom fram, að auk 1.500 krónanna og tékkheftisins voru

í veski Gunnars Sigurðar á bak við heftið tveir danskir 10 krónu seðlar og einn íslenzkur 100 krónu seðill, sem var rifinn í sundur og límdur saman.

Ragnar Vignir kveður, að þegar hann hafi komið á vettvang á Laugalæk, hafi verið búið að flytja Gunnar Sigurð á brott þaðan, en bifreiðin R 461 var þar í gangi með biðljósum. Vinstri framendi hennar var 1.60 metra og vinstri afturendi 2 metra frá nyrðri gangstéttarbrún. Fjarlægðin frá vinstri afturenda bifreiðarinnar að þriðja ljósastaur á Laugalæk frá Sundlaugavegi var 2.20 metrar.

Þeir Ragnar Vignir og Sævar Þorbjörn Jóhannesson, lögreglu-maður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, rannsókuðu bifreiðina R 461 síðar um morguninn í verkstæðinu við Síðumúla, og segir í skýrslu þeirra, sem staðfest er fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Kl. 10.10 fórum við undirritaðir til þess að rannsaka bifreiðina nánar. Var hún þá nokkuð farin að þorna. Voru fyrst teknar af henni ljósmyndir að utan og innan.

Blóð sást í framsæti bifreiðarinnar ökumannsmegin (vinstra megin). Var blóð ofarlega á baki þess og um miðju baksins. Blóðtaumar lágu niður eftir sætinu hægra megin og niður eftir armpúða, sem aðskilur framsætin og lá niðri. Blóð hafði dropið á gólf bifreiðarinnar milli framsæta hennar, og einnig var nokkurt blóð á gólfábreiðu aftan við sæti ökumanns.

Á gólfi bifreiðarinnar framan við hægra framsæti lá tæmt skothylki, og var áletrun á botni þess: REM-UMC. 35. S & W. og á hvellhettu þess stafurinn U, sem var þó horfinn að verulegu leyti vegna ákomu sprengipinna byssu þeirrar, sem því hefur verið skotið úr. Skothylkið tókum við með okkur til nánari athugunar.

Í hægra framsæti lá bók á grúfu. Var það skáldsagan „Tiger by the Tail“ í vasabroti, ensk, og var opin á bls. 36—37. Á gólfi bifreiðarinnar aftanverðu fast við framsætisbakið hægra megin lá lítið ofið merki, rétthyrnt 17×19 mm, grunnur þess svartur og í hann ofin með gulllituðum þræði talan 8½, utan um hana krans með kórónu að ofan og slaufu að neðan, yzt rétthyrndur rammí. Merkið var tekið með til nánari athugunar.

Í öskubakka í vinstri afturhurð var aska, brunnin eldspýta og þrjár vindlingastubbar, einn 4.7 sm langur, af gerðinni *Camel*, annar 2.9 sm langur, gerð *John Silver*, og sá þriðji 3.0 sm langur, og sást ekki merki á honum.

Í öskubakka í hægri afturhurð var aska og einn vindlingastubbur 3.5 sm langur af gerðinni *Marlboro*.

Í öskubakka, sem er fyrir miðju mælaborði bifreiðarinnar, var aska, 9 brunnar eldspýtur, band af Agio vindli og þrír vindlingastubbar, einn 1.4 sm langur af gerðinni *Camel*, en hinir merkislausir, 2.2 sm og 3.0 sm langir. Innihald öskubakkanna var sett í öskjur og merkt. Á gólfi aftur í bifr. voru 2 brunnar eldspýtur hæggra megin.

Leitað var að fingraförum inni í bifreiðinni, þar sem því var við komið, en bifreiðin er mikið leðurklædd að innan og áferð leðursins óslétt, og við prófun reyndist ekki unnt að framkalla fingraför á því.

Hluti úr fingurfari fannst á gluggapósti vinstri afturhurðar næst dyrastafnum og annar hluti úr fingurfari fannst á brún loks að hanzkahólfi í mælaborði bifreiðarinnar. Förum þessum var lyft af fleti sínum og þau tekin til nánari athugunar.

Kl. 11.55 var gert hlé á rannsókn bifreiðarinnar, þar sem hún var ekki orðin algveg þurr, en aftur hafizt handa við að rannsaka hana kl. 01.00 (sic).

Var nú leitað að fingraförum utan á bifreiðinni, en engin nothæf fingraför fundust, og má rekja það til hins lemjandi slagveðurs, sem bifreiðin var búin að standa úti í. Í farangursgeymslu bifreiðarinnar var ekkert óeðlilegt að sjá, þar var lítil taska með hitabrúsa og leifum af nesti tilheyrandi bifreiðarstj. Um kl. 16.00 var lokið rannsókn á bifreiðinni, og um kl. 18.00 var hún afhent aðstandendum bifreiðarstjórans.

Föstudaginn 19. janúar 1968, kl. 09.20, tóku svo Ragnar Vignir og Guðmundur Erlendsson rannsóknarlögreglum. fingraför af líki hins látna bifreiðarstjóra, Gunnari Tryggvasyni, Kamsbvegi 8, f. 17. 6. 1925. Var það gert í líkhúsi Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg.

Eftir að hafa borið fingrafarahlutana, sem fundust í bifreiðinni R 461 L, saman við fingraförin af líki Gunnars Tryggvasonar, teljum við (ekki 12 einkenni í hvorugu farinu, sem fannst í bifreiðinni), að *fingurfarshlutinn, sem fannst á gluggapósti vinstri afturhurðar, sé af löngutöng vinstri handar Gunnars og farið af brún á hanzkahólfi sé af pumalfingri hægri handar Gunnars*“.

Guðmundur Erlendsson, lögreglumaður í tæknideild rannsóknarlögreglunnar, Drangagötu 1, Hafnarfirði, hefur staðfest framangreinda frásögn um töku fingrafara af líki Gunnars Sigurðar.

Sævar Þorbjörn Jóhannesson kannaði nánar fyrrgreint 17×19 mm merki, og segir í skýrslu hans um það atriði meðal annars svo:

„Fór undirritaður föstudaginn 19. jan. 1968 með merkið í verzlunina P & Ó, Laugavegi 95, og hafði samband við Garðar Siggeirsson verzlunarstjóra, sem tjáði mér, að merkið væri af hanzka, og enn fremur, að hanzkategund þessi væri flutt inn í landið af P & Ó og væru hvergi seldir nema í verzluninni P & Ó, herradeild, Austurstræti 14 og Laugavegi 95.

Hanzkar þessir eru til í brúnum og svörtum lit, og fylgir eitt merki hverju pari, sem sýnir stærðarnúmer hanzkanna. Er það límt á hægri hanzka innanverðan, handarbaksmegin. Hanzkarnir eru randsaumaðir.

Laugardaginn 20. janúar 1968 fór undirritaður ásamt Jóni E. Halldórssyni varðstjóra að Kambsvegi 8 og höfðum samband við Tryggva Jóhannesson, föður Gunnars heitins. Tryggvi tjáði okkur, að Gunnar hefði ekki átt neina hanzka af fyrrnefndri gerð, og sýndi hann okkur notaða hanzka af Gunnari, sem reyndust vera af annarri gerð og mikið stærra númer“.

Krufning fór fram á líki Gunnars Sigurðar, og framkvæmdi Þórarinn Sveinsson læknir verkið.

Í skýrslu læknisins segir meðal annars svo:

„Líkið er af 180 cm háum karlmanni, afskaplega feitum. Það kemur í öllum fötum, en án yfirhafnar. Lögreglan mun hafa skoðað líkið og tæmt vasa og athugað það nánar. Mikið blóð hefur runnið úr hnakka líksins, en þar eru merki eftir skotsár. Líkið er fært úr fötum og skóm og sést þá, að mjög mikill pannus er á líkinu, en engin áverkamerki verða greind önnur en það, sem áður er getið. . .

Við athugun á hnakka sést skotsár, sem er í línu, sem draga má frá eyrnagangi beggja vegna þvert yfir hálsinn að aftan og lendir þá í hársverðinum allra neðst. Um 1 mm púður-hringur virðist vera í kringum innskotsop, og mælist það í húð um 0.6 cm í þv.m. Sár þetta er exiderað sérstaklega og sett í glas. Önnur áverkamerki voru ekki greinileg. Sárið er aðeins hægri megin miðlínu.

Heilabúið opnað: Þegar heilahimnum var flett af, kom í ljós yfir v. heilahveli allmikið blóðhlaup, er rann þó af, þegar heilahimnunum var flett af. Heilinn tekinn út. Hann vigtaði 1520 gr. Merki eftir skotáverka sást þá: Það lá í gegnum neðanverðan litla heilann og fram í gegnum pons og síðan neðanvert við heilann,

hafði farið í gegnum carotis interna og fram í kúpubotn yfir v. auga, og þar lá kúla fast við beinið. Blæðingar höfðu orðið nokkrar neðan á heilanum einnig, en aðrir áverkar voru ekki merkjanlegir á heilanum, en væntanlega munu ljósmyndir nánar geta greint frá stefnu skotsársins, bæði í heila og kúpubotni. Forðast var að snerta kúluna nema með mjúku átaki, og mældist þessi kúla 1.2 cm á lengd. Framan á henni virtist vera hlíf úr einhverju þéttu efni, er mældist 0.6 mm á lengd. Þvermál kúlunnar mældist með þessum grófu tækjum, er til voru, 0.8 cm í þv.m. Við athugun á beini sést, þar sem innskotið hefur verið, að kvarnast hefur nokkuð úr innra borði kúpunnar, og mældist innskotsopið þar vera 1 cm í þv.m. Þar sem kúlan hefur lent í kúpubotni yfir v. auga, hefur hann brotnað á þríhyrningslöguðu svæði með basis fram á við, mælist um 2 cm í þv.m., en hæðin inn á við er um 3.5 cm. Nokkurt blóðvætl var þarna yfir þessu svæði, og var fyrrnefnd kúla þar í því.

Ályktun: Af líkskoðun og krufningunni er ljóst, að maður þessi hefur hlotið skotsár hægra megin í hnakkann. Kúlan hefur gengið fram í gegnum litla heilann h. megin og í gegnum heilabrúna (pons) og staðnæmzt í kúpubotni yfir vinstra auga. Einnig í leiðinni hefur kúlan tætt stóra slagæð í sundur (carotis interne sin). Maðurinn hefur látizt samstundis af þessum áverka“.

Njörður Snæhólm, aðalvarðstjóri í rannsóknarlögreglunni, rannsakaði skothylkið, sem fannst í bifreiðinni R 461, svo og kúluna, sem var í höfði Gunnars Sigurðar. Segir í skýrslu Njarðar, sem dagsett er 22. janúar 1968 og staðfest fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Á gólfinu framan við framsæti bílsins, sem Gunnar Tryggvason var myrtur í, fannst skothylki, og þar sem Gunnar var skotin aftan við hægra eyra, bendir þetta til þess, að morðbyssan sé „automatic“ og kasti tómu hylkjunum út til hægri.

Skothylkið er „Rimless, centerfire“, 17 m/m á lengd með glansandi hvellhettu, merktri U í miðju. 4 m/m frá openda hylkisins er „cannelure“, doppuð.

Á botni hylkisins er stimplað „REM-UMC 35 S&W“, sem þýðir Center-fire, Remington, Union Metallic Co, cal. 35.

Rúnað far er í miðja hvellhettu eftir sprengipinna byssunnar og smá far rétt hjá því. Á botni hylkisins út á brún er um þríhyrningslagað far eftir útkastarann. Farið er um 3 + 2 m/m. Undir brúninni beint á móti er annað far eftir útdragarann, um 3 m/m á lengd. Bæði förin eru sérstaklega góð, og lítur því út

fyrir, að byssan, sem notuð hefur verið, sé óslitin. Einnig lítur út fyrir, að útdragarinn sé staðsettur hægra megin í byssunni og útkastarinn vinstra megin.

Kúlan, sem tekin var úr höfði látna, er nokkuð hnoðuð eftir höggið og skemmd að aftan. Þetta er sinkfóðruð blýkúla, og fóðringin nær ekki nema aftur að þeim hluta, sem var inni í skothylkinu. Á fóðraða hlutanum eru engin fôr eftir riffur hlaupsins. Hins vegar sjást tvær riffur á hluta af ófróðraða endanum, og þær eru til hægri, sem þýðir það, að hlaup byssunnar er með hægri snúnum rifflum, þ. e. „lands and grooves“.

Þarna hefur því verið um að ræða skotið S&W, cal. 35. Skot þessi voru framleidd á tímabilinu 1913 til 1940 í Ameríku, en árið 1925 var hætt að nota hvellhettu með stafnum U, svo skot þetta á því að vera framleitt fyrir 1926.

Það hefur aðeins ein tegund af byssum verið framleidd fyrir þessa sérstöku stærð af skotum, og það er S&W „pistol“, og aðeins 8.350 stykki voru framleidd, og framleiðslu á þeim var hætt árið 1921. Samt er talið, að möguleiki sé á að skjóta þessum skotum úr einstaka „pistol“, cal. 32, því kúlan í S&W 35 er í rauninni cal. 32, en skothylkið sjálft cal. 35. Einnig á að vera hægt að nota þessi skot í 8 m/m riffla.

S&W, cal. 35, „pistol“ er með 3.5 þumlunga hlaupi og öll lengdin 6.5 þumlungar. Magasínið tekur 7 skot og er sett upp í skeftið. Framsigtið er hálfmánalagað, óhreyfanlegt, og aftursigti einnig óhreyfanlegt. Framan á skeftinu neðan við gikkhlífina er hálfmánalagað stykki, sem er öryggið. Hlaup byssunnar er með hægri rifflum, einn snúningur á 12 þumlunga. 6 „grooves“. Groove vídd 095. Land vídd 0725 þuml.“.

Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður kveðst hafa verið kominn til vinnu sinnar í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar kl. 0800 þennan morgun. Laust eftir kl. 0800 var hringt þangað frá lögreglustöðinni og hann beðinn um að koma að leigubifreið við Laugalæk. Hann fór rakleitt þangað, og voru þá nokkrir götölögreglumenn þar fyrir. Hann hafði orð á því, eftir að hann hafði verið þarna stutta stund, að gjaldmælir bifreiðarinnar væri enn í gangi, og fór hann ásamt Héðni Skúlasyni lögreglumanni að athuga mælinn. Gísli kveðst muna það greinilega, að hann stóð þá á kr. 87.000. Hann stöðvaði mælinn á þeirri fjárhæð og tók tímamann um leið. Var klukkan þá 0823.

Héðinn Skúlason segir í skýrslu sinni um málið, að kl. 0750 hafi gjaldmælir bifreiðarinnar sýnt kr. 87.00. Fyrir dómi kveðst

hann hafa ritað skýrsluna, þegar öll atvik voru nýskeð og í fersku minni hans og því rituð eftir beztu vitund hans. Hann telur þó ólíklegt, að hann hafi stöðvað gjaldmælinn upp á ein-dæmi, og vefengir hann ekki, að Gísli Guðmundsson hafi gert það, eftir að hann kom á vettvang. Héðinn getur ekki sagt um, hvað klukkan hefur verið, þegar Gísli hefur stöðvað mælinn.

Kl. 1030 að morgni sama dags og Gunnar Sigurður fannst látinn fór Njörður Snæhólm heim til föður hans, Tryggva Jóhannessonar, að Kamsvegi 8 hér í borg, og skýrði honum frá atburðinum. Tryggvi skýrði Nirði frá því, að yfirleitt hefði Gunnar Sigurður verið með tvö veski og hefðu sennilega verið um kr. 4.000.00 til kr. 5.000.00 í öðru þeirra, því að hann hefði geymt peninga í öðru, en skipt peningum úr hinu. Þeir leituðu að seðlaveski í herbergi Gunnars Sigurðar og í fötum hans, sem voru í því, en fundu ekki. Tryggvi sagði Nirði, að Gunnar Sigurður hefði farið til vinnu rétt fyrir eða um miðnætti, og kvaðst Tryggvi einmitt hafa verið að bíða eftir því, að hann kæmi heim upp úr kl. 0700 um morguninn.

Ingólfur Þorsteinsson kveður einnig, að Tryggvi Jóhannesson hafi skýrt honum frá því, að það hefði verið venja Gunnars Sigurðar að vera með tvö seðlaveski við bifreiðarakstur og þá ekki með minna en um kr. 4.000.00 í skiptipeningum. Í framhaldi af þessu leitaði Ingólfur upplýsinga hjá nokkrum bifreiðarstjórum á bifreiðastöðinni Hreyfli, sem skýrðu honum frá því, að það væri yfirleitt venja þeirra að hafa á sér ekki minna en kr. 4.000.00 til kr. 5.000.00 í skiptipeningum, þegar þeir hæfu akstur.

Hinn 20. janúar tók rannsóknarlögreglan skýrslu af Tryggva Jóhannessyni, og staðfesti hann hana með undirskrift sinni. Þar segir hann, að Gunnar Sigurður hafi verið venjulega með tvö peningaveski við bifreiðarakstur. Þau hafi verið lík að stærð, svört að lit og með gylltum köntum. Í öðru þeirra hafi hann geymt bæði peninga og ávísanabók. Stundum hafi hann skilið hitt veskið eftir heima hjá sér, þegar hann var við akstur, og notað þá aðeins veskið, sem ávísanaheftið var í. Hann muni ávallt hafa geymt veskið, sem hann notaði við akstur, í brjóstvasa innan á jakka sínum. Tryggvi telur fullkomlega öruggt, að Gunnar Sigurður hafi verið með bæði peningaveskin á sér, þegar hann hlaut sinn bana, og vanti því veski það, sem hann notaði við aksturinn. Það sé öruggt, að veski þetta sé ekki heima í íbúð þeirra feðga að Kamsvegi 8, og því hljóti hann að hafa verið með það í umrætt skipti. Hann hafi ekki skilið eftir peninga heima. Tryggvi segir,

að rétt áður en Gunnar Sigurður fannst látinn, hafi hann greitt stöðvargjald til Hreyfils og eftir það hafi Gunnar Sigurður sagt honum, að hann væri með kr. 5.000.00 í skiptipeningum. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Hreyfils greiddi Gunnar Sigurður stöðvargjald sitt fyrir janúarmánuð að upphæð kr. 1.666.00 hinn 15. janúar 1968.

Hinn 22. janúar gerðu þeir Ingólfur Þorsteinsson og Njörður Snæhólm leit í herbergi Gunnars Sigurðar á Kambsvegi 8, og var meðal annars leitað í fötum, skápum, hirzlum og skjölum. Segir um leitina í skýrslu Njarðar, sem staðfest er fyrir dómi, meðal annars svo:

„Við fundum ekkert, er benti til þess, að Gunnar hefði átt í lánaviðskiptum, að nokkur hefði átt hjá honum eða hann hjá öðrum. Reikninga og bókhald viðkomandi bílnum og útgerð hans fundum við hins vegar. Einnig skjöl frá opinberum aðilum, t. d. frá Reykjavíkurborg og skattstjóra. Sendibréf fundum við ekki nema frá systur Gunnars, sem er í Ameríku, og svo jólakort. Ekkert, sem benti til þess, að hann hefði átt í útistöðum við nokkurn mann eða nokkur við hann“.

#### B.

Nokkur vitni sáu til Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða bifreiðar hans aðfaranótt 18. janúar 1968, og verða nú raktir framburðir þeirra.

Jóhann Jón Þorvaldsson, sem hringdi á lögreglustöðina út af bifreiðinni R 461, eins og fyrr segir, hefur borið það, að hann hafi snemma að morgni hvern virkan dag í janúar 1968 ekið syni sínum, Magnúsi Helga, þá læknanema, heiman að frá sér að Austurbrún 2 til vinnu suður í Borgarspítala. Jóhann Jón heldur, að morguninn 18. janúar hafi hann lagt af stað heiman að frá sér að Laugarnesvegi 94 kl. rúmlega 0700 í bifreið sinni. Hann ók eins og venjulega austur og suður Laugalæk. Nokkuð miðja vegu milli Bugðulækjar og Sundlaugavegar sá hann, hvar bifreiðin R 461 stóð vinstra megin á Laugalæk með „park“-ljósum. Vinstra framhjól hennar nam næstum við gangstéttarbrún, en afturhlutinn sneri nokkuð út á veginn. Þegar hann ók fram hjá bifreiðinni, sá hann í sjónhendingu, þó að skyggni væri slæmt, að maður sat undir stýri bifreiðarinnar, og hallaðist höfuð hans aftur á bak. Hann ók áfram og beygði til vinstri austur Sundlaugaveg og flaug þá í hug, að eitthvað kynni að hafa komið fyrir bifreiðarstjóranum. Hann ók þó áfram upp Brúnaveg og að

Austurbrún 2, þar sem Magnús Helgi kom strax út í bifreiðina. Þeir óku síðan frá Austurbrún 2 niður Brúnaveg og vestur Sundlaugaveg. Jóhann Jón sagði þá Magnúsi Helga frá bifreiðinni á Laugalæk, og ákváðu þeir að athuga málið nánar, ef hún væri þar ennþá. Reyndist svo vera, og kveður Jóhann Jón, að hún hafi verið á götunni eins og áður. Magnús Helgi fór út og bankaði í hægri framrúðu bifreiðarinnar, en maðurinn, sem sat undir stýri hennar, hreyfði sig ekki. Hann opnaði þá framhurð bifreiðarinnar og leit inn í hana. Sá hann þá, að nokkurt blóð hafði runnið úr hægri munnviki mannsins og niður á bringuna. Taldi hann, að maðurinn væri látinn, og þegar hann þreifaði á púlsi hans, fann hann, að maðurinn var farinn að kólna. Magnús Helgi segir, að vél og miðstöð bifreiðarinnar hafi verið í gangi, og var nokkuð heitt í henni, en rúður hennar voru lokaðar. Hann hreyfði ekki við neinu í bifreiðinni og lokaði hægri framhurð hennar og hélt síðan aftur út í bifreið Jóhanns Jóns og sagði honum, að maðurinn mundi vera látinn. Þeir feðgar héldu nú strax í bifreið sinni heim til Jóhanns Jóns að Laugarnesvegi 94, og hringdi hann á lögreglustöðina og tilkynnti atburðinn. Þeir óku svo rakleitt aftur á Laugalæk að bifreiðinni R 461, og rétt á eftir komu þrír lögreglumenn á vettvang. Þeir feðgar tóku eftir því, að vinstri afturhurð bifreiðarinnar var lokað í ytri læsingu. Magnús Helgi kveðst hafa litið á armbandsúr sitt, þegar þeir komu að R 461 í fyrra skiptið, og var klukkan þá 0710.

Ívar Andersen verkstjóri, Laugalæk 26 hér í borg, skýrir frá því, að snemma þennan morgun hafi hann ekið frá heimili sínu suður Laugalæk um Sundlaugaveg, Borgartún, Skúlagötu og að verkstæði Rafveitunnar við Barónsstíg. Heldur hann, að klukkan hafi verið um 0645, þegar hann lagði af stað heiman að frá sér. Þegar hann ók suður Laugalæk, tók hann eftir fólksbifreið, sem stóð austanmegin á götunni og var með stöðuljósum. Bifreiðin var svolítið skásett á veginum, og var vinstra framhjól hennar nær gangstéttinni en vinstra afturhjól. Í sæti bifreiðarstjóra var maður, en Ívar veitti honum enga sérstaka athygli, og hann sá ekki annan mann í bifreiðinni. Hann sá ekkert athugavert við bifreiðina og engan mann í grennd við hana. Hann nam ekki staðar. Um klukkustund síðar ók hann aftur um Laugalæk heim til sín og sá þá, hvar lögreglubifreið var komin að fyrrgreindri bifreið.

Magnús Andrésson vélstjóri, Norðurbrún 4 hér í borg, kveðst hafa farið til vinnu sinnar í Afurðasölu S. Í. S. á Kirkjusandi

hér í borginni þennan morgun eins og venjulega laust fyrir kl. 0630, og ók hann í bifreið sinni sem leið liggur að heiman frá sér um Sundlaugaveg og Laugalæk að Afurðasölunni. Hann minnst þess, að leigubifreið stóð þá kyrr að austanverðu á Laugalæk milli Sundlaugavegar og Bugðulækjar, og sneri hún í suður. Maður sat undir stýri bifreiðarinnar og leit út fyrir, að hann svæfi eða dottaði. Það vakti þó engan sérstakan grun hjá honum, og nam hann ekki staðar, heldur hélt áfram ferð sinni. Hann sá ekki annan mann í bifreiðinni, og hann veitti því ekki athygli, hvort einhver hurð hennar væri opin, en segir, að áreiðanlega hafi hvorug hurðin, sem sneri að götunni, verið opin. Hann man ekki, hvort stöðuljós eða önnur ljós voru kveikt á bifreiðinni, og hann getur ekki sagt um númer hennar.

Gísli Álfgeirsson, bifreiðarstjóri hjá Bæjarleiðum, til heimilis á Hjallabrekku 12, Kópavogi, kveðst hafa farið frá heimili sínu til vinnu um eða rúmlega kl. 0600 þennan morgun. Á Eskitorgi tók hann upp í bifreið sína farþega, sem veifaði í hann, og fór aksturinn því ekki um talstöð Bæjarleiða. Hann ók farþeganum að fyrirtækinu Júpiter & Marz á mótum Laugarnesveggar og Laugalækjar. Hann ók síðan suður Laugalæk, og heldur hann, að klukkan hafi þá verið 0615 til kl. 0620. Hann minnst þess, að nokkru fyrir norðan Sundlaugaveg sá hann, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr með stöðuljósum, vinstra megin á götunni. Bifreiðin var örllítið skásett, þannig að vinstri framhluti hennar var nær gangstéttinni en vinstri afturhluti. Hann gat ekki betur séð en að bifreiðarstjórinn sæti undir stýri hennar og hallaði höfðinu örllítið aftur á bak. Hann tók ekki eftir því, að annar maður væri í bifreiðinni, og varð heldur ekki var við, að annur maður væri hjá henni eða í grennd við hana. Bifreiðin vakti engan sérstakan grun hans, og hann nam ekki staðar hjá henni, heldur ók áfram að stöð Bæjarleiða við Langholtsveg.

Sigurpáll Ófeigsson, vélagæzlumaður í Áburðarverksmiðjunni, Rauðalæk 2 hér í borg, skýrir frá því, að hann hafi verið á vakt í verksmiðjunni þessa nótt, og lauk vaktinni kl. 0530. Fór hann síðan með vaktarfélögum sínum í fólksbifreið inn í Reykjavík. Hann fór úr bifreiðinni á mótum Sundlaugavegar og Laugalækjar. Hann man ekki með vissu, hvaða leið bifreiðinni var ekið þennan morgun. Annað hvort hefur henni verið ekið um Suðurlandsbraut, Álfheima, Langholtsveg, Laugarásveg og vestur Sundlaugaveg eða um Miklubraut, Grensásveg, Suðurlandsbraut, Álfheima, Langholtsveg, Laugarásveg og vestur Sundlaugaveg. Í

fyrri tilvikinu hefur bifreiðin stoppað einu sinni í Álfheimum og einu sinni eða tvisvar á Langholtsvegi til að hleypa út farþega, en í seinna tilvikinu hefur bifreiðin stoppað einu sinni á Miklubraut, einu sinni á Grensásvegi, einu sinni í Álfheimum, einu sinni á Langholtsvegi og einu sinni á Laugarásvegi til að hleypa út farþega. Hann gekk síðan norður og vestur Laugalæk og sá, hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr austanmegin vegarins milli Sundlaugavegar og Bugðulækjar. Bifreiðin sneri í suður, en hann man ekki sérstaklega, hvort hún var skókk á veginum. Hún var í gangi, og kveikt var á „park“-ljósum hennar. Hann tók ekki eftir því, að hurðir hennar væru opnar. Hann sá það greinilega, að Gunnar Sigurður Tryggvason, sem hann þekkti í sjón, sat vinstra megin í framsæti bifreiðarinnar og hallaði höfðinu aftur, en hreyfði sig ekkert. Hann sá Gunnar Sigurð svo greinilega, að hann kveður, að vera megi, að ljós hafi verið inni í bifreiðinni, en getur þó ekkert fullyrt um það. Honum sýndist annar maður vera í aftursæti bifreiðarinnar nærri því fyrir aftan Gunnar Sigurð, og virtist honum maðurinn vera álútur í sætinu. Hann getur ekki gefið lýsingu á manni þessum og getur ekki sagt um, hvort það var karl eða kona. Hann kveðst ekki geta kveðið sterkara að orði en svo, að honum sýndist annar maður vera í aftursæti bifreiðarinnar, og getur því ekki staðhæft, að svo hafi verið. Hann nam ekki staðar við bifreiðina og gekk austanmegin fram hjá henni. Honum flaug í hug, að Gunnar Sigurður væri að aka ölvuðum manni og hefði af einhverjum ástæðum numið staðar þarna. Hann gekk rակleitt heim til sín að Rauðalæk 2 og kom þangað alveg rétt fyrir kl. 0600. Tveimur til þremur mínútum eftir að hann var kominn heim til sín, fór hann snöggvást út á lóðina og sá þá, að bifreið Gunnars Sigurðar var enn þarna kyrr á veginum. Hann sá engan mann hjá bifreiðinni eða á ferli þar í grennd.

Gunnar Sigurður ók bifreiðinni R 461 frá Bifreiðastöðinni Hreyfli hér í borg. Samkvæmt upplýsingum frá stöðinni voru tvær síðustu ferðirnar, sem hann var sendur í um talstöð greinda nótt, þessar: Milli kl. 2400 og 0100 að Skólagerði 28 í Kópavogi og sennilega um kl. 0400 að Skálholtsstíg 7.

Willy Lauge Christensen kjötiðnaðarmaður, Miklubraut 76 hér í borg, skýrir frá því, að nótt þessa hafi hann verið staddur hjá kunningja sínum, Paul Eskesen, að Framnesvegi 34 hér í borg. Máskе um kl. 0130 um nóttina hringdi kunningi þeirra, Jörgen Sölvason Karlsson, til Eskesen og kvaðst hann vera staddur ásamt

konu sinni heima hjá Magnúsi Jósefssyni að Skólagerði 28 í Kópavogi. Var þeim þremur boðið að koma á Framnesveg 34, og lofaði Christensen því að greiða ökugjald bifreiðarinnar, sem þau fengju til að komast þangað. Hann beið svo eftir bifreiðinni á útitróppunum, og þegar hana bar að, stigu þau þrjú út úr henni og héldu inn í húsið, en hann gekk að bifreiðinni og greiddi bifreiðarstjóranum ökugjaldið, kr. 110.00, í einum hundrað krónu seðli og einum tíu króna seðli. Hann fór svo strax inn í húsið. Hann tók ekkert eftir bifreiðinni og stjórnanda hennar, og rétti hann honum peningana í gegnum opinn glugga við sæti hans. Hann getur ekkert sagt um, hvað bifreiðarstjórinn gerði við peningaseðlana, og sá ekkert veski og tekur fram, að um leið og bifreiðarstjórinn hafði fengið seðlana í hendur, sneri hann við inn í húsið.

Guðbjörn Eggert Guðjónsson kaupmaður, Miðtúni 70 hér í borg, skýrir frá því, að um kl. 0030 til kl. 0100 greinda nótt hafi hann heimsótt þýzka stúlku, sem bjó á Skálholtsstíg 7 hér í borg. Hann var nokkuð ölvaður og var með átekna ákavítisflösku. Drakk hann nokkuð af áfenginu. Einhvern tíma milli kl. 0300 og 0400 um nóttina hringdi fyrrgreind stúlka fyrir hann á leigubifreið, og þegar hún kom, ók hann í henni heim til sín að Miðtúni 70. Hann kannaðist við bifreiðarstjóran, og var það Gunnar Sigurður Tryggvason. Þeir töluðust við um algenga hluti. Hann virtist hress og kátur, og sá Guðbjörn Eggert ekkert óeðlilegt við hann. Þegar komið var í Miðtún, spurði Guðbjörn Eggert hann að því, hvert ökugjaldið væri, og minnir hann, að það hafi verið kr. 60.00 til kr. 70.00. Gunnar Sigurður gat þess, að hann skuldaði honum kr. 20.00 frá fyrri ökuferð, og ætlaði að fara að leita að miða í mælaborði bifreiðarinnar til að athuga það mál betur, en Guðbjörn Eggert kvað það vera óþarfa og afhenti honum eitt hundrað króna seðil. Hann kvaddi hann svo og fór út úr bifreiðinni og inn til sín, og sá hann, hvar Gunnar Sigurður ók bifreiðinni áfram vestur Miðtún. Hann tók ekki eftir því, hvað Gunnar Sigurður gerði við eitt hundrað króna seðilinn, og hann sá hann ekki taka upp veski og tekur fram í því sambandi, að Gunnar Sigurður gaf honum ekki til baka af seðlinum. Hann segir, að bifreiðin hafi komið mjög fljótlega að Skálholtsstíg 7, eftir að stúlkan hringdi á bifreið, og liðu aðeins örfáar mínútur, frá því að hún kom á staðinn þar til hann fór út í hana, og síðan var ekið rakleitt að Miðtúni 70, þar sem hann fór strax úr bifreiðinni, eftir að hann hafði greitt ökugjaldið.

Hin þýzka stúlka, sem minnzt er á í framburði Guðbjörns Eggerts Guðjónssonar, var Gretchen Heide, þá verzlunarstúlka, til heimilis á Skálholtsstíg 7. Hún flutti héðan af landi brott til Bandaríkjanna, áður en hún yrði kvödd fyrir dóm til vitnisburðar, en til er skýrsla, sem rannsóknarlögreglan tók af henni 23. janúar 1968. Þar staðfestir hún, að Guðbjörn Eggert hafi komið til hennar, og að því er hún telur klukkan eitthvað að ganga eitt um nóttina. Hann hafi verið sjáanlega undir áhrifum áfengis og verið með nærri fulla flösku af áfengi og drukkið eitthvað úr henni. Um eða eftir kl. 0300 um nóttina kveðst hún hafa hringt á Bifreiðastöðina Hreyfil og eftir stutta stund hafi leigubifreið komið. Hún hafi séð, að bifreiðarstjórinn var einn í bifreiðinni og hafi hann verið mjög áberandi holdugur. Hún hafi svo séð út um glugga, að Guðbjörn Eggert gekk rakleiðis að bifreiðinni og settist í aftursæti hennar, og síðan var henni ekið upp Skálholtsstíg.

Selma Marteinsdóttir, eiginkona Guðbjörns Eggerts Guðjónssonar, kveðst muna það vel, að klukkan sló fjögur, eftir að hann kom heim í Miðtún 70 þessa nótt, og álitur hún, að hann hafi þá verið kominn mjög nálægt 15 mínútum áður. Hann sofnaði síðan, og vakti hún hann um kl. 0820 næsta morgun.

Fjórir bifreiðarstjórar á Bifreiðastöðinni Hreyfli sáu Gunnar Sigurð Tryggvason umrædda nótt inni í afgreiðslu stöðvarinnar við Kalkofnsveg, og verða nú raktir framburðir þeirra.

Magnús Sigurðsson, Sólheimum 44 hér í borg, kveðst hafa komið inn í afgreiðsluna um kl. 0300 um nóttina og rétt á eftir hafi Gunnar Sigurður komið þangað inn. Hann hafi verið með kaffibrúsa og boðið honum að drekka af kaffinu með sér. Magnús kveðst hafa þegið það og hafi þeir setzt niður á meðan og rætt saman í máské 10—20 mínútur. Hann minnst þess, að Gunnar Sigurður hafði orð á því, að hann hefði verið frekar heppinn. Hefði hann fengið greidda, og að því er Magnús hélt, þá um nóttina einhverja skuld, sem hann hefði ekki reiknað með að fá greidda, en hann hefði ekki útskýrt það frekar, hvaða eða hvers konar skuld það hefði verið, nema að það hefði verið skuld vegna bifreiðaraksturs. Magnúsi fannst vera heldur létt yfir Gunnari Sigurði, en hann hafi þó verið mjög rólegur eins og jafnan endranær. Magnús kveðst síðan hafa farið í leiguakstur og ekki vitað, hvað varð um Gunnar Sigurð.

Árni Björn Jónsson, Fellsmúla 18 hér í borg, kveðst hafa komið inn í afgreiðsluna um nóttina og hafi þá nokkrir bifreiðarstjórar

verið þar fyrir. Litlu síðar hafi Gunnar Sigurður komið þangað. Bifreiðarstjórnum hafi svo fækkað svo, að eftir hafi orðið um stund tveir og einhver þriðji bifreiðarstjóri, sem hann man ekki nafn á. Þeir þrír hafi spilað á spil stutta stund. Árni Björn kveður, að ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt hafi verið við Gunnar Sigurð í þetta skipti, heldur hafi hann verið kátur og fjörugur eins og venjulega. Samtal þeirra hafi aðallega verið um spilin. Árni Björn kveðst síðan hafa farið í leiguakstur á undan Gunnari Sigurði, og getur hann ekki sagt um, hvað klukkan var þá, en segir, að það hafi verið seinni hluta nætur.

Jón Hilmar Þórarinsson, Nýlendugötu 15 A hér í borg, kveðst hafa verið staddur í afgreiðslunni um nóttina ásamt fleiri bifreiðarstjórum, sem hann man nú ekki, hverjir voru, og hafi Gunnar Sigurður þá komið þangað. Þeir hafi svo farið að spila á spil ásamt einhverjum fleiri. Jón Hilmar kveðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt eða óvenjulegt við Gunnar Sigurð í þetta skipti eða það, sem hann sagði. Hann kveðst síðan hafa farið í leiguakstur, og heldur hann, að klukkan hafi þá verið um 0300. Hann ætlar, að hann hafi dvalið í afgreiðslunni í um hálfu klukkustund í þetta skipti.

Guðmundur Valur Guðmundsson, Búlandi 6 hér í borg, kveðst hafa verið staddur í afgreiðslunni um eða eftir kl. 0300 um nóttina og spilað þar í um tvo til þrjá stundarfjórðunga við þrjá menn, þá Árna Björn Jónsson, Arnþór Þórðarson og Gunnar Sigurð. Við spilamennskuna hafi ekki verið talað um annað en hana, og kveðst Guðmundur Valur ekki hafa talað við Gunnar Sigurð um önnur efni við þetta tækifæri. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt eða óeðlilegt í fari Gunnars Sigurðar í þetta skipti og hafi hann verið rólegur eins og endranær. Hann kveðst síðan hafa farið í ökuferð og heldur, að klukkan hafi þá verið nálægt 0330. Hann hafi ekið farþeganum frá afgreiðslunni að húsi einu við Skipasund, en þaðan hafi hann ekið niður í borgina um Laugaveg og þar á milli Snorrabrautar og Barónsstígs hafi maður veifað til hans. Hann hafi tekið manninn upp í bifreiðina og ekið honum inn í Teigahverfi, en þaðan hafi hann ekið norður Hrístateig og ætlað að nema staðar við síma-staur Hreyfils norðan Sundlaugavegar á mótum þess vegar og Hrístateigs. Tvær bifreiðar hafi þá verið við staurinn og snúið báðar í vestur og önnur verið fyrir aftan hina. Aftari bifreiðin hafi verið Mercedes Benz, bifreið Gunnars Sigurðar, R 461, en fremri bifreiðin hafi verið, að því er hann minnir, Chevrolet bif-

reið Ólafs Helgasonar, R 1803. Hann heldur, að hvor bifreiðarstjóri hafi setið undir stýri sinnar bifreiðar. Hann hafi því hætt við að stoppa við staurinn og ekið áfram vestur Sundlaugaveg og heim til sín þá á Laugaveg 141 og hætt akstri. Hann heldur, að klukkan hafi verið milli 0400 og 0430, þegar hann ók fram hjá bifreiðunum tveimur við staurinn.

Tveir bifreiðarstjórar aðrir á Hreyfli sáu bifreiðina R 461 við greindan bifreiðastaur þessa nótt, og verða nú raktir framburðir þeirra:

Kristján Serge Kristjónsson bifreiðarstjóri, Melabraut 43, Sel-tjarnarnesi, minnst þess, að laust fyrir kl. 0400 um nóttina ók hann bifreið sinni frá stöð Hreyfils við Hlemmtorg inn á Hraunteig. Hann leit á úr sitt, þegar hann lagði af stað, og var þá klukkan tæplega 0400. Hann ók inn Borgartún og Sundlaugaveg og sá þá, hvar bifreiðin R 461 stóð við bifreiðastaur Hreyfils fyrir norðan Sundlaugaveg milli Hrisateigs og Gullteigs og sneri í vestur eða norðvestur, eins og bifreiðar gera við staurinn. Hann þekkti ökumann bifreiðarinnar R 461 og sá, að Gunnar Sigurður sat einn í bifreiðinni undir stýri hennar. Ljós var kveikt í henni. Enginn annar maður var í henni eða hjá henni, og önnur bifreið var ekki við staurinn. Hann ók áfram að Hraunteigi 16, tók þar farþega og ók síðan til baka vestur Sundlaugaveg, en sá þá, að bifreiðin R 461 var ekki lengur við fyrrgreindan staur. Hann hélt áfram ferð sinni vestur Borgartún og hætti akstri um kl. 0500. Hann heldur, að klukkan hafi verið um 0400, þegar hann sá bifreiðina R 461 við staurinn, og að klukkan hafi verið um 0405, þegar hann ók framhjá staurnum í annað sinn.

Ólafur Helgi Helgason bifreiðarstjóri, Fellsmúla 14 hér í borg, kveður, að kl. 0340 þessa nótt hafi hann verið í leigubifreið sinni við bifreiðastaur Hreyfils við Sundlaugaveg milli Hrisateigs og Gullteigs, og horfði hann á klukku bifreiðarinnar. Nokkru síðar var hringt frá miðstöð Hreyfils og hann beðinn um að fara að Langhóltsvegi 114 A. Fór hann þangað, dokaði þar við og ók síðan með farþega þaðan inn í borgina. Hann ók norður Laugar-ásveg og vestur Sundlaugarveg og fram hjá fyrrgreindum bifreiðastaur. Mun klukkan hafa verið um 0400, þegar hann ók fram hjá staurnum. Hann ók síðan á Rauðarárstíg, þar sem aðeins var numið staðar, og þaðan ók hann á Skólavörðustíg, þar sem stanzað var í örfáar mínútur. Þaðan ók hann með farþega um Suðurlandsbraut austur í Árbæjarhverfi, þar sem hann stanzaði í um 4 mínútur, um leið og farþeginn fór úr bifreiðinni. Hann ók svo

aftur inn í borgina um Suðurlandsbraut, Langholtsveg, Laugarásveg, Sundlaugaveg og Borgartún. Hann leit á klukkuna í bifreiðinni, þegar hann ók um Sundlaugaveg, og var hún þá 0442. Klukka þessi var aðeins of fljót, og heldur hann, að rétt klukka hafi verið 0440, þegar hann ók fram hjá bifreiðasturnum í annað sinn. Vitnið ók svo áfram vestur að kaffivagninum á Grandagarði, og var þá búið að opna hann, en það er venjulega gert rétt fyrir kl. 0500. Ólafur Helgi kveðst hafa þekkt bæði bifreiðina R 461 og ökumann hennar, Gunnar Sigurð. Hann segir, að bifreiðin hafi áreiðanlega verið í annað skiptið og, að því er hann minnir, í seinna skiptið við fyrrgreindan bifreiðastaur, þegar hann ók fram hjá honum um nóttina.

### C.

Rannsókn málsins varð þegar mjög umfangsmikil og margþætt. Sér í lagi beindist hún þó að skothylkinu, sem fannst á vettvangi, og að skotinu, sem var í höfði Gunnars Sigurðar. Vitað var, að skothylki af cal. 35 var mjög sjaldgæft hér á landi. Í því sambandi rifjaðist upp fyrir Lárusi Fjeldsted Salómonssyni, lögreglumanni í Seltjarnarneshreppi, eftirgreint atvik:

Haustið 1965, að því er hann minnir, skýrði Jóhannes Jósefsson, fyrrum hóteltjóri, Tjarnarstíg 8, Seltjarnarnesi, honum frá því, að skammbyssa hefði horfið frá honum þar úr húsinu og hefði hann saknað hennar, eftir að hann og kona hans komu frá útlöndum þá um sumarið. Byssan hefði verið cal. 35 og hefði hún horfið úr kassa, sem í var önnur byssa af cal. 22, en báðar byssurnar hefðu verið af Colt gerð. Jóhannes hafði orð á því, að til lítils væri að slægjast eftir byssu þessari, því að engin skot fengjust í hana og væri hætt að framleiða þau og byssuna hefði verið hætt að framleiða eftir árið 1920. Hann kvaðst hafa fengið byssukassann og byssurnar í honum í Bandaríkjunum í kringum árið 1920.

Lárus Fjeldsted kveðst hafa þekkt Jóhannes Jósefsson í mörg ár og séð oft heima hjá honum fyrrnefndan byssukassa og hafi tveir hlaðstokkar fylgt byssunni, sem var cal. 22. Kassinn hafi verið geymdur á skrifborði undir hillu, sem á því stóð, og hafi hann náð dálítið út undan hillunni. Hann kveðst aldrei hafa séð skot í kassanum eða við hann. Báðar byssurnar hafi verið óhlaðnar, enda hafi Jóhannes verið mjög vanur að fara með byssur og gengið ríkt eftir réttri meðferð þeirra. Hann minnst þess, að Jóhannes sagði honum, að mörg ár væru liðin, síðan hann hefði

skotið úr byssunni, sem hann saknaði, og að því er hann minnir, ekki síðan á Gleráreyrum við Akureyri árið 1937. Lárus kveðst hafa gert ýmislegt til að reyna að hafa upp á byssunni, en það bar ekki árangur.

Lárus Fjeldsted tilkynnti nú rannsóknarlögreglunni í Reykjavík með skýrslu, dags. 30. janúar 1968, að Jóhannes Jósefsson hefði átt byssu af cal. 35 og hefði hann saknað hennar á árinu 1965. Á þessum tíma var Jóhannes á sjúkrahúsi, en Lárus Fjeldsted hitti hann að máli, eftir að hann var kominn heim til sín, og mun það hafa verið 14. febrúar 1968. Hann kveðst þá hafa spurt Jóhannes að því, hvort ekki gæti verið, að hann hefði í förum sínum skot, sem „pössuðu í“ nefnda byssu. Jóhannes hafi þá sagt, að niðri í kjallara hússins væri veiðitaska, sem hann hefði komið með heim frá Bandaríkjunum fyrir árið 1930, og gætu þar verið einhver skot í byssuna. Lárus Fjeldsted kveðst svo hafa fengið leyfi hjá konu Jóhannesar til að athuga veiðitöskuna í kjallaranum. Hann hafi fundið töskuna þar ofan á kassa í geymslu eða þvottahúsi, en þaðan er innangengt út í bílskúr við húsið. Í töskunni hafi verið ýmis skot og þar á meðal 12 skot af cal. 35.

Lárus Fjeldsted kveðst hafa skýrt rannsóknarlögreglunni frá þessu, og næsta dag fór hann ásamt Nirði Snæhólm heim til Jóhannesar, og töluðu þeir við hann. Jóhannes sagði þeim, að hann hefði komið með byssukassann til Íslands árið 1927 og haft þá með sér nokkuð af skotum í cal. 35 byssuna, en slík skot hefðu ekki verið til hér, og kvaðst hann álíta, að þetta væri eina byssan af þessari tegund, sem til væri hér á landi. Njörður sýndi honum nokkrar myndir af skammbyssum og meðal annars af S&W, cal. 32 og S&W, cal. 35, sem eru svipaðar í útliti. Jóhannes benti þá á myndina af síðarnefndu byssunni og kvaðst vera viss um, að það væri mynd af byssu eins og þeirri, sem hann saknaði. Hann kvaðst ekki vita, hvort hann ætti nokkuð til af skotum í þá byssu, en ef svo væri, væru þau einhvers staðar í kjallara hússins. Þeir Njörður og Lárus Fjeldsted leituðu síðan með leyfi Jóhannesar að skotum í kjallaranum og meðal annars í þvottahúsinu. Þar fundu þeir auk fyrrgreindra 12 skota af cal. 35, sem voru í veiðitösku, um 130 önnur skot af þeirri stærð í kössum. Segir Njörður í skýrslu, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, um þennan fund á þessa leið:

„Í þvottahúsinu er stór skápur á S.A. vegg, með hillum í. Á efstu hillunni var smá veiðitaska úr taui, gömul og merkt U.S.A.

Í þessari tösku var nokkuð af gömlum haglaskotum, eldgömlum riffilskotum og nokkur stykki af S&W, cal. 35, skotum, REM-UMC, með U á hvelhettunni, en hvelhettan var eirlituð og með tvö spor í nikkelfóðrinu á kúlunni.

Í efstu hillu var einn lítill pappakassi og einn vindlakassi. Í kössum þessum voru margar tegundir af skotum og þar á meðal talsvert af skotum þeim, sem lýst er hér að ofan, og einnig nokkuð af nákvæmlega sams konar skotum og skoti því, sem morðið var framið með. Þetta voru um 130 skot í allt. Fleiri skot af þessari tegund fundum við ekki“.

Rannsókn málsins hlaut eftir þetta að beinast mjög að því að hafa upp á byssu Jóhannesar Jósefssonar, sem hann hafði saknað árið 1965, en ár og dagur leið, án þess að nokkuð yrði upplýst um það efni.

Svo gerðist það föstudaginn 7. marz 1969, að rannsóknarlög-reglunni í Reykjavík var afhent byssa, sem reyndist vera sú, sem hér um ræðir.

Verður nú í II. kafla rakinn sá þáttur málsins.

## II. kaflí.

### A.

Hallgrímur Aðalbjörnsson, Freyjugötu 25 hér í borg, hafði afgreiðsluleyfi („stöðvarpláss“) á leigubifreiðastöðinni Bæjarleiðum hér í borg frá 1. október 1963 til 1. maí 1969, og fékk hann menn til að aka bifreið sinni, R 15612, frá stöðinni. Þetta er Chevrolet Chevy bifreið af árgerð 1965. Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, ók bifreiðinni frá stöðinni frá því í maí 1967 og fram í marz 1969. Hinn 23. nóvember 1967 seldi Hallgrímur ákærða bifreiðina. Söluverðið var kr. 275.000.00, og greiddi ákærði út í hönd kr. 100.000.00, en gaf út skuldabréf fyrir afganginum, tryggt með veði í húseign sinni, Sækambi á Seltjarnarnesi, og skyldi bréfið vera að fullu greitt í janúar 1969. Bifreiðin var ekki yfirfærð á nafn ákærða í bifreiðaskrá, því að Hallgrímur hafði stöðvarleyfið á Bæjarleiðum, en ákærði ekki. Ákærði gat ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana af skuldabréfinu, og í janúar 1969 voru enn ógreiddar af því kr. 79.500.00.

Aðfaranótt sunnudagsins 2. febrúar 1969 ók ákærði þeim Hallgrími og konu hans, Lofteyju Káradóttur, ásamt fleira fólki frá samkomuhúsinu Sigtúni hér í borg heim til þeirra hjóna. Loftey tók þá eftir því, að sæti bifreiðarinnar, sem var R 15612, voru

óhrein og áklæðið rífið. Líklega næsta þriðjudag þar á eftir kveður Loftey, að ákærði hafi ekið henni aftur í bifreiðinni og hafi hún þá farið að tala um nauðsyn þess, að hann innfti af hendi umsamdar afborganir af skuldabréfinu og gengi frá skattframtali vegna bifreiðarinnar. Hann hafi lofað að koma heim til þeirra hjóna þá um kvöldið, en ekki gert það. Ákærði kemur ekki fyrir sig atviki þessu. Seinni hluta sama mánaðar talaði Loftey í viðurvist eiginmanns síns við ákærða um, að hann greiddi umsamdar afborganir af skuldabréfinu og gengi frá fyrrnefndri skattskýrslu. Ákærði kvaðst vera að ganga frá hvoru tveggja, en gerði hvorugt.

Hallgrímur Lóalsteinsson kveður, að fimmtudaginn 6. marz 1969 hafi Loftey beðið hann um að hringja í tryggingarfélagið Ábyrgð h/f og vita, hvort trygging bifreiðarinnar R 15612 væri í lagi. Hann hafi gert það og hafi stúlka, sem hann talaði við, sagt, að bifreiðin væri ekki lengur í tryggingu. Þetta hafi hann sagt konu sinni. Hringdi hún þá til Jóhanns Emils Björnssonar, forstjóra tryggingarfélagsins, til að fullvissa sig um þetta.

Jóhann Emil Björnsson forstjóri, Þykkvabæ 15 hér í borg, kveður, að leigubifreiðin R 15612 hafi verið ábyrgðar- og húftryggð hjá Ábyrgð h/f síðan 7. febrúar 1967 og seinni hluta þess árs hafi Loftey Káradóttir tilkynnt, að ákærði væri orðinn ökumaður bifreiðarinnar og mundi hann sjá um greiðslu iðgjalda af tryggingu hennar. Ákærði hafi svo greitt iðgjald þetta fyrir tímabilið 1. nóvember 1967 til 1. maí 1968. Næsta tryggingartímabil hafi verið til 1. maí 1969 og iðgjaldið numið kr. 10.000.00, sem hafi átt að greiðast í fjórum jöfnum greiðslum á fjórum gjalddögum, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968 svo og 1. febrúar 1969. Ákærði hafi greitt fyrsta fjórðunginn 21. maí 1968, en lent í vanskilum með greiðslu hinna fjórðunganna. Hann hafi margsinnis verið krafinn um greiðslu þeirra, en hann borið fyrir sig fjárhagsörðugleika. Hinn 25. janúar 1969 hafi honum verið veittur lokafrestur til greiðslu á fjórðungunum þremur til 10. febrúar 1969, en þá hafi honum verið veittur frestur enn til mánaðamóta febrúar—marz 1969. Jóhann Emil sagði Lofteyju, þegar hún hringdi til hans í fyrrgreint skipti, að  $\frac{3}{4}$  hlutar ársiðgjaldsins, kr. 7.575.00, væru ógreiddir og í vanskilum.

Um hádegi fyrrgreindan fimmtudag 6. marz hringdi Loftey til ákærða og sagði honum að koma heim til þeirra hjóna. Var hún þá ákveðin í því að taka bifreiðina af honum, en sagði honum þó ekki frá því í símtalinu. Hann kom í bifreiðinni til þeirra um kl. 1430 sama dag. Hann kom inn í íbúð þeirra hjóna og lagði

lykla bifreiðarinnar á borð í stofu. Loftey spurði hann að því, hvort hann leyfði sér að aka bifreiðinni í leiguakstri ótryggðri. Hann svaraði, að hún væri ekki ótryggð og hefði hann samið um tryggingu hennar. Loftey sagðist þá hafa talað við forstjóra tryggingarfélagsins og hefði hann sagt annað. Ákærði kvaðst þá vilja skreppa til félagsins. Hún sagði honum nú, að hún tæki lykla bifreiðarinnar af honum og greip hún þá, þar sem þeir voru á borðinu. Ákærði fór svo í burtu. Hallgrímur, eiginmaður Lofteyjar, var viðstaddur þetta samtal þeirra.

Eftir að ákærði var farinn, fóru þau hjónin út í bifreiðina og fengu Snæbjörn Magnússon leigubifreiðarstjóra, Hólmgarði 46 hér í borg, til að aka bifreiðinni og prófa hana. Hann ók þeim hjónum í bifreiðinni upp í Rofabæ, og hafði hann strax orð á því, að hún væri næstum því hemlalaus. Loftey fór úr bifreiðinni í Rofabæ, en það Snæbjörn áður um að koma bifreiðinni á verkstæði, og einnig það hún hann og Hallgrímur um að setja í plastpoka, sem hún rétti þeim, allt dót, sem ákærði ætti í bifreiðinni. Þeir Snæbjörn og Hallgrímur héldu síðan í bifreiðinni að bifreiðaverkstæði í Blesugróf. Þar fóru þeir að taka til í bifreiðinni og safna saman dóti, sem þeir töldu, að tilheyrði ákærða. Hólfið í mælaborði bifreiðarinnar var læst, en á lyklakippu hennar var lykill, sem gekk að því. Snæbjörn opnaði hólfið með lyklinum. Hann segir, að hólfið hafi verið fullt og hafi borið mest á nótum og blöðum, en einnig hafi verið neðar í því verkfæri, sem tilheyrðu bifreiðinni. Hann hafi fundið, að einn hlutur, sem var í snjádum poka neðst í hólfinu, var nokkuð þungur, og þegar hann athugaði hlutinn nánar, sá hann, að þetta var skammbýssa. Hallgrímur segir, að þegar hólfið var opnað, hafi sézt fremst í því lítil skammbýssa og hafi bréf eða umslag, sem var snjád og rífið, verið utan um hana. Einhver pappírblöð hafi einnig verið í hólfinu, en þau hafi ekki hulið byssuna. Þeir höfðu ekkert vit á byssum og athuguðu hana ekki. Hallgrímur vildi ekki geyma hana og varð úr, að Snæbjörn tók við henni og ætlaði hann að afhenda hana föður sínum, Magnúsi Helgasyni leigubifreiðarstjóra, Hólmgarði 46 hér í borg, sem þekkti til skotvopna. Snæbjörn ók svo Hallgrími heim í bifreiðinni, en fór síðan að leita að Magnúsi og fann hann í bifreið sinni á bifreiðastæði B. S. R. við Háaleitisbraut. Hann afhenti honum byssuna í pökunum, sem hún hafði verið í. Magnús opnaði byssuna og tók úr henni magasínið svo og skot úr hlaupinu. Byssan var fullhlaðin með 7 skotum. Magnús geymdi síðan byssuna og skotin heima hjá sér um kvöldið

og nóttina. Sama kvöld eða um miðnætti ók Snæbjörn Lofteyju úr Rofabæ heim til hennar í bifreiðinni R 15612 og skýrði henni frá fundi byssunnar í hólfínu í mælaborði hennar.

Ákærði fór frá þeim hjónum Hallgrími og Lofteyju í skrifstofu Ábyrgðar h/f og hitti Jóhann Emil forstjóra þar. Ákærði skýrði honum frá því, að Loftey hefði nú lykla bifreiðarinnar R 15612 undir höndum og að hún vildi láta hann hætta að aka henni. Ákærða var mjög umhugað um að fá að aka bifreiðinn áfram og bað hann Jóhann Emil um að fá að samþykkja víxil með gjald-daga 15. apríl 1969 fyrir þeirri iðgjaldaupphæð, sem í vanskilum var, eða kr. 7.575.00. Jóhann Emil kvaðst mundu fallast á það, ef ákærði fengi ábyrgðarmann á víxilinn. Ákærði nefndi þá nafn mágs síns, Guðlaugs Aðalsteinssonar, til heimilis í Vogum. Ákærði afhenti Jóhanni Emil svo víxil, sem hann hafði skrifað nafn sitt á sem samþykkjandi og kvaðst mundu koma daginn eftir með annað víxilblað, sem fyrrgreindur maður hefði skrifað á sem útgefandi. Ákærði kom þó eigi aftur. Nokkru síðar um daginn hringdi Loftey til Jóhanns Emils út af tryggingu bifreiðarinnar, og skýrði hann henni þá frá því, að ákærði hefði þá stuttu áður um daginn talað við hann og afhent honum víxil til tryggingar greiðslu iðgjalda þeirra, sem í vanskilum voru.

Um hádegisbil næsta dag, föstudaginn 7. marz, hringdi ákærði til Lofteyjar og skýrði henni frá því, að nú væri trygging bifreiðarinnar í lagi, og spurði jafnframt um það, hvort hann fengi ekki bifreiðina. Hún svaraði honum þá því til, að þau væru nú skilin að skiptum, hann hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar og gæti hann sótt dótið sitt, sem hefði verið í bifreiðinni. Ákærði sagði þá: „Mér þykir þú segja fréttirnar“ eða eitthvað á þá leið.

Litlu eftir hádegi sama dag kom ákærði svo heim til þeirra hjóna, Hallgríms og Lofteyjar, og voru þau þá bæði heima. Þykir rétt að rekja framburð hvers einstaks þeirra um, hvað þá gerðist.

Framburður Lofteyjar er þessi:

Ákærði kvaðst líta björtum augum á það, sem fram undan væri. Hann væri að selja húsið sitt og gæti hann staðið við fjárskuldbindingar sínar. Hún kvaðst vera orðin þreytt á viðskiptunum við hann. Hann kvaðst mundu fá útborgaðar greiðslur af söluverði hússins eftir um það bil mánuð og spurði hana að því, hvort hann mætti ekki tala við hana þá. Hún kvaðst engu vilja lofa um áframhaldandi akstur hans á bifreiðinni, og vildi hún sjá efndir fyrst af hans hálfu. Þau hjónin ætluðu að fara í jarðar-

för fyrir kl. 1500, og þurftu þau að hafa hraðann á til að komast í hana í tæka tíð. Hún stóð upp og vísaði ákærða á tvo poka úti á gangi, plastpoka og bréfpoka, sem í var dót hans, sem hafði verið í bifreiðinni. Hann opnaði pokana, skoðaði innihald þeirra vandlega og sagði síðan: „Það var þarna byssuræfill frammi í bílnum“ eða á þá leið og hélt áfram að leita í pokanum. Hún spurði hann þá að því, hvað hann hefði verið að gera með hlaðna byssu í bifreiðinni og hvar hann hefði fengið hana. Jafnframt spurði hún hann að því, hvort hann kallaði hlaðna byssu ræfil. Hann sagði þá, að byssan hefði verið skilin eftir í bifreiðinni hjá sér í febrúar, og tók hún það fyrir febrúar 1969. Hún spurði hann að því, hvort hann vissi ekki, að svona verkfæri væru eftirlýst og að það hefði verið skylda hans að fara með hana á lög-reglustöðina. Hann sagðist þá hafa verið að bíða eftir því, hvort einhver kæmi ekki til hans og spyrdi um byssuna. Hann spurði hana að því oftar en einu sinni, hvort hún vildi ekki afhenda honum byssuna, en hún neitaði því jafnoft og hann spurði og sagði honum, að byssan væri ekki í húsinu og yrði hún afhent lögreglunni, sem væri réttur aðili til að taka við byssunni. Með það fór ákærði.

Framburður Hallgríms er þessi:

Loftey og ákærði tóku tal saman, en hann fylgdist ekki með einstökum orðaskiptum þeirra, en þau hjónin höfðu nauman tíma, því að þau voru búin að ákveða að vera við jarðarför kl. 1500 um daginn. Hann minnst þess, að Loftey sagði við ákærða, að hann gæti tekið dótið sitt, sem hefði verið í bifreiðinni, og væri það í tveimur pokum úti á gangi. Ákærði opnaði pokana og athugaði í þá. Hann spurði að því, hvort þarna væri ekki grænn bakki, en hann kom ekki fram í dótinu. Svo spurði ákærði að því, hvort byssa hefði ekki verið líka í bifreiðinni, og talaði hann um byssuna í þeim tón, að um einhvern ómerkilegan hlut væri að ræða. Bað hann um að fá byssuna í hendurnar. Loftey spurði hann að því, hvar hann hefði fengið byssuna, og svaraði hann því, að hún hefði verið skilin eftir í bifreiðinni í febrúar-mánuði. Hún spurði hann að því, hvort hann vissi ekki, hvert slíkir hlutir sem byssur ættu að ganga. Hann sagðist þá hafa haft byssuna hjá sér í bifreiðinni til að sjá, hvort einhver kæmi ekki til hans og færi að spyrja hann um byssuna. Loftey sagði honum, að hann fengi ekki byssuna og væri hún ekki í húsinu. Yrði byssan afhent til lögreglunnar.

Ákærði hefur gert eftirfarandi athugasemdir við greindan

framburð þeirra hjóna: Hann kveðst ekki hafa sagt: „Það var þarna byssuræfill frammi í bílnum“ eða á þá leið, heldur sagt: „Það var byssa í hólfinu“. Það sé einnig rangt, að Loftey hafi spurt hann að því, hvort hann kallaði hlaðna byssu ræfil, og kveðst hann ekki hafa kallað byssuna því nafni eða talað um hana í þeim tón, að um einhvern ómerkilegan hlut væri að ræða. Hann kveðst hafa sagt Lofteyju, að byssan hefði verið skilin eftir í bifreiðinni, en ekki nefnt mánuðinn febrúar eða annað tíma-mark í því sambandi. Hann kveður, að það sé rétt, að hann hafi spurt hana að því, hvort hún vildi ekki afhenda honum byssuna, og bætir því við, að hann hafi sagt, að þar sem byssan hefði fundizt í bifreiðinni hjá honum, væri það skemmtilegra, að hann skilaði henni til lögreglunnar, en ekki hún. Loftey man ekki eftir þessari viðbót hjá ákærða.

Frekara samræmi milli framburða þeirra hjóna og ákærða hefur ekki náðst þrátt fyrir samprófun þeirra.

Eftir þessa heimsókn ákærða hringdi Loftey til Magnúsar Helgasonar, sem hún þekkir, og skýrði honum frá því, að bifreiðarstjórinn á bifreið þeirra hjóna væri að biðja um byssuræfil, sem hefði verið í hanzkahólfi bifreiðarinnar. Magnús sagði henni þá, að hún skyldi hringja til rannsóknarlögreglunnar og segja henni, að hann væri með byssu, sem hann ætlaði að skila til hennar.

Um kl. 1515 sama dag hringdi ákærði á lögreglustöðina í Sel-tjarnarneshreppi til Lárusar Fjeldsteds Salómonssonar og óskaði eftir því, að hann kæmi heim til hans að Sækambi. Fór Lárus Fjeldsted samstundis til hans. Ákærði skýrði honum frá því, að hann væri í vanda staddur vegna heimsku sinnar, sem byggðist á því, að í janúar síðastliðnum hefði hann verið að taka til í bifreið sinni, R 15612, og hefði hann þá fundið skammbyssu undir framsætinu. Hann hefði tekið byssuna upp í klút og látið hana í læst hól í bifreiðinni og hefði hann engan grun um, hver hefði getað troðið byssunni undir sætið. Hann kvaðst ekki hafa farið með hana til lögreglunnar vegna þess, að hann hafi búizt við, að eigandinn mundi spyrja hann um hana, og með því hafi hann ætlað að vera klókur og komast að því, hver væri eigandi hennar. Enginn hefði gefið sig fram og hefði hann svo gleymt því að koma byssunni til lögreglunnar. Ákærði sagði honum enn fremur, að í gær hefðu fyrri eigendur bifreiðarinnar tekið hana af honum, því að hann hefði skuldað þeim um kr. 75.000.00, og þá hefðu þeir fundið byssuna. Hún væri nú hjá þeim eða Lofteyju

Káradóttur. Lárus Fjeldsted spurði ákærða um tegund og stærð byssunnar, og svaraði hann því til, að hann vissi það ekki. Eftir þetta samtal hringdi Lárus Fjeldsted til Lofteyjar, og var hún þá komin ásamt eiginmanni sínum heim úr jarðarförinni. Svaraði hún í símann. Lárus Fjeldsted spurði hana að því, hvort hún hefði einhvern hlut, sem ákærði sætti, og síðan spurði hann um byssu. Hún sagði, að byssan, sem hefði fundizt í bifreiðinni, væri geymd hjá góðum og öruggum manni. Lárus Fjeldsted óskaði eftir því að fá að sjá byssuna, en Loftey gat ekki náð til mannsins, sem geymdi hana.

Loftey hringdi nú til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og talaði við Njörð Snæhólm. Kveður hann, að klukkan hafi þá verið 1625. Hún bað hann um að koma heim til þeirra hjóna á Freyjugötu 25 vegna byssu, sem fundizt hefði í bifreið þeirra. Hann fór þegar þangað og talaði við Lofteyju. Jafnframt var náð til Magnúsar Helgasonar um talstöð í leigubifreið hans og hann beðinn um að koma á Freyjugötu 25. Hann fór þangað og hafði með sér skammbyssuna í bréfpokanum og skotin sjö. Njörður var þar fyrir, og afhenti Magnús honum bæði byssuna í bréfpokanum og skotin.

Njörður fór með byssuna og skotin í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, og eftir að hann hafði talað við yfirlögregluþjóninn, hringdi hann í Lárus Fjeldsted og bað hann um að handtaka ákærða og færa hann til rannsóknarlögreglunnar. Var þá klukkan um 1805.

Lárus Fjeldsted kveðst hafa komið heim til ákærða um kl. 1830, og var hann þá heima. Hann talaði einslega við hann inni í stofu og tilkynnti honum, að rannsóknarlögreglan í Reykjavík vildi tala við hann um byssuna. Ákærði spurði þá: „Verð ég settur inn?“, og svaraði þá Lárus Fjeldsted: „Það veit ég ekki“. Ákærði bað um að fá að kveðja heimilisfólk sitt, og var honum leyft það, og fór hann fram í eldhús í því skyni. Lárus Fjeldsted fór síðan með ákærða út í lögreglubifreið sína og ók honum í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar í Borgartúni 7, en á eftir fylgdu 3 menn úr hinni almennu lögreglu í Reykjavík í annarri bifreið, sem Lárus Fjeldsted hafði fengið til öryggis. Ákærði sat við hlið Lárusar Fjeldsteds í fyrrnefndu bifreiðinni, og voru ekki aðrir í henni. Þegar þeir höfðu ekið nokkra stund, sagði ákærði við Lárus Fjeldsted: „Er nokkur vörn til fyrir mig í þessu, Lárus minn?“, og hann svaraði: „Það er engin vörn til nema sannleikurinn“. Ákærði sagði þá: „Guð hjálpi mér“, og bætti við:

„Trúir þú þessu, Lárus minn?“ Hann kveðst ekki hafa viljað vera grófur eða harður við ákærða og svaraði honum þannig, að þetta mál væri hræðilegt. Ákærði endurtók þá orðin: „Guð hjálpi mér“. Lárus Fjeldsted segir, að eftir þetta hafi ákærði fallið svolítið niður í sætið og orðið hljóður. Varð samtali þeirra ekki lengra. Þeim ber báðum saman um, að Lárus Fjeldsted hafi ekkert í þessu samtali þeirra minnzt á morðið á Gunnari Sigurði Tryggvason eða að skammbýssan væri morðvopnið. Lárus Fjeldsted kveður, að þegar komið var að Borgartúni 7, hafi ákærði setið kyrr í sæti sínu, þar til hann opnaði bifreiðarhurðina fyrir honum, og síðan hafi hann fylgt ákærða eftir upp í skrifstofur rannsóknarlögreglunnar, án þess að hægt væri að sjá, að ákærði hefði nokkuð á móti því. Leifur Jónsson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrði ákærða frá kl. 1858 til kl. 1947, en að því loknu var hann færður í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Næsta dag var hann úrskurðaður í gæzluvarðhald af Sverri Einarssyni, fulltrúa yfirsakadómará.

## B.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn málsins næstu daga og yfirheyrði bæði ákærða nánar um málsatvik og ýmsa aðra, sem talið var, að upplýsingar gætu gefið. Ákærði staðhæfði, að hann hefði ekki orðið valdur að bana Gunnars Sigurðar Tryggvasonar eða átt nokkurn hlut þar að. Hann kvaðst hafa fundið byssuna í bifreiðinni R 15612 í janúar 1969 og látið hana á stað þann, sem hún fannst.

Hinn 21. marz hófst dómsrannsókn í málinu, og hélt hann þá fast við þennan framburð sinn. Verður nú rakinn framburður ákærða *um* fund hans á byssunni og geymslu hennar, *um* starf hans hjá Jóhannesi Jósefssyni og ýmis önnur samskipti þeirra svo og *um* byssueign hans.

Ákærði skýrir svo frá, að eftir hádegi og áður en komið var myrkur laust eftir helgi eða á mánudegi eða þriðjudegi rétt eftir miðjan janúar 1969 hafi hann verið að hreinsa bifreiðina R 15612 með ryksugu heima hjá sér að Sækambi. Bifreiðin var við tröppur hússins, til þess að snúran á ryksugunni næði til bifreiðarinnar og inn í hana. Hann tók eins og endranær motturnar á framgólfi og afturglófi bifreiðarinnar út úr henni og setti þær á vegg, sem aðskilur lóð hans frá næstu húslóð. Hann hafði allar dyr bifreiðarinnar opnar, og síðan fór hann með ryksuguna eða slöngu hennar aftur í bifreiðina og hreinsaði gólfið þar. Stúturinn á slöngu ryk-

sugunnar rakst þá í eitthvað undir framsætinu hægra megin, en bifreiðin er með vinstri handar stýri. Hann fór með höndina aðeins undir sætið og fann þá, að byssa var undir því. Hún var ekki skorðuð af og lá þarna á hliðinni framan og neðan við bakið á við bunguna eða hrygginn, sem er fyrir framan og neðan við bakið á framsætinu, en ákærði getur ekki sagt um, hvernig hún sneri. Stilling framsætanna var eins og venjulega eins framarlega og hægt var. Ekkert annað en byssan var undir sætinu, en tuskur eða tvist geymir ákærði undir sæti bifreiðarstjóra að framanverðu. Það var ekkert utan um byssuna, og hún var svolítið rykug. Hann heldur, að liðin hafi verið um ein vika, síðan hann hafði hreinsað bifreiðina með ryksugu síðast, og varð hann þá ekki var við byssuna, og telur hann mjög líklegt, að hann hefði fundið hana, ef hún hefði verið þá í bifreiðinni á þessum sama stað. Hann sá, að öryggi var á byssunni, því að á því stóð stafurinn S (fyrir Safety), en hann hreyfði ekki við því. Hann athugaði strax, hvort byssan væri hlaðin. Hann tók magasínið úr til að athuga það og ýtti á efsta skotið í því, og þegar það gekk ekki niður, vissi hann, að það var fullt. Hann athugaði ekki, hvort skot var í hlupi byssunnar, heldur ekki hver stærð hennar var. Honum brá ónotalega við, þegar hann komst að raun um, að byssan var fullhlaðin. Nánar aðspurður um það mál kveðst honum hafa dottið í hug, hvort einhver hefði ætlað að nota byssuna á hann, en hann vissi ekki til þess, að hann ætti nokkurn óvildarmann. Einnig hvarflaði að honum, að þetta væri byssa, sem Jóhannes Jósefsson hefði átt, en þá byssu hafði hann séð. Fannst honum, að byssan í bifreiðinni væri lík byssu Jóhannesar, en hann minnti þó, að hún væri með einum gikk, en fyrrnefnda byssan virtist vera með tveimur. Enn fremur datt honum í hug, þegar hann fann byssuna, að verið gæti, að þetta væri byssan, sem Gunnar Sigurður Tryggvason var myrtur með, en Njörður Snæholm rannsóknarlögreglumaður hafði sagt honum, að miklar líkur væru á því, að byssa Jóhannesar Jósefssonar hefði verið notuð til að bana Gunnari Sigurði með. Ákærði minnst þess, að Njörður talaði við hann, líklega í tvö skipti, skömmu eftir dauða Gunnars Sigurðar og skýrði honum frá því, að álitid væri, að stærð byssunnar, sem Gunnar Sigurður var myrtur með, væri annað hvort cal. 35 eða 38, og nefndi Njörður aðra töluna svo og að mjög miklar líkur væru fyrir því, að byssa þessi væri sú hin sama og tekin hefði verið frá Jóhannesi Jósefssyni eða þá byssa af sömu gerð. Ákærði fór síðan inn til sín í því skyni að

ná í bréf til að setja utan um byssuna. Hann hafði hana ekki með sér inn, heldur setti hana í hólfið í mælaborði bifreiðarinnar, en læsti því ekki og ekki heldur bifreiðinni sjálfri á meðan. Hann fann bréfpoka inni hjá sér og fór með hann út og setti byssuna í hann. Hann vafði síðan utan um pokann afburrrunarklút, sem hann hafði í bifreiðinni, og að því loknu setti hann byssuna í þannig umbúðum inn í hólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Hann heldur, að hann hafi handleikið og virt fyrir sér byssuna í um 5—7 mínútur, áður en hann lét hana í pokann og klútinn utan um hann. Hann lét byssuna neðst í hólfið og setti aðra hluti í því ofan á hana, og voru það aðallega blöð og nútublokkir, en einnig voru þar tvö lítil skrufjárn. Síðan læsti hann hólfinu. Aðspurður um, hvers vegna hann afhlið ekki byssuna, svarar hann: „Ég hugsaði ekkert út í það“. Eftir þetta opnaði hann hólfið í nokkur skipti til að ná í skrufjárn, en gætti þess að gera það ekki, þegar aðrir sáu til, vegna byssunnar, sem var í hólfinu. Hann opnaði hólfið aldrei, svo að aðrir sáu til, eftir að byssan var komin þangað.

Ákærði fór strax að hugsa um það, eftir að hann fann byssuna í bifreiðinni, hver hefði getað sett hana þar, en honum datt ekki í hug neinn sérstakur. Hann reyndi að rifja upp, hverjir höfðu verið farþegar hans þá rétt áður, en mundi ekki eftir neinum sérstökum manni, sem hann taldi líklegan til að hafa komið byssunni fyrir í bifreiðinni. Hann hafði verið í akstri allan morguninn dag þann, sem hann fann byssuna, og einnig næstu daga á undan, og man hann ekki eftir neinum einstökum farþega, sem hann ók á þessum tíma, en það var fjöldi fólks. Honum datt í hug, að einhver hefði af ásettu ráði verið að koma honum í vandræði með því að koma fyrir byssunni í bifreiðinni, en jafnframt hvarflaði að honum, að ef til vill hefði átt að nota byssuna á hann. Honum datt þó ekki í hug neinn ákveðinn maður í þessu sambandi. Aðspurður um, hvers vegna hann tilkynnti ekki lögreglunni um byssuna, þar sem honum datt í hug, að einhver hefði viljað koma honum í vandræði með því að skilja hana eftir í bifreiðinni eða nota hana á hann, svarar ákærði því til, að hann tilkynnti ekki lögreglunni um byssuna af einhverri vitleysu, og ætlaði hann að athuga það sjálfur, hver hefði látið byssuna þarna, og bjóst hann jafnvel við því, að maðurinn mundi koma til hans og spyrja um hana. Ætlun hans var að komast að því, hver sá maður var, sem gæti verið svona illviljaður í hans garð, en hann ætlaði þó ekki að afhenda honum byssuna.

Nokkru eftir að ákærði fann byssuna, kom honum í hug, að það gæti litið illa út, ef hann skilaði henni ekki til lögreglunnar eða léti hana vita af henni. Varð þetta til þess, að hann reyndi nokkrum sinnum að ná í Lárus Fjeldsted Salómonsson símleiðis, en það tókst ekki. Hann hringdi í öll skiptin kl. 1300—1400 frá heimili sínu. Í fyrsta skipti hringdi hann, nokkrum dögum eftir að hann fann byssuna, bæði á vinnustað hans á Seltjarnarnesi og heim til hans í Kópavogi, en enginn svaraði. Hann hringdi aftur einum til tveimur dögum síðar á báða staðina, en einnig þá svaraði enginn. Einum til tveimur dögum síðar hringdi hann enn á sama tíma á báða staðina, og svaraði þá enginn í síma Lárusar Fjeldsteds í hreppsskrifstofunni, en á tali var heima hjá honum í tæpa klukkustund. Eftir þetta hringdi ákærði ekki til hans. Aðspurður um, hvers vegna hann eftir allar þessar árangurslausu tilraunir til að ná í Lárus Fjeldsted hringdi ekki á lögreglustöðina eða í rannsóknarlögregluna í Reykjavík, þar sem hann hefði auðveldlega getað fengið samband strax, svarar ákærði orðrétt: „Af einhverjum ástæðum gerði ég það ekki“. Það hvarflaði þó að honum að snúa sér til rannsóknarlögreglunnar, þar sem honum var kunnugt um, að hún var að leita að öllum byssum, sem Gunnar Sigurður hefði getað verið myrtur með. Hann gerði sér einnig að vissu leyti grein fyrir því, í hvaða hættu hann var, ef byssan, sem hann hafði fundið í bifreiðinni, var sú hin sama og Gunnar Sigurður var myrtur með. Þrátt fyrir þetta afhenti hann ekki byssuna til lögreglunnar eða lét hana vita um hana. Hann hummaði það fram af sér, eins og hann kemst að orði, og bætir við: „Þetta var einhver trassaskapur“. Hann sagði heldur engum frá fundi eða tilveru byssunnar. Svo liðu dagar og vikur, án þess að nokkur maður kæmi til hans og spyrði um byssuna, og er frá leið, hætti hann að hugsa frekar um byssuna, og meira að segja gleymdi hann henni úr huga sér.

Ákærði segir, að bifreiðin R 15612 hafi að næturlagi staðið undir beru lofti á lóðinni við hús hans Sækamb, og var hún þá ávallt læst. Á daginn var hún einnig læst, þegar hann yfirgaf hana, nema þegar hún var á staði fyrir utan Bæjarleiðir svo og þegar hann skrápp inn í hús sitt til að fá sér kaffi. Á daginn geymdi hann bifreiðarlyklana ávallt á sér og hafði þá annað hvort í buxnavasa eða í vasa á peysu eða treyju, sem hann er mjög oft í. Þegar hann kom heim til sín að loknum akstri og fór úr treyjunni eða peysunni, lét hann lyklana vera kyrra þar í vasa, og venjulega lagði hann flíkina þá á símaborð í forstofu, en setti

hana þó stundum í fatahengi þar. Ef lyklarnir voru í buxnavasa hans, lét hann þá vera þar kyrra, þegar hann fór úr buxunum, og geymdi hann þær þá á stól við rúm sitt. Heimilisfólk hans, eiginkona og börn hans fjögur, vissu, hvar hann geymdi bifreiðarlyklana, þegar hann var ekki í akstri, og hafði hvert þeirra aðstöðu til að ná þeim, þegar hann hafði lagt fötin frá sér.

Eftir að ákærði lét byssuna í mælaborðshólf bifreiðarinnar, ók enginn annar en hann henni nema Helgi sonur hans. Hann fékk bifreiðina þó ekki að láni heilan dag eða næturlangt, heldur í tvö til þrjú skipti að kvöldlagi milli kl. 1900 og 2000. Mun Helgi þá hafa farið í henni að Freyjugötu 1 til unnustu sinnar og til að kaupa benzín á bifreiðina á benzínstöð við Nesveg. Helgi fékk þá alla lyklakippu bifreiðarinnar, en það voru þrjár lyklar, einn að kveikjlás og hurðum, annar að mælaborðshólfi og skotti og þriðji að benzínloki bifreiðarinnar. Ákærði hafði ekki orð á því við Helga, að hann skyldi ekki eða mætti ekki opna mælaborðshólfið, en hann hafði löngu áður sagt honum að eiga ekki við eða snerta hluti í hólfinu. Helgi minntist heldur aldrei á það við ákærða, að hann hefði opnað mælaborðshólf bifreiðarinnar eða að hann hefði orðið var við byssu í henni. Ákærði fór tvívegis með bifreiðina til smáviðgerðar á verkstæði, eftir að byssan var komin í mælaborðshólfið, en í bæði skiptin beið hann á staðnum, meðan viðgerðin fór fram, og afhenti hann ekki viðgerðarmönnum bifreiðarlyklana.

Ákærði skýrir frá starfi sínu hjá Jóhannesi Jósefssyni og ýmsum samskiptum þeirra þannig:

Ákærði byrjaði að vinna á Hótel Borg 10 ára gamall árið 1936. Fyrst í stað var hann vikadrengur („piccolo“), en einnig var hann í skóla á veturnum. Árið 1943 varð hann húsvörður á hótelinu og árið 1946 einnig einkabifreiðarstjóri Jóhannesar á sumrin. Þessu starfi gegndi hann, þar til Jóhannes seldi hótelið árið 1960. Sem einkabifreiðarstjóri var hann daglegur gestur á heimili Jóhannesar og fór með honum í ferðalög bæði til laxveiða og fuglaveiða. Eftir að hann hætti að vinna hjá Jóhannesi, kom hann sjaldan á heimili hans, en þó kom það fyrir, einkum fyrst í stað, þegar Jóhannes hringdi í hann og bað hann um að gera eitthvert viðvik. Jóhannes átti sumarbústað eða veiðihús við Hítará í Mýrasýslu, og dvaldist hann þar sumarlangt, eða frá því í maí og fram í september. Ákærði dvaldist þar þá einnig, en annars bjó hann heima hjá móður sinni, þar til hann kvæntist.

Jóhannes átti tvær skammbyssur, og voru þær í kassa, sem

var lokaður með tveimur smellum, en ekki var hægt að læsa honum með lykli. Byssurnar voru misstórar, og var hin stærri að umfangi cal. 22, en ákærði vissi ekki cal. stærð hinnar minni. Hann komst að cal. stærð stærri byssunnar, þegar þeir Jóhannes voru að taka til byssurnar og í skúffu hjá þeim, sem nokkur skot voru í, en þá hafði Jóhannes orð á því, að skotin mundu vera ónýtt og ætti að fleygja þeim. Ákærði spurði hann þá að því, í hvaða byssu skotin „pössuðu“, og benti hann þá á stærri byssuna í kassanum. Ákærði hreinsaði aldrei byssurnar, enda voru þær aldrei notaðar, svo að hann vissi til. Jóhannes átti einnig 5—6 haglabyssur, og hreinsaði ákærði þær eftir veiðiferðir. Jóhannes hafði ávallt byssur sínar hjá sér á þeim stað, er hann bjó hverju sinni. Í sumarbústaðnum við Hítará geymdi hann haglabyssurnar í glerskáp í stofu þar, og var skápurinn ólæstur, en lokaður með rennihurðum. Skammbyssurnar geymdi hann í kassanum, sem hann hafði á eikarhillu, sem var hringinn í kringum stofuna í bústaðnum, og yfirleitt á sama stað undir norðvestur glugga. Á heimili sínu að Hótel Borg geymdi hann haglabyssurnar í tveimur glerskápum í skrifstofu sinni í herbergi nr. 101 á fyrstu hæð hótelsins, og var hægt að loka skápunum með lykli, en hann var ávallt hafður í skránni. Kassann með skammbyssunum tveimur í hafði hann á hillu á milli fyrrgreindra tveggja glerskápa í skrifstofunni. Á Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi geymdi hann haglabyssurnar í skrifstofu sinni, en ákærði man ekki hvar, en kassann með skammbyssunum í geymdi hann á skattholi þar. Ákærði kveðst ekki hafa handleikið skammbyssurnar, en sjálfsagt tekið kassann upp og haldið eitthvað á honum, þegar Jóhannes flutti búferlum, og þá máske snert eitthvað á byssunum. Það kom fyrir að Jóhannes sýndi gestum sínum skammbyssurnar í kassanum að gefnu tilefni frá þeim. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, hvað Jóhannes kann að hafa sagt honum eða öðrum í áheyrn hans, hvernig hann eignaðist byssurnar eða hvort hann hefði keypt þær eða fengið þær að gjöf. Hann minnir þó, að Jóhannes hafi haft orð á því, að þær væru sjaldgæfar og að hann hefði látið búa til kassann, en hann minnst þess ekki, að hann léti orð falla um, að þær, önnur eða báðar, væru það sjaldgæfar, að aðrir ættu ekki slíka gripi hér á landi.

Jóhannes geymdi skot í byssurnar þannig: Í bústaðnum við Hítará var á hornhillu í svonefndum veiðiskála kassi frekar en pakki, sem var stærri en eldspýtustokkur, en aðeins minni en 20 stykkja vindlingapakki, og vantaði lokið á hann. Kassinn var

fullur af skammbyssuskotum, og voru þau bæði af cal. 22 og stærri skot, en ákærði getur ekki sagt um, hve mikið var af hvorri tegund og hve mörg þau voru. Hann þekkti skotin, sem voru cal. 22, og hafði Jóhannes einhverju sinni orð á því, að þau væru slegin, en ákærði hugsaði ekkert um merkingu þess orðs. Ákærði prófaði aldrei, hvort skot þessi „pössuðu í“ skammbyssurnar, og hann minnst þess ekki að hafa handleikið þau. Hann minnst þess heldur ekki, að Jóhannes hefði orð á því, að ekki væri gott að fá skot í skammbyssurnar, aðra eða báðar. Í bústaðnum voru einnig skot í haglabyssurnar í skúffum undir skápnunum, sem þær voru í, og var hægt að loka skúffunum með lykli, sem stóð í skránni. Þegar Jóhannes flutti úr bústaðnum við Hítará heim til sín til Reykjavíkur og síðar út á Seltjarnarnes, lét hann skammbyssuskotin vera kyrr í bústaðnum, en hafði með sér skotin í haglabyssurnar. Á Hótel Borg geymdi hann öll skot sín í skáp á fyrstu hæð hússins fast við lyftuna. Skápurinn var hafður læstur, og hafði Jóhannes einn lykil að honum. Ákærði veit ekki, hvar Jóhannes geymdi lykilinn, en gengur út frá því, að hann hafi haft hann á lyklakippu sinni. Hann vissi ekki til þess, að Jóhannes geymdi skot í skammbyssur sínar, aðra eða báðar, á Hótel Borg. Hann getur ekki sagt um, hvar Jóhannes geymdi haglabyssuskotin á Tjarnarstíg 8, og hann vissi ekki til þess, að þar væru skot, sem „pössuðu í“ skammbyssur Jóhannesar, aðra eða báðar.

Jóhannes kenndi ákærða að skjóta úr haglabyssu, og fóru þeir oft suður að Seltjörn til að skjóta þar úr byssum Jóhannesar, en ákærði skaut aldrei úr haglabyssu í bústaðnum við Hítará eða þar í grennd, því að þar voru ekki fuglaveiðar, heldur aðeins laxveiði. Jóhannes brýndi fyrir honum að fara gætilega með skotvopn. Hann lánaði ákærða aldrei byssu, nema þegar þeir voru saman, að undanteknu þó einu tilviki, en þá varð ekkert úr því, að hann notaði hana.

Ákærði skýrir frá byssueign sinni þannig:

Á árunum 1943 frekar en 1944 til 1946 festi hann kaup á nýjum riffli, cal. 22 og 16 skota, og voru þau sett í rör undir hlaupinu. Hann notaði riffilinn mjög lítið, en það kom þó fyrir, að hann skaut í mark úr honum og notaði hann á fuglaveiðum. Hann seldi riffilinn mági sínum, Marínó Aðalsteinssyni.

Um árið 1950, að því er ákærða minnir, keypti hann skammbyssu af Leo Schmidt meindýraeyði, og var enginn tilgangur hjá ákærða með kaupunum. Atvik að þeim voru þau, að eitt sinn

hitti hann Schmidt í verzlun einni á Nesvegi, og var hann þá með skammbyssu, sem hann sýndi ákærða, og bauð hann honum hana til kaups að fyrri bragði. Ákærði tók boðinu og keypti hana á kr. 400.00 til kr. 500.00, að því er hann minnir. Þetta var þýzk byssa frá fyrri heimsstyrjöld af tegundinni Mauser, að því er hann heldur, og máské cal. 38. Byssan var með magasíni, sem gekk upp í skaftið, og voru engar skráfur í henni. Var það nokkurs konar gestapraut að taka hana í sundur og setja hana saman aftur. Gerði hann það einu sinni eða tvisvar. Byssan var óvirk, og vantaði í hana pinnan. Ákærði man ekki, hve margra skota hún var. Henni fylgdu engin skot, en þó nokkuð löngu síðar lét Schmidt hann fá líklega 4 eða 5 skot. Ákærði setti þó aldrei skot í byssuna, og hann skaut aldrei úr henni. Hann geymdi hana í skúffu í skrifborði í herbergi hjá sér, og var skúffan stundum læst, en stundum ólæst. Skotin geymdi hann í ólæstum verkfærakassa, og eftir að hann flutti að Sækambi, var hann á annari hæð hússins fyrir framan stigann, þegar upp var komið. Einhvern tíma á árunum 1963—1966 seldi ákærði Þóri Magnússyni skammbyssuna, en þá voru þeir báðir leigubifreiðarstjórar á Bifreiðastöð Steindórs. Þórir skýrði honum frá því, að hann safnaði byssum, og sagði ákærði honum þá frá Mauser byssunni. Varð úr, að ákærði lét hann fá hana og afhenti hana á bifreiðastöðinni. Kaupverðið var ekki endanlega ákveðið, en talað var um kr. 1.000.00 til kr. 2.000.00. Þórir vildi láta ákærða fá aðra skammbyssu fyrir Mauser byssuna, en ákærði hafði ekki áhuga á því, og kveður hann, að kaupverðið sé enn ógreitt. Þórir fékk ekki skot með byssunni, og fann ákærði þau ekki, um það leyti sem Þórir fékk hana. Ákærði segir, að eftir að Gunnar Sigurður hafði fundizt látinn af völdum skotsárs, hafi verið skorað á alla þá, sem hefðu skammbyssur undir höndum, að afhenda þær til lögreglunnar og hafi hann þá sagt Nirði Snæhólm frá Mauser byssunni. Njórður hafi þá spurt hann um stærð byssunnar og hvort hann ætti skot í hana. Ákærði kvaðst ekki vita um stærð hennar, en einhvers staðar ætti hann skot í hana í fórum sínum, og í framhaldi af því leitaði hann að þeim og fann þau í verkfærakassanum og afhenti hann þau Nirði.

Ákærði kveðst ekki hafa átt eða haft undir höndum aðra skammbyssu en Mauser byssuna, þar til hann fann byssuna í bifreiðinni R 15612.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað, að minni skammbysa Jóhannesar hafði horfið frá honum, fyrr en eftir morðið á Gunnari

Sigurði, en þá skýrði Njörður Snæhólm honum frá því, að byssunni hefði verið stolið frá Jóhannesi, og skömmu síðar skýrði Lárus Fjeldsted honum einnig frá hinu sama.

Að lokum þykir rétt að geta hér þess framburðar ákærða, að hann hafi ekki átt eða notað hanzka, hvort heldur við göngu eða akstur bifreiðar, en hann hafi haft í leigubifreið sinni vinnuvettlinga, sem hann hafi notað, þegar hann þurfti að setja keðjur á hjól bifreiðarinnar eða gera við hana.

Hinn 28. júní f. á. breytti ákærði framburði sínum í nokkrum greinum, eins og rakið verður í IV. kafla hér á eftir, en fyrir þann tíma var veigamikill þáttur rannsóknar málsins fólginnt í því að staðreyna, hvert væri sannleiksgildi fyrrgreinds framburðar hans. Verður þessi rannsóknarþáttur nú rakinn í þeim greinum, sem máli þykir skipta.

### C.

Brynhildur Sigurðardóttir, nú til heimilis að Strönd við Nesveg, Seltjarnarnesi, giftist Jóhannesi Jósefssyni 24. október 1961, en hann andaðist 5. október 1968. Hún kveður, að þau hjónin hafi alla hjúskapartíð sína búið á Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi, en verið á sumrin frá maí til september í bústað Jóhannesar við Hítará, en hana minnir, að hann hafi verið seldur á árunum 1963—1965. Hún segir, að hann hafi átt margar byssur og meðal annars tvær skammbyssur, og voru þær geymdar í kassa, sem var kræktur aftur, en ólæstur. Kvaðst hann hafa komið með hann hingað til lands frá Ameríku, þegar hann flutti þaðan. Hún segir, að á meðan Jóhannes átti bústaðinn við Hítará, var byssukassinn geymdur á hillu undir glugga í stofunni þar, og var kassinn hafður þar árið um kring, þ. e. einnig á veturna, þegar enginn var í bústaðnum. Eftir að bústaðurinn hafði verið seldur, geymdi Jóhannes kassann í opinni hillu ofan á skrifborði í skrifstofu sinni á fyrstu hæð á Tjarnarstíg 8. Var byssukassinn með byssunum í hafður eins og sýningargripur, og kom það fyrir, að Jóhannes sýndi gestum sínum kassann og byssurnar. Þær voru misstórar, en hann talaði aldrei sérstaklega um minni byssuna. Brynhildur kveðst ekki hafa vitað til þess, að skoti væri nokkru sinni hleypt úr skammbyssunum eða að til væru skot í þær. Hún segir þó, að tveir kassar og taska hafi verið í hillu í þvottahúsinu á Tjarnarstíg 8, og voru geymd þar einhver skot, en hún vissi ekki tölu þeirra eða í hvaða byssur þau „pössuðu“. Innangengt var milli þvottahússins og bílskúrs, og var hurðin þar á milli læst með

smekklási frá þvottahúsinu. Hún segir, að þau hjónin hafi farið til Danmerkur í júní 1965 og komið aftur hingað til lands 5. ágúst sama ár. Stuttu eftir heimkomu þeirra kom Sigurjón Ragnarsson veitingamaður heim til þeirra á Tjarnarstíg 8. Sigurjón greip byssukassann, sem hann hafði séð áður, opnaði hann og sagði þá: „Hvað eruð þið búin að gera við minni byssuna?“ Kom þá í ljós, að þá byssu vantaði í kassann, sem var á sínum stað í hillunni. Þeim hjónum kom þetta mjög á óvart, en Jóhannes talaði aldrei um það, að hann grunaði einhvern einstakan mann um að vera valdan að hvarfi byssunnar. Brynhildur kveðst kannast við ákærða, og eftir að Jóhannes hafði selt Hótel Borg, kom hann einstaka sinnum á Tjarnarstíg 8, en aldrei eftir að Jóhannes veiktist nokkru eftir komu þeirra hjóna frá útlöndum sumarið 1965. Jóhannes talaði aldrei um það við hana eða í áheyrn hennar, að ákærði væri að taka eitthvað frá honum í heimildarleysi eða að hann hefði hann grunaðan um að gera það.

Sigurjón Ragnarsson veitingamaður, Blikanesi 13, Seltjarnarnesi, kveðst hafa þekkt Jóhannes Jósefsson í mörg ár og komið oft heim til hans á Tjarnarstíg 8. Hann minnst þess, að við vesturvegg í herbergi Jóhannesar þar var byssukassi undir skáp ofan á skrifborði, og opnaði Sigurjón kassann í nokkur skipti, en hann var kræktur aftur. Í kassanum var byssuset, tvær misstórar skammbyssur með einhverjum fylgihlutum. Jóhannes sagði honum, að kassinn væri minjagripur. Sigurjón kveðst ekki hafa vitað til þess, að Jóhannes eða annar maður hleypti nokkru sinni skoti úr byssunum, annarri eða báðum, eða að hann ætti skot í þær, og hann sá aldrei skot hjá kassanum, en í skáp í kjallara hússins sá hann einhver skot, sem hann hélt, að væru eingöngu hagla-skot. Sigurjón segir, að varla meira en einum mánuði eftir að Jóhannes og kona hans komu frá útlöndum sumarið 1965, heim-sótti hann þau hjónin. Byssukassinn var þá á venjulegum stað, og opnaði hann kassann og sá þá, að minni byssan var þar ekki. Hjónunum kom það mjög á óvart. Jóhannes nefndi aldrei við hann, að hann grunaði einhvern tiltekinn mann um að vera valdan að hvarfi byssunnar. Sigurjón kveður, að Jóhannes hafi aldrei minnt á ákærða við hann nema í sambandi við lóð undir húsi því, sem ákærði bjó í.

Brynhildur Sigurðardóttir hefur sýnt rannsóknardómara málsins og lögreglumönnum fyrrgreindan byssukassa, og var stærri byssan þá í honum ásamt nokkrum fylgihlutum. Greipt sæti er í kassanum fyrir tvær byssur. Byssan, sem fannst í bifreiðinni

R 15612, var látin í hið auða byssusæti, og féll hún nákvæmlega í sætið. Telur Brynhildur, að enginn vafi sé á því, að þetta sé minni byssan, sem var í kassanum.

Lárus Fjeldsted Salómonsson og ákærði hafa þekkt í mörg ár, og ber þeim saman um, að þeir hafi hitt í tvö skipti árið 1969, áður en ákærði var handtekinn. Í fyrra skiptið hittust þeir nokkru fyrir 10. febrúar. Kveður ákærði, að þeir hafi þá báðir verið í bifreið og mætt á Nesvegi, hann verið á leið inn í Reykjavík, en Lárus Fjeldsted verið á leið út á Seltjarnarnes. Hinn síðarnefndi kveður það rétt vera og hafi klukkan verið um eða laust eftir 1400 um daginn. Þeir stöðvuðu bifreiðar sínar, og kom ákærði inn í bifreið Lárusar Fjeldsteds. Fóru þeir að tala um byssu Jóhannesar, sem horfið hafði frá honum, en þeir höfðu gjarnan talað um það mál, þegar þeir hittust. Lárus Fjeldsted minnst þess, að hann sagði við ákærða: „Ekki kemur byssan hans Jóa (þ. e. Jóhannesar) ennþá í leitirnar“ eða eitthvað á þá leið, og svaraði ákærði þá: „Hún kemur bráðum í leitirnar“ eða „Ætli hún komi ekki bráðum í leitirnar?“ eða önnur slík orð, þar sem ákærði tók jákvætt undir spurningu hans. Tekur Lárus Fjeldsted fram, að þessi orð ákærða hafi verið honum nú sérstaklega minnisstæð, af því að ákærði hafði aldrei fyrr tekið svona undir orð hans um byssuna. Ákærði rengir ekki og dregur ekki í efa, að þessi orðaskipti hafi átt sér stað á milli þeirra í þetta skipti, en tekur fram, að ekki þurfi að liggja neitt á bak við þetta svar hans. Ákærði kveðst í þetta skipti hafa verið á bifreiðinni R 15612 og hafi skammbyssan, sem hann hafði fundið í bifreiðinni, verið þá í geymsluhólfinu í mælaborði hennar. Hann hafi stöðvað Lárus Fjeldsted í því skyni að segja honum frá byssunni, en brostið kjark til þess, þegar þeir fóru að tala saman. Í seinna skiptið hittust þeir 10. febrúar heima hjá ákærða vegna 1.000 króna seðils, sem talið var, að horfið hefði þar frá tengdaföður hans. Lárus Fjeldsted talaði þá við ákærða, konu hans og dóttur, og þar eð hvarf peninganna virtist vera fjölskyldumál, óskaði hann eftir því, að fjölskyldan leysti málið sín í milli. Við þetta tækifæri minntist ákærði ekkert á byssuna, sem var í bifreiðinni R 15612, við Lárus Fjeldsted, og kveðst ákærði ekki hafa munað eftir henni í þetta skipti. Lárus Fjeldsted kveður, að lögreglan í Seltjarnarneshreppi hafi húsnaði og sérstakan síma í gamla Mýrarhúsaskólanum, en í því húsi er einnig skrifstofa sveitarstjórnar. Hann hafi einnig síma heima hjá sér í Kópavogi. Hann kveður, að daglegur vinnutími hans á Seltjarnarnesi sé frá kl.

1400 til kl. 2200, en milli kl. 1300 og 1400 sé hann annað hvort heima hjá sér eða á leiðinni vestur í gamla skólahúsið til vinnu. Laust fyrir kl. 1400 sé aksturstími leiðarinnar um 11—12 mínútur, en þó fari það að sjálfsögðu eftir umferð hverju sinni.

Það er einnig upplýst, að Njörður Snæhólm og ákærði hittust 7. febrúar 1969. Þann dag fór Njörður á Laugaveg 126 hér í borg í tilefni af því, að maður hafði fundizt látinn í herbergi sínu á efstu hæð hússins. Herbergið var inn af íbúð Helgu Sigurbjörnsdóttur, sem maðurinn leigði hjá, en Helga er móðir ákærða. Ákærði kom á staðinn, á meðan Njörður var þar. Þeir heilsuðust og töluðust aðeins lítillega við út af andláti mannsins. Ákærði minntist ekki á það við Njörð, að hann þyrfti að tala við hann einslega, og þar heldur ekki fram neina ósk um slíkt. Njörður gízk- ar á, að þeir hafi verið samtímis þarna á staðnum í um 10 mínútur, en ákærði segir, að það hafi verið nokkra stund. Aðspurður um, hvers vegna hann skýrði Nirði ekki frá byssunni, sem var í bifreiðinni R 15612, við þetta tækifæri, svarar ákærði: „Nú veit ég ekki, af hverju ég gerði það ekki. Það hefur verið einhver klaufas- kapur“.

Þórir Magnússon bifreiðarstjóri, Meðalholti 14 hér í borg, ók leigubifreið hjá Bifreiðastöð Steindórs frá því í október 1960 þar til í byrjun september 1966. Hann kveðst vera meðlimur í Skotfélagi Reykjavíkur og hafa rætt nokkrum sinnum við féлага sína á stöðinni um skotvopn og oftast en einu sinni við ákærða. Hann minnst þess, að á árinu 1966 og sennilega þá um vorið skýrði ákærði honum frá því á bifreiðastöðinni, að hann ætti tvær skammbyssur. Önnur væri þannig, að hægt væri að breyta henni í vélbyssu, en hin væri öðruvísi og miklu skemmtilegri, og minnir hann, að ákærði segði, að hún væri þannig, að hleðslan gengi upp í skaftið. Ákærði sagði honum, að erfitt væri að fá skot í byssurnar. Þórir kveðst hafa beðið hann um að selja sér þær og hafi ákærði fallizt á að láta hann fá þá, sem hægt væri að breyta í vélbyssu, en hina vildi hann ekki selja. Ákærði kom síðan á bifreiðastöðina með þá byssu og afhenti Þóri hana ásamt einu skoti. Þetta var þýzk byssa af Mauser tegund, 7.63 milli- metrar að stærð, og gekk magasínið í henni upp fyrir framan gíkkinn. Pinninn í henni var skemmdur. Á skotinu, sem Þórir fékk með byssunni, stóð, að það væri 9 millimetrar að stærð, og virtist honum, að það væri of stórt í byssuna, sem ákærði sagði, að væri 9 millimetrar. Þórir kveðst nokkrum dögum síðar hafa

sýnt Jóni Sen, sem bjó þá í sama húsi og hann á Miklubraut 40, bæði byssuna og skotið, og var Jón þá sammála honum um, að skotið „passaði“ ekki í hana. Um mánaðamótin maí og júní 1969 afhenti Þórir svo yfirlögregluþjóni í almennu lögreglunni í Reykjavík byssuna og Leifi Jónssyni rannsóknarlögreglumanni skotið, sem fylgdi henni, fáeinum dögum eftir að Leifur yfirheyrði hann í máli þessu, en það var 11. marz 1969. Þórir sá aldrei hina byssuna, sem ákærði kvaðst eiga. Ákærði sagði honum ekki frá því, hvar hann hefði fengið þá byssu eða með hverju móti eða hvenær, og hann skýrði honum heldur ekki frá því, hvar hann geymdi hana eða hvort hann ætti skot í hana, en Þórir minnr, að ákærði segði honum, að hann hefði skotið úr byssunni. Veit Þórir ekkert frekar um byssu þessa.

Við samprófun ákærða og Þóris Magnússonar, sem fram fór 18. apríl 1969, kveður ákærði, að það sé rangt, að hann hafi sagt honum, að hann ætti tvær skammbyssur og að hann hafi látið hann fá skot með Mauser byssunni. Hann telur einnig útilokað, að hann hafi sagt Þóri, að byssan væri 9 millimetrar, því að það hafi hann ekki vitað. Ákærði segir, að það geti verið rétt, að magasínið í byssunni hafi gengið upp fyrir framan gikkinn og að pinninn í henni hafi verið skemmdur, en þessi atriði muni hann ekki glögg.

Ágúst Bent Bjarnason, Ferjubakka 2 hér í borg, hefur í mörg undanfarin ár verið bifreiðarstjóri hjá Bifreiðastöð Steindórs, og kveður hann, að fyrir um þremur árum hafi þeir Þórir Magnússon, Ólafur Skagvíg, ákærði og hann unnið þar saman (framburður 29. maí 1969). Hann kveður, að þeir Þórir og Ólafur hafi haft mikin áhuga á skotvopnum og safnað þeim og talað mikið um þau, og komst hann ekki hjá því að heyra á tal þeirra inni í bifreiðastöðinni um það efni. Ágúst Bent segir, að honum hafi verið kunnugt um, að ákærði seldi Þóri Mauser skammbyssu, sem unnt hafi verið að breyta í hríðskotabyssu, en þó hafi hann aldrei séð byssuna. Hann hafi heyrt Þóri leggja nokkrum sinnum mjög ríkt að ákærða að láta hann fá aðra byssu, sem ákærði hefði undir höndum, og hafi hann heyrt á Þóri, að hér væri um einhverja forláta byssu að ræða, en í hverju það var fólgið, vissi hann (Ágúst Bent) ekki. Þórir hafi ekki fengið byssuna hjá ákærða, þó að hann gengi ríkt eftir því að fá hana. Ágúst Bent kveðst aldrei hafa séð byssu þessa. Hann segir, að ákærði hafi aldrei sagt berum orðum í áheyrn hans, að hann ætti eða hefði

Þessa forlata byssu undir höndum, en hann taldi, að ákærði hlyti að hafa byssuna, vegna þess hve Þórir margbað hann um að láta hann fá hana.

Við sampröfun ákærða og Ágúst's Bents Bjarnasonar 2. júní 1969 kveður ákærði, að Þórir hafi aldrei beðið hann um að láta hann fá nema eina byssu, þ. e. Mauser byssuna, og hafi aldrei verið talað um aðra byssu. Ágúst Bent minnir sérstaklega, að hann hafi heyrt Þóri leggja nokkrum sinnum mjög ríkt að ákærða að láta hann fá aðra byssu en Mauser byssuna, og hafi hann heyrt á Þóri, að hér væri um einhverja forlata byssu að ræða.

Ólafur Herbert Skagvík bifreiðarstjóri, Álfhólsvogi 107, Kópavogi, kveðst hafa ekið bifreið hjá Bifreiðastöð Steindórs á árunum 1965—1967. Hann hefur haft áhuga á skotvopnum, og ræddi hann stundum við starfsfélaga sína um það mál. Hafði hann hug á því að eignast byssur og hafði orð á því við félaga sína, og að minnsta kosti við ákærða. Hann vissi ekki, hvort ákærði átti eða segðist eiga byssu, og hann sá hann aldrei með slíkan grip.

Leo Bernhard Frederik Schmidt meindýraeyðir, Gnoðarvogi 36 hér í borg, kveðst hafa komið hingað til lands í nóvember 1945 og haft þá með sér þýzka Mauser skammbyssu, sem hann hafði eignast í Danmörku. Þetta var 9 millimetra byssa, og voru engar skráfur í henni, en hann man ekki, hvort hún var með magasíni. Hann skaut aldrei skoti úr byssunni, og hann átti engin skot í hana, og hékk hún á vegg heima hjá honum sem minjagripur. Hann heldur, að það hafi verið á árunum 1949 eða 1950, sem hann seldi byssuna ákærða, sem hann kannaðist við. Hann minnir, að atvik að því, að hann seldi byssuna, hafi verið þau, að ákærði hafi komið heim til hans og séð hana á veggnum. Bauð hann ákærða að fyrra bragði byssuna til kaups, af því að hann skorti fé, og seldi honum hana á kr. 300.00, en ákærði hefur þó aðeins greitt kr. 200.00 af upphæðinni. Hann fullyrðir, að engin skot hafi fylgt byssunni, þegar hann seldi ákærða hana. Við sampröfun hefur ákærði ekkert sérstakt haft við þennan framburð Schmidts að athuga nema það, að hann kveður, að þeir hafi fyrst rætt um byssuna í verzluninni Straumnesi og Schmidt afhent honum byssuna svo á heimili sínu svo og síðar látið hann fá 4—5 skot, sem áttu að „passa í“ hana. Schmidt man ekki sérstaklega eftir því, að þeir hafi rætt saman um byssuna í greindri verzlun, en þó kunnir það að hafa verið. Þá man hann ekki eftir því, að hann léti ákærða fá 4—5 eða aðra tölu skota, sem áttu að „passa í“ byssuna.

Jón Sen tónlistarmaður, Miklubraut 40 hér í borg, hefur átt heima í því húsi síðan 1946, og í kjallara hússins bjó Þórir Magnússon í um hálf tannað ár, en flutti þaðan fyrir þó nokkru. Jón kveðst lengi hafa haft áhuga á skotvopnum og hafi margir leitað upplýsinga hjá honum um byssur og skot í þær. Hann minnir, að Þórir hafi einhvern tíma, á meðan hann bjó í kjallaranum, komið til hans og sýnt honum byssu og skot, en hann man ekki, í hvaða skyni eða hvers konar byssa það var. Hann man ekki sérstaklega nánar frá atviki því, sem Þórir greinir frá, en segir, að þar geti vel verið rétt frá skýrt. Jón kveðst þekkja Mauser skammbyssur og segir, að algengasta stærð þeirra sé 7.62 millimetrar, og „passi“ því 9 millimetra skot í þær.

Rannsóknarlögreglan framkvæmdi húsleit heima hjá ákærða að Sækambi, eftir að hann hafði verið handtekinn 7. marz 1969, og fannst þar þá læstur peningakassi á stigapalli á efri hæð. Ákærði afhenti lögreglunni lykil, sem hann kvað ganga að kassanum, en ekki var unnt að opna hann með þeim lykli, og var ákærða skýrt frá því. Kvað hann þá, að rétti lykillinn mundi vera í skrifborðsskúffu sonar hans, og afhenti hinn síðarnefndi lögreglunni lykil, sem hann taldi ganga að kassanum, en það reyndist ekki vera. Rannsóknarlögreglumönnum tókst þó daginn eftir að opna kassann með einum af hinum mörgu lyklum, sem þeir hafa í vörzlum sínum. Í kassanum reyndist vera auk margra smápeninga og ýmissa annarra smáhluta tvö skammbyssuskot. Kveður Njörður Snæhólm, að annað skotið hafi verið WRA, 9 mm, en hitt skotið REM-UMC, 35 cal., S&W, af sömu gerð og þau, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, og það, sem notað var á Gunnar Sigurð Tryggvason, svo og þau, sem fundust heima hjá Jóhannesi Jósefssyni.

Ákærði var yfirheyrður í dómi 31. marz og 1. apríl 1969 um peningakassann, og var framburður hans þá þessi: Hann keypti kassann, sem var notaður, fyrir um 20—25 árum á kr. 50.00 til kr. 60.00 á fornsölu hér í borginni, en hann man ekki hjá hvaða fornsala. Hann var búinn að kaupa kassann, þegar hann flutti að Sækambi í desember 1949. Kassinn var úr járni, og hægt var að læsa honum, og fylgdi honum einn lykill. Hann geymdi kassann ávallt á sama stað að Sækambi, eða á stigapalli framan við svefnherbergi sitt. Kassinn lokaðist af sjálfu sér, þegar lokið var lagt niður, og var hann því ávallt læstur. Í fyrstu geymdi ákærði lykilinn að kassanum með öðrum lyklum á lyklakippu sinni, en hin síðari ár í skúffu í skrifborði, sem Helgi sonur hans á og er í

herbergi Helga. Sú skúffa var læst, og hafði ákærði lykil að henni og geymdi á lykklakippu sinni. Eftir að hann hafði eignast kassann, fór hann að geyma í honum peninga og nótur, en hann hefur nú um langt skeið sama og ekkert notað hann. Nánar tiltekið minnst hann þess ekki að hafa opnað kassann síðan á árunum 1961—1962, en þá setti hann í kassann einseyringa og þó aðallega tveggjeyringa, sem hann var að safna og ætlaði að geyma. Skot áttu ekki að vera í kassanum. Aðspurður um fyrrgreind tvö skammbyssuskot, sem voru í honum, svarar ákærði því, að hann geti ekkert um það mál sagt, og muni hann ekki eftir skotunum. Þegar ákærða er bent á ólíkindi þess, að annar en hann sjálfur hafi sett skotin í kassann, segir hann, að ótrúlegt sé, að nokkur óviðkomandi maður hafi látið þau í hann, en að hann sé sannfærður um, að hann hafi ekki gert það. Aðspurður um, hver hann haldi þá að hafi sett skotin í kassann, svarar hann því, að hann geti ekki ímyndað sér nokkurn mann.

Ákærði bar á sér lyklaveski með 15 lykllum í, þegar hann var handtekinn 7. marz, og var það tekið af honum. Veskið er lagt saman og lokað með rennilás, en lykklafestingar eru í báðum hlutum. Athugun rannsóknarlögreglumanna 12. sama mánaðar leiddi í ljós, að einn lykkillinn í veskinu gekk að læsingu á aðal-  
dyrum húss Jóhannesar Jósefssonar að Tjarnarstíg 8, og var með lyklinum hægt greiðlega að opna læsinguna svo og að loka henni. Lykill þessi er smekkláslykill af gerðinni Zeiss, og þar fyrir neðan er skráð orðið Ikon, en númer hans er 593177. Leifur Jónsson kveður, að lykkillinn hafi verið hinn sjötti frá vinstri séð, þegar lyklaveskið er opnað, og var hann á sama hanka og lykill, sem reyndist ganga að bankahólfi í Búnaðarbanka Íslands. Hinir lykklarnir 14 í lyklaveski ákærða gengu ekki að öðrum dyrum á Tjarnarstíg 8.

Ákærði var yfirheyrður í dómi 9. og 25. apríl 1969 um vörzslur sínar á lykllum að heimili Jóhannesar Jósefssonar, og var fram-  
burður hans þá þessi: Eftir að ákærði fór að fara í bústað Jóhannesar við Hítará, lét Jóhannes hann hafa smekkláslykil að útidyrum bústaðarins. Ákærði hafði svo lykilinn á lykklakippu sinni, þar til hann fór úr bústaðnum að hausti, en þá skilaði hann Jóhannesi lyklinum. Þegar ákærði fór svo í bústaðinn næsta vor, afhenti Jóhannes honum lykilinn aftur. Ákærði hafði aldrei lykila að skrifstofu- eða dvalarherbergi Jóhannesar á Hótel Borg, þ. e. hótélherbergjum nr. 101—102, en hann hafði sem húsvörður lykil að hurð milli forstofu og fatageymslu á neðstu hæð hótelsins

norðanmegin og einnig lykil að útidyrum hótelsins sunnanmegin hússins. Ákærði átti ekki að hafa undir höndum lykil að Tjarnarstíg 8, og hann vissi ekki til þess, að honum hefði verið fenginn slíkur lykill í hendur. Það kom fyrir, að hann þurfti að sækja hluti í það hús, en þá var hann aldrei sendur einn þeirra erinda, heldur fór Jóhannes eða Brynhildur kona hans þá alltaf með honum þangað. Ákærði segir, að strax eða stuttu eftir að Jóhannes hafði keypt Tjarnarstíg 8, skipti hann um útidyrælæsingu þar. Ákærði ók honum í bifreið í verzlun á Skólavörðustíg 25, og fóru þeir báðir þangað inn. Jóhannes keypti þar skrá, og fylgdu henni tveir frekar en þrír lykilar. Jóhannes greiddi verð skrárinnar út í hönd, en ákærði man nú ekki, hve hátt það var. Hann ók svo Jóhannesi að Tjarnarstíg 8, og skipti ákærði strax um læsingar að útidyrum hússins og setti hina nýju skrá þar í stað þeirrar, sem fyrir var. Einnig afhenti hann Jóhannesi þegar í stað báða eða alla lykllana að hinni nýju skrá. Lásinn var þannig úr garði gerður, að það varð að læsa honum, til þess að unnt væri að taka lykilinn úr. Rétt eftir þetta ók ákærði Jóhannesi aftur að fyrrgreindri verzlun á Skólavörðustígð og lét Jóhannes búa til einn eða fleiri lykla að hinni nýju útidyraskrá, en ákærði man ekki, hve margir þeir voru. Hann minnst þess, að Jóhannes nefndi það við verzlunarmanninn, að það væri frekar ókostur við þessa skrá, að læsa yrði lásnum til að geta tekið lykilinn úr, og sagði verzlunarmaðurinn þá, að læsingin mundi vera þannig úr gerði gerð, til þess að börn tækju síður lykilinn úr skránni. Aðspurður um, hvað Jóhannes hafi gert við lykllana að útidyrnum, segir ákærði, að Jóhannes hafi haft einn lykil, kona hans annan, dóttir hennar máské hinn þriðja og vera megi, að stúlka, sem nú er látin, hafi haft fjórða lykilinn, á meðan hún hafði á leigu herbergi í kjallara hússins, þó að séringgangur væri í hann. Bifreiðarskúr var áfastur við þvottahúsið í kjallara hússins Tjarnarstígs 8, og var innangengt þar á milli. Hurðin þar var þó ávallt læst innan frá þvottahúsinu, og minnir ákærða, að lykillinn hafi ávallt staðið þar í skránni. Ákærði hafði ekki lykil að þeirri hurð. Bifreiðarskúrinn var mjög lítið notaður meðfram af því, að loft-ræstingu vantaði í hann, og skemmdi sjávarseltuloft í honum bifreiðarlakk. Miðstöð var sett í skúrinn, og var hann einkum notaður, þegar vont veður var á veturna. Jóhannes geymdi ekki bifreið á Tjarnarstíg 8 fyrr en árið 1954. Bifreiðarskúrinn var læstur með smekkláslykli, sem var á sömu kippu og bifreiðarlyklarnir, þegar ákærði hafði þá undir höndum. Ákærði kveðst

enga skýringu geta gefið á því, hvernig á því stendur, að hann var með lykil, sem gekk að læsingu útidyrhurðar Tjarnarstígs 8 í lyklaveski sínu, og hann kveðst heldur ekki hafa vitað, að hann hafði lykil þennan undir höndum, og hann kveðst ekki minnst þess, að hann hafi nokkru sinni notað hann. Hann segir, að ekki komi til greina, að nokkur annar maður hafi getað komið lyklinum án hans vitundar í lyklaveski hans. Hann segir, að það, að lykillinn var í því, séu „einhver mistök, sem ég get ekki greint frá“, eins og hann kemst að orði, og við nánari umhugsun kveðst hann ekki geta ímyndað sér, að hann hafi fengið lykilinn í annað skipti en þegar Jóhannes afhenti honum húslyklana að Sækambi, en þá þurfti Jóhannes að leita að lyklunum, sem gengu að því húsi, og var hann þá ekki alveg viss um, hvaða lykilar það væru.

Brynhildur Sigurðardóttir getur enga skýringu gefið á því, hvers vegna ákærði hafði í lyklaveski sínu lykil, sem gekk að útidyrum Tjarnarstígs 8. Henni vitanlega áttu ekki aðrir að hafa lykila að þeim dyrum en þau hjónin, Jóhannes og hún, og ákærði átti ekki að hafa lykil að læsingum í húsinu, og vissi hún heldur ekki til þess, að hann hefði slíkan lykil.

Eiginkona ákærða, Karólína Aðalsteinsdóttir, sonur þeirra Helgi og dóttir þeirra Ragna, öll til heimilis að Sækambi á Seltjarnarnesi, hafa borið vitni í málinu. Verða nú raktir framburðir þeirra út af framangreindum framburði ákærða:

Karólína Aðalsteinsdóttir kveðst aldrei hafa séð ákærða vera með byssu, hvorki riffil né skambyssu, og vissi hún ekki til þess, að hann ætti eða hefði átt slíkan grip eða að hann hefði nokkru sinni haft hann í fórum sínum. Hún minnst þess heldur ekki, að ákærði hafi nokkru sinni talað um byssu við hana eða að hann hefði fundið byssu. Hún kveðst aldrei hafa orðið vör við, að hann hefði byssuskot í fórum sínum eða að byssuskot væri í íbúð þeirra hjóna. Hún heldur, að fyrrgreindur peningakassi hafi verið í fórum þeirra hjóna nálega alla hjúskapartíð þeirra síðan árið 1949 og hafi hann ávallt verið geymdur á stigapallinum á efri hæð Sækambis. Hún vissi ekki, hvort kassinn var læstur eða hvort lykill var til að honum. Hún sá ákærða aldrei opna kassann, og vissi hún heldur ekki til þess, að kassinn væri opnaður. Hún vissi heldur ekki, hvað var í honum, en minnst þess þó, að þegar Helgi sonur þeirra var smá drengur, var hann einhvern tíma að leika sér að einhverjum smápeningum, sem höfðu verið í kassanum. Hélt hún, að kassinn og það, sem kynni að vera í honum, væri ónýtt drasl, en hún hreyfði aldrei við

honum, nema ýtti honum eitthvað smávegis til, þegar hún var að þrifa til á stigapallinum, þar sem hann og fleira dót var. Hún kveðst ekki hafa vitað til þess, að ákærði hafi eða hefði haft lykil að Tjarnarstíg 8, og minnst þess ekki að hafa farið með honum þangað, nema þar væru fyrir einhverjir íbúar hússins. Hún segir, að það hafi komið fyrir, að hún hafi hjálpað ákærða við að þrifa bifreiðina R 15612, en hún hefur ekki gert það svo mánuðum skiptir og máske ekki síðan sumarið 1968. Hún minnst þess ekki að hafa opnað geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Hún segir, að Helgi sonur þeirra hjóna hafi mjög sjaldan ekið bifreiðinni, en það kom þó fyrir, að hann náði í benzín á hana fyrir ákærða. Hún man aðeins eftir einu tilviki, þegar Helgi fékk bifreiðina að láni í öðru skyni, og var það skyndiferð suður í Kópavog til að sækja þangað stúlku, að því er hana minnir. Hún man ekki, hvort það var á árinu 1969, og máske var það fyrir áramótin 1968—1969.

Helgi Sveinbjörnsson skýrir frá því, að fyrir mörgum árum átti ákærði riffil og seldi hann mági sínum, Marínó Aðalsteinsyni, en hann man ekki, hvaða ár það var. Hann veit ekki til þess, að ákærði hafi nokkru sinni átt aðra byssu en riffil þennan, og hann sá hann aldrei hafa aðra byssu undir höndum. Hann minnst þess að hafa séð skot heima, frá Sækambi, fyrr á árum, á meðan ákærði átti riffilinn. Voru það lítil skot, riffilskot, en stærri skot sá hann aldrei hjá ákærða eða á heimilinu, sbr. þó framburð Helga í III. kafla hér á eftir. Hann kveður, að ákærði hafi átt lengi lítinn peningakassa, sem var alltaf geymdur á stigapalli efri hæðar í Sækambi. Hann minnst þess ekki að hafa séð ákærða nokkru sinni opna kassann, og ákærði sagði honum aldrei, hvað væri í kassanum eða hvort nokkuð væri í honum, og spurði hann ákærða heldur aldrei um það. Hann opnaði heldur aldrei kassann og sá aldrei í hann, og var hann reyndar ekki viss um, hvort hann var læstur. Í skrifborði hans var þó stakur lykill, sem hann hélt, að gengi að kassanum, en hann prófaði það þó aldrei. Hann afhenti rannsóknarlögreglumönnum lykil þennan samkvæmt ósk þeirra, eftir að ákærði hafði verið handtekinn. Hann vissi ekki til þess, að ákærði væri með lykil að kassanum, en bætir því við, að hann hafi hlotið að hafa einhvern lykil að honum. Á sama stað, sem peningakassinn var, var og er verkfærakassi ákærða. Hann er úr járni og ólæstur, og kveðst Helgi hafa oft og iðulega farið í hann, en hann minnst þess ekki að hafa nokkurn tíma séð skot í honum. Helgi kveðst geyma skrif-

borð sitt í herbergi sínu í Sækambi, og hefur ákærði geymt í því eitthvert dót. Það er þó aðeins ómerkilegt drasl, bækur, bréfa-klemmur og fleira því um líkt, og hann veit ekki til þess, að ákærði hafi geymt lykla þar. Hann fór nokkrum sinnum með ákærða heim til Jóhannesar Jósefssonar að Tjarnarstíg 8, en þó aldrei nema Jóhannes væri heima. Hann vissi ekki til þess, að ákærði hefði lykil að því húsi, og ákærði opnaði aldrei útidyr þess með lykli, þegar þeir komu þangað. Helgi kveðst mjög sjaldan hafa fengið bifreiðina R 15612 að láni hjá ákærða og aðeins til stuttra ferða inn í Reykjavík eða nágrenni. Í nokkur skipti náði hann í benzín á bifreiðina fyrir ákærða eða þvoði hana og dustaði þá mäske af mottum í henni eða sópaði af þeim, en hann minnst þess ekki að hafa þrifið hana að innan með öðrum hætti. Á árinu 1969 fékk hann bifreiðina að láni í eitt eða tvö skipti, að því er hann minnir. Um eða í kringum miðjan febrúar sótti hann stúlku í bifreiðinni á Freyjugötu 1 og ók henni suður í Kópavog, en þaðan ók hann einn að Sækambi. Einhvern tíma sama vetur fékk Ragna systir hans að koma í bifreiðina, þegar hann var með hana. Óku þau í henni að húsinu Minni-Bakka, þar sem hann fór snöggvast inn til að hitta Sæþór Jónsson, kunningja sinn, en Ragna beið á meðan úti í bifreiðinni. Hann heldur, að hann hafi verið inni í húsinu í 5—10 mínútur, en svo héldu þau á brott í bifreiðinni. Hann segir, að ákærði hafi aldrei sagt honum, að hann mætti ekki opna geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Hann minnst þess heldur ekki að hafa nokkru sinni opnað hólfi þetta og kveðst meira að segja ekki hafa vitað, hvort það var læst eða ólæst. Lyklar bifreiðarinnar voru þrjár frekar en tveir og því mjög sennilegt, að annar eða einn þeirra hafi gengið að nefndu hólfi, þó að hann prófaði það aldrei. Hann segir, að ákærði hafi aldrei minnst á það við hann, að hann hefði fundið byssu í bifreiðinni, og er hann öruggur um, að ákærði hafi ekki sagt öðrum á heimilinu, að hann hefði fundið byssu þar.

Ragna Sveinbjörnsdóttir kveðst ekki vita til þess, að ákærði eða Helgi bróðir hennar hafi átt eða haft undir höndum byssu, og hún hefur aldrei séð þá vera með skot eða kúlu í byssu eða séð slíka hluti á Sækambi. Hún segir, að fyrrgreindur peningakassi hafi verið á stigapalli efri hæðar hússins, frá því að hún man fyrst eftir sér. Hún hefur aldrei orðið vör við eða vitað til þess, að ákærði eða einhver annar opnaði kassann. Hún minnst þó eins atviks, þegar hún og Edda systir hennar voru í búðarleik

sem börn og máské aðeins 5—6 ára gamlar, að þær fundu þá lykil í skúffu í skrifborði, sem var í herbergi, sem Helgi bróðir þeirra hafði. Þær vissu, að peningakassinn var læstur, og af forvitni datt þeim í hug að athuga, hvort lykillinn „passaði“ ekki að honum. Þær opnuðu kassann með lyklinum. Hún minnst þess, að í honum voru íslenzkir smápeningar í plastpoka, og man hún sérstaklega eftir eins og tveggja krónu peningum. Hún man nú ekki eftir öðru, sem var í kassanum, og t. d. ekki eftir skoti eða kúlu í honum. Þær læstu síðan kassanum og létu lykilinn á sama stað. Þetta er einasta skiptið, sem hún veit til þess, að kassinn var opnaður. Hún segir, að það hafi komið fyrir, að Helgi hafa þvegið bifreiðina R 15612 og náð í benzín á hana, en hún veit ekki til þess, að ákærði hafi lánað honum bifreiðina til eigin notkunar. Hún kveðst einu sinni hafa opnað geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Þannig var mál með vexti, að einhvern tíma í janúar 1969 sendi móðir hennar hana til að kaupa vörur í verzluninni Vegamótum á Nesvegi. Hana minnir, að hún hafi keypt vörurnar í gegnum lúgu, og hefur það þá verið seinni hluta á laugardegi. Helga bar þá að í bifreiðinni og bauð henni far, sem hún þáði. Hann ók síðan að húsinu Minni-Bakka og fór þangað til að tala við Sæþór vin sinn, sem þar býr, en hún beið á meðan úti í bifreiðinni. Það kom fyrir, að ákærði geymdi sælgæti í hólfinu í mælaborðinu, og opnaði hún hólfið, sem var læst, með lykli, sem var á bifreiðarlyklakippunni, en Helgi hafði skilið þá eftir í kveikjúlásnum. Hún fann ekkert sælgæti í hólfinu, en hún minnst þess, að þar voru tímarit og afþurrkunarklútar. Hún segir, að útilokað sé, að byssa hafi verið þá í hólfinu, því að hún hefði hlotið að sjá hana, ef hún hefði verið þar. Hún læsti hólfinu og setti lyklana aftur í kveikjúlásinn. Hún heldur, að Helgi hafi komið aftur eftir um 10 mínútur, og ók hann henni heim að Sækambi.

Sæþór Líndal Jónsson nemandi, Minni-Bakka við Nesveg hér í borg, kveðst hafa þekkt Helga Sveinbjörnsson frá barnsaldri, og hafa þeir oft komið heim til hvor annars. Hann kveðst ekki hafa séð Helga vera með byssu eða byssukúlur eða heyrt hann ræða um slíkt, og hann veit ekki um, hvort ákærði hefur átt slíka hluti. Hann minnst þess, að eitt sinn áreiðanlega eftir áramótin 1968 og 1969, og áður en Tækniskólinn tók til starfa að afloknu hléi, að því er hann minnir, um mánaðamótin janúar og febrúar 1969 kom Helgi heim til hans í bifreiðinni R 15612, sem ákærði ók þá frá bifreiðastöð, og var Ragna systir hans með honum.

Sæþór Líndal segir, að Helgi hafi talað við hann stutta stund í ganginum heima hjá honum, og sat Ragna á meðan í framsæti bifreiðarinnar. Hann man ekki, hvert erindi Helga var til hans í þetta skipti.

Jón Marínó Stefánsson, Skálagerði 17 hér í borg, sem hefur ekið bifreið hjá Bæjarleiðum síðan árið 1964, kveðst tvívegis hafa séð inn í hanzkahólf bifreiðarinnar R 15612 í janúar 1969. Í fyrra skipti var það einhvern fyrsta daginn í janúar og á laugardagskvöldi, að því er hann minnir. Hann var þá á ferð í bifreið sinni fram hjá Sækambi og sá þá, að bifreiðin R 15612 var þar fyrir utan og uppljómuð að innan. Ákærði og sonur hans voru að vinna við hana. Jón Marínó kveðst hafa farið til þeirra, og var ákærði þá að laga miðstöð bifreiðarinnar. Hanzkahólf hennar hafði verið tekið út, og lá dótið í því í framsætinu. Dót þetta var blaðarusl, verkfæri og eitthvað fleira, og er hann viss um, að þar var ekki skammbyssa. Hann sá aftur í hanzkahólf bifreiðarinnar síðari hluta janúar, að því er hann man bezt. Í það skipti ók ákærði honum og tveimur dætrum hans frá Skálagerði 17 niður að Gamla Bíói, þar sem þau keyptu aðgöngumiða að kvikmynd eftir Walt Disney, sem fjallaði um tvo hunda og sýnd var á barnasýningu þennan dag, sem var sunnudagur, og síðan var ekið áfram norður Ingólfsstræti og niður Sölvhólsgötu. Við mót hennar og Kalkofnsvegjar stöðvaðist bifreiðin vegna benzínleysis. Ákærði opnaði þá hanzkahólf bifreiðarinnar og náði þar í eitthvert verkfæri. Hann opnaði svo kistulokið og tók þar fram þrúsa með benzíni í og hellti á bifreiðina, en vél hennar fór ekki í gang vegna rafmagnsleysis. Jón Marínó kveðst hafa setið í framsætinu og segir, að hanzkahólfið hafi verið troðfullt af drasli, blöðum og ýmsum öðrum hlutum, en byssu sá hann ekki í því. Hann segir, að ákærði hafi ekki sýnt neina launung, þegar hann opnaði hólfið og fór með höndina inn í það. Ákærði náði svo í sendiferðabifreið, sem kom fljótlega og dró bifreið hans í gang. Ákærði ók honum og dætrum hans síðan vestur að Háskólabíói, þar sem eldri dóttirin keypti aðgöngumiða að kvikmynd, og sagði hún honum, að það hefði verið „safari“-mynd eða að hún hefði fjallað um veiðiferð. Ákærði ók þeim síðan að Kaplaskjólsvégi 63, þar sem þau fóru úr bifreiðinni.

Samkvæmt upplýsingum frá Gamla Bíói var kvikmyndin „Incredible Journey“ eftir Walt Disney sýnd þar sunnudaginn 5. janúar 1969 kl. 1700, og samkvæmt upplýsingum frá Háskólabíói var kvikmyndin „Síðasta veiðiferðin“ sýnd þar frá 4. janúar

til 9. janúar sama ár kl. 1700 og kl. 2100 svo og 12. sama mánaðar á barnasýningu kl. 1500.

Njörður Snæhólm kveður, að ákærði hafi afhent honum skot, nokkru eftir að Gunnar Sigurður fannst látinn 18. janúar 1968, og muni hann ekki betur en að þau hafi verið 9 millimetrar eða af sömu stærð og annað skotið, sem var í peningakassanum á heimili ákærða.

Samkvæmt upplýsingum Bjarka Elíassonar yfirlögregluþjóns skilaði Þórir Magnússon tveimur skammbyssum til lögreglustjórans í Reykjavík 18. júní 1968, og var önnur af tegundinni Mauser, en hin af óþekktri gerð, cal. 22.

### III. kafli.

#### A.

Njörður Snæhólm lýsir skammbyssu þeirri, sem fannst í bifreiðinni R 15612 hinn 6. marz 1969, á þessa leið:

„Umrædd skammbysa er Smith & Wesson, cal. 35, eða sama tegund og sú, sem notuð var til að myrða Gunnar Tryggvason á s.l. ári.

Í byssuna er grafið eftirfarandi:

„Smith & Wesson Springfield Mass. USA, PAT'D September 13. 1910. Dec. 13. 1910. Feb. 28. 1911. July 30. 1912. Sept. 24. 1912. Nr. 2184 S&W. Auto. CTG.“

Byssan er óhrein, hefur ekki verið hreinsuð eftir síðasta skot, og aðeins ryðmyndun aftan á yfirstykki. Ekki hægt að sjá, að hún hafi legið óvarin úti. „Mekanismi“ í lagi.

Skotin eru sams konar og notuð voru í morðbyssuna. Hvellhetturnar í þremur skotanna eru heilar, þ. e. óskemmdar, en í þremur þeirra er eitt pinnafar í hvora, og í þá sjöundu eru tvö pinnaför. Þetta þýðir það, að reynt hefur verið að hleypa af byssunni, en hún hefur klikkað, þ. e. hvellhetturnar hafa ekki sprungið, og skotin eru því ekki í lagi.

Það skal tekið fram, að í hvellhettunni á morðskotinu var aukafar.

Magasin byssunnar tekur 7 skot“.

Rannsóknardómari málsins ákvað að fá sérfræðinga hjá alríkislögreglunni (FBI) í Bandaríkjunum til að athuga, hvort skothylkinu, sem fannst í bifreiðinni R 15612 að morgni 18. janúar 1968, og kúlunni, sem var í líki Gunnars Sigurðar, hefði verið skotið úr fyrrgreindri skammbysu. Njörður Snæhólm fór

vestur um haf til Washington í þessu skyni, og rannsakaði George A. Berley, yfirmaður byssu- og skotfærarannsóknastofu FBI, byssuna og skotfærin, sem Njörður hafði með sér vestur. Skýrsla alríkislögreglunnar um málið er dagsett 12. marz 1969, og þykir rétt að taka hana í heild upp í forsendur dómsins. Hún er í þýðingu Hilmars Foss, löggilts skjalapýðanda í ensku, svohljóðandi:

„ S K Ý R S L A  
F B I  
LABORATORY  
FEDERAL BUREAU OF INVESTIGATION  
WASHINGTON, D. C. 20535

12. marz 1969.

Hr. yfirsakadómari Þórður Björnsson,  
Borgartúni 7,  
Reykjavík, Íslandi.

Ath.: Njörður Snæhólm,  
rannsóknarlögreglumaður.

Athugun þessi hefur verið framkvæmd að því tilskyldu, að sönnunin sé í sambandi við opinbera rannsókn sakamáls og að skýrsla rannsóknarstofunnar verði eingöngu notuð í þágu hins opinbera, sem varði rannsóknina eða síðari sókn sakamáls. Ekki er hægt að veita heimild til að nota skýrslu rannsóknarstofunnar í sambandi við borgardómsmál.

sign. J. Edgar Hoover  
John Edgar Hoover,  
forstöðumaður.

Efni: Sveinbjörn Gíslason,  
grunaður.  
Gunnar Tryggvason, látinn:  
morð.

PC-B5365 AR

Beiðandi athugunar: Móttakandi.  
Tilvísun: Bréf móttekið 12. 3. '69.  
Umbeðin athugun: Skotvopn.  
Sýnishorn:

Afhent persónulega af Nirði Snæhólm rannsóknarlögreglu-  
manni 12. 3. '69.

Q1 Kúla úr hinum látna.

Q2 Skothylki, sem fannst í bifreið.

Q3 Sjó skothylki með kúlu, sem fjarlægð voru í K1.

Q4 Tíu .35 S & W Auto skothylki með kúlu úr heimili J. Jósefsson.

Q5 .35 S & W Auto skothylki með kúlu úr heimili grunaðs.

K1 .35 S & W Auto hlaupvídd Smith & Wesson sjálfvirk skammbýssa, verksmiðjunr. 2184 og klemma („clip“).

1- Rannsóknarlögreglan,  
Reykjavík, Íslandi.

Einnig lagt fram: 9 mm. skothylki með kúlu.

Tíu .35 S & W Auto skothylki með kúlu í tilraunaskyni.

Niðurstöður athugunar:

Sýnishorn Q1 er líkt og hlaupvídd .35 S & W Auto kúlu eins og þær, sem eru í skothylkjunum í sýnishornum Q3, Q4 og Q5. Kúlu þessari var skotið úr vopni með sex hryggjum og raufum, hægri snúning eins og einkenni hlaupraufa, er fundust á kúlum, sem skotið er úr sýnishorni K1, og getur henni þess vegna hafa verið skotið úr því vopni. En vegna yfirborðsskemmda á sýnishorni Q1 eru smásjármörkin, sem eftir eru á yfirborðinu, ónóg til að þekkja meg.

Sýnishorn Q2 var borið saman í smásjá við tilraunaskothylki, sem skotið var í sýnishorni K1. Niðurstaða samanburðarins var sú, að séð var, að sýnishorni Q2 hafði verið skotið úr sýnishorni K1.

Sýnishorn Q2 er .35 S & W Auto skothylki framleitt hjá Remington. Það er eins og skothylkjahlutarnir úr sýnishornunum Q3—Q5 að báðum meðtöldum.

Sýnishorn Q3—Q5 eru öll sama stærð og gerð skotfæra og á öllum þeirra eru sömu stimpilmerki. Hins vegar fundust engin önnur smásjármörk á skothylkjum til að hægt sé að setja þau í frekara samband hvort við annað eða við sýnishorn K1.

Kúlan var dregin úr einu skothylkjanna í sýnishorni Q4.

Fjórum af tíu skothylkjum með kúlu, sem lögð voru fram til prófunar, var skotið úr sýnishorni K1. Tilraunasýnishornum þessum og hinum sex skothylkjum, sem send voru í tilraunaskyni, er haldið eftir í rannsóknarstofu FBI. Öðrum sönnunargögnum var skilað persónulega til Snæhólms rannsóknarlögreglumanns hinn 12. marz 1969.

Ég undirritaður, George A. Berley rannsóknarlögreglumaður, sver hér með, að viðfest skýrslu á þremur blaðsíðum er rétt og

fullkomið endurrit af greiningu rannsóknarstofu okkar á hlutunum, sem um getur í skýrslunni.

sign. George A. Berley  
rannsóknarlögreglumaður.

Eiðfest hjá mér hinn 12. dag marzmanaðar 1969.

Útnefning mín rennur út 14. 8. '73.

sign. Loise D. Walter

Notarius Publicus í Columbiafylki“.

Njörður Snæhólm kveður, að pinnaförin í hvellhettum fjögurra af þeim sjö skotum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, hafi verið utarlega eða utan við miðju í hvellhettunum og ekki öll eins djúp að sjá. Hann segir, að þegar búíð var að skjóta úr byssu þessari til prófunar, hafi komið í ljós, að förin eftir pinna hennar voru alveg í miðju og öðruvísi að sjá en förin í skotunum fjórum. Þau för eigi því ekki að vera úr byssu þessari og því hljóti að hafa verið reynt að skjóta þeim skotum úr annarri byssu. Hann kveðst hafa prófað skot þessi í eftirtaldar 8 skammbyssutegundir, cal. 7.65, sem sé hið sama og cal. 32:

Beretta, cal. 7.65

Sauer & Sohn Suhl, cal. 7.65

Colt, cal. 32

Mauser, cal. 32

Dreyse, cal. 7.65

Ortigies, cal. 7.65

Bayard, cal. 7.65 og

Browning Brevete, cal. 32.

Skotin hafi ekki „passað í“ neina af þessum byssutegundum og hafi skothylkið verið aðeins of digurt til að ganga í patrónu-sætið.

Rannsóknarlögreglan og síðar sakadómurinn hefur fengið fyrrgreinda Mauser skammbyssu í hendur, og var Þórir Magnússon þá búinn að setja í hana pinnann, sem vantað hafði í hana. Njörður Snæhólm lýsir byssunni þannig:

„Byssa þessi er af Mauser gerð mod. 1899, cal. 30, eða 7.63. Nr. 210236, Waffenfabrik Mauser Oberdorf A. Necker. Þetta er mjög gömul pistol og hlaupið mjög mikið slitið að innan og virðist ekki hafa verið hreinsuð um langan tíma. Hún er gerð þannig, að hægt er að krækja hulstrinu aftan á skeftið og fram- lengja það, svo hægt sé að skjóta frá öxl. „Magasínið“ er framan við gikkhlífina, í rammanum aftan við hlaupið, og tekur 10 skot.

Þegar búíð er að skjóta fyrsta skoti, opnar byssan sig sjálf, þ. e. sleðinn fer aftur, tóma skothylkið kastast út, og síðan fer sleðinn fram, tekur með sér nýtt skot í hlaupið og læsist, en þá er tilbúið til að hleypa af aftur. Útdragarinn er á toppi og útkastarinn beint niður af honum. Byssan kastar því skothylkjunum beint upp og fram á við. Hlaupið er 14 cm á lengd og öll lengd byssunnar 28.5 cm. Framsikti er fast, en hægt að hækka aftursiktið upp í 1.000 metra. Öryggið er aftan við sleðann vinstra megin við hamarinn. Pinninn í byssunni er í tvennu lagi. Aftari hlutinn er sverari og er 9.6 cm langur, en fremri hlutinn 2.2 cm, og á honum er gormur. Framendi stutta pinnans er mjórri en aftari hlutinn og er 8 m/m langur. Þetta er sprengiendinn, og hann er aðeins boginn, sem gerir það að verkum, að hann á varla að geta hitt í miðju á hvellhettu í skothylki, nema því aðeins að skothylkið væri of lítið í patrónuhaldarann framan á sleðanum og legðist skakkt fyrir, en þegar hylkið passar ekki í patrónusætið, getur það færzt til hliðanna og því ennþá meiri líkur til, að pinnaförin verði utan við miðju á víxl, en S. W., cal. 35, er „centerfire“ og á því að sprengjast í miðju.

Í hvellhettusæti skothylkisins er smástykki, sem kallað er „Anvil“ og er strýtulagað. Strýtan kemur undir miðja hvellhettu, og pinninn á að slá hvellhettuna inn á strýtuna, en við það myndast neisti, sem kveikir í tundrinu, en blossinn fer síðan fram í púðrið í hylkinu og kveikir í því. Neistinn myndast ekki nema við mótstöðuna í hvellhettunni“.

Leifur Jónsson orðaði það við Njörð Snæhólm, hvort möguleiki væri á því, að reynt hefði verið að skjóta dældóttu skotunum fjórum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, svo og skothylkinu, sem var í bifreið Gunnars Sigurðar, úr fyrrnefndri Mauser byssu. Prófuðu þeir að skjóta S&W, cal. 35, skotum úr þeirri byssu, og segir Njörður frá þeirri prófun þannig:

„Ég tók fyrst púðrið úr tveimur skothylkjum og lét svo kúlurnar í aftur og prufaði skotin í byssunni. Hún sprengdi ekki hvellhetturnar. Pinnaförin voru aðeins utan við miðju. Ég lét þá heilt skot, „lifandi“, í byssuna og hleypti af, en hún sprengdi það ekki heldur, og pinnafarið var aðeins utan við miðju. Eftir þessu að dæma get ég ekki betur séð en að sá möguleiki sé fyrir hendi, að pinnaförin í klikkuðu skotin, sem voru í S. W., cal. 35, geti verið eftir þessa byssu, þó ekkert sé hægt um það að fullyrða án vísindalegra athugana. Skotið S. W., cal. 35, er of mjótt

í patrónusæti byssunnar og hringlar því til, og byssan dregur það ekki út, en sjálf kúlan er aðeins of sver og kýldist föst, þegar búíð var að hleyppa af, svo ég varð að plokka skotið út, þó ósprungið væri. Réttu skotin í þessa byssu eru lengri en S. W., cal. 35, og þau eru með hálsi, en einnig „centerfire“.

Leifur Jónsson hefur staðfest þessa frásögn Njarðar.

Ákærða var gerður kunnur framburður þeirra Njarðar og Leifs um, að þeir telji, að pinnaför séu í fjórum af þeim skotum, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612, og einnig í hvellhettu skothylkisins, sem fannst í bifreiðinni R 461, svo og að þeir telji, að möguleikar séu á því, að för þessi séu eftir pinnan í Mauser byssunni, sem ákærði átti. Ákærði svaraði þá: „Ég veit þetta ekki. Mér er ókunnugt um þetta. Ég skaut aldrei úr Mauser byssunni og reyndi heldur aldrei að gera það“.

Njörður taldi, að ef til vill gætu erlendir sérfræðingar svarað eftirtöldum spurningum:

1. Er hægt að skjóta S&W, cal. 35, skotum úr Mauser byssunni?
2. Getur aukafarið í hvellhettunni í skothylki því, sem fannst í bifreið Gunnars Sigurðar, verið eftir pinnan í Mauser byssunni?
3. Geta förin í hvellhettunum í skothylkjunum fjórum, sem fundust í magasíni byssunnar, sem fannst í bifreiðinni R 15612, verið eftir pinnan í Mauser byssunni?

För Njörður til alríkislögreglunnar (FBI) í Washington í þessu skyni, og framkvæmdi fyrrigreindur George A. Berley og starfsmenn hans rannsóknina. Skýrsla lögreglunnar er dagsett 23. júní 1969 og hljóðar í þýðingu Hilmars Foss skjalabýðanda svo:

„SKÝRSLA

FBI

LABORATORY

FEDERAL BUREAU OF INVESTIGATION

WASHINGTON, D. C. 20535.

23. júní 1969.

Hr. yfirsakadómari Þórður Björnsson,  
Borgartúni 7, Reykjavík, Íslandi.

Ath.: Njörður Snæhólm,  
rannsóknarlögreglumaður.

Athugun þessi hefur verið framkvæmd að því tilskyldu, að sönnunin sé í sambandi við opinbera rannsókn sakamála og að skýrsla rannsóknarstofunnar verði eingöngu notuð í þágu hins

opinbera, sem varði rannsóknina eða síðari sókn sakamáls. Ekki er hægt að veita heimild til að nota skýrslu rannsóknarstofunnar í sambandi við borgardómsmál.

sign. J. Edgar Hoover

John Edgar Hoover, forstöðumaður.

Efni: Sveinbjörn Gíslason,  
grunaður.  
Gunnar Tryggvason, látinn:  
morð.

FBI File No. 95—152165

Lab. No. PC-B7536 AR.

Beiðandi athugunar: Umsækjandi.

Tilvísun: Bréf 20. júní 1969.

Umbeðin athugun: Skotvopn.

Sýnishorn: Afhent persónulega af Nirði Snæhólm, rannsóknarlögreglumanni, hinn 23. 6. 1969 K2 7.63 mm Mauser, gerð 96, sjálfvirk skammbýssa, framleiðslunr. 210236. Lagt inn á ný: Fjögur af sjö skothylkjum, sem upprunalega báru tilvitnun Q3 Q2 skothylki. Tíu skothylki í tilraunaskyni.

Niðurstöður athugunar:

Sýnishorn K2 var hlaðið tíu tilraunaskothylkjum og reynt að skjóta þeim. Aðeins eitt skot heppnaðist. En kúlan úr skothylki þessu festist í hlaupinu.

Litla dældin í hvellhettu skothylkisins Q2 er ekki með nægilegum smásjármerkingum, til að bera megí kennsl á pinnann, sem kann að hafa markað þær.

Skothylkin fjögur, sem lögð voru inn á ný, eru með pinna mörkum, sem kynnu að vera eftir pinna með hringlaga merkingum. Ekki fundust neinar slíkar hringlaga merkingar á mörkum eftir pinnann úr sýnishorni K2.

Sýnishorn K2 var tekið sundur og komið að raun um, að pinninn í því var brotinn. Í núverandi ásigkomulagi pinna þessa er endi hans lítillaga flattur, og, eins og fyrr segir, skilur hann ekki eftir hringlaga merkingar eins og þær, sem eru á skothylkjunum fjórum, er lögð hafa verið fram.

Skothylkjunum tíu, sem lögð voru fram í tilraunaskyni, er haldið eftir í rannsóknarstofu alríkislögreglunnar. Snæhólm varðstjóra var sjálfum skilað öðrum sönnunargögnum hinn 23. júní 1969.

Ég undirritaður, George A. Berley, rannsóknarlögreglumaður,

sver hér með, að viðfest skýrsla á tveimur blaðsíðum er rétt og fullkomið endurrit af greiningu rannsóknarstofu okkar á hlutunum, sem um getur í skýrslunni.

sign. George A. Berley,  
rannsóknarlögreglumaður.

Eiðfest hjá mér hinn 23. dag júnímánaðar 1969.

Útnefning mín rennur út 14. 8. '73.

sign. Louise D. Walter,

Notarius Publicus í Columbiafylki“.

Þeir Njórður Snæhólm og Leifur Jónsson prófuðu eftirtaldar tegundir riffilskota í Mauser byssuna:

Cal. 222.

- 222, Sako.
- 6.5.
- 30, Rem.
- 32, Kynoc.
- 32—35, Rem.
- 222, Norma Rem.
- 30, Winchester.
- 22, Hornet.
- 25, Harrington.
- 25—20, Rem. UMC.

Telja þeir, að enginn möguleiki sé á því að skjóta þessum skotum úr Mauser byssunni og ekki heldur minni eða stærri skotum.

Þeir prófuðu einnig eftirtaldar tegundir skammbyssuskota í Mauser byssuna:

- Cal. 32, revolver.
- 38, WRA revolver.
- 380, revolver.
- 320, revolver.
- 380, A. P.
- 32, S. F. M.
- 7.65, S. C. M.
- 9 mm, B. A. E.
- 9 mm, Luger.
- 30, R. M.

Þeir telja, að þessi skot séu ýmist of stór eða of lítil, til þess að hægt sé að skjóta þeim úr Mauser byssunni nema þá með miklum aðgerðum. S&W, cal. 35, skotið sé það skot, sem komist næst því að ganga í byssuna, þó að það „passi“ engan veginn.

## B.

Prófanir þessar gerðu þeir Njörður og Leifur í tilefni af því, að dagana 5.—9. maí 1969 viðurkenndi áðurnefndur Helgi, sonur ákærða, og tveir kunningjar hans að hafa fyrir mörgum árum skotið úr fyrrgreindri Mauser byssu eða svipaðri byssu og hefði bæði hún og skotin verið fengin heima hjá Helga. Þessi þrjú vitni voru yfirheyrð í dómi dagana 30. maí til 10. júní 1969, og verða nú raktir framburðir þeirra:

Páll Friðriksson Dungal hljóðfæraleikari, Hraunbæ 182 hér í borg, 22 ára, kveðst hafa átt heima á Útsölum á Seltjarnarnesi þar til fyrir fjórum árum, og þekkti hann því Helga Sveinbjörns-son vel, sem bjó í næsta húsi, Sækambi. Þeir léku sér saman í mörg ár fram yfir fermingaraldur. Þegar hann var 10—15 ára gerðist það í tvö frekar en eitt skipti, að þeir skutu af skammbyssu saman. Atvik þessa voru þau, að því er hann man best, að eitt sinn, þegar þeir voru úti að leika sér, sýndi Helgi honum eitt til tvö skot. Þeir reyndu að sprengja þau og fá fram hvell, en það tókst ekki, og eyðilögðust skotin. Ræddu þeir þá um, hvort ekki væri hægt að fá hvell með því að slá steini á skotin. Fóru þeir svo að tala um byssu. Helgi sagði honum þá, að til væri byssa heima hjá honum. Fóru þeir heim til Helga og inn í húsið inn um aðaldyr þess. Páll segir, að kommóða eða skápur hafi verið við vesturvegg í minni stofunni, þ. e. suðurstofunni, og í efstu skúffunni voru skot í tveimur opnum pökkum. Hann man ekki, hvort skúffan var læst eða ólæst. Þetta var þó nokkurt magn skota, og tók Helgi og setti í vasa sinn máske eina til tvær hnefayfylli af skotunum. Hann minnir, að það hafi svo verið daginn eftir, þegar Helgi fór inn í húsið Sækamb með því að skríða inn um glugga á þvottahúsinu og náði þar í byssu, en Páll kveðst ekki hafa vitað, hvar hún var í húsinu, því að hann beið fyrir utan á meðan. Hann segir, að þeir hafi náð í skotin og byssuna án vitundar annarra, og var enginn heima í Sækambi, þegar Helgi náði í byssuna. Páli fannst byssan vera mjög stór, og þegar þeir félagar voru komnir út á hauga, sagði Helgi honum, að þetta væri gömul hermannaþyssa, og nefndi í því sambandi nafn Jóhannesar Jósefssonar. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að Helgi segði honum, að faðir sinn ætti byssuna og skotin, en hann gekk út frá því sem alveg sjálfsögðu. Hann man ekki til þess, að Helgi talaði nokkuð um, hvar faðir hans hefði fengið skotin, eða að nokkuð væri minnt á það mál. Hann getur ekki betur séð en að Mauser byssan, sem fyrir getur í málinu, sé þessi byssa, sem

Helgi náði í, eða eins byssa. Hann getur ekki sagt um stærð, útlit eða lögum skotanna, sem Helgi náði í, og hann getur ekki sagt um, hvort þau voru stærri en cal. 22, enda þekkir hann ekki ákveðnar stærðir skota. Honum voru sýnd í dómi fimm skot af stærðunum cal. 22, cal. 25, cal. 30, cal. 35 og cal. 45, og treysti hann sér þá ekki til að benda á eitt tiltekið skot, sem hann telur vera líkast skotum þeim, sem Helgi náði í. Úti á haugum hlóð Helgi byssuna, og skutu þeir þó nokkuð mörgum skotum úr henni. Það var ekki hægt að skjóta úr byssunni, og klikkuðu fáein skot, þegar hún var höfð lárétt, en skotin riðu af, þegar henni var beint upp á við eða niður á við, nema henni væri beint of mikið niður á við, því að þá kom heldur ekkert skot. Hann rengir þó ekki, að einhver skot hafi klikkað, hvernig sem byssunni var snúið. Páll kveðst hafa skotið 4—5 skotum úr henni, en Helgi hafi skotið helmingi fleiri skotum. Hann minnst þess ekki, að skot hafi orðið fast í byssunni, og hann er sannfærður um, að þeir félagar ráku ekki tein upp í hlaup hennar til að ná skoti úr því. Hann man ekki, hvort byssan kastaði skotunum úr sér, eftir að hleypt hafði verið af henni, en hann eins og rámar í, að þeir hafi þurft að plokka þau úr eða hvolfa þeim úr. Hann minnst þess ekki, hvað varð af skotunum, sem klikkuðu. Hann tók ekki við þeim, og hann veit ekki, hvort Helgi fleygði þeim eða hélt þeim til haga. Hann man heldur ekki, hvort Helgi fór heim með einhver af þeim skotum, sem þeir félagar höfðu með sér út á hauga. Hann á ekkert skot frá þessum tíma, en rámar þó í, að hann hafi haldið eftir einu ónotuðu skoti, en það er þá fyrir löngu horfið honum. Páll minnst þess, að þegar þeir Helgi voru með byssuna, hafði hinn fyrrnefndi orð á því, að hún væri ljót og stór, og sagði Helgi honum, að pabbi sinn ætti aðra minni byssu, sem væri miklu finni, en Helgi kvaðst ekki geta sýnt honum hana, því að hún væri læst niðri í hirzlu, sem hann hefði ekki aðgang að. Skildist Páli, að þetta væri þínulítill byssa og máske eins og startbyssu, og fékk hann aldrei að sjá hana.

Guðmundur Rúnar Óskarsson vélstjóri, Reynimel 84 hér í borg, 23 ára, kveðst hafa átt heima að Sunnuhvoli á Seltjarnarnesi fram á árið 1968, og þekkti hann Helga Sveinbjörnsson á Sækambi vel, og léku þeir sér saman í mörg ár. Um það leyti sem Helgi fermdist, skutu þeir af skammbyssu saman í fáein skipti, og man hann eftir þremur skiptum. Atvik voru þau, að eitt sinn, þegar hann var staddur hjá Helga í herbergi hans, sagði Helgi honum, að þeir Páll Dungal, sem var kunningi þeirra, hefðu verið

að skjóta úr byssu saman. Helgi sagði, að byssan væri í skúffu í skrifborði þarna í herberginu, en hún væri læst og hefði hann ekki lykil að henni. Guðmundur Rúnar átti eins skrifborð og bar lykilinn að því á sér. Tókst þeim að opna skrifborðsskúffuna með lyklinum, og var skammybysa í skúffunni. Þetta var stór og gömul byssa með stóru magasíni fyrir framan gikkinn, og þurfti að ýta hlaupinu aftur til að opna hana. Hann er sannfærður um, að Mauser byssan, sem fyrr getur í málinu, sé þessi byssa. Hann man ekki eftir því, að Helgi segði honum berum orðum, hver ætti byssuna, og hann spurði hann heldur ekki um það, en hann gekk út frá því, að faðir hans ætti hana. Helgi minnst ekkert á það, hvenær byssan hefði komið í skrifborðsskúffuna eða frá hverjum eða hvernig hún var fengin. Þeir félagar tóku svo byssuna í heimildarleysi og höfðu hana á brott með sér úr húsínu. Hann man ekki til þess, að Helgi tæki skot úr skrifborðsskúffunni, og hann varð ekki var við, að skot væru þar. Helgi var hins vegar með um 10—15 skot, að því er Guðmund Rúnar minnir, en hann vissi ekki, hvar hann hafði fengið þau, og spurði hann heldur ekki um það. Þjóst hann við því, að Helgi hefði fengið þau einhvers staðar heima hjá sér. Þeir félagar héldu síðan að skúr, sem var við Sunnuhvol, og prófuðu að skjóta úr byssunni og settu eitt skot í einu í hana. Þeim gekk fyrst í stað illa að skjóta úr henni, því að skotin vildu ekki springa. Voru þau of lítil, en þó var hægt að skjóta einstaka skoti með því að beina byssunni upp á við. Guðmundur Rúnar kveðst þá hafa tekið það til bragðs að vefja tinþræði utan um patrónuna, og sprakk þá skotið. Hann heldur, að 3—4 skot hafi sprungið, en 2—3 hafi ekki sprungið, þó að tinþræðir væru vafðir utan um patrónuna. Þeir félagar fleygðu ekki þeim skotum, sem sprungu ekki, heldur tók Helgi við þeim, en hann getur ekki sagt um, hve mörg þau voru. Hann minnir, að einhverjar patrónur hafi orðið fastar í byssunni og að þeir hafi orðið að plokka þær úr henni. Minnst hann þess, að í eitt skipti festist kúla í hlaupi byssunnar, og tóku þeir hana út með teini. Hann telur, að það hafi ekki verið riffilskot, sem þeir félagar notuðu í byssuna, heldur skammybyssuskot. Honum voru sýnd í dómi fimm skammybyssuskot af cal 22, cal. 25, cal. 30, cal. 35 og cal. 45 og spurður að því, hvort eitthvert af þessum skotum sé eins eða áþekkt skotum þeim, sem þeir Helgi settu í byssuna. Hann benti þá á kúluna af cal. 35 og telur hana vera líkasta að lögun og stærð þeirri, sem þeir notuðu í byssuna. Þeir létu hana aftur á

sama stað í skrifborðsskúffuna heima hjá Helga, eftir að þeir höfðu skotið úr henni. Stuttu síðar skutu þeir aftur skotum úr byssunni, og að minnsta kosti í tvö skipti, en líklega ekki oftár. Það, sem gerðist í þessi skipti, var svipað því, sem gerðist í fyrsta skiptið, en í annað skiptið skutu þeir úr byssunni úti á öskuhaugum. Í bæði skiptin náðu þeir í byssuna í skrifborðsskúffuna og skiluðu henni aftur á sama stað. Helgi var í bæði skiptin með skot af sömu stærð og í fyrsta skiptið, en Guðmundur Rúnar vissi ekki, hvar hann fékk þau, og spurði hann heldur ekki um það. Hann segir, að faðir Helga, ákærði, hafi komizt að því, að þeir voru með byssuna, og tók hann hana af þeim og benti þeim á, að hún gæti verið hættuleg, en hann heldur, að ákærði hafi ekki tekið skot af Helga við þetta tækifæri. Hann minnst þess, að þeir félagar héldu eftir nokkrum skotum, sem þeir eyðilögðu síðan með því að taka kúluna úr þeim, og höfðu flest þeirra klikkað í byssunni. Ætluðu þeir sér að búa til kínaverja úr púðrinu úr skotunum, en púðrið í þeim var lítið, og minnst hann þess, að Helgi sagði honum, að hann ætti ekki meira af skotum. Hann heldur því, að þeir hafi eyðilaggt með fyrrgreindum hætti öll skotin, sem klikkuðu í byssunni, og fullyrðir, að hann eigi nú engin skot frá þessum tíma. Guðmundur Rúnar kveðst aldrei hafa séð heima hjá Helga aðra skammbyssu en þá, sem hann hefur nefnt, og vissi hann ekki til þess, að þar væri til önnur slík byssa. Helgi minntist aldrei á aðra byssu við hann nema máské einhvern tíma á einhvern riffil, sem hann sá þó aldrei. Hann minnst þess, að einhvern tíma sá hann skothylki af riffilskotum í verkfærakassa, sem var í skoti á stigapalli á Sækambi, og var þar ýmislegt annað dót á pallinum.

Helgi Sveinbjörnsson kveðst minnst þess, að þegar hann var 12—13 ára, kom það fyrir, að hann skaut úr skammbyssu með tveimur leikfélögum sínum, þeim Páli Dungal og Guðmundi Rúnari Óskarssyni. Var það í eitt eða tvö skipti með hvorum þeirra sitt í hvoru lagi, en hann man ekki, með hvorum þeirra hann skaut fyrr, en það leið ekki langur tími þar á milli. Þeir félagar skutu úr byssunni úti á sorphaugum, og voru atvik lík í hvert skipti, en hann man ekki sérstaklega eftir atvikum, þegar þeir félagarnir skutu úr byssunni í fyrsta skipti. Þetta var gömul þýzk hermannaþýssa, og átti ákærði hana. Hún var geymd í herbergi hans (Helga) og annað hvort í skrifborði hans eða kofforti þeirra feðga. Skrifborðið var læst, og minnst hann, að hann eða ákærði hafi ýmist geymt lykilinn. Hann segir, að Mauser byssan, sem

fyrr getur í málinu, sé þessi byssa eða alveg eins byssa. Hann tók hana án leyfis ákærða. Hann tók einnig skotin í hana heima hjá sér, en man nú ekkert um það, hvar þau voru geymd. Ákærði átti skotin, en Helgi kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvar hann hafði fengið þau, og máske hafi hann fengið þau hjá Jóhannesi Jósefssyni. Hann getur ekkert sagt um, hvers konar skot þetta voru eða hvort það voru riffilskot eða skammbyssuskot. Hann vissi ekki um stærð þeirra, en segir, að þau hafi verið löng. Honum voru sýnd í dómi fimm skammbyssuskot af cal. 22, cal. 25, cal. 30, cal. 35 og cal. 45 og spurður að því, hvort skotin, sem þeir félagar notuðu í byssuna, hafi verið lík einhverju þessara fimm skota. Hann sagði þá, að tvö skotin, sem eru cal. 22 og 25, kæmu þar alls ekki til álita, en um hin skotin þrjú gat hann ekkert sagt. Hann minnst þess, að patróna skotanna reyndist of mjó, en kúlan var fullstór, þannig að það kom fyrir, að hún festist í hlaupinu. Þeir félagar losuðu hana þá úr með jární. Hann minnst þess ekki, hvort skothylkið kastaðist úr byssunni, þegar skotið var úr henni, eða hvort hylkið var laust í hlaupinu eftir skotið og að þeir hafi þá hvolft hylkinu úr byssunni. Hann man ekki sérstaklega eftir því, hvort sum skotin klinkkuðu í byssunni, en rámar í, að þeir hafi þurft að hafa hana í ákveðinni stellingu til að geta skotið úr henni, en nánar um það, man hann ekki. Hann man ekki, hve mörgum skotum þeir skutu úr byssunni hverju sinni eða hve mikið af skotum hann hafði með sér. Hann man heldur ekki, hvort þeir fóru með eitthvað af skotum heim aftur, en finnst það ólíklegt, að þeir hafi ekki skotið öllum skotunum, sem þeir voru með. Hann skilaði svo byssunni aftur á sama stað, eftir að þeir höfðu notað hana. Hann fullyrðir, að hann hafi aldrei sagt Páli, að ákærði ætti aðra skammbyssu en þá, sem þeir skutu úr, og vissi hann ekki um neina aðra skammbyssu heima hjá sér.

Við sampröfun Helga og Páls Dungals kveðst Helgi ekkert muna nánar um málsatvik. Þannig muni hann ekki sérstaklega eftir því, hvernig það atvikaðist, að þeir fóru að skjóta úr byssunni, og geti frásögn Páls um það efni verið rétt. Hann man ekki, hvort hann náði í skotin í skúffu, en segir, að í minni eða suðurstofunni í Sækambi hafi verið við vesturvegg skápur með skúffum í, sem hann heldur, að hafi ekki verið læstar. Hann getur ekki sagt um, hvort Páll beið fyrir utan húsið, þegar hann náði í byssuna, eða hvernig hann eða þeir félagar fóru inn í húsið. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann tæki fram við

Pál, að byssan væri gömul hermannabyssa og nefndi nafn Jóhannesar Jósefssonar í því sambandi. Hann getur ekki sagt um, hve mörgum skotum hvor þeirra skaut. Hann segir, að það kunni að vera rétt, að skot hafi ekki orðið fast í byssunni og að þeir hafi ekki þurft að reka tein upp í hlaup hennar til að ná skoti úr því. Hann man ekkert frekar um það, hvort einhver skot klikkuðu í byssunni. Þá heldur Helgi fast við það, að hann minntist ekkert á það við Pál, að faðir hans (ákærði) ætti aðra skammbyssu. Páll heldur fast við framburð sinn. Hann kveðst minnst þess greinilega, að Helgi sagði honum, að faðir sinn ætti aðra byssu, sem væri miklu finni, en hún væri læst niðri í hirzlu, sem hann hefði ekki aðgang að, en bætir því við, að ef til vill hafi þetta verið ósatt hjá Helga og hann sagt þetta einöngu til að gorta af því.

Við samprófun Helga og Guðmundar Rúnars kveðst Helgi ekki muna sérstaklega upphaf þess, að þeir fóru að skjóta úr skammbyssunni, en segir, að frásögn Guðmundar Rúnars um það geti verið rétt. Hann man ekki eftir því, að þeir prófuðu að skjóta úr byssunni í eða við skúr hjá Sunnuhvoli, en man, að þeir skutu úr henni á öskuhaugunum. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann hefði tinþræði utan um skothylkið, vegna þess að skotin voru of lítil eða að einhver þeirra klikkuðu, en hann rámar í, að ein kúla hafi orðið föst í hlaupi byssunnar og að þeir hafi barið hana úr því með teini. Hann man eftir því, að ákærði tók byssuna af þeim, en um nánari atvik að því man hann ekki. Hann minnir, að ákærði hafi ekki tekið skot af þeim og að hann hafi ekki vitað um, að þeir voru með skot. Hann rámar í, að þeir félagar hafi haldið eftir nokkrum skotum og að þeir hafi tekið kúluna úr þeim í því skyni að búa til kínverja úr púðrinu. Hann man ekki, hve mikið púður þeir fengu úr kúlunum, og hann minnst þess ekki sérstaklega, að hann hafi haft orð á því við Guðmund Rúnar, að hann ætti ekki meira af skotum, en þó hafi það vel getað verið. Hann minnst þess ekki, að hann hafi geymt einhver skot í fórum sínum, sem hann hafi ekki eyðilagt með fyrrgreindum hætti.

Við samprófun ákærða og Guðmundar Rúnars man ákærði ekki eftir því að hafa komið að þeim Guðmundi Rúnari og Helga, þar sem þeir hafi verið með Mauser byssuna og að hann hafi þá tekið hana af þeim og bent þeim á, að hún gæti verið hættuleg. Guðmundur Rúnar heldur fast við framburð sinn um

þetta atriði, en kveðst halda, að ákærði hafi ekki vitað um, að þeir félagar höfðu verið að skjóta úr byssunni.

Þá skýrir Einar Heimir Pétursson bifreiðarstjóri, Nesvegi 9, Grundarfirði, frá því, að skömmu eftir að hann hóf akstur hjá Bifreiðastöð Steindórs fyrir fáeinum árum, hafi ákærði farið að vinna þar sem bifreiðarstjóri. Nokkru síðar hafi hann komið heim til ákærða á Seltjarnarnesi að næturlagi ásamt nokkrum öðrum bifreiðarstjórum og dvalið hjá honum í um hálfu klukkustund. Hann minnst þess, að á hillu í stofu þar voru nokkur tórn skothylki, og stóðu þau upp á endann. Þau voru nokkuð svipuð að stærð og áþekk skotum, sem notuð eru í kindabyssur, að einu undanteknu. Það var áberandi stærra en hin, og var það alllangt og að gildleika á við þumalfingur á karlmanni, og hélt hann, að það gæti ekki verið úr handbyssu. Einari Heimi hafa verið sýnd skotin fimm, sem þremur síðastnefndu vitnum voru sýnd, og enn fremur sýnt hið sjötta skot, cal. 38. Kveður hann, að stóra skotið heima hjá ákærða hafi verið langtum stærra en þessi sex skot. Hin skotin heima hjá honum hafi verið einna áþekkest tveimur skotum, sem hann bendir á, en það eru cal. 25 og cal. 35 skotin. Hann bendir enn fremur á tvö önnur skot og kveður þau ekki vera lík neinu skoti heima hjá ákærða, og eru það cal. 22 og cal. 45 skotin.

### C.

Hinn 23. janúar 1968 könnuðu rannsóknarlögreglumennirnir Gísli Guðmundsson, Leifur Jónsson og Borgþór Þórhallsson, hve langan tíma tæki að láta fyrrgreindan gjaldmæli bifreiðarinnar R 461 sýna upphæðina kr. 87.00 með því að hafa bifreiðina kyrra. Var mælirinn settur í gang kl. 2010 og klukkan 2306,5 stóð hann á kr. 87.00. Gísli Guðmundsson kveður í skýrslu sinni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að athugun þessi leiði í ljós þann möguleika, að Gunnar Sigurður Tryggvason hafi tekið seinasta farþega sinn ekki fyrr en kl. 0526,5 um nóttina.

Að beiðni rannsóknarlögreglunnar kannaði Óskar Bernhard Jónsson, löggildingarmaður gjaldmæla, Hraunbraut 9, Kópavogi, ástand gjaldmælisins í bifreiðinni R 461, og í skýrslu hans, sem er dagsett 5. febrúar 1968 og staðfest er fyrir dómi, segir meðal annars svo:

„Mælirinn var þrem mínútum of lágur miðað við klst. Mælirinn sýndi kr. 31.80, en átti að sýna kr. 33.00 á klst. Innifalið er kr. 6 í startgjald.

Mælirinn sýnir kr. 0.30 á hvern slátt. Á klst. á hann að sýna 90 slætti, eða slátt á hverjar 40 sek.

Þessi útreikningur er miðaður við kyrrstöðu bifreiðar.

Við allan akstur eykst sláttafjöldinn eftir hraða og vegalengd, sem ekin er. Akstur í eina klst. getur kostað, miðað við utanbæjarakstur, kr. 180.00 á mæli. Miðað við þáverandi gjaldskrártöflu kostaði sá akstur kr. 951.00“.

Að ósk sakadóms fór nú athugun fram á gjaldmæli bifreiðarinnar R 461 hinn 27. nóvember 1969, og framkvæmdu hana rannsóknarlögglumennirnir Leifur Jónsson og Gísli Guðmundsson. Segir um þessa athugun í skýrslu Leifs, dagsettri nefndan dag, meðal annars svo:

„Bifreiðin bar þá (þ. e. 18. janúar 1968) skrásetningarnr. R 461, en nú R 414, og er eigandi hennar Vigfús Vigfússon, Þinghólsbraut 50, Kópavogi, sími 42394. Ekur hann frá Bifreiðastöðinni Hreyfli.

Samkvæmt upplýsingum Bergsteins Guðjónssonar, formanns bílstjórafélagsins Frami, svo og eiganda bifr. er þarna um að ræða sama gjaldmæli og var í bifreið hins myrta, þegar morðið var framið.

Kl. 17.05 í dag var gjaldmælirinn settur í gang og trektur upp og stilltur á taxta nr. 2, sem er sami taxti og hann var á, er hann var stöðvaður eftir morðið. Ekið var á eðlilegum hraða, vítt og breitt um borgina, og nákvæmlega kl. 1858 sló mælirinn yfir á töluna 87.00. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 58 km.

Eigandi bifr. upplýsti, að Óskar B. Jónsson, löggildingarmaður gjaldmæla, hefði stillt mælinn í dag, og ætti hann því að sýna réttan taxta. Einnig upplýsti eigandinn, að hann væri nýbúinn að setja nýja hjólbarða undir bílinn, og væri því ekki alveg öruggt, að vegarlengdin, sem farin var, sé nákvæmlega rétt, gæti verið eitthvað meiri en mælirinn sýndi“.

Leifur og Gísli hafa staðfest skýrslu þessa fyrir dómi, og hefur hinn fyrrnefndi tekið fram, að núverandi eigandi bifreiðarinnar, Vigfús Vigfússon, sem ekið hafi bifreiðinni í þetta skipti, hafi verið kunnugur aksturslagi Gunnars Sigurðar Tryggvasonar og reynt að haga akstrinum samkvæmt því.

#### D.

Hinn 11. marz 1969 athuguðu þeir Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson, hvort staðizt gæti, að skammbyssa sú, sem fannst í bifreiðinni R 15612, hefði getað verið lengi undir framsæti bifreiðar-

innar án þess að hreyfast úr stað, svo að eftir henni yrði tekið af farþegum í aftursæti bifreiðarinnar. Segir um þessa athugun í skýrslu Njarðar, sem hann og Leifur hafa staðfest fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Afturgólf bílsins er teppalagt, og brún teppisins nær framundir miðjuna á framsætinu hægra megin, en Sveinbjörn segist hafa fundið byssuna liggjandi á teppinu fram undir brún.

Eins og komið er fram, er byssan „pistol“ S&W 35. Út úr sleða byssunnar vinstra megin gengur eyra.

Byssan var lögð á vinstri hlið, þ. e. á eyrað, á teppið, því það gefur meiri mótstöðu á teppinu. Hún var lögð fram undir brún á teppinu, undir miðju framsæti hægra megin, og því beint fram af hægri hluta aftursætisins í R 15612. Bifreiðinni ók Snæbjörn Magnússon. Í framsæti við hlið ökumanns var Leifur Jónsson. Guðmundur T. Guðmundsson sat vinstra megin í aftursæti og undirritaður hægra megin í aftursæti.

Lagt var af stað kl. 1020 frá Borgartúni 7, ekið vestur fyrir og austur Sætún, upp á Borgartún, inn Sundlaugarveg, Dalbraut, Kleppsveg, Elliðavog á Suðurlandsbraut og norður hana inn á Grensásveg, Ármúla niður um Herskóla Camp, á Suðurlandsbraut og norður Kringlumýrarbraut á Borgartún og að nr. 7.

Alltaf var ekið á venjulegum innanbæjarhraða, stanzað og tekið af stað öðru hverju, en aldrei ekið ruddalega eða með rykkjum. Eftir 10 mínútna akstur var byssan komin það langt aftur undan sætinu, að ekki var nokkur leið að komast hjá því að sjá hana, þegar ég leit niður á gólfið, og sama gilti um Guðmund úr vinstra sætishlutanum. Eftir 20 mínútna akstur var byssan hætt að mjakast aftur.

Það var afturhluti rammastykkis og skeftis, sem sást. Leifur Jónsson fór nú í aftursætið hægra megin og bílstjórinn í það vinstra megin og sáu aðstæður.

Þá skal það tekið fram, að hafi byssan legið þarna og a. m. k. karlfarþegi komið í aftursæti hægra megin, eru mestar líkur fyrir, að hann hefði sparkað byssunni fram fyrir, er hann hefði stungið tánum inn undir sætið, eins og gert er, nema því aðeins að eitthvað hefði verið undir sætinu að framan, sem komið hefði í veg fyrir það.

Ég prufaði þetta eða gerði eins og vanalega, er ég sett í aftursæti á bíl, og lenti strax á byssunni“.

Leifur Jónsson tekur fram, að þegar athugun þessi var gerð, hafi framsæti bifreiðarinnar verið í þeirri stillingu, sem Snæ-

björn Magnússon hafði sett það í og hann notaði við akstur bifreiðarinnar. Kveðst Leifur síðar hafa komið að því, að sú stilling var ekki fremsta stilling framsætisins, en þannig hafi ákærði haft sætið við akstur bifreiðarinnar.

Hinn 16. apríl 1969 könnuðu þeir Njörður Snæhólm, Ragnar Vignir og Leifur Jónsson nánar bifreiðina R 15612 og framkvæmdu mælingar og tóku ljósmyndir. Rannsóknardómari málsins var viðstaddur. Segir um verk þetta í skýrslu Leifs, sem hann svo og Njörður og Ragnar hafa staðfest fyrir dómi, meðal annars á þessa leið:

„Við höfum fengið bifreiðina lánaða, og var ekið af stað frá Borgartúni 7 kl. 17.20. Ég undirritaður ók bifreiðinni, en í framsæti við hlið mér sat Þórður Björnsson yfirsakadómari en í aftursæti bifreiðarinnar Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir. Skammbýssan, sem fannst í bifreið Sveinbjörns, var nú sett undir framsæti hægra megin framan við brún teppis, en á milli teppis á gólfi aftur í bifreiðinni og á gólfi frammi í bifreiðinni er bil undir miðju sæti bílsins. Lá byssan þar á beru gólfinu.

Ók ég síðan bifreiðinni sem leið lá vestur Borgartún, Sætún, Laugarnesveg, Kleppsveg og niður að uppfyllingu við Sundahöfn. Á þessari leið færðist byssan til fram að brún teppis, sem er frammi í bifreiðinni, án þess að kastast fram í bílinn. Áður en lagt var af stað, hafði ég stillt framsæti bifreiðarinnar, eins framarlega og hægt var í sleðanum, eða í sömu stöðu og Sveinbjörn Gíslason hefur skýrt frá, að hann hafi haft sætið, er hann ók bílnum.

Framkvæmdar voru mælingar, og kom í ljós, að frá gólfi og upp að sætisbrún framsætis að aftan eru 10 cm. Frá sætisbrún að aftan og fram að brún teppisins, sem nær undir sætið, reyndist vera 25 cm. Millibil milli teppisbrúnar frammi í bílnum og teppisbrúnar aftur í bílnum undir framsæti eru 12½ cm“.

#### Ð.

Á árinu 1969 fékk rannsóknarlögreglan í tvö skipti í hendur skammbýssuskot af tegundinni S&W, cal. 35, og var stafurinn U í miðju á hvellhettum skothylkjanna. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um skot þessi:

Hinn 3. febrúar f. á. skýrði Lárus Fjeldsted Salómonsson Nirði Snæhólm frá því, að kaupmaðurinn í verzluninni Goðaborg, Freyjugötu 1 hér í borg, ætti tvo pakka af cal. 35 skammbýssuskotum. Þeir Njörður og Leifur Jónsson fóru í verzlunina og

afhenti þá kaupmaðurinn þar þeim tvo pakka fulla af skammbyssuskotum, S&W, cal. 35. Kveður Njörður, að skotin hafi verið af sömu tegund og skotið, sem hafi verið notað á Gunnar Sigurð Tryggvason. Pakkarnir séu auðsjáanlega eldgamlir, því að þeir séu upplitaðir og allir snjáðir og pappírinn nuddaður utan af þeim á köflum.

Christian Peter Willatzen kaupmaður, Hringbraut 41 hér í borg, kveðst hafa átt og rekið verzlunina Goðaborg síðan 1. janúar 1968, en þar séu seldar alls konar íþróttavörur svo og skotvopn og skotfæri. Seinni hluta sumars 1968 kveðst hann hafa verið að taka til í verzluninni vegna nýrrar innréttingar hennar og hafi hann þá fundið í skúffu einni tvo pakka með skotærum í af cal. 35, Smith & Wesson. Skúffan hafi verið í skáp, sem stóð á gólfi við vegg í verzluninni. Hann kveðst ekki muna, hvort pakkarnir voru sérstaklega pakkaðir inn, en í skúffunni voru ýmislegir varahlutir í byssur og máské einhver annar varningur. Hann segir, að annar pakkinn hafi verið fullur, en hinn máské ekki alveg fullur. Hann kveðst hafa séð strax við athugun, að skotin voru cal. 35, og þá vitað, að það voru ekki algeng skot. Hann minnst þess ekki, að nokkur maður hafi spurt um skot af þeirri stærð, eftir að hann hóf rekstur verzlunarinnar. Hann kveður, að þetta séu einu cal. 35 skotin, sem verið hafi í verzluninni. Hann kveðst síðan hafa pakkað sérstaklega inn báðum skotfærapökkunum og látið í sömu skúffu og þar hafi skotin verið óhreyfð, þar til hann sýndi Lárusi Fjeldsted þau í verzluninni. Nokkrum dögum síðar komu tveir rannsóknarlögreglumenn í verzlunina, og afhenti hann þeim þá skotfærapakkana.

Karl Hinrik Olsen verzlunarmaður, Meistaravöllum 25 hér í borg, kveðst hafa verið verzlunarstjóri í Goðaborg í um 8—9 ár og látið af því starfi um mánaðamót maí og júní 1967, en eigandi verzlunarinnar allan þennan tíma hafi verið Nils Jörgensen, sem nú sé búsettur erlendis. Karli Hinrik hafa verið sýndir fyrrgreindir tveir skotfærapakkar og skotin í þeim, og kveðst hann hvorugt hafa séð áður. Hann kveðst ekki hafa vitað til þess, að þessi skot og pakkar hafi verið í verzluninni Goðaborg, þegar hann vann þar. Hann segir, að á meðan hann var þar verzlunarstjóri, hafi skot af cal. 35 aldrei verið seld eða verið til sölu þar, og hann minnst þess heldur ekki, að nokkur maður hafi spurt um slík skot þar. Hann tekur fram, að fyrir um 4—5 árum hafi Nils Jörgensen spurt hann að því, hvort til væru í verzluninni skot af cal. 35, og hafi hann þá svarað því neitandi, en

Nils kvaðst spyrja að þessu, vegna þess að einhver Ameríku-  
maður hefði verið að spyrja um þessa stærð skota.

Karl Hinrik kveðst kannast við ákærða í máli þessu, en hann  
minnst þess ekki, að hann hafi komið í verzlunina Goðaborg  
til að fá þar skot í byssu eða af öðru tilefni. Þá getur hann ekkert  
borið um, hvort ákærði hefur átt eða haft undir höndum byssu.  
Hann minnst þess heldur ekki, að Jóhannes Jósefsson hafi  
komið í verzlunina til að kaupa þar skotvopn eða skotfæri eða  
í öðru skyni.

Hinn 26. apríl f. á. hringdi Guðmundur Ragnar Brynjólfsson  
aðstoðarlögregluvarðstjóri, Barmahlíð 55 hér í borg, til Njarðar  
Snæhólms og skýrði honum frá því, að Bjarni sonur sinn, sem  
væri nú utan borgarinnar, hefði beðið hann um að hringja til  
hans og láta hann vita af því, að hann hefði allt í einu tekið  
eftir því, að hann ætti skot af cal. 35. Njörður fór heim til Guð-  
mundar Ragnars, og afhenti hann Nirði skot þau, sem Bjarni  
hafði afhent honum. Kveður Njörður, að skotin hafi verið af  
þremur tegundum, eða sem hér segir:

„37 st. S. W., cal. 35, REM-UMC, nákvæmlega sams konar og  
morðskotið.

10 st. R. W. S., cal. 7,65.

1 st. S. W., cal. 38, revolver, Western“.

Bjarni Þór Guðmundsson bifreiðasmiður, Eskihlíð 6 A hér í  
borg, skýrir frá því, að kringum árið 1959 hafi hann unnið í  
Bílasmiðjunni hér í borg og hafi þá einnig unnið þar maður að  
nafni Stefán Stefánsson. Einhverju sinni hafi Stefán sagt honum  
frá því, að hann hefði verið að skjóta úr byssu með öðrum manni  
eða mönnum, og hafi hann þá beðið Stefán um að sýna honum  
byssuna. Hann hafi sagt, að hann gæti ekki gert það, en hann  
gæti sýnt honum byssuskot, og nokkru síðar hafi hann sýnt  
honum kassa, sem í hafi verið slatti af skotum. Kassinn hafi  
ekki verið fullur og hafi skotin staðið upp á endann í honum.  
Stefán hafi látið hann fá skotin að beiðni hans og hafi hann  
farið með þau heim til sín á Barmahlíð 55. Hann kveðst ekki  
hafa athugað eða að minnsta kosti ekki muna, hver var stærð skot-  
anna, og hann hafi ekki athugað, hvort þau væru öll af sömu stærð.  
Hann kveðst ekki hafa vitað, hvort Stefán ætti fleiri skot en  
þau, sem hann lét hann fá. Hann kveðst hafa geymt skotfæra-  
pakkann í trékassa í ólæstum skáp undir súð í herbergi því, sem  
hann svaf í, en hann getur ekki fullyrt, að kassinn hafi verið  
ólæstur. Árið 1961 hafi hann flutt í hús eitt við Dunhaga hér í

borg, og reiknar hann með því, að hann hafi þá haft skotfærapakkann með sér, en man það þó ekki með vissu. Máské einu ári síðar hafi hann flutt aftur á Barmahlíð 55, og reiknar hann með því, að skotfærapakkinn hafi þá verið geymdur þar á sama stað og áður, en þá hafi trékassinn verið læstur. Fyrir um 2—3 árum hafi hann flutt á Eskihlíð 6 A og þá hafi skotin verið geymd í læstum kassa ofan á skáp í geymslu í kjallara hússins, en konan, sem leigði honum herbergi í húsinu, hafi einnig haft afnot af geymslunni. Hann minnst þess ekki að hafa sýnt öðrum greind byssuskot eða sagt öðrum frá þeim, og hann kveðst engu þeirra hafa eytt eða látið frá sér fara. Álitur hann það vera alveg öruggt mál, að hann hafi geymt skotin það vel, að annar hafi ekki komizt í þau. Bjarni Þór kveðst hafa verið að taka til hjá sér nokkuð snemma á s.l. ári, eða í apríl f. á., og séð þá skotin. Hann hafi litið á enda þeirra og séð, að talan 35 var á nokkrum þeirra. Hann minntist þess þá, að skotið, sem varð bifreiðarstjóra að bana í janúar 1968 hefði verið talið vera cal. 35. Hafi hann þá afhent föður sínum, Guðmundi Ragnari Brynjólfsyni, skotin og beðið hann um að afhenda lögreglunni þau. Bjarni Þór kveðst ekki þekkja ákærða.

Stefá Stefánsson bílasmiður, Lyngbrekku 7, Kópavogi, kveðst hafa unnið í Bílasmiðjunni hér í borg í nokkur ár, eða frá 1957 eða 1958 til 1963, að því er hann minnir, og hafi Bjarni Þór Guðmundsson unnið þar um skeið samtímis honum. Stefán kveðst ekki muna eftir atviki því, sem Bjarni Þór talar um í fyrrgreindum framburði sínum, og kveðst hann aldrei hafa átt byssu eða haft áhuga á skotvopnum. Hann kveðst ekki hafa sagt Bjarna Þór frá því, að hann hefði verið að skjóta úr byssu með öðrum manni. Kveðst hann aldrei hafa hleypt skoti úr byssu að því frátöldu, að þegar hann var unglíngur, skaut hann einhvern tíma úr riffli. Hann kveðst heldur ekki þekkja byssur eða skotfæri. Hann segist hafa búið hjá móður sinni í Miðstræti 3 hér í borg á árunum 1951—1959 og á þeim tíma hafi í 2—3 ár einnig búið þar maður að nafni Sigurður Sigurðsson, þá lögreglumaður. Kveður Stefán, að Sigurður hafi skilið eftir ýmislegt dót eða drasl í herbergi sínu, þegar hann flutti úr húsinu, og hafi hann hirt það. Stefán orðar það sem möguleika, að Sigurður hafi meðal annars skilið eftir pakka af skotum, og að hann (Stefán) hafi svo látið Bjarna Þór fá pakkann, en bætir því við, að hann muni ekki sérstaklega eftir að hafa gert það.

Frekara samræmi milli framburða Bjarna Þórs og Stefáns hefur ekki fengizt þrátt fyrir samprófun þeirra.

Sigurður Sigurðsson iðnverkamaður, Hringbraut 37 hér í borg, kveðst hafa leigt herbergi í Miðstræti 3 um nokkurra ára skeið fyrir árið 1960. Nafn konunnar, sem hann leigði hjá, hafi verið Adda Pálsdóttir, og átti hún son að nafni Stefán Stefánsson. Sigurður kveðst hafa verið lögreglumaður á þessum tíma, og kom það fyrir, að hann geymdi lögreglubyssu sína heima hjá sér og þá máske einnig skot í hana, sem voru cal. 22. Hann kveðst ekki hafa haft undir höndum önnur skotvopn eða skotfæri. Hann minnst þess ekki að hafa skilið eftir dót eða drasl í herbergi sínu, þegar hann flutti úr Miðstræti 3, og heldur hann, að hann hafi haft á brott með sér þaðan allt það, sem honum tilheyrði.

Frekara samræmi milli framburða Sigurðar og Stefáns hefur ekki náðst þrátt fyrir samprófun þeirra.

#### IV. kaflí.

Seinni hluta laugardagsins 28. júní 1969 óskaði ákærði eftir viðtali við rannsóknardómara máls þessa, og kvaðst hann vilja leiðrétta framburð sinn í nokkrum tilteknum atriðum. Var saka-dómsþing háð að kvöldi sama dags, og breytti ákærði þá fyrri framburði sínum, eins og nú verður greint frá:

Ákærði skýrir frá því, að einhvern tíma á árunum 1953—1955 tók hann hálfan annan pakka af skammbyssuskotum, sem Jóhannes Jósefsson átti og geymdi í skúffu í sumarhústaðnum við Hítará, og var ætlun hans að athuga, hvort skot þessi „pössuðu“ ekki í Mauser byssuna, sem hann átti. Hann fór með skotin heim til sín að Sækambi og prófaði eitt þeirra í byssuna, en skotið reyndist vera allt of lítið í hana, svo að ekki kom til þess, að því væri hleypt af. Hann orðar það sem möguleika, að hann hafi látið skot þetta í peningakassann á stigapallinum uppi á lofti heima hjá sér og að það sé annað skotið, sem var í kassanum, þegar hann var opnaður í sambandi við rannsókn máls þessa. Pakkana, sem skotin voru í, lét hann í skúffu í skrifborði, sem var í herbergi Helga sonar hans eða á sama stað og hann geymdi Mauser byssuna. Þessa skúffu hafði ákærði til umráða sinna. Hún var læst, og bar hann lykilinn á lyklakippu sinni.

Á árinu 1965 og nánar tiltekið, töluvert áður en Jóhannes Jósefsson og kona hans fóru til útlanda þá um sumarið, hringdi Jóhannes til ákærða og bað hann um að koma heim til sín á

Tjarnarstíg 8 til að líta á sjónvarpstæki, sem þar væri bilað. Ákærði man ekki sérstaklega eftir því, hvort kona Jóhannesar var heima, þegar hann kom þangað, og lagaði hann stillingu tækisins, svo að það komst í lag. Í þetta skipti tók ákærði minni skammbyssu Jóhannesar úr fyrrgreindum byssukassa hans. Var hann á vejulegum stað á hillu í skattholi, sem stóð gegnt glugga og við vesturvegg stofunnar í íbúð Jóhannesar. Ákærði tók byssuna með leynd, og hafði hann hana á brott með sér heim til sín. Var tilgangur hans að selja hana og nota andvirðið til eigin þarfa, en hann ætlaði, að hann gæti selt hana fyrir um kr. 2.000.00. Byssuna setti hann svo í peningakassann, sem var á loftskörinni á heimili hans og fyrr um getur í málinu.

Ákærði gerði svo ekkert til þess að reyna að selja byssuna og bauð engum hana til kaups og lét heldur engan vita um hana. Hann komst síðan að því, að Þórir Magnússon hafði mikinn áhuga á skotvopnum og að hann safnaði þeim. Ákærði sagði honum frá Mauser byssunni, sem hann átti, og seldi honum hana, eins og hann hefur áður skýrt frá. Skömmu síðar sagði ákærði honum frá því, að hann gæti útvegað honum aðra skammbyssu, sem væri langtum minni en Mauser byssan. Þórir hafði áhuga á byssunni, og varð það til þess, að ákærði opnaði peningakassann heima hjá sér og náði í byssuna og hafði hana með sér niður á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna Þóri byssuna, en hann kveðst þó ekki hafa verið búinn að lofa Þóri því að selja honum hana, aðeins lofað honum því að sýna honum hana. Ákærði tekur fram í þessu sambandi, að Þórir var ekki búinn að greiða honum verð Mauser byssunnar, sem reyndar er enn ógreitt. Þórir var ekki að vinna þennan dag á stöðinni.

Ákærði segir, að þegar hann hafði tekið byssuna úr peningakassanum, stakk hann henni í vasa sinn. Því næst fór hann í vinnuna um kl. 1230 sama dag og sótti Chevrolet bifreiðina R 1402, sem hann ók hjá Steindóri, í geymsluport stöðvarinnar við Sólvallagötu. Hann setti byssuna strax í geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar. Þar var byssan allan daginn, og var hólfið þá læst. Að loknum vinnudegi um kl. 0100 um nóttina skilaði hann bifreiðinni venju samkvæmt í fyrrgreint port bifreiðastöðvarinnar og skildi þá eftir lykla bifreiðarinnar í kveikjulásnum, eins og föst regla er hjá bifreiðastöðinni. Lyklar bifreiðarinnar voru þrjár saman á kippu, og gekk einn að kveikjulásnum og hurðum, annar að hólfinu í mælaborðinu og hinn þriðji að kistu-lokinu. Hann man ekki, hver var næturvörður í portinu þessa

nótt. Hann segir, að það hafi stafað af gleymsku, að hann skildi byssuna eftir í geymsluhólfinu um nóttina. Næsta dag athugaði hann strax í geymsluhólf bifreiðarinnar, þegar hann kom til að ná í hana, en þá var byssan horfin.

Ákærði vissi hvorki né veit, hver muni hafa tekið byssuna úr hólfinu, og hann gat ekki spurzt fyrir um hana hjá starfsmönnum Steindórs vegna þess, hvernig hún var fengin. Honum kveðst þó hafa dottið í hug einn maður, án þess þó að hann vilji bera það á hann, að hann hafi tekið byssuna. Nánar tiltekið var þannig mál með vexti, að dag einn fyrir mörgum árum varð ákærði var við, að Mauser byssan var horfin úr skrifborðs-skúffunni. Hann talaði við heimafolk sitt um málið, og var honum sagt, að ekki gæti verið öðrum til að dreifa, er valdur væri að hvarfi byssunnar, en Guðmundi Rúnari Óskarssyni, leikfélaga Helga sonar hans, því að hann væri sá eini, sem hefði komið í herbergið, þar sem byssan var geymd, en hann var þá heimgangur í Sækambi. Ákærði hringdi í Lárus Salómonsson, sem var þá lögreglumaður í Reykjavík, og skýrði honum frá hvarfi byssunnar og gruni sínum um, að Guðmundur Rúnar væri valdur að hvarfi hennar. Lárus sagði honum, að hann (ákærði) skyldi tala við Guðmund Rúnar um málið og spyrja hann að því, hvort hann hefði fengið byssuna að láni. Ákærði gerði þetta, og viðurkenndi Guðmundur Rúnar að vera með byssuna og kvaðst hafa fengið hana að láni. Hann skilaði henni síðan. Ákærði heldur, að Guðmundur Rúnar hafi ekki tekið skot með byssunni.

Ákærði segir, að þegar hann var búinn að skila bifreiðinni R 1402 í geymsluportinu, hafi hann venjulega hringt í Helga son sinn og beðið hann um að sækja sig í Ford bifreiðinni G 288, sem ákærði átti. Það sé ekki útilokað, að Helgi hafi sótt hann um nóttina, sem ákærði skildi byssuna eftir í bifreiðinni, og ef svo hafi verið, sé mjög líklegt, að Guðmundur Rúnar hafi verið með honum, þar sem þeir voru mikið saman. Ákærði segir, að það hafi verið regla, að bifreiðarnar, sem skilað var í portið, hafi verið hreinsaðar að utan og innan, áður en gengið var frá þeim, og það verk önnuðust bifreiðarstjórnarnir. Þegar Helgi kom og sótti ákærða samkvæmt framansögðu, hjálpaði hann ákærða yfirleitt við að hreinsa bifreiðina, og sama máli gegndi um Guðmund Rúnar, þegar hann kom með Helga. Ákærði bætir því við, að þegar Helgi og Guðmundur Rúnar komu báðir saman, kom það fyrir, að þeir hreinsuðu bifreiðina fyrir hann, og beið hann þá á meðan og hvíldi sig.

Ákærði kveðst síðan ekkert hafa vitað, hvar byssan var niður komin, fyrr en hann fann hana í bifreiðinni R 15612 laust eftir miðjan janúar 1969, eins og hann hefur áður skýrt frá. Hann vísar um geymslu byssunnar til fyrri framburðar síns í málinu og tekur sérstaklega fram, að hann hafi ekki tilkynnt um fund hennar af einskærum ótta við að verða bendlaður við bana Gunnars Sigurðar, sem hann kveðst vera algerlega saklaus af.

Ákærði kveðst nú hafa skýrt frá öllum þeim atriðum, sem hann hefur til leiðréttingar á fyrri framburði sínum í málinu. Hann tekur sérstaklega fram, að ekkert skot var í skammbyssunni, þegar hann tók hana á Tjarnarstíg 8, og að hann setti heldur aldrei skot í hana. Hann kveðst ekkert vita, hvað varð af skotunum, sem hann tók í sumarbústaðnum við Hítará og geymdi í skrifborðsskúffunni ásamt Mauser byssunni. Þau skot hurfu eða gufuðu upp, eins og ákærði kemst að orði, og máske fleygði hann þeim. Hann kveðst aldrei hafa farið inn í húsið Tjarnarstíg 8 með lyklinum, sem var í lyklaveski hans.

Verða nú raktir framburðir vitna, sem yfirheyrð hafa verið í tilefni af þessum breytta framburði ákærða:

Lárus Fjeldsted Salómonsson minnst þess, að fyrir mörgum árum, þegar hann var lögreglumaður hér í Reykjavík, skýrði ákærði honum frá því, að byssa, sem hann ætti, hefði horfið frá heimili hans og að hann grunaði ákveðinn ungling um að hafa tekið hana. Hann man ekki eftir því, að hann nafngreindi unglinginn. Hann kveður, að ákærði hafi beðið hann um að tala við unglinginn út af byssunni, og minnir hann, að ákærði segði honum, að unglingurinn væri heimilisvinur á Sækambi. Hann ráðlagði ákærða að tala sjálfur við unglinginn og spyrja hann að því, hvort hann hefði ekki fengið byssu, sem ákærði ætti, að láni. Þó nokkru síðar sagði ákærði honum, að unglingurinn hefði afhent honum byssuna, og minnir hann, að ákærði hafi í sama skipti skýrt honum frá því, að Helgi og greindur unglingur hefðu farið eitthvað með byssuna til að skjóta úr henni.

Í áðurgreindu porti Bifreiðastöðvar Steindórs við Sólvallagötu unnu eftirtaldir þrír menn við næturvörzlu, eins og hér segir: Stefán Valgeir Jónsson, Sólvallagötu 66 hér í borg, hefur verið vaktmaður þar síðan í júlí 1959, og á árunum 1965 til 1967 var vinnutími hans frá kl. 1900 að kvöldi til kl. 0300 að nóttu. Hann hefur átt frí eitt kvöld eða eina nótt í viku, og í mörg ár var það aðfaranótt miðvikudags, en síðan aðfaranótt föstudags. Guðmundur Bjarnason, Borgarholtsbraut 58, Kópavogi, hefur verið

næturvörður í portinu síðan í september 1965, og hefur vinnutími hans verið frá kl. 2330 að kvöldi til kl. 0730 að morgni. Hann hefur átt frí eina nótt í viku, og var það fyrst aðfaranótt miðvikudags, síðan aðfaranótt laugardags og nú um skeið hefur það verið aðfaranótt sunnudags. Ásgeir Halldórsson, Fitjakoti, Kjalarnesi, var vaktmaður í portinu við og við í afleysingum frá 1964 eða 1965 til 1967, og var vinnutími hans ýmist frá kl. 1900, 2100 eða 2300 að kvöldi til kl. 0700 að morgni. Hann átti frí eina nótt í viku, og minnir hann, að það hafi verið aðfaranótt laugardags.

Þessir þrír menn hafa borið vitni í málinu og skýra þannig frá: Svæði Steindórsstöðvar við Sólvallagötu afmarkast af þeirri götu og Hringbraut. Þar eru tvö samliggjandi hús, þvottahús og verkstæði. Bifreiðarstjórar stöðvarinnar, sem lokað er kl. 0100 að nóttu, koma með bifreiðar sínar inn á svæðið, þegar þeir hætta akstri að kvöldi eða nóttu og þá oftast um eða eftir kl. 0100. Þegar bifreið kemur, setur vaktmaður fyrst benzín á hana og síðan ekur bifreiðarstjórinn henni í þvottahúsið, þvær hana og hreinsar bæði að utan og innan, eftir því sem nauðsyn krefur hverju sinni, svo að hún verði tilbúin til aksturs að morgni. Vaktmaður skráir í sérstaka bók númer bifreiðarinnar og komutíma hennar og les einnig af gjaldmæli hennar, ýmist áður eða eftir að bifreiðarstjórinn er farinn á brott. Að morgni eru upplýsingar um þetta efni sendar í skrifstofu stöðvarinnar í Hafnarstræti. Bifreiðarnar eru skildar eftir ólæstar, og eru lyklar þeirra hafðir í kveikjulás þeirra. Dyr verkstæðishússins eru ávallt hafðar lokaðar á næturnar, og dyr þvottahússins eru lokaðar með slagbrandi að innan. Næturvörðurinn dvelur á næturnar inni í lítilli kompu, sem er í einu horni þvottahússins, eða er í verkstæðinu.

Greindir þrír starfsmenn Steindórsstöðvar bera, að hún eigi bifreiðarnar með einkennistölunum R 1401 til R 1460, og þeir minnst þess, að ákærði ók um tíma Chevrolet bifreiðinni R 1402. Þeir segja allir, að ákærði hafi ekki öðrum bifreiðarstjórum fremur komið óreglulega til að skila bifreið sinni eða þrifið hana lakar en aðrir.

Stefán Valgeir Jónsson segir, að sonur ákærða hafi komið stundum í bifreið og sótt hann, þegar hann var búinn að ganga frá bifreið sinni í þvottahúsinu, og hjálpað honum gjarnan við að þrifa bifreiðina, ef ákærði hafði ekki lokið við það. Stefán minnst þess ekki sérstaklega, að annar piltur eða maður væri

í fylgd með syni ákærða, þegar hann kom og sótti hann, eða að ákærði hringdi í son sinn til að láta hann sækja sig, en sími er í þvottahúsinu. Hann segir, að ákærði hafi stundum farið á brottgangandi og stundum í fylgd með öðrum bifreiðarstjórum, sem tilbúnir voru á sama tíma og hann.

Guðmundur Bjarnason minnst þess, að ákærði gekk stundum úr stöðvarportinu heim til sín, og að því er hann heldur vestur í Skjólhverfi. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann fengi að hringja í síma, sem er í þvottahúsinu, en segir þó, að það hafi getað verið. Hann minnst þess, að í nokkur skipti kom piltur í bifreið um eitt leytið til að sækja ákærða, og heldur hann, að það hafi verið sonur hans. Pilturinn hjálpaði þá ákærða gjarnan að þrífa bifreiðina. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að í för með piltinum væri annar piltur eða maður, en kveður, að það hafi þó getað verið einhverju sinni.

Ásgeir Halldórsson segir, að sonur ákærða hafi komið nokkrum sinnum í bifreið og sótt hann, þegar hann var búinn að ganga frá bifreið sinni í þvottahúsinu. Þá kom það fyrir, ef ákærði hafði ekki lokið við að þrífa bifreiðina, að sonur hans hjálpaði honum við verkið. Hann minnst þess, að í fáein skipti var í fylgd með syni ákærða piltur, sem virtist aðeins eldri en hann (sonurinn). Hann minnst þess ekki, að piltur þessi hjálpaði nokkurn tíma til við að þrífa bifreið ákærða, og hann tekur fram í þessu sambandi, að óviðkomandi menn máttu ekki koma inn í þvottahúsið eða verkstæðið samkvæmt reglum, sem forráðamenn bifreiðastöðvarinnar höfðu sett. Hann minnst þess, að það kom fyrir, að ákærði hringdi úr þvottahúsinu í son sinn til að láta hann sækja sig. Þá kom það fyrir, að ákærði fór gangandi heim til sín vestur á Seltjarnarnes.

Fyrrgreindum þremur starfsmönnum Steindórsstöðvar ber öllum saman um, að ákærði hafi aldrei minnzt á byssu eða skot í byssu við þá eða í áheyrn þeirra.

Guðmundur Rúnar Óskarsson skýrir frá því, að nokkrum árum eftir að þeir Helgi voru að leika sér við að skjóta úr skammbyssunni, eins og hann hefur þegar borið, hafi hann verið staddur á Sækambi og rekizt þá á þessa sömu byssu, en hvar í húsinu, man hann ekki. Hann kveðst hafa tekið byssuna, en engin skot með henni, og haft hana á brott með sér, án þess að aðrir vissu, og hafi hann gert það í því skyni að prófa, hvort skot, sem hann hafði fundið þá stuttu áður í kassa á öskuhaugunum „pössuðu í“ hana. Skotin hafi verið of stór, þó að hann hafi getað lokað

byssunni með skotunum í, og kveðst hann ekki hafa þorað að hleypa af henni. Ákærði hafi svo komið heim til hans og viljað tala við hann, og heldur hann, að það hafi verið einum til tveimur dögum eftir að hann tók byssuna. Þeir hafi farið út í bifreið ákærða, sem ekið hafi honum að Sækambi. Á leiðinni þangað hafi ákærði spurt hann að því, hvort hann væri með byssu, sem ákærði ætti, og hafi hann þá sagzt vera með byssuna. Hann hafi svo sótt hana heim til sín og afhent ákærða hana. Guðmundur Rúnar kveðst hafa vitað, að ákærði ók um skeið bifreið frá Bifreiðastöð Steindórs og skilaði henni að loknum akstri á kvöldin inn á svæði stöðvarinnar við Sólvallagötu og Hringbraut. Hann kveðst hafa komið þangað nokkuð oft með Helga, syni ákærða, í bifreið, sem Helgi ók, til að sækja föður sinn. Þeir hafi gjarnan hjálpað ákærða við að þvo bifreið hans og hafi hann þá þrifið hana að innan, en þeir að utan. Máske hafi þeir einhvern tíma sópað gólf bifreiðarinnar. Guðmundur Rúnar telur útilokað, að hann hafi nokkru sinni opnað hanzkahólf bifreiðarinnar, og hann man ekki til þess, að ákærði eða Helgi gerðu það. Hann harðneitar því að hafa tekið byssu úr bifreiðinni, og hann kveðst aldrei hafa séð byssu í henni. Hann kveðst heldur ekki hafa séð ákærða eða Helga vera með byssu og þeir hafi heldur aldrei talað um byssu.

Við sampröfun Guðmundar Rúnars og ákærða kveðst hinn fyrrnefndi ekkert sérstakt hafa að athuga við framburð ákærða um töku hans á Mauser byssunni, en hann harðneitar því að hafa tekið byssu úr bifreið þeirri, sem ákærði ók hjá Bifreiðastöð Steindórs. Jafnframt segir ákærði ekkert sérstakt í tilefni af þessum framburði Guðmundar Rúnars og kveðst alls ekki vilja bera það á hann, að hann hafi tekið byssuna úr Steindórsbifreiðinni.

Með tilliti til hins breytta framburðar ákærða í dómnum 28. júní f. á. var honum hinn 17. nóvember f. á. gerður kunnur á ný framburður Þóris Magnússonar, sem fyrr er rakinn. Ákærða minnir þá, að hann hafi sagt Þóri frá því, að hann ætti tvær skammbyssur, en ekki sagt það í eitt og hið sama skipti, heldur í sitt hvort skiptið, og kunni það að hafa verið um vorið 1966. Hann minnir fastlega, að hann hafi sagt Þóri fyrst frá Mauser byssunni og tekið þá máske fram, að hægt væri að breyta henni í vélbyssu. Þórir hafi viljað kaupa byssuna og hafi ákærði selt honum hana, eins og hann hefur áður skýrt frá. Hann minnir svo fastlega, að skömmu síðar hafi hann sagt Þóri, að hann gæti

útvegað honum aðra skammbyssu, sem væri langtum minni en Mauser byssan, en hann man ekki sérstaklega eftir því, að hann tæki fram við Þóri, að sú byssa væri miklu skemmtilegri en Mauser byssan eða að magasín hennar gengi upp í skiptið, en þó kunni hann að hafa sagt Þóri það. Hann telur líklegt, að hann hafi skýrt Þóri frá því, að erfitt væri að fá skot í byssuna, en man þó ekkert nánar um það. Þórir hafi einnig viljað fá síðarnefndu byssuna, en ákærði kveðst ekki hafa lofað honum því að selja honum hana. Hann hafi þó ákveðið að sýna Þóri hana og hafi hann farið með hana niður í Bifreiðastöð Steindórs í því skyni, en Þórir hafi þá ekki verið að vinna þann dag, eins og ákærði hefur skýrt frá áður. Hann heldur, að þeir Þórir hafi talað saman um það, að ákærði sýndi honum nefnda byssu, en tiltekinn dagur hafi ekki verið ákveðinn, er það skyldi gerast.

Í tilefni af þessum framburði ákærða tekur Þórir Magnússon fram, að hann minni, að ákærði hafi skýrt honum frá því í eitt og hið sama skipti, að hann ætti tvær skammbyssur. Annars hafi þeir talað nokkuð oft saman um skammbyssur á bifreiðastöðinni. Ákærði hafi ekki viljað selja honum minni skammbyssuna, en hann hafi þó ekki verið búinn að missa alla von um, að ákærði léti hann fá hana. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, að hann bæði ákærða um að sýna honum byssu þessa eða að ákærði segðist mundu sýna honum hana. Þá heldur Þórir fast við það, að ákærði hafi látið hann fá eitt skot ásamt Mauser byssunni, en hann man ekki, hvort það var í sama skiptið eða í annað skipti. Skotið hafi reynzt vera of stórt í byssuna.

Ákærði kveður, að það sé rétt hjá Þóri, að þeir hafi oft talað saman um skammbyssur á bifreiðastöðinni. Hins vegar muni hann ekki eftir því, að hann hafi látið Þóri fá skot með Mauser byssunni, hvort heldur um leið og hann afhenti honum hana eða í annað skipti, en bætir við, að ef hann hafi látið Þóri fá skot í byssuna, hafi það hlotið að vera eitt af þeim skotum, sem Leó Schmith lét hann fá með byssunni.

Ákærði segir, að eftir að Þórir hafði fengið Mauser byssuna og á meðan þeir unnu báðir saman á Bifreiðastöð Steindórs, hafi Þórir sagt honum, að pinninn í byssunni hefði verið brotinn og þyrfti hann að fá annan pinna í hana. Ákærði kveðst ekki hafa skotið úr byssunni og hafi hann ekki vitað um það fyrr, að pinninn í henni væri brotinn. Þórir kveðst ekki muna eftir því, hvort hann sagði ákærða, að pinninn væri brotinn.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og Þóris Magnússonar.

Í sama dómþingi 17. nóvember f. á. kveðst ákærði ekki hafa á nokkurn hátt búið sérstaklega um byssuna í peningakassanum og heldur ekki, þegar hann fór með hana niður á Steindórsstöð.

#### V. kafli.

##### A.

Ákærði kveður, að vinnutími hans sem bifreiðarstjóra hjá Bæjarleiðum hafi ekki verið ákveðinn og hafi hann farið eftir því, hve mikið var að gera hverju sinni. Hann hafi yfirleitt hafið akstur snemma morguns eða um kl. 0700 til kl. 0730 og farið þá annað hvort á stöðina, sem er við Langholtsveg, eða að næsta símastaur stöðvarinnar og tilkynnt, að hann hefði hafið vinnu. Hann hafi síðan unnið við akstur fram til miðnættis. Venjulega hafi verið mest að gera á föstudögum og laugardögum og hafi hann þá verið við akstur fram til kl. 0400 til kl. 0500 að nóttu eða jafnvel alla nóttina og byrjað þá gjarnan akstur nokkuð seinna næsta morgun. Hann kveðst vera frekar svefnþungur og hafi kona hans vakið hann venjulega á morgnana um kl. 0630, en það hafi þó komið fyrir, að hún væri að vinna fram eftir nóttu hjá Ísbirninum h/f og þá hafi hann látið Bæjarsímann vekja sig á svipuðum tíma morguns. Áður en hann lagði af stað að heiman á morgnana, hafi hann oftast fengið sér kaffi, sem geymt hafi verið á hitabrusa yfir nóttina, en þó hafi stundum komið fyrir, að kona hans hitaði kaffi fyrir hann á morgnana. Hann segir, að Ragna dóttir hans hafi unnið um tíma í Sælgætisgerðinni Nóa við Barónsstíg hér í borg, og rengir ekki, að það hafi verið frá því í ágúst 1967 fram í febrúar 1968. Hann hafi yfirleitt ekið henni í vinnuna, sem hófst kl. 0730, og hafi það í mesta lagi verið tvisvar sinnum, sem hann hafi ekki gert það, en í þau skipti hafi hún farið með strætisvagni. Hann segir, að hún hafi verið ófrísk á þessum tíma og því hafi hann lagt sig fram um að aka henni til vinnu og það hafi hann ávallt gert skammdegismánuðina, eða á tímabilinu nóvember til febrúar, og einnig yfirleitt alltaf úr vinnu, ef hann var ekki að aka með farþega. Hann segir, að akstursleiðin frá Sækambi að Nóa hafi ávallt verið hin sama og nánar tiltekið þessi: Nesvegur, Kapla-skjólsvegur, Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Barónsstígur og hafi hann stöðvað bifreiðina þar við Nóa gegnt Hafnarbíói.

Hann hafi ekið leiðina á venjulegum innanbæjarhraða og hafði þá ávallt talstöðina í gangi til að vita, hvernig vinnan væri og hvar hún væri mest, en aldrei svarað aðalstöðinni, enda sé bifreiðarstjórum bannað að svara í talstöðina, ef þeir eru með farþega, og er þá ætlað til, að bifreiðarstjórar, sem lausir eru, sinni kallinu. Hann kveðst ávallt hafa byrjað leiguakstur, eftir að hann hafði ekið Rögnu til vinnu. Hann minnst þess ekki að hafa farið í leiguakstur að morgni, áður en hann ók Rögnu til vinnunnar og án þess að hafa sofið heima hjá sér um nóttina. Hann orðar það, að hann hafi ekið þó nokkuð með útlendinga vegna tungumálakunnáttu sinnar og hefði einhver slíkur viðskiptavinur hans getað beðið hann um að aka með hann snemma að morgni frá hóteli sínu út á flugvöll. Hann man þó ekki eftir neinu ákveðnu slíku tilviki, þegar hann þurfti að aka Rögnu til vinnu í Nóa.

Ákærði kveðst hafa sofið heima hjá sér að Sækambi nóttina, sem Gunnar Sigurður hlaut bana sinn. Hann kveðst hafa komið heim til sín upp úr kl. 2400 þá nótt og tekur fram, að þá hafi lítið verið að gera við bifreiðarakstur. Hann kveðst ekki muna, hvenær hann fór í seinustu ökuferð sína þá um kvöldið, en hann minnst þess að hafa farið í ferð úr Réttarholti, þar sem Bæjarleiðir hafa bifreiðastaur, og ekið vestur í bæ og að því loknu hafi hann farið beint heim til sín.

Ákærði kveðst muna vel eftir bifreiðarakstri sínum dag þann, sem Gunnar Sigurður fannst látinn. Hann kveðst minnst þess, að þennan morgun hafi hann eins og venjulega ekið Rögnu til vinnu í Nóa. Hann hafi síðan ekið bifreið sinni inn Borgartún og verið staddur hjá Klúbbnum, þegar talstöð Bæjarleiða kallaði upp Dalbrautarsvæðið. Hann hafi svarað kallinu og tilkynnt, að hann væri staddur við Klúbbinn. Honum hafi þá verið sagt að fara í ákveðinn akstur þar í nágrenninu og ef til vill hafi honum verið sagt að fara að húsi við Bugðulæk, þar sem beðið hefði verið um bíl. Hann hafi farið í þessa ökuferð, en hann muni nú ekkert nánar um hana eða hvert hann ók farþeganum eða farþegunum eða hver hann eða þeir voru. Hann hafi síðan haldið áfram akstri og líklega um hádegisbilið hafi hann frétt um talstöð bifreiðarinnar um dauða Gunnars Sigurðar í leigubifreið sinni. Hann kveðst hafa hætt akstri frekar snemma að kvöldi þessa dags vegna beygs, sem komið hafi upp hjá leigubifreiðarstjórum vegna atburðar þessa.

Ítarleg rannsókn hefur fram farið í því skyni að sannreyna

framangreindan framburð ákærða, og verður nú rakið það, sem fram hefur komið um það efni:

Hinn 21. apríl 1949 kvæntist ákærði Karólínu Aðalsteinsdóttur, og hafa þau búið að Sækambi síðan á árinu 1951. Þau eiga fjögur börn, og eru þau þessi: Helgi, fæddur 29. desember 1947, Ragna, fædd 12. júlí 1951, Edda, fædd 6. apríl 1953, og Valur, fæddur 11. september 1961. Bæði eiginkona ákærða og eldri dóttir hans hafa fúslega borið vitni í dómi, og verður nú rakinn framburður þeirra um framangreindan þátt málsins:

Karólína Aðalsteinsdóttir kveðst hafa vaknað fyrst af fjölskyldunni á morgnana og vaknað við vekjaraklukkku, sem hún gjarnan stillti á kl. 0630 til kl. 0645. Ragna hafi unnið frá ágúst 1967 fram í febrúar 1968 í Sælgætisgerðinni Nóa og átt að vera komin til vinnu þar kl. 0730. Ákærði hafi ávallt ekið henni í vinnuna, enda hafi hún verið á þessum tíma ófrísk og fætt barn 12. apríl 1968. Hún segir, að þegar hún var vöknuð á morgnana, hafi hún vakið ákærða, sem sé frekar svefnþungur, svo og Rögnu, en hún man ekki sérstaklega eftir því, að Bæjarsíminn væri notaður til að vekja fjölskylduna, nema þá að vekjaraklukkan hafi verið biluð. Ákærði og Ragna hafi fengið sér kaffi, áður en þau fóru af stað, og hafi kaffið verið stundum geymt á hitabrusa yfir nóttina, en stundum hafi hún eða Ragna lagað það um morguninn. Karólína kveður, að um miðja viku, eða nánar tiltekið á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, hafi ákærði yfirleitt ekki ekið bifreiðinni R 15612 lengur en til miðnættis, og alls ekki lengur en til kl. 0100 til 0200 að næturlagi, enda hafi hann þurft að vakna snemma að morgni til að aka Rögnu í vinnuna á þeim tíma, er hún vann í Nóa. Miðvikudagskvöld hafi verið og sé eitt lakasta kvöldið fyrir leigubifreiðarstjóra. Aðfaranætur laugardags, sunnudags og mánudags hafi ákærði ekið lengur fram eftir nóttu, því að þá hafi verið meira að gera. Hún kveðst ekki minnst þess, að ákærði hafi nokkru sinni verið að heiman næturlangt, og um helgar hafi hann ekki kom heim síðar en kl. 0400 til kl. 0500 að nóttu. Hún telur, að aðfaranótt 18. janúar 1968 hafi ákærði að venju komið heim milli kl. 0100 og 0200 um nóttina og að hún hafi vakið hann á venjulegum tíma um morguninn og hann síðan ekið Rögnu í vinnuna. Um hádegis hafi hún heyrt í Ríkisútvarpinu, að bifreiðarstjóri hefði fundizt látinn í leigubifreið sinni þá snemma um morguninn. Hafi henni þá verið hugsað til þess, að ágætt var, að ákærði skyldi hafa verið heima þessa nótt, því

að ekki hefði verið gott að vita, hver hefði getað orðið fyrir því, sem komið hafði fyrir bifreiðarstjórann. Hún kveðst minnst þess, að um hádegisþá hafi ákærði komið heim til hádegisverðar og hafi Aðalsteinn faðir hennar þá verið staddur þar. Hafi þau rætt almennt um andlát bifreiðarstjórans og hve atburðurinn væri sorglegur, en hún minnst ekki neinna sérstakra orða ákærða við það tækifæri og heldur ekki sérstakra orða hans síðar um dauða bifreiðarstjórans.

Ragna Sveinbjörnsdóttir kveðst hafa unnið í Sælgætisgerðinni Nóa frá ágúst 1967 til febrúar 1968. Vinna hafi hafizt þar kl. 0730 á morgnana og hafi stimpilklukka verið á staðnum. Hún segir, að á meðan hún vann í Nóa, hafi móðir hennar vakið hana á morgnana um kl. 0650 og einnig vakið ákærða, sem sofi mjög fast. Fyrstu mánuðina hafi hún farið í strætisvagni til vinnu, en ákærði hafi ávallt ekið henni á vinnustað, þegar fór að dimma á morgnana. Hún fullyrðir, að skammdegismánuðina desember, janúar og febrúar hafi ákærði ávallt ekið henni til vinnu á morgnana í bifreiðinni R 15612. Hún kveðst hafa verið ófrísk um þessar mundir og fætt barn 13. apríl 1968. Hún segir, að áður en hún og ákærði lögðu af stað frá Sækambi, hafi þau fengið sér kaffi og hafi ýmist hún eða móðir hennar hitað það, en stundum hafi kaffi verið sett á hitabrusa kvöldið áður og geymt yfir nóttina. Hún kveðst yfirleitt hafa mætt til vinnu á réttum tíma og hafi hún og ákærði lagt af stað frá Sækambi um eða laust eftir kl. 0720. Ákærði hafi ávallt ekið sömu leiðina að Nóa, þ. e. um Nesveg, Hofsvallagötu, Hringbraut, Barónsstíg, og numið staðar neðst á þeim stíg gegnt Hafnarbíói. Þar hafi hún farið úr bifreiðinni, en ákærði kallað í stöðina, að hann væri tilbúinn til vinnu. Hún kveðst síðan hafa farið upp á fyrstu hæð í húsi Nóa, þar sem stimpilklukkan var, og stimplað sig komna. Síðan hafi hún farið upp á aðra hæð og skilið þar eftir yfirhöfn sína og að því loknu farið aftur niður á fyrstu hæð, þar sem vinnustaður hennar var. Hún kveðst hafa heyrt í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins, að leigubifreiðarstjóri hefði fundizt látinn af skotsári að morgni 18. janúar 1968, og hafi hún þá verið að borða hádegisverð á vinnustað sínum í Nóa. Hún staðhæfir, að þennan sama morgun hafi ákærði ekið henni til vinnu og hafi hún ekki orðið vör við neitt óvenjulegt eða sérkennilegt við hann. Hún kveðst telja útilokað, að hann hafi verið kominn á fætur á undan henni þennan morgun, því það hafi aldrei komið fyrir, á meðan hún vann í Nóa. Hún hafi ávallt verið komin á fætur á undan ákærða.

Henni vitanlega hafi það aldrei komið fyrir, að ákærði væri næturlangt í burtu af heimilinu. Hún minnst ekki neinna sérstakra orðaskipta ákærða eða móður sinnar út af andláti bifreiðarstjórans.

Helgi Sveinbjörnsson var skráður háseti á m/s Ásgeiri, RE 60, eign Ísbjarnarins h/f, frá 6. janúar til 3. febrúar 1968, og stundaði skipið þá síldveiðar í Norðursjó. Hinn 18. janúar var skipið statt í eða skammt frá Færeyjum. Kveðst Helgi hafa heyrt í fréttum íslenska útvarpsins, að Gunnar Sigurður Tryggvason hefði verið myrtur, og hefði honum brugðið illa við fréttina, þar eð faðir hans vann við akstur bifreiðar. Annars hefur Helgi skorazt undan frekari vitnisburði en þegar hefur verið rakið hér að framan í dómi þessum.

Stefanía Aðalsteinsdóttir frú, Miklubraut 13 hér í borg, systir eiginkonu ákærða, kveður, að Aðalsteinn faðir þeirra, sem búsettur sé á Fáskrúðsfirði, hafi verið hér fyrir sunnan um jólin veturinn 1967—1968, en hún man ekki, hvenær hann kom eða fór. Hún segir, að hann hafi dvalizt á víxl hjá fjórum börnum sínum, þ. e. þeim systurum svo og bræðrum þeirra, Marinó í Hafnarfirði og Guðlaugi í Vogum, eina nótt eða fleiri í einu hjá hverju þeirra, en hún man ekki, hvar hann dvaldist á hverjum tíma þennan vetur. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort Aðalsteinn var staddur hér, þegar Gunnar Sigurður fannst látinn. Hún bætir því við, að hana minni, að Aðalsteinn hafi sagt, svo að hún heyrði til: „Svenni var heima alla þessa nótt“ eða eitthvað á þá leið og að hér hafi verið átt við nóttina, sem Gunnar Sigurður fannst látinn, en hún kveðst þó ekkert vilja fullyrða um, að hann hafi sagt þetta.

Aðalsteinn Stefánsson sjómaður, til heimilis á Fáskrúðsfirði, skýrir frá því, að það hafi verið venja hans, eftir að hann varð ekkjumaður fyrir um 8 árum, að koma hingað suður á vetri hverjum og dveljast hjá börnum sínum um tíma og oftast yfir jólin. Hann kveðst hafa komið hingað nokkru fyrir jól veturinn 1967—1968 og dvalizt hér fram í byrjun febrúar 1968. Hann hafi dvalizt lengst af hjá Karólínu dóttur sinni á Sækambi, en nótt og nótt eða viku og viku hjá hinum börnum sínum þremur. Á Sækambi hafi hann sofið einn í herbergi uppi á annarri hæð í húsinu, en á þeirri hæð hafi svefnherbergi þeirra Karólínu og ákærða einnig verið. Hann kveðst oftast nær hafa vaknað á Sækambi kl. að ganga átta á morgnana við það, að Karólína var að vekja Rögnu og ákærða, og hafi honum verið kunnugt

um, að ákærði ók Rögnu til vinnu á morgnana og að hún átti að vera komin á vinnustað kl. 0730. Hann hafi svo heyrt, þegar ákærði fór niður stigann, en síðan hafi hann lagzt aftur til svefnis án þess að hafa opnað dyrnar að svefnherbergi sínu. Hann kveðst venjulega hafa verið kominn upp í herbergi sitt til að fara að sofa um kl. 2300 eða klukkan að ganga 2400. Það hafi komið fyrir, að hann hafi tekið þátt í spilum að Sækambi á kvöldin, en hann hafi þó verið kominn upp í herbergi sitt fyrir eða um miðnætti. Það hafi sjaldan, ef það hafi þá nokkru sinni komið fyrir, að ákærði tók þátt í spilamennsku að kvöldlagi. Hann segir, að ákærði hafi oft komið heim frá bifreiðarakstri fyrir miðnætti, en stundum hafi hann komið nokkru síðar, eða kl. 0100, 0200 eða kl. 0230, og hafi það einkum verið um helgar. Hann kveðst sofa laust, en mikill hávaði hafi gjarnan verið samfara komu ákærða heim vegna ískurs í útidyrhurð, sem hafi verið rétt fyrir neðan glugga á herbergi hans, þannig að hann hafi nær alltaf orðið var við komu ákærða. Hann kveðst ekki hafa orðið var við eða vita til þess, að ákærði kæmi ekki heim að Sækambi næturlangt í hitteðfyrri. Aðalsteinn kveðst hafa verið búinn að dveljast á Sækambi frá því fyrir jól, þegar frétt barst um, að leigubifreiðarstjóri hefði fundizt í bifreið sinni, látinn af völdum skotsárs, hér í borginni. Hann heldur, að hann hafi heyrt fyrst um atburð þennan í útvarpstæki á Sækambi um hádegi sama dag og atburðurinn var talinn hafa gerzt, og kveður hann, að bæði ákærði og Karólína hafi heyrt í útvarpsfréttinni um leið og hann. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, hvenær ákærði hefur komið heim að Sækambi kvöldið eða nóttina, áður en fréttin um lát bifreiðarstjórans var lesin í hádegisútvarpinu. Þá minnst hann ekki sérstaklega fimmtudagsmorgunsins 18. janúar 1968 og hvernig þá hefur verið varið för ákærða og Rögnu frá Sækambi. Í tilefni af fyrrgreindum framburði Stefáníu Aðalsteinsdóttur kveðst hann ekki minnst þess sérstaklega, að hann hafi látið orð falla um, að ákærði hefði verið heima alla aðfaranótt 18. janúar 1968. Aðalsteinn kveðst hafa dvalizt hér fyrir sunnan á s.l. vetri frá því fyrir jól og hafi hann verið á Sækambi, þegar ákærði var handtekinn. Lárus Salómons-son lögreglumaður hafi komið þangað til að tala við ákærða og þegar hinn síðarnefndi hafi farið að útidyrnunum til að taka á móti Lárusi, hafi hann heyrt ákærða segja: „Ég ætla að biðja Lárus um að hjálpa mér“. Stuttu síðar sama dag hafi Lárus komið aftur að Sækambi til að flytja ákærða til rannsóknarlög-

reglunnar, en hann kveðst ekki hafa vitað fyrr en síðar, hvert tilefnið var.

Samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins var lesin upp í útvarpinu um kl. 1230 í hádegisfréttum 18. janúar 1968 meðal annars svohljóðandi innlend frétt:

„Klukkan 7.15 í morgun var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að maður, sem virtist meðvitundarlaus, sæti í bílstjórásæti leigubifreiðar, sem stóð á Laugalæk á milli Sundlaugavegar og Bugðulækjar. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang og fundu manninn, en hann var bílstjórinn á leigubifreiðinni. Hann var með skotsár aftan á höfðinu. Maðurinn var þegar fluttur í sjúkrabifreið í slysavarðstofuna, en var látinn, þegar þangað kom.

Enn sem komið er hefur enginn verið handtekinn í sambandi við mál þetta. Frekari vitneskja er ekki fyrir hendi“.

Í miðaftansfréttum Ríkisútvarpsins kl. 1700 sama dag var skýrt frá því, að umræddur maður hefði verið Gunnar Tryggvason, leigubifreiðarstjóri á Hreyfli í Reykjavík.

#### B.

Lögð hafa verið fram í málinu stimpilklukkuspjöld Rögnu Sveinbjörnsdóttur hjá Sælgætisgerðinni Nóa fyrir mánuðina desember 1967 svo og janúar og febrúar 1968. Stimplun spjaldanna er þannig:

#### *Desember 1967.*

1.	7.29		
2.			
3.			
4. M	7.41	M	16.43
5. TU	7.34	TU	16.42
6. W	7.35	W	16.42
7. TH	7.38	TH	18.33
8. FR	7.44	FR	17.44
9.			
10.			
11. M	8.44	M	18.31
12. TU	7.25	TU	18.30
13. W	7.33	W	18.30
14.			
15.		FR	16.03
16.			

17.			
18.	M	7.29	M 18.30
19.	TU	7.32	TU 18.31
20.	W	7.48	W 18.31
21.	TH	7.39	TH 18.31
22.	FR	7.35	FR 19.04
23.			
24.			
25.			
26.			
27.	W	7.10	W 16.44
28.		TH 12.57	TH 16.42
29.	FR	7.23	FR 16.01
30.			
31.			

*Január 1968.*

1.	TU	7.22	TU 16.44
2.		W 13.13	W 16.42
3.	TH	7.37	TH 16.43
4.	FR	7.28	FR 15.59
5.			
6.			
7.			
8.	M	7.36	M 16.42
9.	TU	7.30	TU 16.42
10.	W	7.36	W 16.42
11.	TH	7.40	TH 16.42
12.	FR	7.48	FR 16.04
13.			
14.			
15.	M	7.29	M 16.42
16.	TU	7.34	TU 16.42
17.	W	7.42	W 16.42
18.	TH	7.31	TH 16.42
19.	FR	7.34	FR 16.02
20.			
21.			
22.	M	7.30	M 16.42
23.	TU	7.31	TU 16.42
24.	W	7.32	W 16.42

25. TH	7.33	TH	16.42
26. FR	7.36	FR	16.03
27.			
28.			
29. M	7.32	M	16.42
30. TU	7.35	TU	16.42
31. W	7.23		

*Febrúar 1968.*

1. TH	7.33	TH	16.42
2.			
3.			
4.			
5.			
6. TU	7.36	TU	16.42
7. W	7.40	W	16.42
8. TH	7.41	TH	16.42
9. FR	7.30	FR	16.03
10.			
11.			
12. M	7.31	M	16.42
13. TU	7.36	TU	16.42
14. W	7.32	W	16.42
15.			
16.			

Óskar Sigurður Óskarsson, skrifstofustjóri hjá Nóa, Laugarnesvegi 64 hér í borg, kveður, að ekki sé unnið hjá því fyrirtæki á laugardögum og að reglulegur vinnutími mánudaga til föstudaga að þeim dögum meðtöldum sé frá kl. 0730 til kl. 1645, en þó sé hætt örlítið fyrr á föstudögum. Ragna Sveinbjörnsdóttir hafi unnið hjá fyrirtækinu frá ágúst 1967 til febrúar 1968 og ekki verið í ákveðnum vinnuflokki, heldur verið færð á milli deilda og unnið þá ýmiss konar verk.

Í tilefni af stimplun Rögnu til vinnu kl. 1313 miðvikudaginn 3. janúar segir hún, að hún muni hafa farið í skoðun til læknis að morgni þess dags.

Margar konur, sem unnu hjá Nóa á sama tíma og Ragna, hafa borið vitni í málinu, og verður nú rakinn framburður þeirra:

Halldóra Guðmundsdóttir, Laugavegi 56 hér í borg, kveður, að Ragna og hún hafi unnið mest allan tímann í sama vinnusal. Hún man ekki sérstaklega eftir því, hvort Ragna kom til vinnu

á morgnana gangandi eða í bifreið, og minnst þess ekki að hafa séð hana koma til vinnu og oft hafi hún verið komin á vinnustað á undan Rögnu. Hún tekur þó fram, að Ragna hafi einhverju sinni haft orð á því við hana, að faðir hennar hefði ekið henni í vinnu þá um morguninn, en hún minnst þess ekki, að hún hefði orð á því, að hann hefði gert það oft. Hún minnst þess, að faðir Rögnu sótti hana stundum á vinnustað í lok vinnudags, einkum þegar veður var vont, og ók hann þá einnig heim Helgu móður sinni, sem vann einnig í Nóa. Halldóra minnst þess, að einn morgun heyrði hún á vinnustaðnum, að leigubifreiðarstjóri hefði verið myrtur þá um nóttina, og dregur hún ekki í efa, að það hafi verið að morgni 18. janúar 1968. Þennan morgun hafði hún verið að vinna með Helgu, móður ákærða. Hún minnst þess, að Helga var óttaslegin út af ákærða, þar sem þá var ekki vitað á vinnustaðnum, hvert var nafn hins myrta bifreiðarstjóra. Hún minnst þess, að Helga sagði við hana, að hún vildi fara í síma til að spyrjast fyrir um ákærða. Helga hafi svo farið í burtu, en Halldóra kveðst ekki hafa vitað, hvert hún ætlaði að hringja, og minnst hún þess ekki, að hún segði henni það. Nokkru síðar hafi Helga komið aftur til hennar og sagzt þá vera búin að hringja og hefði hún fengið það staðfest, að allt væri í lagi með ákærða. Halldóru minnir, að þetta hafi gerzt fyrir hádegi fyrrgreindan dag. Hún kveðst ekki muna sérstaklega eftir Rögnu þennan dag, en þær hafi þá unnið í sama vinnusal. Hún kveðst ekki muna, hvort Ragna var viðstödd fyrrgreind orðaskipti hennar og Helgu eða hvort Ragna var í vinnu þennan morgun eða dag.

Guðbjörg Gréta Bjarnadóttir, Hlégerði 33, Kópavogi, kveður, að þær Ragna hafi unnið allan tímann í sömu deild. Hún kveðst hafa séð Rögnu nokkrum sinnum koma til vinnu að morgni og hafi hún þá komið ýmist í leigubifreið eða gangandi. Karlmaður hafi ekið leigubifreiðinni og hafi hún talið víst, að það væri faðir Rögnu, enda hafi hún heyrt talað um það á vinnustaðnum, að faðir hennar æki henni stundum til vinnu. Hún segir, að þegar Ragna hafi komið gangandi, hafi hún gengið út frá því, að hún hefði farið í strætisvagni frá heimili sínu einhvers staðar vestur í bæ og farið úr vagninum skammt frá vinnustaðnum og gengið svo seinasta spölinn þangað. Hún heldur, að það hafi líklega verið oft, sem hún hafi séð Rögnu koma til vinnu í bifreið en gangandi, en hún getur ekki sagt um, hvort hún hafi komið oft í bifreið seinni hluta starfstímans heldur en fyrri hluta hans. Þá kveðst hún hafa vitað til þess, að faðir Rögnu

kom stundum til að sækja hana á vinnustað að loknum starfsdegi, og það kom fyrir, að hún sá Rögnu fara út í fólksbifreið eftir vinnu.

Kolbrún Jónsdóttir, Langagerði 34 hér í borg, kveðst hafa unnið í sömu deild og Ragna. Hún kveðst hafa séð nokkuð oft, að Ragna kom til vinnu í bifreið, sem faðir hennar ók, og heldur hún, að það hafi frekar verið seinni hluta starfstíma hennar, en þá var hún orðin ófrísk. Í þessum tilvikum kom hún í vinnuna um eða nálægt kl. 0730. Einnig hafi það komið fyrir, að hún hafi séð Rögnu koma gangandi á vinnustað, en hún getur ekki sagt um, hvort hún var þá nýkomin úr strætisvagni eða einhverju öðru ökutæki. Í þeim tilvikum hafi hún komið heldur fyrir kl. 0730, og þá heldur fyrir en ella. Hún segir, að það hafi komið fyrir, en þó sjaldan, að einhver starfsmanna gat um það án sérstaks tilefnis, að Ragna hefði komið í vinnuna í bifreið föður síns, en hún minnst þess ekki, að Ragna hefði orð á því sérstaklega, að faðir hennar hefði ekið henni í vinnuna.

Sigríður Helga Guðmundsdóttir, Hlíðargerði 22 hér í borg, kveður, að Ragna hafi unnið í sömu deild og hún. Hún kveðst hafa oft séð Rögnu koma til vinnu að morgni í leigubifreið, og sagði Ragna henni, að bifreiðarstjórinn væri faðir hennar. Hún tekur fram, að þetta hafi verið frekar seinni hluta tímabilsins, sem Ragna vann hjá Nóa, en þá var hún orðin ófrísk. Hún kveðst einu sinni hafa verið samferða Rögnu til vinnu að morgni í strætisvagni á Seltjarnarnesleið, en hún man ekki nánar um það, hvenær það hefur verið. Hún getur ekki sagt um, hvort Ragna kom oftár í strætisvagni til vinnu.

Guðbjörg Ingibjörg Jóhannesdóttir, Hólmgarði 23 hér í borg, kveðst hafa unnið í Nóa allan þann tíma, sem Ragna vann þar. Hún minnst þess ekki að hafa séð Rögnu koma til vinnu að morgni og tekur fram í því sambandi, að vegna áætlunarferða strætisvagna hafi hún ekki komið í vinnuna fyrir en um kl. 0740. Hún kveður, að Ragna og Helga, amma hennar, sem vann einnig í Nóa, hafi sagt henni, að fyrst eftir að Ragna fór að vinna þarna og áður en hún varð ófrísk, hefði hún komið með strætisvagni til vinnu á morgnana, en þegar komið var fram á veturinn og þegar líða tók á meðgöngutíma hennar, hefði faðir hennar ekið henni oft til vinnu og eins stundum sótt hana, þegar vinnu var lokið.

Guðrún Karlsdóttir, Hraunbæ 44 hér í borg, kveðst hafa unnið í Nóa allan tímann, sem Ragna vann þar. Hún kveðst aldrei hafa

séð Rögnu koma til vinnu að morgni og geti hún því ekkert sagt um það, hvort hún kom þá í bifreið eða gangandi. Þá minnst hún þess heldur ekki, að Ragna hefði nokkru sinni orð á því, að faðir hennar æki henni til vinnu eða að hún kæmi á vinnustað með strætisvagni eða gangandi. Hins vegar kveðst hún hafa haldið, að Ragna kæmi í vinnuna með strætisvagni, vegna þess að hún vissi, að hún bjó vestur í bæ.

Guðlaug Albertsdóttir, Seljavegi 4 hér í borg, kveður, að þær Ragna hafi unnið í sömu deild. Hún segir, að það hafi komið fyrir, en þó ekki oft, að hún sá Rögnu koma til vinnu að morgni í bifreið, sem faðir hennar ók, en hún getur ekki sagt um, hvort það var frekar fyrri en seinni hluta starfstíma hennar. Hún kveðst aldrei hafa séð Rögnu koma gangandi í vinnu.

### C.

Porkell Þorkelsson, stöðvarstjóri á Bæjarleiðum, til heimilis á Grettisgötu 31 hér í borg, hefur skýrt frá því, að í aðalafgreiðslu stöðvarinnar á Langholtsvegi sé haldin viðskiptabók og séu þar skráðar allar ferðir, sem bifreiðar stöðvarinnar fara samkvæmt beiðni frá aðalafgreiðslunni. Bifreiðarstjórar séu tilgreindir með númeri og hafi ákærði haft afgreiðslunúmerið 92 í bókinni. Þá sé tímasetning ekki tilgreind við hvern einstakan akstur, heldur aðeins við og við, eins og bókin beri með sér.

Porkell hefur sýnt sakadómi viðskiptabók stöðvarinnar. Dagana 17 og 18. janúar 1968 eru ferðir ákærða (nr. 92) bókaðar þar, eins og hér segir:

Hinn 17. janúar kl. 7.30 að Karfavogi 36.

— — — — 7.50 að Hólmgarði 28.

— — — — 9.00 að Eskihlíð 10.

— — — — 12.30 að Langholtsvegi 32.

— — — — 14.50 að Skólavörðustíg 17 B.

— — — — 15.15 að Grettisgötu 54.

— — — — 17.20 að Rauðalæk 26.

— — — — 20.15 að Njörvasundi 17.

— 18. — — 7.35 að Kleppsvegi 72.

— — — — um 8.10 að F. Í. (þ. e. að afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkflugvelli), Soffía.

— — — — um eða rétt eftir 8.40 að Réttarholtsvegi 37.

— — — — 13.30 að Kassagerðinni, austan.

— — — — 14.10 að Röntgendeild Landspítalans.

— — — — 22.35 að Skaftahlíð 10.

Þorkell kveðst ekki hafa verið á bifreiðastöðinni aðfaranótt 18. janúar 1968, heldur hafi kona að nafni Sigríður Þórisdóttir, sem nú sé látin, verið á vakt þar til kl. 0700 um morguninn, en þá muni hafa komið á vakt Hans Tómasson, enda sýni viðskiptabókin ólíkar rithendur á þeim tíma. Þorkell telur, að vafalaust hafi atvik verið þau um kl. 0735 þennan morgun, að hringt hafi verið á stöðina og beðið um, að bifreið yrði send að Kleppsvegi 72, og síðan hafi verið kallað frá stöðinni í staur Bæjarleiða austan Dalbrautar og norðan Sundlaugarvegur og ef það hafi ekki dugað, hafi verið kallað upp Dalbrautarsvæðið. Bifreiðarstjóri með afgreiðslunúmerið 92 hafi þá gefið sig fram við stöðina og hún þá beðið hann um að fara að Kleppsvegi 72. Um leið hafi tíminn verið tekinn og ferðin færð til bókar. Þorkell kveður, að mörk Dalbrautarsvæðis séu Sundahöfn, Kamsvegur, Múlavegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur og Nóatún norður í sjó. Bifreiðin R 15612 hafi þá sennilegast verið á þessu svæði, en þó sé ekki útilokað, að hún hafi verið á öðru afgreiðslusvæði stöðvarinnar og þá verið send þaðan að Kleppsvegi 72. Hefði það einna helst getað gerzt, ef erfitt hefur verið að fá bifreið á Dalbrautarsvæðinu.

Hans Jörgen Klingenberg Tómasson, afgreiðslumaður á Bæjarleiðum, til heimilis á Hrefnugötu 1 hér í borg, kveðst hafa komið á vakt í aðalstöðinni við Langholtsveg kl. 0700 fyrrgreindan morgun, og kveðst hann muna eftir því, að hann sendi ákærða í bifreiðarferð, en hann man ekki hvert eða á hvaða tíma morgunsins það var. Hann man heldur ekki eftir því, hvort hann kallaði ákærða upp í talstöð eða hvort hann talaði við hann á stöðinni. Hann man ekkert frekar um akstur ákærða þennan morgun. Hann segir, að sá háttur sé á hafður í afgreiðslu stöðvarinnar, að þegar beiðni um bifreið kemur þangað í síma, kalli afgreiðslumaðurinn um talstöð í Dalbrautarstaurinn, sem er fyrir norðan Sundlaugarveg og austan Dalbrautar, og ef enginn svarar þar, kalli hann upp Dalbrautarsvæðið og ef engin bifreið svarar þá, sem kemur stundum fyrir, sé leitað til bifreiða utan svæðisins.

Ákærði kveðst ekkert muna nánar eða frekar um leigubifreiðarakstur sinn að morgni 18. janúar 1968 en hann hefur þegar frá skýrt. Í tilefni af bókunum í viðskiptabók Bæjarleiða um fyrrgreindar þrjár ferðir hans þennan morgun segir ákærði, að oft hafi verið beðið um bifreið að Kleppsvegi 72, en hann muni þó ekki eftir neinum tilteknum einstaklingi, sem beðið hafi um bifreið þangað. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því

að hafa ekið að Flugfélagi Íslands þennan morgun, en tekur fram, að ef beðið er um bifreið að afgreiðslu félagsins á Reykjavíkurflugvelli, sé gefið upp nafn þess, sem bifreiðina pantar, en hann muni ekki eftir kvenmanni að nafni Soffía. Þá kveðst hann ekki muna sérstaklega eftir því að hafa ekið að Réttarholtsvegi 37 nefndan morgun.

Þess er getið í I. kafla dóms þessa, að Gísli Álfgeirsson kveðst hafa séð bifreiðina R 461 á Laugalæk, að því er hann heldur um kl. 0615 til kl. 0620 greindan morgun, á leið sinni til aðalstöðvar Bæjarleiða við Langholtsveg. Hann kveðst hafa verið skamma stund á stöðinni og ekið svo með farþega, sem þar var staddur. Hann heldur, að stúlkan, sem var á vakt á stöðinni, muni ekki hafa séð, þegar hann ók með farþegann burt þaðan, og því sé ferð þessi ekki færð til bókar. Hann kveðst ekki muna, hvaða farþegi þetta var, en minnir, að hann hafi ekið honum í Laugarnes eða út á Suðurlandsbraut, en þar hafi farþeginn farið upp í langferðabifreið, sem Keflavíkurkaupstaður eigi og fór á þessum tíma snemma á morgnana frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar með fólk, sem vinnur þar. Því næst kveðst hann hafa ekið aftur að aðalstöðinni við Langholtsveg, og heldur hann, að klukkan hafi verið nálægt 0700, þegar hann kom þangað aftur. Rétt á eftir kveðst hann hafa séð ákærða koma inn á stöðina og talað eitthvað við hann almennt um daginn og veginn og ekki getað séð neitt athugavert eða óvenjulegt við hann. Hann minnir, að hann (Gísli) hafi svo ekið stúlkunni, sem hafði verið á vakt á stöðinni til kl. 0700, heim til sín á Hjallaveg. Hann segir, að hún hafi sent hann í ökuferð og fengið að sitja í bifreiðinni heim til sín á leiðinni. Að gefnu tilefni hefur Gísli ítrekað það, að hann minni endilega og telur sig vera öruggan um að hafa séð og talað við ákærða fyrrgreindan morgun, 18. janúar 1968. Hann tekur fram, að áður en hann fór burt af stöðinni með stúlkuna, hafi bifreiðarstjóri að nafni Gísli Guðmundsson verið kominn þangað. Minnir hann, að Gísli og ákærði hafi talað saman í þetta skipti og að þeir hafi rætt um bát, sem væri nýkominn eða væri í þann veginn að koma úr róðri. Hann kveðst síðan hafa heyrt í ákærða í talstöð bifreiðarinnar við og við um morguninn.

Í tilefni af framburði Gísla segir ákærði, að hann hafi örugglega ekki getað verið kominn á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg fyrr en eftir kl. 0730. Hann segir, að hann hljóti að hafa komið á stöðina, en man þó ekkert nánar um það. Hann man ekki sérstaklega eftir því að hafa talað við Gísla þennan morgun.

Frekara samræmi hefur ekki náðst milli framburða Gísla Álfgeirssonar og ákærða þrátt fyrir samprófun þeirra.

Gísli Guðmundsson, Langholtsvegi 160 hér í borg, kveðst hafa ekið leigubifreið frá Bæjarleiðum veturinn 1967—1968 og hafið akstur venjulega um kl. 0730 eða rétt fyrir kl. 0800 að morgni. Hann kveðst hafa verið við akstur að morgni þess dags, þegar það spurðist, að bifreiðarstjóri hefði fundizt skotinn í bifreið sinni hér í borginni. Hann man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann kom á aðalstöð Bæjarleiða við Langholtsveg þennan morgun eða hvort hann talaði þá við ákærða, en hann minnir, að hann haft heyrt í ákærða þennan morgun í talstöð bifreiðarinnar. Í tilefni af framburði Gísla Álfgeirssonar telur hann það vera mjög ótrúlegt, að hann hafi verið kominn á aðalstöðina við Langholtsveg um eða eftir kl. 0700 um morguninn, því að venjulega hafi hann, áður en hann hóf leigubifreiðarakstur, ekið tveimur börnum sínum, sem hafi átt að vera komin á barnaheimili við Suðurlandsbraut rétt fyrir kl. 0800, svo og konu sinni, sem hafi byrjað vinnu á Hrafnistu kl. 0800, og hafi hann venjulega ekki byrjað leiguakstur fyrr en kl. um 0730 eða laust fyrir kl. 0800. Þó segir hann, að ef hann hefði ekki þurft af einhverjum ástæðum að aka konu sinni með börnin á barnaheimilið, gæti verið, að hann hefði verið kominn á aðalstöðina fyrr en venjulega. Hann kveðst hafa verið um tíma skipverji á m/b Ásgeiri, RE 60, en þó ekki samtímis Helga, syni ákærða. Vitnið kveðst oft hafa rætt við ákærða um það, hvort bátur þessi væri kominn hingað til hafnar, því að hann ók skipverjum oft í bifreið sinni, þegar þeir voru í landi, en hvort hann hefur rætt við ákærða um bátinn margnefndan morgun, man hann ekki.

Ákærði segir, að Gísli Guðmundsson og hann hafi ræðzt oft við um m/b Ásgeir, RE 60, en Helgi sonur hans og Gísli hafi um skeið verið skipverjar á bátnum, þó eigi samtímis. Ákærði kveðst ekki minnast þess, að Gísli og hann hafi rætt saman á stöð Bæjarleiða að morgni 18. janúar 1968, og hann staðhæfir, að það hafi ekki getað verið fyrir kl. 0800 þann morgun.

Leifur Jónsson rannsóknarlögreglumaður hefur kannað, hvað segir um akstur Gísla Álfgeirssonar og Gísla Guðmundssonar í fyrrgreindri viðskiptabók Bæjarleiða að morgni 18. janúar 1968. Samkvæmt þeirri könnun er Gísli Álfgeirsson fyrst bókaður í ökuferð þennan morgun laust fyrir kl. 0700 og síðan kl. 0705, 0735, kl. 0750 og kl. 0810. Gísli Guðmundsson er ekki bókaður

í ökuferð frá miðnætti aðfaranótt 18. janúar 1968 til hádegis sama dag.

Rannsóknarlögreglumenn hafa farið í húsið nr. 72 við Kleppsvog og í afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli svo og í húsið nr. 37 við Réttarholtsveg hér í borg í því skyni að afla upplýsinga um akstur ákærða á þessa staði fyrrgreindan morgun, en eigi hafa komið fram í málinu frekari upplýsingar um það efni.

Rannsóknarlögreglumenn hafa einnig reynt að afla upplýsinga um farþega þann, sem Gísli Álfgeirsson kveðst hafa ekið með frá stöð Bæjarleiða við Langholtsveg í Laugarnes eða út á Suðurlandsbraut í veg fyrir langferðabifreið, sem hafi farið til Keflavíkurflugvallar. Fram hefur komið, að Finnur Skarphéðinn Njálsson, bifreiðarstjóri hjá Sérleyfisbifreiðum Keflavíkur, Ásabraut 9, Keflavík, hefur ekið greindan morgun starfsfólki varnarlíðsins, hér búsettu, héðan úr borginni suður á Keflavíkurflugvöll. Hann kveðst hafa lagt af stað frá Keflavík um kl. 0530 og tekið farþega á mörgum stöðum hér í borginni. Hann hafi verið laust fyrir eða um kl. 0625 við mót Miklubrautar og Suðurlandsbrautar, nálægt kl. 0630 við Austurbrún 2, stuttu síðar við Dalbraut og um kl. 0700 á Miklubraut milli Miklatorgs og Háaleitisbrautar. Hann segir, að stundum hafi farþegar ekki verið mættir á réttum tíma, þar sem bifreiðin nam staðar, og hafi þeir þá tekið leigubifreið og ekið í veg fyrir bifreið hans og náð henni síðar. Það hefur ekki tekizt að upplýsa, hver verið hafi fyrrgreindur farþegi Gísla Álfgeirssonar þennan morgun.

Árni Haraldsson verzlunarmaður, Langholtsvegi 10 hér í borg, opnaði kaffistofu í Austurstræti 4 árið 1966, og kom ákærði þangað mjög oft, en kunningsskapur hafði verið á milli þeirra í mörg ár vegna vináttu Árna og Jóhannesar Jósefssoar. Árna minnir þó, að hann geti ekki fullyrt neitt um það, að ákærði hafi komið í kaffistofuna til hans milli kl. 1000 og kl. 1200 morguninn, sem Gunnar Sigurður fannst látinn. Þeir hafi ekkert talað um þann atburð, og kveðst Árni þá ekki hafa vitað um hann og ekki fengið vitneskju um hann fyrr en við lestur dagblaðsins Vísis eftir hádegi um daginn. Þá segir Árni, að skömmu síðar hafi hann og ákærði talað minnsta kosti í tvö skipti saman um morðið á Gunnari Sigurði, en hann man ekki sérstaklega eftir því, hvor þeirra hóf máls á því. Honum virtist ákærði vera jafnhissa og hann á því, að svona atburður gæti komið fyrir, og hann minnst þess ekki að hafa orðið var við nokkra breytingu

á honum, þegar þeir ræddu um málið. Hann man ekki sérstaklega eftir því, að þeir hafi talað um, hvort líkindi væru fyrir því, að morðið mundi upplýsast eða að ákærði léti nokkur orð falla um það atriði. Hann minnst þess, að ákærði sagði honum, að hann hefði verið boðaður til rannsóknarlögreglunnar út af skammbyssu, sem horfið hefði frá Jóhannesi Jósefssyni, og að einnig hefðu verið boðaðir til hennar af sama tilefni menn, sem hefðu verið að gera við hús Jóhannesar við Tjarnarstíg á Sel-tjarnarnesi. Komið hafi þá til tals á milli hans og ákærða, að kúla sú, sem hafði orðið Gunnari Sigurði að bana, væri af sömu stærð (cal.) og byssan, sem horfið hafði frá Jóhannesi, en hann getur ekki fullyrt um, hvort ákærði sagði þetta að fyrra bragði við hann.

Ákærði kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, hvort hann hefur komið í kaffistofuna til Árna Haraldssonar og þeir rætt saman um dauða Gunnars Sigurðar annað hvort sama daginn, sem sá áburður varð, eða síðar, en hann telur það vel trúlegt og ef svo hefur verið, geti hann ekki sagt um, hvor þeirra hefur byrjað að tala um það mál eða hvernig orðaskipti þeirra hafa verið. Hann kveður, að frásögn Árna um þetta efni sé mjög sennileg, en hann kveðst ekkert muna nánar um samtál eða samtöl þeirra um málið.

Sakadómurinn hefur fengið í hendur viðskiptabækur aðalstöðvar Bæjarleiða við Langholtsveg yfir tímabilið 1. desember 1967 til 14. febrúar 1968. Leifur Jónsson hefur samið skýrslu um akstur ákærða á þessu tímabili samkvæmt bókunum. Hann hefur yfirleitt tekið aðeins seinustu ökuferð ákærða að kvöldi eða nóttu og fyrstu ökuferð hans að morgni, en þó getið fleiri ökuferða í nokkrum tilvikum. Tímasetningar eru ekki tilgreindar í bókunum við hverja einstaka ökuferð, heldur með nokkru millibili, og kveðst Leifur þá hafa reynt að komast eins nálægt réttum tíma og mögulegt er með samanburði við aðrar tímasetningar í bókunum. Samkvæmt þessari skýrslu Leifs var akstur ákærða eftirtalda daga þannig:

Miðvikudagur 6. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1700, en fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0015 og næstu ferðir nálægt kl. 0700 og kl. 0800. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0735.

Miðvikudagur 13. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2200, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. 0730 og kl. 0845. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0733.

Föstudagur 22. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2250, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru milli kl. 0610 og 0750, kl. laust fyrir 0750 og kl. laust eftir 0800. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0739.

Miðvikudagur 27. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1600. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0100 og því næst um nóttina og morguninn sem hér segir: Kl. milli 0115 og 0300 (tvær ferðir), kl. laust eftir 0300, kl. 0400, kl. 0430, kl. laust eftir 0430, kl. 0600, kl. laust fyrir 0700, kl. laust eftir 0700, kl. 0715, kl. 0800, kl. laust eftir 0800 og kl. 0840. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0716. („Ath.: þarna virðist hafa verið tvístimplað á spjaldið komutími, stimpluð ofan í aðra tölu, sem ekki er hægt að lesa“).

Föstudagur 29. desember: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2300. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0100 og síðan um nóttina og morguninn sem hér segir: Kl. 0200, kl. milli 0200 og 0300, kl. milli 0300 og 0400, kl. laust eftir 0715 og kl. milli 0715 og 0830 (þrjár ferðir). Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0723.

Þriðjudagur 2. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. laust eftir 2300. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 2225 og síðan um nóttina og morguninn sem hér segir: Kl. 0340, kl. laust fyrir 0400, kl. 0500, kl. laust fyrir 0600 og kl. 0900. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0722.

Föstudagur 5. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1500, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. laust eftir 0700 og síðan kl. 0800. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0728.

Mánudagur 8. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. milli 2000 og 2100, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. laust eftir 0700 (tvær ferðir) og þriðja ferðin milli kl. 0700 og kl. 1000. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0736.

Þriðjudagur 9. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1500, en fyrsta og eina ferð hans þennan dag er kl. 1625. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0730.

Miðvikudagur 10. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1625. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. laust eftir 0655 og síðan fjórar ferðir á sama tímabili þar á eftir og því næst kl. 0845. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0736.

Föstudagur 19. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. rétt eftir 2230. Fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. milli

0700 og kl. 0745 (tvær ferðir) og síðan kl. laust eftir 0745. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0734.

Þriðjudagur 23. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 1334. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. laust eftir 0700 og síðan kl. milli 0700 og 0815 og ein kl. laust fyrir 0815. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0731.

Miðvikudagur 24. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð hans kl. 1200, en þennan dag er engin ferð hjá honum bókuð. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0732.

Föstudagur 26. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2330. Fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 0100 og síðan sem hér segir: Kl. 0245, kl. laust eftir 0700, kl. laust fyrir 0800 og kl. 0830. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0736.

Miðvikudagur 31. janúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. milli 1030 og 1150, en fyrsta ferð hans þennan dag er kl. 2100. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0723.

Föstudagur 9. febrúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. laust eftir 2205, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. laust eftir 0658 og kl. 0750. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0730.

Mánudagur 12. febrúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2210, en þennan dag er engin ferð hjá honum bókuð. Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0731.

Miðvikudagur 14. febrúar: Daginn áður er seinasta ökuferð ákærða kl. 2337, en fyrstu ferðir hans þennan dag eru kl. um 0700 og kl. milli 0700 og 0830 (tvær ferðir). Ragna var stimpluð inn til vinnu kl. 0732.

Hinn 17. júlí f. á. var ákærða gerð kunn framangreind skýrsla Leifs Jónssonar og vakin sérstök athygli hans á stimplun Rögnu til vinnu fyrrnefnda 18 daga og á akstri hans sömu daga. Framburður hans um það efni var þá þannig:

Um 6. desember: Hann segir, að í þessu tilviki gæti verið, að hann hefði lofað að aka einhverjum á þessum tíma og því hafi hann ekki ekið Rögnu til vinnu þennan morgun, en hann kveðst þó ekkert geta fullyrt um þetta.

Um 13. desember: Hann segir, að hér geti verið um tíma-skekkju að ræða í bók Bæjarleiða.

Um 22. desember: Hann segir, að hér geti verið um tíma-skekkju að ræða eða ritað hafi verið skakkt bifreiðarnúmer.

Um 27. desember: Hann kveðst ekki vefengja það, sem þar segir um ökuferðir hans, og hefur hann þá ekki ekið Rögnu til

vinnu þennan morgun, nema ein af hinum bókuðu ferðum hafi verið farin að Sækambi til að sækja Rögnu til að aka henni í vinnuna.

Um 29. desember: Hann segir, að hér hljóti að vera um einhverja tímaskekkju að ræða.

Um 2. janúar: Hann segir, að það hafi hlotið að vera mikið að gera þessa nótt. Möguleiki sé á því, að hann hafi sótt Rögnu að Sækambi og ekið henni í vinnuna, án þess að hann kæmi heim um nóttina.

Um 5. janúar: Hann segir, að það sé mjög ótrúlegt, að hann hafi farið í ökuferð, áður en hann hafi ekið Rögnu til vinnu.

Um 8. janúar: Hann segir, að hér sé trúlega um tímaskekkju að ræða.

Um 10. janúar: Hann segir, að verið geti, að hann hafi verið búinn að lofa einhverjum að fara í ökuferð með hann snemma þennan morgun og að sú ferð hafi verið farin, áður en hann ók Rögnu til vinnu. Þá segir hann, að möguleiki sé á því, að ritað hafi verið skakkt bifreiðarnúmer í bók Bæjarleiða.

Um 19. janúar: Hann segir, að hér muni vera um einhverja tímaskekkju í bók Bæjarleiða að ræða.

Um 23. janúar: Hann segir ekkert sérstakt út af bókunum þennan morgun.

Um 26. janúar: Hann segir, að það sé ótrúlegt og komi ekki til, að hann hafi hafið leiguakstur þennan morgun, áður en hann hefði ekið Rögnu til vinnu.

Um 9. febrúar: Hann segir, að möguleiki sé á því, að einhver hafi verið búinn að panta ökuferð hjá honum þetta snemma morguns, og hafi hann þá farið ferðina, áður en hann ók Rögnu til vinnu.

Um 14. febrúar: Hann óskar ekkert sérstakt að taka fram í tilefni af bókunum þennan morgun.

Um 9., 24. og 31. janúar svo og 12. febrúar: Hann segir, að verið geti, að hann hafi ekki ekið Rögnu til vinnu þessa morgna, en það geti einnig verið, að hann hafi gert það, og að því loknu farið með bifreiðina til viðgerðar þessa daga og því ekki verið við leigubifreiðarakstur. Ef hann hafi farið með bifreiðina á verkstæði, hefur hann farið annað hvort til Sigurðar Helgasonar að Súðarvogi 36 eða Jóhannesar í Blesugróf eða þá á rafmagns-verkstæði, sem er í Skúlatúni 4 eða 6.

Í tilefni af framangreindum framburði ákærða um akstur hans 27. desember 1967 kveður Leifur Jónsson, að samkvæmt við-

skiptabókum Bæjarleiða hafi ákærði farið þann morgun á eftirtalda staði: Laust fyrir kl. 0700 að Safamýri 71, laust eftir kl. 0700 að Holtsapóteki, laust eftir kl. 0715 að Hótel Sögu og kl. 0800 að Grænaadal í Blesugróf. Engin ferð sé bókuð að heimili ákærða að Sækambi.

Þá hafa vitni borið um viðgerðir á bifreiðinni R 15612 í janúar og febrúar 1968, og er framburður þeirra sem hér greinir:

Sigurður Helgason bifvélavirki, Vallarbraut 6, Seltjarnarnesi, kveðst hafa rekið bifreiðaverkstæði að Súðarvogi 38 hér í borg síðan um miðjan febrúar 1968 og sé fyrsta færslan í bókhaldi hans vegna rekstrar verkstæðisins dagsett 19. febrúar það ár. Hann minnst þess ekki að hafa annazt bifreiðarviðgerð fyrir ákærða, áður en hann hóf rekstur verkstæðisins, en eftir það kveðst hann hafa í nokkur skipti gert við bifreið hans, R 15612. Hann segir, að kona sín og kona ákærða séu systkinadætur.

Árni Jóhannes Sveinsson bifvélavirki, Fellsmúla 10 hér í borg, kveðst hafa rekið bifreiðaverkstæði síðan í júní 1956 við húsið Eystri-Hól í Blesugróf hér í borginni og hafi R 15612 verið meðal þeirra bifreiða, sem hann hafi annazt viðgerðir á, bæði áður og eftir að ákærði fór að aka henni. Hann segir, að samkvæmt bókum verkstæðisins hafi bifreiðinni R 15612 á tímabilinu 20. desember 1967 til 12. febrúar 1968 verið komið þar til viðgerðar í eitt skipti og hafi það verið 6. febrúar.

Árni Sighvatsson rafvélavirki, Sólheimum 26 hér í borg, kveðst hafa rekið raftækjavinnustofuna Raf síðan árið 1957 eða 1958 og seinustu fjögur árin hafi hún verið í Skúlatúni 4 hér í borginni. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir bifreiðinni R 15612 eða ákærða. Hann segir, að samkvæmt bókum vinnustofunnar hafi bifreið þessi verið tvisvar til viðgerðar á tímabilinu frá september 1967 til ársloka 1968. Í fyrra skiptið hafi það verið 27. september 1967 og í seinna skipti 5. desember sama ár. Hann kveður, að önnur raftækjavinnustofa en Raf sé ekki við Skúlatún.

Hinn 5. september f. á. voru ákærða gerðir kunnir framburðir nefndra þriggja vitna, og hafði hann þá ekkert við þá að athuga. Jafnframt kvað hann, að ekki gæti verið um það að ræða, að hann hefði farið með bifreiðina R 15612 til viðgerðar dagana 9., 24. og 31. janúar svo og 12. febrúar 1968. Kvað hann nú, að til væri sá möguleiki, að hann hefði verið lasinn þessa fjóra daga eða einhvern þeirra, og því ekki ekið bifreiðinni. Enn fremur nefndi hann sem mögulega ástæðu fyrir því, að hann

hefði ekki ekið bifreiðinni einn af þessum fjórum dögum, að árshátíð Bæjarleiða hefði verið kvöldið áður. Hinn 15. september f. á. var ákærða gerður kunnur fyrrgreindur framburður Leifs Jónssonar um akstur hans að morgni 27. desember 1967. Ákærði kvaðst ekkert sérstakt hafa við framburðinn að athuga og eftir honum að dæma hafi hann ekki ekið Rögnu til vinnu þann morgun. Jafnframt kvaðst hann nú minna fastlega, að þorablót Sjálfstæðisfélags Seltjarnarneshrepps hefði verið haldið 8. janúar 1968 í Garðahreppi, og hefði hann farið þangað ásamt konu sinni og öðrum hjónum og hefði hann þá ekki ekið leigubifreið sinni að morgni 9. sama mánaðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Bæjarleiðum var árshátíð stöðvarinnar haldin 4. febrúar 1968, og samkvæmt upplýsingum frá Sjálfstæðisfélagi Seltirninga var þorablót félagsins haldið í samkomuhúsinu að Garðaholti 2. marz sama ár. Þessar upplýsingar hafa verið gerðar ákærða kunnar, og kveður hann þá, að þær leiði í ljós, að hann hefur misminnt, hvenær greind árshátíð og þorablót voru haldin.

Rannsóknarlögreglan hefur spurt þrjá bifreiðarstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur um það, hvort þeir geti borið um, hvort Ragna Sveinbjörnsdóttir hafi ferðazt með strætisvagni að morgni. Helgi Sigurður Hallgrímsson, Akurgerði 56 hér í borg, kveðst hafa ekið út á Seltjarnarnes lengst af síðan árið 1953. Hann kannast við tvær dætur ákærða og man eftir því, að þegar önnur þeirra var ófrísk, ferðaðist hún með vagninum, en hann man ekki, á hvaða tíma dags það var. Hann gegndi starfi að morgni 18. janúar 1968, en man ekki, hvort dóttir ákærða fór með vagninum þann morgun. Stefán Kristjánsson, Miklubraut 66 hér í borg, kveðst hafa ekið út á Seltjarnarnes í tvö og hálf ár og þekkja börn ákærða í sjón, en getur ekki sagt um, á hvaða tímum þau hafa ferðazt með vagninum. Hann getur því ekki sagt um, hvort dóttir ákærða hafi verið með vagninum inn í borgina með fyrstu ferð að morgni dags. Jón Samúelsson, B götu 11, Blesugróf hér í borg, kveðst hafa ekið út á Seltjarnarnes í 22 ár og kannast við ákærða í sjón svo og son hans og yngri dóttur, en hann kemur ekki eldri dóttur hans fyrir sig. Hann getur því ekki sagt um, hvort hún hafi verið farþegi í vagninum að morgni dags á árinu 1968.

#### VI. kafli.

Samkvæmt upplýsingum frá H/f Ölgerðinni Agli Skallagrímsyni vann Gunnar Sigurður Tryggvason hjá því fyrirtæki við

bifreiðarakstur frá 1. júlí 1945 til 6. júní 1947. Hinn 1. janúar 1948 hóf hann leigubifreiðarakstur hjá Samvinnufélaginu Hreyfli hér í borg og gegndi því starfi til dánardags. Seinasta bifreiðin, sem hann ók og átti, var Mercedes Benz bifreiðin R 461 af árgreið 1964, og var hún skrásett 8. apríl það ár.

Foreldrar hans voru Tryggvi Jóhannesson verkamaður og kona hans, Aðalheiður Sigurðardóttir, og eignuðust þau tvö börn önnur, Þuríði Jóhönnu, sem hefur verið búsett í Bandaríkjunum lengst af síðan á árinu 1952, fædd 15. maí 1921, svo og Sveinbjörn Mjófjörð rakara, nú til heimilis að Álíheimum 32 hér í borg, fæddan 24. apríl 1933. Með afsali, dags. 22. desember 1959, keyptu þeir Tryggvi og Gunnar Sigurður húsið nr. 8 við Kambsveg hér í borg, hinn fyrrnefndi að  $\frac{5}{8}$  hlutum og hinn síðarnefndi að  $\frac{3}{8}$  hlutum, og flutti Tryggvi ásamt konu sinni og sonum þangað. Aðalheiður andaðist 16. janúar 1966, og bjó Tryggvi þá með sonum sínum áfram í húsinu, og höfðu þeir hvorki ráðskonu né húshjálp, en matreiddu sjálfir. Í nóvember 1967 fór Sveinbjörn Mjófjörð að búa með konu að nafni Gunnvör Magnússon í hluta hússins, og höfðu þá húshald sér, en í húsinu voru tvö eldhús, annað á neðri hæð en hitt á efri hæð hússins. Þau Sveinbjörn Mjófjörð og Gunnvör eiga eitt barn saman.

Haustið 1968 fór Tryggvi vestur um haf til Þuríðar dóttur sinnar og andaðist þar 24. marz 1969. Hann var ekki yfirheyrður í dómi, en 20. janúar og 1. febrúar 1968 gaf hann rannsóknarlögreglunni skýrslu, og í I. kafla hér að framan er getið frásagnar hans um peningaveski og peninga þá, sem Gunnar Sigurður hafi borið á sér. Frásögn Tryggva hjá rannsóknarlögreglunni er annars þessi:

Hann kveður, að Gunnar Sigurður hafi tognað á liðamótum aftan á hnjánunum, þegar hann var innan við fermingaraldur, við að hlaupa yfir skurð. Gunnar Sigurður hafi síðan verið bilaður í fótum og átt erfitt með gang og hreyfingar, einkum eftir að hann fitnaði, og hann hafi einnig orðið mjög þreyttur í fótunum, ef hann reyndi sérstaklega á þá. Hann hafi því ekki getað stundar bifreiðarakstur neitt á við aðra leigubifreiðarstjóra og því haft styttri vinnutíma en félagar hans almennt. Langtímum saman á kvöldin hafi hann setið með fæturna í saltvatni, áður en hann fór að vinna, og fundizt það vera heldur til bóta. Hann hafi ávallt stundað vinnu sína á nóttunni og byrjað venjulega akstur um eða eftir miðnætti og ekið til morguns, eftir því sem á stóð. Hann hafi verið vanafastur og reglusamur og vikið lítið

frá þeim venjum, sem hann hafði myndað sér og vanið sig við.

Tryggvi segir, að Gunnar Sigurður og hann hafi verið mjög samrýmdir og búið alltaf saman og haft í reyndinni sameiginlegan fjárhag, en hann sat í óskiptu búi eftir lát konu sinnar. Gunnar Sigurður hafi lagt til heimilisins að sínum hluta og fyllilega það, án þess að nokkur reikningur væri haldinn, og einnig séð um allar útréttingar fyrir heimilið og notað bifreið sína til heimilisþarfa, þegar þess þurfti með. Sparifé þeirra hafi verið lagt inn í tvær sparisjóðsbækur í Útvegsbanka Íslands og hafi önnur þeirra, sem var ávísanabók, verið á nafni Gunnars Sigurðar, en hann viti ekki, á hvors nafni hin bókin var, en það var almenn bók. Hann kveður, að Gunnar Sigurður hafi séð um greiðslur opinberra gjalda fyrir hann og þá tekið fé úr hinum sameiginlega sjóði þeirra. Tryggvi kveðst hafa selt húseign sína Efstasund 52, um leið og þeir Gunnar Sigurður keyptu Kambsveg 8, en hinn síðarnefndi hafi unnið hálf milljón króna í happdrætti og varið meira en helmingi fjárhæðarinnar til húskaupanna og keypt sér einnig bifreið fyrir vinninginn. Samkvæmt upplýsingum Happpdrættis Háskóla Íslands vann Gunnar Sigurður nefnda fjárhæð í því happdrætti í janúar 1958. Tryggvi kveðst því hafa verið vel kunnugur fjárhag Gunnars Sigurðar og hafi hann enga peninga átt umfram þá, sem voru í sparisjóðsbókum þeirra. Hann telur, að Gunnar Sigurður hafi aldrei lánað peninga nema þá bróður sínum, Sveinbirni Mjófjörð. Hann segist ekki geta látið sér detta í hug, að Gunnar Sigurður hafi átt nokkurn óvin eða óvildarmann, enda hafi hann verið þrúðmenni og ekki gert á hluta nokkurs manns. Hann hafi verið heimakær og fáir komið í heimsókn til hans, og Tryggvi kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann hefði verið við konu kenndur eða verið í kunningskap við nokkra konu.

Sveinbjörn Mjófjörð Tryggvason kveður, að Gunnar Sigurður hafi ekið aðallega að næturlagi, því að honum hafi þótt það rólegra en að aka að degi til. Hann hafi átt erfitt um gang og muni hann máskje af þeim ástæðum hafa fundið til minnimáttarkenndar eða orðið hlédrægur. Hann hafi ekki verið gefinn fyrir skemmtanir eða mannfagnað og unað bezt heima hjá sér í frítímum sínum. Hann hafi séð um matartilbúning fyrir sig og föður þeirra. Hann hafi neytt áfengis aðeins í örfá skipti á ári og ávallt mjög í hófi. Sveinbjörn Mjóferð kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann væri nokkurn tíma við konu kenndur. Hann kveðst ekki geta skilið, að hann hafi átt nokkurn óvildarmann,

og hann hafi aldrei heyrt hann tala illa um nokkurn mann. Hann heldur, að Gunnar Sigurður hafi komizt sæmilega af fjárhagslega, enda hafi hann verið mjög reglusamur í fjármálum og nægjusamur í lífsháttum. Hann veit ekki til þess, að Gunnar Sigurður hafi lánað öðrum fé, og fullyrðir, að ef hann hafi lánað einhverjum fé, hafi það ekki verið til að hagnast á því. Hann kveðst oft hafa fengið smáupphæðir að láni hjá honum, eftir að hann varð fyrir atvinnuslysi, en hann hafi endurgreitt honum lánin án vaxta af slysabótum sínum. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort Gunnar Sigurður var vanur að hafa mikla peninga á sér við bifreiðarakstur, en telur það vera ólíklegt vegna þess, hve varkár hann var. Hann getur ekki sagt um, hvort Gunnar Sigurður hafi verið með tvö veski við bifreiðarakstur, en hann hafi að minnsta kosti verið með eitt veski og hafi hann geymt í fötum sínum og einnig á nóttunni, þegar hann gekk til náða. Hann kveðst hafa verið á Kambsvegi 8 nóttina, sem Gunnar Sigurður var skotinn til bana, og séð hann seinast, stuttu eftir að sjónvarpsdagskráin íslenska var úti þá um kvöldið, en þá hafi Gunnar Sigurður farið út til vinnu. Hann sá þá ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt við hann, og hann vissi ekki til þess, að hann ætti í einhverjum erfiðleikum á þessum tíma. Hann kveðst vita, hver ákærði er, en hann minnst þess ekki að hafa talað við hann, eftir að hann varð leigubifreiðarstjóri, og reyndar í enn lengri tíma. Hann veit ekki til þess, að Gunnar Sigurður og ákærði hafi þekkt eða talast við, og hann veit heldur ekki til þess, að ákærði kæmi nokkru sinni á Kambsveg 8 eða spyrði eftir Gunnari Sigurði. Hann veit heldur ekki til þess, að þeir hafi átt einhver viðskipti eða samskipti saman, og hann man ekki til þess að hafa heyrt Gunnar Sigurð minnst nokkru sinni á ákærða.

Gunnvör Magnússon hefur dvalizt í Danmörku síðan í júní 1969, og hefur hún eigi verið yfirheyrð í dómi, en 7. febrúar 1968 mætti hún hjá rannsóknarlögreglunni. Hún kveðst þá ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð, fyrr en eftir að hún og Sveinbjörn Mjófjörð fóru að búa saman að Kambsvegi 8 um miðjan nóvember 1967, en eftir það hafi hún kynnt honum lítillaga. Hann hafi stöku sinnum komið inn á heimili þeirra Sveinbjörns Mjófjörðs og verið maður rólegur og talað frekar fátt. Hún hafi vitað lítið um, hvaða fólk hann þekkti eða umgekkst, og því síður vitað til þess, að nokkrum manni væri illa við hann. Hún kveðst ekki hafa séð hann, daginn áður en hann fannst látinn.

Þuríður Jóhanna Tryggvadóttir hefur einnig borið vitni í mál-

inu. Hún kveðst hafa komið hingað til lands mánuði eftir dauða Gunnars Sigurðar og dvalizt hér síðan í 8 mánuði, en þá hafi hún farið af landi burt ásamt föður sínum og hann dvalið á heimili hennar fyrir vestan haf, þar til hann andaðist. Hún kveður, að þau feðgin hafi rætt mikið um það, hver hefði verið ástæðan fyrir því, að Gunnar Sigurður var myrtur, og þau hafi í því skyni athugað skjöl hans og leitað að öllum mögulegum skýringum, en ekkert fundið, sem varpað gæti ljósi á málið. Þuríður Jóhanna kveðst hafa spurt föður sinn um það, hvort Gunnar Sigurður hefði verið með einhverri stúlku, og hefði hann sagt, að svo hefði ekki verið. Hann hafi þó sagt, að kona ein hefði verið að hringja í Gunnar Sigurð til að biðja hann um að kaupa vín fyrir hana og koma með það til hennar. Hún kveðst hafa séð nafn konunnar ritað í vasabók Gunnars Sigurðar, nokkru eftir að hún kom hingað til lands í febrúar 1968, en þegar hún hafi ætlað að líta síðar í bókina, hafi hún ekki fundið hana og hafi hún þá gengið út frá því, að faðir hennar hefði tekið hana til geymslu. Hann hafi þó ekki kannast við það og talið, að bókin hefði verið tekin. Þuríður Jóhanna kveðst ekki muna nafn konunnar, en segir þó, að það hafi byrjað á bókstafnum G, og hún fullyrðir, að faðir hennar hafi sagt, að konan væri gift sjómanni, og að því er hana minnir loftskeytamanni. Hún heldur, að konan hafi ekki borið ættarnafn, og hefði hún munað nafnið frekar, ef svo hefði verið. Aðspurð kveðst hún ekki kannast við konu að nafni Guðlaug Skagfjörð, sbr. VII. kafla hér á eftir. Hún kveðst vera viss um, að náíð samband hafi ekki verið á milli konunnar og Gunnars Sigurðar, og hafi faðir hennar sagt, að Gunnar Sigurður hefði verið leiður á kvabbi konunnar og sagt stundum, að hann skyldi segja, að hann væri ekki heima eða sofandi, þegar hún hringdi. Þuríður Jóhanna kveður, að faðir hennar hafi sagt, að hann þekkti húsið, sem konan ætti heima í, og hafi komið til tals, að hann sýndi henni, hvar það væri, en ekkert hafi orðið úr því. Hann hafi ekki vitað við hvaða götu húsið var, en ratað þangað, því að hann hafi farið með Gunnari Sigurði þangað heim, þegar hann fór með vín til konunnar. Þuríður Jóhanna kveðst nú ekki geta munað, í hvaða borgarhluta húsið var, þó að hún hafi hugsað mikið um það. Hún segir, að faðir hennar hafi sagt, að konan hefði komið í eitt skipti heim til þeirra, en hann hefði ekki lýst henni eða nefnt aldur hennar. Þuríður Jóhanna kveðst ekkert kannast við ákærða og veit ekki til þess, að faðir hennar eða bræður hafi þekkt hann.

Vinir Gunnars Sigurðar voru aðallega þrír, þeir Geir Róbert Jónsson verkamaður, Hjallavegi 9, Geir Kristjánsson verkstjóri, Bólstaðarhlíð 66, og Haukur Leifs Friðriksson bakari, Grensásvegi 26, allir hér í borg, og hafði hann þekkt þá frá fermingaraldri. Þeir bera allir, að Gunnar Sigurður hafi verið góður í umgengni, hlédrægur og hæglatúr. Hann hafi talað vel um fólk og hafi þeir ekki vitað til þess, að hann ætti nokkurn óvildarmann. Hann hafi verið lítið gefinn fyrir að mæta á mannamótum og verið mest heima hjá sér í frítímum sínum. Hann hafi neytt aðeins lítillaga áfengis og lifað reglusömu lífi. Þeim vitanlega hafi hann aldrei verið við konu kenndur. Þeir hafi ekki vitað til þess, að hann ætti í einhverjum fjárhagsörðugleikum eða að hann lánaði öðrum fé. Þeir segjast ekki vita, hvort hann var vanur að hafa háar peningaupphæðir á sér við bifreiðarakstur, en Geir Róbert kveður, að hann hafi einhverju sinni sagt honum, að hann væri með tvö peningaveski við akstur og hefði hann 5, 10 og 25 króna seðla í öðru þeirra, en stærri seðla í hinu. Veskin geymdi hann í brjóstvösum í jakka eða treyju sinni. Enn fremur hefði hann poka með skiptimynt í geymsluhólfi bifreiðarinnar. Enginn hinna þriggja veit til þess, að Gunnar Sigurður hafi þekkt ákærða, og þeir minnst þess ekki, að hann hafi nokkru sinni talað um hann.

Bifreiðarstjórarnir Magnús Sigurðsson, Árni Björn Jónsson, Jón Hilmar Þórarinsson og Guðmundur Valur Guðmundsson, sem getið er í I. kafla dómsins hér að framan, unnu árum saman og sumir mjög lengi með Gunnari Sigurði á Bifreiðastöðinni Hreyfli. Þeim ber öllum saman um, að hann hafi ekið leigubifreið sinni frekar að næturlagi en að degi til. Þeir segjast ekki vita til þess, að hann hafi átt vingott við eða umgengizt konur eða að hann hafi átt einhvern óvildarmann eða að hann hafi leigt út fé. Enginn þeirra veit til þess, að hann hafi þekkt ákærða. Árni Björn Jónsson kveður, að Gunnar Sigurður hafi verið með tvö peningaveski við akstur. Annað hafi hann geymt í jakkavasa, en hitt í bakvasa í fötum sínum, en hann man ekki hvorum megin. Í öðru veskinu hafi hann geymt stærri peningaupphæðir og nótur, en í hinu smærri upphæðir, en Árni Björn kveðst ekki geta sagt um, hvort veskið hann geymdi í jakkavasa eða bakvasa. Hann segir, að Gunnar Sigurður hafi oft skipt eitt þúsund króna seðli fyrir starfsfélaga sína og þá tekið upp annað veskið, en úr hvaða vasa, man hann ekki. Jón Hilmar Þórarinsson kveðst hafa séð Gunnar Sigurð stuttu fyrir andlát sitt skipta

eitt þúsund króna seðli og taka þá fram veski úr innanverðum jakkavasa sínum. Einnig hafi hann verið með annað minna veski í bakvasa á buxum sínum og hafi ávísanahefti verið í því. Jón Hilmar kveðst hafa heyrt hann segja, að veskið í jakkavasanum væri „keyrsluveskið“, þ. e. veskið, sem hann notaði við bifreiðar-akstur, en veskið í buxnavasanum notaði hann til persónulegra þarfa.

Útvegsbanki Íslands hefur upplýst, að tvær sparisjóðsbækur hafi verið á nafni Gunnars Sigurðar Tryggvasonar í bankanum, ávísanabók nr. 3139 og almenn bók nr. 30447. Yfirlit yfir færslur í bókunum hefur verið lagt fram í málinu. Yfirlit ávísanabókarinnar sýnir, að innstæða hennar var 15. marz 1966 kr. 15.000.00, og eftir það varð hún hæst 25. ágúst sama ár kr. 59.400.00. Í lok þess árs nam hún kr. 10.455.11 og í árslok 1967 kr. 34.157.11. Hinn 16. janúar 1968 voru út teknar kr. 3.000.00, og er það eina færslan á því ári, og nam því innstæða bókarinnar við andlát Gunnars Sigurðar kr. 31.157.11. Yfirlit almennu bókarinnar sýnir, að innstæða hennar nam 21. nóvember 1961 kr. 9.102.40, og eftir það varð hún hæst 23. október 1962 kr. 65.856.39. Í lok þess árs nam hún kr. 21.998.33, í árslok 1963 kr. 2.895.31, í árslok 1964 kr. 1.169.31, í árslok 1965 kr. 15.810.31, í árslok 1966 kr. 16.917.31 og í árslok 1967 kr. 25.347.31. Var það innstæða bókarinnar við andlát Gunnars Sigurðar.

Útvegsbankinn hefur upplýst, að Gunnar Sigurður hefur ekki, svo að séð verði, verið samþykkjandi á víxlum, sem bankinn hefur keypt, og heldur ekki falið bankanum innheimtur víxla eða skuldabréfa eða haft umráð yfir geymsluhólfi þar.

Eftirtaldir bankar og sparisjóðir: Landsbanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Samvinnubanki Íslands h/f, Verzlunarbani Íslands h/f, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóður alþýðu, Sparisjóðurinn Pundið og Sparisjóður vélstjóra hafa gefið þær upplýsingar, að Gunnar Sigurður hafi ekki, svo að séð verði, falið stofnunum þessum innheimtu á víxlum eða skuldabréfum eða verið samþykkjandi á víxli eða víxlum, sem þær hafa keypt, eða haft umráð yfir geymsluhólfi þar eða haft einhver önnur viðskipti við stofnanirnar.

Samkvæmt skattframtölum Gunnars Sigurðar námu tekjur hans seinustu árin sem hér segir: Árið 1962 kr. 88.914.00 (?), árið 1963 kr. 86.070.00, árið 1964 kr. 123.666.00, árið 1965 kr. 128.986.00 og árið 1966 kr. 138.881.00. Samkvæmt skattframtali hans árið 1967 námu eignir hans í árslok 1966 samtals kr.

231.828.00, þar af  $\frac{3}{8}$  hluti Kambsvegjar 8, kr. 45.750.00, bifreiðin R 461, kr. 132.600.00, og stofnsjóðsinnstæður o. fl., kr. 33.473.35, en skuldir hans námu kr. 25.126.85.

Eftirtalin tryggingafélög: Almennar Tryggingar h/f, Hagtrygging h/f, Líftryggingafélagið Andvaka, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f og Vátryggingaskrifstofa Sigfúsar Sighvatssonar h/f, sem hafa öll líftryggingadeild, hafa gefið þær upplýsingar, að Gunnar Sigurður hafi ekki verið líftryggður hjá þeim.

#### VII. kafli.

Fram hafa komið í málinu ýmsar upplýsingar um ákærða, bæði um fjármál hans og ýmsa aðra einkahagi. Verða þær nú raktar:

##### A.

Foreldrar hans eru þau Gísli Gíslason, fyrrverandi matsveinn, Ásvallagötu 55, og Helga Guðbjörg Sigurbjarnadóttir, Laugavegi 126 hér í borg. Þau voru ógift, og ólst ákærði upp hjá móður sinni. Eftir lok seinni heimsstyrjaldar giftist hún pípulagningameistara, sem ákærða minnir, að hafi andazt árið 1957. Fyrstu árin bjuggu þau ákærði og móðir hans í Þingholtsstræti 8, en síðan á Baldursgötu 29, en þegar hann var 10 eða 11 ára, fluttu þau á Njálsgötu 52 B og þaðan á Laugaveg 86, þar sem hann átti heima, þar til hann kvæntist Karólínu Aðalsteinsdóttur árið 1949. Fyrst í stað bjuggu þau hjónin að Austurkoti við Faxaskjól, en líklega árið 1950, frekar en árið 1949, að sögn ákærða, en árið 1951 að sögn konu hans, fluttu þau að Sækambi, en Jóhannes Jósefsson átti bæði húsin. Ákærði þurfti ekki að greiða húsaleigu, og voru afnot húsnæðisins hluti af starfskjörum hans. Með afsali, dags. 4. nóvember 1961, gaf Jóhannes ákærða húsið Sækamb ásamt tilheyrandi eignarlóð kvaðalaust, en fasteignamat eignarinnar var kr. 35.000.00. Ákærði segir, að eftir að hann hætti að vinna á Hótel Borg, hafi hann hafið vinnu í skrifstofu Pípuverksmiðjunnar h/f hér í borg, og heldur hann, að hann hafi unnið hjá því fyrirtæki árin 1960—1962 og máské eithvað lengur. Eftir það hafi hann ekið leigubifreið hjá Bifreiðastöð Steindórs og muni það hafa verið á árunum 1963—1966. Síðan hafi hann unnið í frystihúsinu Ísbirninum á Seltjarnarnesi, eða þar til hann hóf leigubifreiðarakstur hjá Bæjarleiðum á árinu 1966 eða 1967. Hann kveðst eiga marga vini og kunningja, en engan einn öðrum fremur. Hann kveðst ekki hafa átt neinn sérstakan vin í hópi bifreiðarstjóra á Bifreiðastöð Steindórs eða

Bæjarleiðum, og kveðst hann hafa umgengizt starfsfélaga sína nokkuð jafnt. Þeir hafi verið kunningjar hans og hafi hann engan óvin átt í hópi þeirra. Hann kveðst ekki hafa skemmt sér með þeim í heimahúsum, en tvívegis farið á árhátíð starfsmanna Bifreiðastöðvar Steindórs og einnig tvívegis á árhátíð starfsmanna Bæjarleiða.

Ákærði kveðst hafa komizt vel af fjárhagslega, á meðan hann vann hjá Jóhannesi Jósefssyni og á Hótel Borg og verið skuldlaus, þegar hann hætti störfum þar. Upp frá því hafi hann farið að safna skuldum, þó að hann hafi haft venjulegar árstekjur þeirra leigubifreiðarstjóra, sem áttu ekki ökutækið sjálfir. Verða nú rakin nokkur viðskipti ákærða svo og skuldasöfnun:

Síðla árs 1961 keypti ákærði 5 manna fólksbifreið af gerðinni Ford Zodiac til einkaþarfa sinna. Bifreiðin hlaut skrásetningarmerkið G 288. Kaupverðið var kr. 120.000.00, og greiddi hann það þannig: 1) Með láni, sem hann fékk hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis til 10 ára, að fjárhæð kr. 40.000.00, tryggðu með 1. veðrétti í húsinu Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 29. nóvember 1961, 2) með þremur skuldabréfum ákærða, útgefnum til handhafa, að fjárhæð kr. 20.000.00 hvert, og með kr. 1.500.00 afborgunum á mánuði, tryggðu með 2. veðrétti í Sækambi samkvæmt þremur veðskuldabréfum, dags. 27. nóvember 1961, svo og 3) með víxli, samþykktum af ákærða 18. nóvember 1961, til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 20.000.00, tryggðum með 3. veðrétti í Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 27. nóvember 1961. Hann kveðst hafa selt bifreið þessa á árinu 1968 sem varahluti fyrir um kr. 6.000.00.

Með bréfi, dags. 28. febrúar 1962, fór ákærði þess á leit við Samvinnutryggingar, að þær veittu honum lán að fjárhæð kr. 20.000.00, sem tryggt væri hvort heldur í húsi hans Sækambi eða bifreið hans, G 288, og það jafnframt um tryggingu á fyrrnefndum eignum svo og um heimilistryggingu. Ákærði fékk lánið í marz sama ár, og var það tryggt með 4. veðrétti í Sækambi. Lánið skyldi endurgreiðast með 8 jöfnum ársfjórðungsgreiðslum og í fyrsta skipti 1. júlí fyrrgreint ár.

Í maí 1963 fékk ákærði lán í Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 25.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna fjármála sinna almennt. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 25. maí 1963, með gjalddaga 25. nóvember sama ár, en útgefandi var eiginkona hans. Víxillinn var tryggður með 5. veðrétti í Sækambi samkvæmt tryggingarbréfi, dags. 25. maí

það ár. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 19. nóvember 1966, með gjalddaga 19. desember sama ár, að fjárhæð kr. 17.000.00.

Í nóvember 1963 fékk ákærði lán í Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 25.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna almennra fjárhagserfiðleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 27. nóvember 1963, með gjalddaga 19. desember sama ár, en útgefandi víxilsins var kunningi hans, Kristinn Jóhann Björgvin Helgason verkamaður, Bauganesi 1 A hér í borg. Vixillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, þar til það var að fullu greitt, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 2. september 1966, með gjalddaga 15. október sama ár, að fjárhæð kr. 1.000.00.

Seinni hluta árs 1964 hitti ákærði Margeir Jón Magnússon víxlara, Miðstræti 3 A hér í borg, að máli eftir auglýsingu í dagblaði og grennslaðist fyrir um það, hvort hann vildi veita honum lán. Varð úr, að Margeir Jón veitti honum peningalán. Ákærði samþykkti víxil til 6 mánaða, með gjalddaga 12. maí 1965, að fjárhæð kr. 112.500.00, tryggðan með 6. veðrétti í Sækambi samkvæmt tryggingarbréfi, dags. 12. nóvember 1964, en Margeir Jón samþykkti víxil, útgefinn af ákærða 13. nóvember 1964, með gjalddaga 13. nóvember 1984, að fjárhæð kr. 37.500.00, og greiddi ákærða í reiðufé kr. 75.000.00. Ákærði kveður þó, að frá útborguðu reiðufé hafi verið dregnar nokkur þúsund krónur, sem hafi þá verið vextir eða einhver annar kostnaður, en hann muni ekki nánar, hve há sú upphæð var. Margeir Jón kveður hins vegar, að ákærði hafi enga vexti greitt og hafi hann ekki átt að greiða þá, fyrr en víxillinn yrði framlengdur. Hefur Margeir Jón máli sínu til stuðnings lagt fram skriflega yfirlýsingu ákærða, dags. 13. nóvember 1964, þar sem ákærði viðurkennir að hafa mótttekið af honum kr. 75.000.00 í peningum og kr. 37.500.00 í víxli, með gjalddaga 13. nóvember 1984, sem greiðslu á fyrrgreindum víxli að upphæð kr. 112.500.00. Ákærði kveðst hafa tekið lán þetta vegna þess, að hann hafi verið kominn í vanskil með greiðslu lána vegna bifreiðarinnar G 288 svo og opinberra gjalda vegna Sækambs.

Með tryggingarbréfi, dags. 19. júlí 1965, setti ákærði Sækambi að 6. veðrétti til tryggingar víxli, samþykktum af honum, með gjalddaga 17. janúar 1966, að fjárhæð kr. 35.000.00. Ákærði

kveður, að þetta hafi ekki verið nýtt lán, heldur vextir af fyrrgreindu láni að upphæð kr. 112.500.00, en hann muni ekki, fyrir hve langan tíma þeir voru. Margeir Jón kveður hins vegar, að þetta hafi verið nýtt lán, sem hann hafi veitt ákærða, og frá víxilfjárhæðinni hafi verið dregnir löglegir vextir fyrir láns tímabilið, sem hafi verið 6 mánuðir.

Ákærði kveður, að Margeir Jón hafi gengið mjög hart að honum með greiðslu greindra víxilskulda og hafi Hafþór Guðmundsson lögfræðingur verið í fyrirsvari fyrir hann. Hafþór hafi sagt honum, að hann hefði undir höndum fé, sem menn að nafni Ögmundur Helgason og Gunnlaugur Einarsson ættu, og hefði hann ráðstöfunarrétt fjárens. Hafi Hafþór boðizt til að lána ákærða fé þeirra til að greiða Margeiri Jóni og bjarga með því Sækambi frá uppboði í stuttan tíma. Ákærði kveðst hafa þegið þetta boð Hafþórs, og samþykkti hann tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 103.580.00, en hinn að fjárhæð kr. 62.148.00, báða með gjalddaga 13. desember 1966 og tryggða með 3. veðrétti í Sækambi samkvæmt tveimur tryggingarbréfum, dags. 14. október sama ár. Ákærði kveðst ekki muna útborgaðar lánsfjárhæðir eða með hvaða kjörum hann fékk lán þessi, en Hafþór hafi ekki afhent honum reiðufé, en sagzt mundu greiða Margeiri Jóni skuld ákærða við hann. Margeir Jón kveðst hafa afhent Hafþóri víxlana tvo til innheimtu og fengið þá greidda haustið 1966, að því er hann heldur. Hafþór Guðmundsson héraðsdómsslögmaður, Mávahlíð 48 hér í borg, kveður, að Margeir Jón Magnússon hafi afhent honum nefnda tvo víxla að fjárhæð kr. 112.500.00 og kr. 35.000.00 til að lýsa þeim við uppboð eignarinnar Sækambs, sem auglýst hafði verið. Uppboðinu hafi verið frestað og jafnframt hafi liðið nokkur tími, án þess að ákærði greiddi upphæðirnar. Hann hafi síðan lánað ákærða fé til þess, að hann gæti greitt skuldir sínar við Margeir Jón, og í því sambandi hafi ákærði samþykkt fyrrgreinda tvo víxla að fjárhæð kr. 103.580.00 og kr. 62.148.00. Upphæðir þessar hafi verið miðaðar við það, að ákærði gæti greitt upp skuldir sínar við Margeir Jón ásamt uppboðskostnaði, en einnig hafi verið innifalið í þeim 2% lántökugjald til hans (Hafþórs) svo og stimpilkostnaður víxlanna. Ákærði hafi svo greitt víxilfjárhæðirnar haustið 1967.

Í nóvember 1965 fékk ákærði lán í Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 35.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna almennra fjárhagserfiðleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 25. nóvember 1965, með gjald-

daga 25. febrúar 1966, en útgefandi víxilsins var mágur hans, Guðlaugur Aðalsteinsson frystihússtjóri, Nýjabæ í Vogum. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 22. júlí 1968, með gjalddaga 22. ágúst sama ár, að fjárhæð kr. 1.000.00.

Í desember 1965 fékk ákærði lán í Landsbanka Íslands að fjárhæð kr. 30.000.00, og kveðst hann hafa tekið það vegna fjárhagsörðugleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 18. desember 1965, með gjalddaga 16. maí 1966, en útgefandi víxilsins var mágur hans, Guðlaugur Aðalsteinsson. Víxillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum víxlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvíxill, útgefinn 29. nóvember 1966, með gjalddaga 10. desember sama ár, að fjárhæð kr. 9.500.00.

Hinn 18. júlí 1966 fékk ákærði lán í Sparisjóði Hafnarfjarðar að fjárhæð kr. 50.000.00 vegna almennra fjárhagsörðugleika sinna. Hann samþykkti víxil þeirrar fjárhæðar til nokkurra mánaða fyrir láninu, en útgefandi víxilsins var Þorlaug Júlíusdóttir, eiginkona mágs ákærða, Marinós Aðalsteinssonar sjómanns, Álfaskeiði 86, Hafnarfirði. Víxillinn var síðan framlengdur mörgum sinnum til þriggja mánaða í senn með smá afborgunum í hvert skipti, og 19. september f. á. var hann að eftirstöðvum kr. 7.000.00.

Árið 1967 fékk ákærði lán fyrir milligöngu Þorleifs Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Fyrirgreiðsluskrifstofunnar hér í borg, að fjárhæð kr. 375.000.00, og var það tryggt með 3. veðrétti í Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 1. nóvember það ár. Lánið skyldi endurgreiðast á fimm árum með jöfnum árlegum afborgunum og í fyrsta sinn 1. nóvember 1968. Ákærði kveður, að hér hafi ekki verið um okurlán að ræða. Lánið kveðst hann hafa tekið til greiðslu á fyrrgreindum lánnum, sem Hafþór Guðmundsson hafði veitt honum, og eldri skuldum vegna bifreiðarinnar G 288 svo og vegna kaupa á bifreiðinni R 15612.

Árið 1967 fékk ákærði lán í Landsbanka Íslands, og samþykkti hann víxil fyrir því, en útgefandi hans var fyrrgreindur Sigurður Helgason, Vallarbraut 6, Seltjarnarnesi. Sigurður kveður, að víxillinn hafi verið til þriggja mánaða, að fjárhæð kr. 50.000.00, og hefur ákærði ekki vefengt það. Víxillinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum með nýjum víxlum, og hefur einn þeirra verið lagður fram í málinu. Er hann útgefinn 23. október

1968, með gjalddaga 23. desember sama ár, að fjárhæð kr. 35.500.00. Sigurður kveður, að næsti framlengingarvixill hafi verið að fjárhæð kr. 34.000.00 og hafi hann greitt hann upp, eftir að hann var kominn í vanskil. Ákærði hafi síðan greitt honum kr. 7.000.00 upp í fjárhæð þessa.

Í nóvember 1967 fengu ákærði og kona hans lán í Útvegsbanka Íslands að fjárhæð kr. 25.000.00, og kveður hann, að lánið hafi verið tekið vegna kaupa á bifreiðinni R 15612. Gerður var vixill þeirrar fjárhæðar fyrir láninu, útgefinn 20. nóvember 1967, með gjalddaga 20. janúar 1968, en vegna þess að ákærði átti fyrir í bankanum ógreidda vixilskuld, ritaði kona hans á vixilinn sem samþykkjandi og ákærði sem ábekingur, en útgefandi var nefndur Sigurður Helgason. Vixillán þetta var síðan framlengt margsinnis með nýjum vixlum, og meðal annars hefur verið lagður fram í málinu framlengingarvixill, útgefinn 23. júní 1968, með gjalddaga 23. ágúst sama ár, að fjárhæð kr. 17.000.00. Sigurður kveður, að þetta lán hafi verið tekið stuttu eða nokkru eftir töku fyrrgreinds láns að fjárhæð kr. 50.000.00. Þá segir hann, að möguleiki sé á því, að nokkru fleiri og nýrri vixlar en nefndur 17 þúsund króna vixill hafi verið gefnir út til framlengingar á 25 þúsund króna vixlinum, en vixil þennan hafi hann ekki þurft að greiða. Hann segir, að ákærði hafi sagt honum, að báðir vixlarnir, sem hann ritaði á sem útgefandi, væru vegna kaupa hans á bifreiðinni R 15612.

Lagðir hafa verið fram í málinu þrjár vixlar, útgefnir af ákærða og samþykktir af konu hans, en ábaktir af Guðlaugi Aðalsteinsyni, mági hans, einn útgefinn 15. febrúar 1968, með gjalddaga 15. marz sama ár, að fjárhæð kr. 8.000.00, annar útgefinn 15. marz sama ár, með gjalddaga 30. apríl sama ár, að fjárhæð kr. 5.500.00, og hinn þriðji útgefinn 30. apríl sama ár, með gjalddaga 31. maí sama ár, að fjárhæð kr. 3.000.00, allir til greiðslu í Bún-aðarbanka Íslands. Ákærði heldur, að vixlar þessir séu til framlengingar á vixli, sem hafi verið nokkru hærrí en kr. 8.000.00 og gefinn út í sambandi við lán, sem þau hjónin fengu í greindum banka, líklega á árinu 1967, vegna almennra fjárhagsvandræða sinna.

Í ársbyrjun 1968 fengu ákærði og kona hans vixillán í Landsbanka Íslands, og var ákærði útgefandi vixilsins, en kona hans samþykkjandi. Lagður hefur verið fram í málinu slíkur vixill, útgefinn 30. janúar 1968, með gjalddaga 17. febrúar sama ár, að fjárhæð kr. 5.000.00, og heldur ákærði, að þetta sé frumvixill

láns þessa. Víxillinn var síðan framlengdur nokkrum sinnum með nýjum víxlum og meðal annars með víxli, sem var útgefinn 18. maí og með gjalddaga 18. júní sama ár. Ákærði telur mjög líklegt, að lán þetta hafi kona hans tekið vegna heimilisþarfa, en í samráði við hann.

Árið 1968 fékk ákærði lán fyrir milligöngu Björns Óla Péturssonar framkvæmdastjóra, Lindarbraut 4, Seltjarnarnesi, að fjárhæð kr. 150.000.00, og var það tryggt með 4. veðrétti í Sækambi samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 24. apríl það ár. Lánið skyldi endurgreiðast á þremur árum með jöfnum árlegum afborgunum og í fyrsta sinn 25. apríl f. á. Ákærði kveður, að þetta hafi ekki verið okurlán og hafi hann tekið lánið vegna kaupanna á bifreiðinni R 15612.

Ákærði minnst þess ekki að hafa fengið fleiri eða frekari lán en að framan getur, og hann veit ekki til þess, að kona hans hafi nokkru sinni tekið lán ein og án samráðs við hann.

Síðan á árinu 1965 hefur iðulega verið gert fjárnám í húseign ákærða, Sækambi, og krafizt uppboðs á eigninni, eða eins og hér segir: Hinn 22. febrúar 1965 var fjárnám gert í eigninni fyrir viðgerðarkostnaði á bifreiðinni G 288, samtals að fjárhæð kr. 3.879.95, svo og fyrir skuld að upphæð kr. 26.200.00, sem ákærði heldur, að orðið hafi til vegna kaupa á þvottavél. Hinn 27. september 1967 var fjárnám gert í eigninni fyrir ógreiddum þinggjöldum 1966, kr. 5.837.00, og 16. október sama ár fyrir kr. 2.105.00, sem var skuld, til orðin vegna fatakaupa ákærða. Með bréfi, dags. 5. janúar 1968, beiddist Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis uppboðs á eigninni til lúkningar á 20 þúsund króna eftirstöðvum fyrrgreinds skuldabréfs að fjárhæð kr. 40.000.00, dags. 29. nóvember 1961. Uppboðsbeiðni þessi var afturkölluð í apríl sama ár, en með bréfi, dags. 19. desember sama ár, var fjárnám gert í eigninni fyrir ógreiddum þinggjöldum 1966 og 1967, samtals kr. 7.033.00. Hinn 30. september sama ár var fjárnám gert í eigninni fyrir kr. 1.500.00, sem ákærði heldur, að hafi verið tékkaskuld, og með bréfi, dags. 25. október sama ár, beiddist Landsbanki Íslands uppboðs á eigninni til lúkningar á skuld þessari. Hinn 3. sama mánaðar var fjárnám gert í eigninni fyrir kr. 4.085.00, en sú skuld var til orðin vegna kaupa ákærða á dekkjum undir bifreiðina R 15612, og með bréfi, dags. 23. sama mánaðar, beiddist Jón Ólafsson héraðsdómslögmaður uppboðs á eigninni til lúkningar á skuld þessari. Með bréfi, dags.

30. desember sama ár, beiddist Jón Grétar Sigurðsson héraðs-dómslögmaður uppboðs á eigninni til lúkningar á fyrrgreindu skuldabréfi að fjárhæð kr. 375.000.00, dags. 1. nóvember 1967. Ákærða tókst lengi að fá frestað uppboði húseignarinnar með samningum við kröfuhafa og þá greiðslu skulda að einhverju leyti. Hinn 19 nóvember f. á. var eignin þó seld á nauðungaruppboði, og var boðið kr. 500.000.00. Uppboðsafsafal var útgefið 3. desember f. á.

Hinn 14. nóvember 1964 opnaði ákærði tékkareikning nr. 8966 í Búnaðarbanka Íslands með innstæðu að upphæð kr. 75.000.00. Í lok þess árs nam innstæðan kr. 571.17, í árslok 1965 kr. 206.40, í árslok 1966 kr. 576.17, í árslok 1967 kr. 5.163.51, en 24. janúar 1968 var reikningnum lokað, eftir að ákærði hafði gefið út tékka, sem næg innstæða var eigi til fyrir. Hann gaf meðal annars út tékka, dagsettan 18. janúar 1968, til Seðlabanka Íslands að fjárhæð kr. 4.800.00. Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans greiddi ákærði þann dag tvo innstæðulausa tékka ásamt kostnaði, samtals kr. 7.886.00, en þeir höfðu verið gefnir út á fyrrnefndan reikning nr. 8966 og sendir bankanum síðan til innheimtu. Telur bankinn, að tékkinn að upphæð kr. 4.800.00 sé hluti af þeirri greiðslu, og er ákærði á sama máli.

Ákærði átti einnig fyrir mörgum árum tékkareikning í Verzlunarbanka Íslands h/f, en honum var lokað á árinu 1961. Enn fremur átti hann tékkareikning í útibúi Útvegsbanka Íslands við Laugaveg 105, þegar hann vann í Pípuverksmiðjunni h/f, en sá reikningur hefur ekki verið hreyfður síðan í marz 1963, og nam innstæða hans 6. ágúst f. á. kr. 24.14.

Samkvæmt skattframtölum ákærða síðan 1961 hafa tekjur hans svo og eignir og skuldir verið sem hér segir:

Ár:	Tekjur:	Eignir í árslok:	Skuldir:
1960	kr. 81.261.00		
1961	Ákærði telur ekki fram gjaldárið 1962.		
1962	kr. 91.419.00	kr. 85.000.00	kr. 97.000.00
1963	— 123.018.00	— 86.000.00	— 170.000.00
1964	— 237.263.00	— 148.200.00	— 242.000.00
1965	— 272.875.21	— 55.000.00	— 281.900.00
1966	— 342.066.68	— 55.000.00	— 269.228.00
1967	— 244.798.84	— 165.000.00	— 498.000.00

## B.

a. Ákærði kveðst hafa árlega síðan 1963 sótt um atvinnuleyfi leigubifreiðarstjóra hér í borg, en ekki fengið það. Umsóknirnar hafi verið stílaðar til Bifreiðastjórafélagsins Frama.

Bergsteinn Guðjónsson, Bústaðavegi 77 hér í borg, sem hefur verið formaður Frama síðan 1951, kveður, að félagið sé stéttarfélag sjálfseignarbifreiðarstjóra í Reykjavík og nágrenni, sem aka allt að 8 farþega leigubifreiðum. Þeir, sem vilja sækja um atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiðar til mannflutninga frá bifreiðastöð hér í borginni, senda umsóknir sínar til félagsins, og gildir hver umsókn til 1. október hins næsta á eftir dagsetningu hennar. Stjórn félagsins sendir umsóknirnar síðan þriggja manna úthlutunarnefnd ásamt tillögum sínum um þá, sem hún mælir með, að fái atvinnuleyfi. Bergsteinn kveðst hafa fundið í skjölum félagsins þrjár umsóknir frá ákærða, og hefur hann sýnt þær í dómi. Þær eru dagsettar 11. maí 1965, 15. nóvember 1967 og 25. október 1968. Hann kveður, að stjórn Frama hafi ekki lagt til við úthlutunarnefnd, að ákærði fengi atvinnuleyfi, og hafi aðrir umsækjendur staðið honum nær. Það fari eftir ýmsu, hver atvinnuleyfi fái, og ráði þar um meðal annars starfsaldur, fötlun, lömun, fjölskyldustærð og ýmislegt fleira. Bergsteinn segir, að umsækjendur um atvinnuleyfi reyni að hafa áhrif á stjórn Frama með viðtölum við hana. Ákærði hafi um tíma ekið bifreið í veikindaförföllum annars bifreiðarstjóra og þurft að fá leyfi til slíks aksturs framlengt mánaðarlega hjá honum og þá gjarnan rætt við hann um leið um möguleika á því að fá atvinnuleyfi, en ákærði hafi ekki sótt fastar á en ýmsir aðrir um að fá leyfi. Rannsóknarlögreglan hefur yfirheyrt nokkra stjórnarmenn Frama út af umsókn ákærða um að fá atvinnuleyfi.

Kristján Haukdal Þorgeirsson, Hraunbæ 80 hér í borg, var í stjórn félagsins árin 1965—1967. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, að ákærði ræddi við hann um atvinnuleyfi, en minnst þess, að það hafi verið rætt um það óformlega í samtölum stjórnarmanna, að ákærði væri barnmargur og mundi eiga í erfiðleikum, þannig að ef hann hefði möguleika á því að eignast bifreið, væri það vel athugandi að aðstoða hann með atvinnuleyfi. Hann kveðst ekki minnst þess að hafa heyrt talað um það meðal stjórnarmanna, að ákærði hefði sótt sérstaklega fast á um að fá atvinnuleyfi.

Jakob Björgvin Þorsteinsson, Giljalandi 20 hér í borg, var í stjórn Frama árin 1965 og 1966. Hann kveðst ekki muna sér-

staklega eftir því, hvort ákærði hafi sótt um atvinnuleyfi eða að rætt hafi verið sérstaklega um slíka umsókn frá honum í stjórn félagsins.

Einar Þórir Steindórsson, Álftamýri 56 hér í borg, var í stjórn Frama árið 1965. Hann kveðst hafa vitað um, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, en hann hafi ekki haft nægilegan starfstíma til að fá það. Hann minnst þess ekki, að ákærði hafi rætt sérstaklega við hann um að fá leyfi, og hann kveðst ekki vita, hvort ákærði hafi sótt fast að fá það.

Narfi Hjartarson, Blönduhlíð 21 hér í borg, var í stjórn Frama árið 1966. Hann kveðst ekki minnst þess sérstaklega, að ákærði hafi rætt við hann um atvinnuleyfi, og hann kveðst ekki hafa vitað, hvort ákærði hafi sótt um slíkt leyfi.

Jón Hafliðason Vilhjálmsson, Ægissíðu 96 hér í borg, var í stjórn Frama árið 1966. Hann kveðst ekki minnst þess, að ákærði hafi sótt um atvinnuleyfi eða að samstjórnarmenn hans hafi minnt á ákærða í sambandi við slíkt leyfi.

Þorvaldur Þorvaldsson, Langagerði 124 hér í borg, hefur verið í stjórn Frama síðan 1967. Hann kveðst hafa vitað um, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, og hafi umsókn hans komið til umræðu eins og aðrar umsóknir, en honum hafi ekki verið veitt leyfi, þar eð hann hafi haft stuttan starfstíma sem bifreiðarstjóri og ekki haft neinar sérstakar ástæður. Hann kveður, að ákærði hafi aldrei talað við hann persónulega um atvinnuleyfi, og hann kveðst ekki hafa heyrt, að ákærði hafi gengið fast eftir því að fá leyfið.

Lárus Sigfússon, Siglúvogi 16 hér í borg, hefur verið í stjórn Frama síðan 1967. Hann kveðst hafa vitað um, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, og hafi ákærði rætt um það mál við hann og Bergstein Guðjónsson. Hann kveðst ekki muna til þess, að ákærði hafi lagt meiri áherzlu á umsókn sína en aðrir umsækjendur.

Jón Þorbergur Jóhannesson, Nönnugötu 8 hér í borg, hefur verið í stjórn Frama síðan 1968. Hann kveðst ekki minnst þess, að ákærði hafi talað við hann um atvinnuleyfi, en tekur fram, að um viku áður en hann kom í stjórnina, hafi atvinnuleyfum verið úthlutað, en engum eftir það. Hann kveðst hafa vitað, að ákærði sótti um atvinnuleyfi, en honum hafi ekki verið kunnugt um, hvort hann lagði mikla áherzlu á að fá það.

b. Við fyrrgreinda húsleit á heimili ákærða 7. marz 1969 fannst meðal annars umsókn, dagsett 23. janúar 1969 og undir-

rituð af ákærða, þar sem hann sækir um innflytjendaleyfi til Ástralíu fyrir sig og Helga son sinn. Umsóknin er þannig, að útfyllt er þar til gert eyðublað á ensku.

Ákærði kveður, að á s.l. vetri hafi hann heyrt einhverja bifreiðarstjóra á Bæjarleiðum tala um að flytja búferlum til Ástralíu og einnig séð í dagblöðum, að hingað til lands væri kominn maður, sem veitti upplýsingar þeim, sem hefðu í hyggju að gerast innflytjendur til Ástralíu. Ákærði hafi fengið áhuga á því að grennslast fyrir um þetta mál og talað við mann þennan á Hótel Sögu. Hann hafi skýrt ákærða frá því, að atvinnumöguleikar væru slíkir í Ástralíu, að hann þyrfti ekki annað en að nefna það starf, sem hann vildi vinna þar, og fengi hann þá starfið. Maðurinn hafi afhent honum eyðublað fyrir innflytjendaumsókn og hann fyllt það síðan út, en aldrei skilað því. Sé þetta fyrrgreind umsókn, dagsett 23. janúar 1969. Ákærði segir, að ástæðan fyrir því, að hann hafi haft áhuga á að afla sér upplýsinga um kjör innflytjenda til Ástralíu, hafi verið sú, að þau hafi verið mjög gyllt, þannig að hann hafi getað búizt við því, að kjör hans yrðu betri þar en hér. Hann hafi þó aldrei skilað innflytjendaumsókn sinni og Helga sonar síns, vegna þess að kona hans og önnur börn þeirra hafi verið mótfallin því að flytjast til Ástralíu, enda hafi þau ekki kunnað enska tungu eins og hann. Hann segir, að það hafi aldrei komið til mála, að hann færi að flytja búferlum til Ástralíu, nema kona hans og börn færu með honum þangað.

c. Við húsleitina á heimili ákærða 7. marz 1969 fundust meðal annars skjöl, sem gáfu til kynna áhuga hans á dáleiðslu. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um það efni:

Ákærði kveðst í mörg ár hafa haft áhuga á dáleiðslu. Þessi áhugi hans hafi vaknað í sambandi við komu útlendinga að nafni Valdosa hingað til lands, líklega í kringum árið 1945, en þá hafi hann sýnt dáleiðslu bæði í Gamla Bíói og á Hótel Borg. Hann kveðst hafa lesið mikið um dáleiðslu og aflað sér bóka um hana bæði hér á landi og erlendis frá. Hann kveðst hafa haft áhuga á dáleiðslu almennt, en ekki sérstaklega á sjálfsdáleiðslu. Hann hafi ekki verið í félagi með öðrum um þessi mál og ekki gert verklegar tilraunir til dáleiðslu. Hann hafi þó reynt að dáleiða sjálfan sig, en ekki tekizt það. Hann kveðst fyrir þó nokkuð löngu hafa séð auglýsingu á ensku í dagblaði hér um kennslu í dáleiðslu og að þeir, sem áhuga hefðu, skyldu senda svar til

afgreiðslu blaðsins. Hann hafi sinnt auglýsingunni og fengið svarbréf. Hann hafi ekki svarað því, en honum hafi tekizt að hafa upp á auglýsandanum, sem verið hafi maður að nafni Vilhjálmur Vilhjálmsson, og skýrt honum frá því, að hann hefði áhuga á dáleiðslu. Vilhjálmur hafi sagt, að áhugi fólks á því að læra dáleiðslu hefði verið minni en hann hefði búizt við og yrði hann að ná saman fleira fólki, áður en kennsla gæti hafizt, og einnig sagt, að því er ákærða minnir, að hann vantaði húsnæði fyrir starfsemina. Hafi Vilhjálmur sagzt mundu láta hann vita, þegar hann væri tilbúinn til að hefja kennsluna, en aldrei látið frá sér heyra og hafi þeir ekki hitzt aftur.

Vilhjálmur Hólmar Vilhjálmsson hljóðfæraleikari, Hraunbæ 162 hér í borg, skýrir frá því, að á árinu 1967 hafi hann sótt námskeið hjá Ethical Hypnosis Training Center Inc. í Chicago í Bandaríkjunum og lokið námskeiði þar í vísindalegri dáleiðslu. Er skirteini hans þar um dagsett 22. september 1967. Hann hafi síðan haldið heim til Íslands. Um eða laust eftir miðjan febrúar 1968 hafi hann birt auglýsingu á ensku í dagblaðinu Vísi og hafi hún efnislega verið á þá leið, að þeir, sem hefðu áhuga á dáleiðslu, skyldu tilkynna það bréflega til afgreiðslu blaðsins og tilgreina, hvers vegna þeir hefðu áhuga á því efni. Sjö aðiljar hafi svarað auglýsingunni og hafi ákærði verið einn þeirra. Vilhjálmur Hólmar kveður, að svarbréf ákærða sé nú glatað, en hann muni nokkuð eftir efni þess. Ákærði hafi skýrt þar frá því, að hann ætti mikið af bókum um dáleiðslu, en honum hefði aldrei tekizt sjálfsdáleiðsla. Hafi hann spurzt fyrir um það, hvort hann (Vilhjálmur Hólmar) gæti hjálpað honum í því efni. Hann kveðst hafa sent ákærða svarbréf einum til tveimur dögum síðar. Ákærði hafi ekki svarað þessu bréfi og hafi hann síðan ekkert heyrt frá honum þar til seinni hluta júní 1968, að ákærði hafi hitt hann að máli. Hafi ákærði sagzt hafa mikinn áhuga á dáleiðslu, og alveg sér í lagi á sjálfsdáleiðslu, og beðið hann um að koma heim til hans að Sækambi við tækifæri til að ræða við hann nánar um málið. Vilhjálmur Hólmar kveðst hafa sagzt mundu reyna að gera það, en það hafi þó aldrei orðið úr því, að hann færi heim til hans, og hafi hann ekki séð hann síðan. Hann tekur fram, að honum hafi fundizt undirtektir fólks undir dáleiðslu vera dræmar og því hafi hann hætt við öll dáleiðslumál, en hugmynd hans hafi verið að koma upp áhugamannaklúbbum um það efni.

Fyrirgreint svarbréf Vilhjálms Hólmars til ákærða fannst við áðurgreinda húsleit hjá honum. Bréfið er dagsett 21. febrúar 1968 og hljóðar svo:

„Til þess að leiðrétta allan misskilning í sambandi við auglýsingu mína í Vísi, er ég Íslendingur. Auglýsinguna hafði ég á ensku til þess að skera niður hugsanlegan fjölda bréfa og einnig vegna þess, að allar mínar kennslubækur eru á ensku.

Mér vitanlega er ég eini Íslendingurinn, sem útskrifazt hefur frá Ethical Hypnosis Training Center, og tilgangur minn er að ná saman takmörkuðum fjölda fólks, sem hefur áhuga fyrir þessu máttuga verkfæri hugans, sem á íslenzku hefur hlotið nafnið dáleiðsla.

Ætlun mín er að kenna þessum hóp að beita dáleiðslu bæði við sjálfa sig og aðra og einnig til þess að halda sjálfum mér í æfingu. Dáleiðsla þarf stöðugar æfingar við, til þess að sá, sem hana notar, geti beitt henni til fullnustu. Hvað við kemur tímum og tilhögun á kennslu þessari, hefi ég enn ekki getað ákveðið neitt. Hentugt húsnaði hef ég ekki getað komizt yfir enn sem komið er. Þar sem þetta er byrjunar- og brautryðjandastarf, mun ég framkvæma þessa kennslu endurgjaldslaust, en allar bækur myndi viðkomandi verða að greiða.

Mér þætti vænt um að fá upplýsingar um aldur, stöðu og hvenær dagsins heppilegast yrði fyrir hvern og einn að sinna þessu áhugamáli sínu. Síðan mun ég samræma tímana samkvæmt því.

Síðast en ekki sízt þakka ég áhuga þinn fyrir þessu hingað til óþekkta fyrirbrigði hér á landi“.

Ákærði hefur ekkert sérstakt haft að athuga við framburð Vilhjálms Hólmars og kveður, að tímaákvæðanir hans geti verið alveg réttar. Hann kveður þó, að það muni ekki vera rétt, að hann hafi í svarbréfi sínu til hans talað um sjálfsdáleiðslu, því að það hafi verið mjög stutt, en það sé rétt, að þegar hann hafi talað við hann, hafi hann (ákærði) sagzt hafa mjög mikinn áhuga á dáleiðslu, og alveg sér í lagi sjálfsdáleiðslu, og beðið hann um að koma heim til hans við tækifæri til að ræða við hann nánar um málið. Ákærði tekur fram, að með sjálfsdáleiðslu sé hægt að „slappa af“ í um 10 mínútur og vakna aftur alveg óþreyttur.

Við áðurgreinda húsleit heima hjá ákærða fannst afrit af bréfi á ensku, þar sem segir meðal annars:

„Kindly send me your Amazing New Record, Teaching Self

HYPNOSIS, and if you have anything about Hypnosis other than the Record please let me know“.

Enn fremur er ritað á skjál þetta meðal annars:

„Sent til Forum Records, studio KX 9, 333 N Michigan AVE., Chicago I, USA. 4/11 '67“.

Ákærði hefur staðfest, að þetta sé afrit af bréfi, sem hann sendi þar greindu fyrirtæki 4. nóvember 1967. Hann kveðst ekki hafa fengið senda plötu þá, sem í bréfinu greinir. Hann kveðst ekki eiga neina hljótleikaplötu til dáleiðslu eða segulband og hafi hann aldrei átt slíka muni.

Ákærði samþykkti, að sakadómur fengi í vörzlur sínar bækur þær um dáleiðslu, sem hann hefði á heimili sínu. Hinn 7. ágúst f. á. fór Leifur Jónsson að Sækambi, og afhenti kona ákærða honum þá eftirtaldar bækur:

1. Powers, Melvin: Advanced Techniques of Hypnosis. London, 1956.
2. Bacon, Axel Wayne: Course in the Science of Hypnotism, Chicago, 1945.
3. Gindes, Bernard C.: New Concepts of Hypnosis. London, 1953.
4. Marcuse, F. L.: Hypnosis throughout the World. Springfield, U. S. A., 1964.
5. Chambers, Bradford: How to hypnotize. New York, 1959.
6. Dynamic Snap-Hypnosis. A Hypnomaster Course. U. S. A., 1956, 1959.
7. Self-Hypnosis. A Hypnomaster Course. U. S. A., 1958—1959.

Ákærði kveðst hafa keypt allar þessar bækur nýjar og á mörgum árum. Hann heldur, að fyrstu bókina um dáleiðslu hafi hann keypt á árunum 1947 eða 1948 og hafi það verið bókin í 1. lið, sem hann hafi pantað beint frá útgefanda í Bandaríkjunum. Hann kveðst hafa keypt bækurnar í 2.—4. lið í Bókaverzlun Snæbjarnar Jónssonar, og hann minnir fastlega, að hann hafi einnig keypt bókina í 5. lið þar. Ritin í 6.—7. lið kveðst hann hafa pantað beint frá útgefanda í Bandaríkjunum.

d. Við húsleitina á heimili ákærða 7. marz f. á. fundust meðal annars margar kvikmyndaspólur. Rannsóknarlögreglumenn athuguðu spólur þessar og gerðu yfir þær skrá, sem er svohljóðandi: „1.—8. Sirkusmyndir frá USSR í litum með tón.

9. Vores málari \_\_\_\_\_

10.—11. Ferðalag Íslendinga í USSR, með tón. S/h.

12. Teiknimynd frá U.S.A í lit með tón.

13. Mynd af Geysisgosi í litum, tónlaus.
14. Óátekin filma.
15. Mynd af ísl. hnefaleikamönnum, tónlaus.
16. Mynd frá Siglufirði. Ísl. S/H, tónlaus.
17. Af Sigurjóni á Álafossi, Keflavík.
18. Hnefaleikar. Ísl. S/H, tónlaus.
19. Hveragerði, Sundhöllin, (myndin öfug), lit, tónlaus.
20. Flugf. Catalína (myndin öfug), í lit, tónlaus.
21. Hver (myndin á hvolfi), í lit, tónlaus.
22. Richard Thors og fjölskylda, blómagarður, í lit, tónlaus.
23. Húsg., sennilega Laugateigur, í lit, tónlaus.
24. Sund, G. Gíslason, Á.K.R., í lit (öfug), tónlaus.
25. Svanir á Tjörn, Tjarnarboðhlaup, í lit, tónlaus, slitin.
26. U. S. Defewser Amer. S/H, tal (slitin).
27. Litmynd frá Hamborg 1955 með tali.
28. 17. júní í Reykjavík, Sveinn Björnsson, S. J. S. o. fl.
29. Finsk. íþróttamenn, sundkonur í Hafnarf., í lit, tónlaus.
30. Mývatn, Námaskarð, í lit, tónlaus.
31. Sund (Ben Waage, Sigurjón Álafossi), Sundlaugar.
32. Skíðamynd (gölluð) í lit, tónlaus.
33. Akraneskirkja, handknattleikur, lit, tónlaus, slitin.
34. Landsleikur í handbolta, lit, tónlaus.
35. Kappreiðar, myndin erlend (öfug, tónlaus).
36. Vestfirðir, heyskapur, í lit, tónlaus (myndin öfug).
37. Stálsmiðja, S/H, tónlaus.
38. Dýragarður, selir, mörgæsir, í lit, tónlaus.
39. Laxadráp, í lit, tónlaus.
40. Landslagsmynd, tekin úr lofti, í lit, tónlaus (slitin).
41. Kaupmannahöfn, í lit, tónlaus (slitin).
42. Prentverk, í lit, tónlaus.
43. Sundkonur, í lit, tónlaus.
44. Fornmenjar, frá USSR 1953, í lit með tali.
45. Fornmenjar, frá USSR 1953, í lit með tali.
46. Berlín, Nató 1962, U.S.A., tal.
47. Þýzk fiml. mynd, S/H, tal.
48. Hnefaleikar, Halldór Björnsson og fl. S/H.
49. Grundarfjörður, Þingvellir, í lit, tónlaus.
50. Gamall maður með skektu, í lit.
51. Laxveiði, 2 menn, í lit.
52. Fugl, hreiður, grenitré, í lit.
53. Tekið úr lofti, Reykjavík, í lit.

54. Götuverzlun í London, í lit.
55. Grundarfjörður, Rafnseyri, í lit.
56. Landsleikur, Brim, í lit.
57. Millilandaflug með ísl. flugv., í lit.
58. Skíðamynd frá Austurríki, í lit, með tali.
59. Svört hvít filma frá spítala og fl., mjög gömul“.

Ákærði kveðst hafa haft um margra ára skeið áhuga á kvikmyndum og sýningu þeirra í heimahúsum. Hann hafi þó aldrei tekið kvikmyndir sjálfur og aðeins átt eina sýningarvél kvikmynda, en selt hana árið 1968. Hann hafi fengið sýningarvélar lánaðar hjá Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, áður en hann eignaðist vél þessa. Hann kveðst einnig oft hafa fengið kvikmyndir að láni hjá þessari stofnun svo og hjá þýzka sendiráðinu. Hann hafi átt sjálfur „eithvað smávegis“ af kvikmyndum, sem hann hafi keypt hér í verzlunum. Hann gerir eftirfarandi grein fyrir þeim 59 kvikmyndaspólum, sem fundust heima hjá honum:

Myndirnar í 1.—11. og 44.—45. lið kveðst hann hafa fengið hjá þremur sjómönnum, þegar hann ók leigubifreið frá Steindóri, og hafi þeir greitt honum ökugjaldið héðan úr borginni til Grindavíkur og til baka aftur að hluta í reiðufé, en að hluta með þessum myndum, en þeir hafi sótt þær í hús eitt hér.

Myndina í 12. lið kveðst hann hafa keypt hjá nafngreindum manni fyrir mörgum árum.

Myndirnar í 13.—25., 28.—43. og í 48.—57. lið kveðst hann hafa hirt, þegar hafi átt að fleygja þeim á Hótel Borg. Hann segir, að eitt sinn hafi verið tekið til í svokallaðri teppageymslu á efsta lofti hótelsins, vegna þess að mölur hafði komizt í teppin. Þau og annað, sem var í geymslunni, hafi verið tekið þaðan út og hafi Jóhannes Jósefsson lagt svo fyrir, að farið skyldi með það allt vestur á öskuhauga og því fleygt þar. Í geymslunni hafi meðal annars verið fullur kassi af kvikmyndum, og kveðst ákærði hafa hirt kassann og innihald hans í stað þess að fleygja honum. Þetta hafi gerzt, mörgum árum áður en Jóhannes seldi hótelið.

Myndirnar í 26., 46. og 59. lið eru honum úr minni horfnar.

Myndirnar í 27., 47. og 58. lið kveðst hann hafa fengið að láni hjá þýzka sendiráðinu.

Brynildur Sigurðardóttir kveðst ekki hafa vitað til þess, að Jóhannes Jósefsson ætti eða hefði átt kvikmyndavél, en hún hafi heyrt hann segja frá því, að hann hefði einhvern tíma átt ípróttakvikmyndir á spólum, sem hefðu horfið frá honum. Hann hafi ekkert frekar talað um það, hvaða myndir þetta hefðu verið eða

hvenær þær hefðu horfið frá honum. Brynhildur kveðst aldrei hafa séð kvikmyndir í fórum hans.

Samkvæmt upplýsingum frá sendiráði Vestur-Þýzkalands hér í borg fékk ákærði hinn 14. febrúar 1967 að láni hjá því kvikmyndirnar, sem getur í 27., 47. og 58. lið hér að framan, og hafa sendiráðinu verið afhentar þær myndir.

Kristján Ómar Kristjánsson, fyrrum framkvæmdastjóri Pípuverksmiðjunnar h/f, Kleppsvegi 42 hér í borg, kveður, að á meðan ákærði vann hjá fyrirtækinu, hafi horfið úr skrifstofuherbergi hans eða kaffistofu þar nokkrar kvikmyndir úr boxi og meðal annars rússneskar sirkusmyndir og mynd af ferðalagi Íslendinga í Moskvu. Hann minnr, að sirkusmyndirnar hafi verið eitthvað um 10 að tölu, en hann man ekki, hve margar myndirnar af ferðalagi Íslendinga voru. Hann segir, að það hafi ekki orðið upplýst, hver hafi tekið myndirnar, en hann hafi alltaf álitid, að sá, sem það gerði, hafi ekki brotízt inn í verksmiðjuna. Kristján Ómar hefur séð kvikmyndaspólurnar í 1.—11. lið hér að framan, og kveður hann, að þetta séu fyrrgreindar kvikmyndir, sem honum hurfu úr boxinu, og þekki hann áletranirnar á járnhulstrunum, sem spólurnar eru geymdar í.

Við sampröfun ákærða og Kristjáns Ómars hefur ákærði haldið fast við fyrri framburð sinn um það, hvernig myndirnar í 1.—11. lið hér að framan hafi komízt í hendur hans. Hann bætir því við þann framburð sinn, að sjómennirnir þrír hafi ekki allir verið íslenzkir, heldur hafi einn þeirra verið færeyskur og hafi myndirnar verið sóttar heim til hans. Hann heldur, að Færeyingurinn heiti Kjartan Berg eða Kjartan Milson. Hann kveður, að eftir að Kristján Ómar saknaði kvikmyndanna, hafi hann farið með honum á staði, þar sem lánaðar voru út kvikmyndir, í því skyni að athuga, hvort þær hefðu verið seldar þar, svo og tilkynna um hvarf þeirra. Löngu síðar hafi sjómennirnir þrír afhent honum fyrrgreindar myndir og hafi hann þá ekki grunað, að þetta væru sömu myndirnar og Kristján Ómar hafði saknað, enda kveðst hann aldrei hafa séð þær. Kristján Ómar tekur fram út af þessum framburðum ákærða, að Færeyingur einn hafi um tíma unnið í Pípuverksmiðjunni h/f og hafi hann orðið uppvis að því að taka rafsuðuvél þar.

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglunnar viðurkenndi Kjartan Milson Berg, fæddur 7. nóvember 1932 í Færeyjum, að hafa 2. október árið 1965 tekið og síðan selt rafsuðuvél úr Pípuverksmiðjunni h/f, þar sem hann hafði þá unnið í eina viku.

ð. Friðþjófur Karlsson, Miklubraut 56 hér í borg, kveðst hafa verið verkstjóri í Pípuverksmiðjunni h/f frá árinu 1956 og mäske fram á árið 1961 og hafi ákærði unnið um skeið undir stjórn hans þar. Hann segist hafa búið um tíma á Laugavegi 126 í hús-næði, sem móðir ákærða hafi leigt honum. Hann kveðst hafa átt járnkross með hakakrossmerki á og fengið hann að gjöf kringum árið 1955 frá nafngreindum manni, sem stundað hafi nám í Þýzka-landi. Ákærði hafi séð krossinn hjá honum og fengið hann lán-aðan, að því er hann heldur á árinu 1962. Hafi honum skilizt á ákærða, að hann ætlaði að lána leikfélagi krossinn. Ákærði hafi ekki skilað honum og þegar hann hafi innt ákærða eftir honum þó nokkuð löngu síðar, hafi hann ekki kannazt við að hafa fengið hann hjá honum. Friðþjófi hefur verið sýndur peningakassinn, sem fannst á heimili ákærða við húsleitina þar 7. marz f. á., svo og innihald kassans. Kveðst hann þá kannast við járnkrossinn, sem er í kassanum, og kveður, að þar sé kominn krossinn, sem hann hafi lánað ákærða.

Ákærði kveður, að það sé misminni hjá Friðþjófi, að hann hafi fengið járnkrossinn, sem er í peningakassanum, eða annan kross hjá honum, en hann minnst þess, að Friðþjófur sýndi honum einhvern tíma járnkross, þegar hann bjó á Laugavegi 126, og hafi sá kross verið svipaður krossinum í peningakassanum. Þann kross kveðst ákærði hafa fengið að gjöf nokkru eftir síðasta stríð. Gefandinn hafi verið pólskur Ameríkani, sem muni hafa verið staðsettur á Keflavíkurflugvelli, en dvalizt einhvern tíma á Hótel Borg. Fornafn hans hafi verið Nick og eftirnafn hans borið fram Rompatsakos. Hann hafi einnig gefið ákærða hring, sem hann hefur sýnt í dóminum.

Við samprófun ákærða og Friðþjófs hefur hinn síðarnefndi haldið fast við það, að hann hafi afhent ákærða járnkross, og sé það annað hvort krossinn, sem er í peningakassanum, eða þá alveg eins kross.

### C.

Sigurður Sigurðsson, sem getið er í Ð lið í III. kafla hér að framan, vann á Hótel Borg frá árinu 1947 eða 1948, þar til þó nokkru eftir að Jóhannes Jósefsson seldi hótelið. Hann kveður, að ákærði hafi virzt hafa mikinn áhuga á kvenfólki og hafa gaman að því að taka utan um konurnar, sem unnu á hótelinu. Hann kveðst minnst þess, að stúlka ein, há vexti, rauðhærð og mäske fyrrverandi flugfreyja, hafi spurt oft eftir ákærða á hótél-

inu. Ákærði hafi trúað honum fyrir því, að hann hefði átt vinnu við stúlku þessa og að mjög væri gott að lifa með henni, eins og hann hafi komizt að orði.

Ákærði kveðst þekkja stúlku að nafni Guðlaug Kristjánsdóttir Skagfjörð og hafi hann kynnt henni, þegar hún var flugfreyja, og hafi hún þá gjarnan komið á Hótel Borg. Upphaf kunnings- skapar þeirra hafi verið það, að hann hafi beðið hana um að kaupa brúðu handa dætrum hans og hafi hún gert það. Eftir þetta hafi hún gifzt, fyrst erlendum hljómsveitarstjóra á Hótel Borg, síðan manni einum, sem unnið hafi um tíma í London, og þar næst hafi hún gifzt hinum þriðja manni og hafi þau búið í Nökkvavogi 25. Þau hafi einnig skilið og hafi hún þá gifzt í fjórða sinn einhverjum stýrimanni. Ákærði kveður, að þau Guðlaug hafi haldið kunnings- skap sínum í mörg ár og hafi hann einkum heimsótt hana, þegar hún bjó með þriðja eiginmanni sínum í Nökkvavogi 25. Hann kveðst hafa stundum ekið henni í leigubifreið og lánað henni ökugjaldið, sem hún hafi þó ávallt greitt síðar. Seinustu árin hafi hún verið mjög óreglusöm, og orðar ákærði það svo, að hún sé forfallin kona vegna neyzlu áfengis og eiturlyfja. Hann segir, að hún sé ósannsögul og án þess að vita af því sjálf. Hann kveðst aldrei hafa haft holdleg mök við hana og kveðst ekki hafa viðhaft fyrrgreind orð, sem Sigurður Sigurðsson hefur eftir honum um það efni.

Carl Möller hljóðfæraleikari, Skúlagötu 54 hér í borg, skýrir frá því, að fyrir um 4—5 árum hafi hann kynnt Guðlaugu Skagfjörð, sem þá hafi verið fráskilin, og fljótlega eftir það hafi hann flutt heim til hennar að Nökkvavogi 25 og búið með henni í um eitt ár. Þá hafi hann flutt frá henni og hún þá farið að búa með sjómanni að nafni Þórarinn Stefánsson, sem er nú eiginmaður hennar. Carl kveðst oft hafa heimsótt Guðlaugu, eftir að hann flutti frá henni og einnig eftir að hún giftist Þórarni, og hafi hún afhent honum lykil að íbúðinni í Nökkvavogi 25 til að auðvelda honum heimsóknir þangað. Seinustu mánuðina hafi Guðlaug búið að Álfheimum 30. Hann segir, að hún hafi verið mjög óreglusöm og neytt áfengis nær daglega og einnig hafi hann haft grun um, að hún neytti einhvers konar sterkari lyfja. Carl minnst þess, að laugardagskvöldið næsta á eftir að Gunnar Sigurður Tryggvason andaðist, var hann á dansleik hér í borginni og að honum loknum fór hann í Nökkvavog 25. Hann segir, að Guðlaug hafi ekki verið heima og hafi hann þá beðið eftir henni inni í íbúð hennar. Hún hafi svo komið nokkru seinna ein síns liðs og verið

eitthvað ölvuð og verið greinilega mjög hrædd. Hún kvaðst hafa verið í Klúbbnum og verið að aðstoða rannsóknarlögregluna við að hafa upp á morðingja bifreiðarstjórans og hefði hún átt að dansa við hina og þessa menn, sem lögreglan hefði bent henni á, til að vita, hvort þeir væru með byssu á sér. Carl kveðst hafa tekið þetta sem rugl hjá henni. Hún hafi sagt honum að slökkva öll ljós í íbúðinni og einnig hafi hún kíkt út um glugga íbúðarinnar og sagt honum, að maðurinn, sem hefði myrt bifreiðarstjóran, mundi koma heim til hennar í íbúðina, en hann (Carl) þyrfti ekkert að óttast, því að maðurinn mundi ekki gera honum neitt. Hann kveðst hafa spurt hana að því, hver það væri, sem hefði framið morðið, og hún þá sagt, að það væri frændi hennar, en engin nöfn nefnt, og kveðst Carl ekki hafa vitað, við hvern hún átti. Hann kveður, að hún hafi verið mjög hrædd í nær tvær klukkustundir, en þá hafi virzt sem ró færðist yfir hana og að hún yrði sannfærð um, að maðurinn, sem hefði myrt bifreiðarstjóran, kæmi ekki til hennar. Þá hafi hún fengizt til að fara að sofa. Carl kveðst hafa dvalið í íbúðinni hjá henni alla nóttina og hafi þá enginn komið í heimsókn til hennar. Næsta dag hafi hann farið að spyrja hana um það, sem hún hefði verið að segja um nóttina, en þá hafi hún neitað því að hafa sagt nokkuð og sagt, að hann hlyti að vera ruglaður. Hann kveðst hafa komið heim til hennar eftir hádegi og fyrir kvöldverðartíma fyrrgreindan laugardag til að fá lykla að íbúð hennar og hafi þá ekkert borið á hræðslu hjá henni og ekkert verið óvenjulegt við hana. Carl kveðst hafa komið nokkrum sinnum eftir þetta heim til Guðlaugar og þá hafi morðið borizt í tal, ýmist þannig að hann hafi vakið máls á því eða hún. Í þessum samtölum þeirra hafi verið eins og hún hafi ætlað að segja frá einhverju, en hætt svo við það, og hafi honum fundizt eins og hún byggi yfir einhverju, sem hún hefði hug á að tala um, en treysti sér ekki til þess, þegar til átti að taka. Hann getur ekki útskýrt þetta nánar, en segir, að hún hafi sagt viss orð, sem hann man nú ekki, hver voru. Hann tekur fram, að þegar hún hafi rætt um þessa hluti við hann, hafi hún oftast nær verið drukkin eða eitthvað annarleg og hafi hann ekki tekið mark á orðum hennar. Carl kveðst hafa fengið vitneskju um handtöku ákærða, lítið eitt áður en sagt var frá henni í blöðum og útvarpi, og farið sama dag heim til Guðlaugar í Álfheimum 30 og sagt henni frá því, að maður að nafni Sveinbjörn Gíslason hefði verið handtekinn í sambandi við þetta morð. Hún hafi þá orðið smáskrítin við. Hún

hafi verið við drykkju og fengið sér meira áfengi, eftir að hann hafði sagt henni þetta. Hún hafi sagt honum, að það gæti ekki verið, að ákærði hefði orðið valdur að bana bifreiðarstjórans, því að hann væri stálheiðarlegur maður og meira að segja hefði hann einu sinni sótt yngsta barn hennar alla leið til Ólafsfjarðar. Hún hafi beðið 11 ára dóttur sína um að hringja heim til ákærða og spyrja um, hvort hann væri heima, og þegar telpan kom aftur að vörmu spori, hafi hún sagt móður sinni, að ákærði hefði ekki verið heima og þar væri ekki vitað, hvenær hann kæmi. Hún hafi spurt telpan að því, hver hefði komið í símann, og hún þá sagt, að það hefði verið einhver krakki. Carl kveðst hafa spurt Guðlaugu að því, hvernig hún þekkti ákærða, og minnir hann, að hún hafi þá sagt, að hún hefði kynnt honum á Hótel Borg, um það leyti sem hún kynntist fyrsta eiginmanni sínum. Hafi hún sagt, að ákærði hefði hjálpað henni til að komast upp í hótelherbergi, sem fyrrgreindur maður hefði búið í, áður en þau giftust. Guðlaug hafi sagt dóttur sinni að segja henni frá því, hvernig þær hefðu þekkt ákærða. Telpan hafi þá sagt, að hann hefði ekið móður hennar og þeim krökkunum og gefið þeim gosdrykki og einnig hefði hann lánað móður þeirra peninga. Guðlaug hafi einnig sagt, að ákærði hefði komið oft heim til hennar í Nökkvavog 25, en ekki hafi verið talað um, hversu samband þeirra hefði verið náið.

Guðlaug Erla Skagfjörð frú, Stóragerði 26 hér í borg, skýrir frá því, að hún hafi verið gift fjórum sinnum, á árunum 1955—1957 manni að nafni Plasido Martin, sem hafi verið um skeið hljómsveitarstjóri á Hótel Borg, á árunum 1957—1959 manni að nafni Steindór Ingibergur Ólafsson, sem hafi verið um tíma starfsmaður Flugfélags Íslands í London, á árunum 1961 og líklega fram á árið 1967 manni að nafni Gústaf Þór Tryggvason og síðan í marz 1968 manni að nafni Þórarinn Stefánsson. Þá kveðst hún hafa búið með Carli Möller hljóðfæraleikara í Nökkvavogi 25 í tæpt ár á árinu 1967. Hún kveðst hafa kynnt ákærða í febrúar 1955 á Hótel Borg og hafi það atvikazt þannig, að fyrrgreindur Plasido Martin hafi verið staddur í herbergi þar og hafi hún beðið ákærða um að hjálpa sér til að hitta hann í herberginu og ákærði hafi gert það. Hún kveðst hafa verið flugfreyja á árunum 1956 og 1957 og hafi hún þá eitt sinn keypt fyrir ákærða brúður handa dætrum hans. Kunningsskapur hennar og ákærða hafi síðan haldizt óslitið. Hann hafi oft komið heim til hennar og stundum hafi

hann ekið henni og börnum hennar í bifreið, sem hann hafi haft undir höndum. Hún kveðst aldrei hafa lánað honum peninga. Hún segir, að kunningsskapur þeirra hafi verið einlæg vinátta, en neitar því, að þau hafi haft holdleg mök saman. Hún kveðst hafa neytt áfengis í nokkuð ríkum mæli undanfarin ár, en hún neitar því að hafa nokkru sinni neytt einhverra sterkari lyfja. Hún kveðst hafa heyrt um dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar í útvarpinu. Hún kveður, að um það leyti hafi Carl Möller komið oft heim til hennar í Nökkvavog 25, og telur hún fullvíst, að þau hafi rætt um bana bifreiðarstjórans, sem þá var mjög umtalað mál á meðal fólks. Hafi hún þá stundum verið undir áhrifum áfengis. Hún kveðst þó ekki muna eftir ákveðnum orðaskiptum þeirra um málið. Hún kveðst ekki hafa haft neina skoðun á málinu og enga sérstaka vitneskju til upplýsingar í því. Hún kveðst hafa fyrst heyrt það í útvarpinu eða lesið það í dagblaði, að ákærði hefði verið handtekinn í sambandi við dauða bifreiðarstjórans, og hún neitar því, að Carl Möller hafi fyrstur sagt henni frá handtökunni. Hún kveðst hafa talið það afar ólíklegt, að ákærði hefði orðið Gunnari Sigurði að bana eða verið viðriðinn þann verknað, og hafi hún sagt Carli það, þegar þau ræddu málið eftir handtöku ákærða. Hún kveðst ekki hafa trúað því, að ákærði hefði verið handtekinn vegna máls þessa, og hringt heim til hans í því skyni að komast að hinu rétta. Barn hafi komið í símann og sagt, að ákærði væri ekki heima. Carl hafi ekki verið staddur heima hjá henni, þegar hún hafi hringt heim til ákærða. Hún kveðst einnig hafa hringt til sakadóms eða rannsóknarlögreglunnar skömmu eftir þetta og verið þá undir áhrifum áfengis. Hafi hún talað við einhvern mann þar og sagt til nafns síns og sagt honum, að hún teldi, að ákærði væri saklaus. Hún kveðst ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð og ekki vita til þess, að ákærði hafi þekkt hann eða muna til þess, að hann hafi nokkurn tíma minnst á hann við hana eða að ákærði hafi talað við hana um dauða hans. Hún kveðst aldrei hafa heyrt ákærða tala um byssur og hafi henni verið ókunnugt um, að hann ætti byssu eða hefði slíkan hlut undir höndum. Hún kveður, að ákærði hafi ekki komið heim til hennar í Nökkvavog 25, um það leyti sem dauða Gunnars Sigurðar bar að höndum, en þó nokkrum sinnum eftir þann atburð, bæði í Nökkvavog 25 og í eitt skipti í Álfsheima 30, en þangað flutti hún í október 1968. Hún kveðst ekki geta sagt nánar um, hve oft hann hafi komið heim til hennar á

þessum tíma. Hún segir, að í þessum heimsóknum hafi aldrei verið minnzt á dauða bifreiðarstjórans, og hún kveðst ekki hafa getað séð neina breytingu á ákærða eftir þann atburð.

Í tilefni af framburði Carls Möllers segir Guðlaug Erla, að það sé rétt, að hann hafi haft lykil að íbúðinni í Nökkvavogi 25, en að það sé rangt, að hún hafi neytt áfengis nær daglega og að hún hafi neytt einhverra sterkari lyfja en áfengis. Hún kveðst muna óljóst eftir því, að eitt sinn, þegar hún kom úr Klúbbnum heim til sín í Nökkvavog 25, hafi Carl verið staddur í íbúðinni. Hún hafi verið vel undir áhrifum áfengis og muni hún óljóst eftir hegðun sinni og orðaskiptum hennar og Carls í þetta skipti, en hún muni þó frekar eftir því, hvað hann sagði, að hún hefði sagt, og hvernig hún hefði hagað sér þá um nóttina. Hún segir, að ef það sé rétt, sem hann ber um orð hennar og hegðun í þetta skipti, hafi það verið hrein vitleysa eða bull hjá henni og hrein ímyndun. Hún tekur fram, að um kvöldið hafi hún hitt Hilmar Þorbjörnsson lögreglumann í Klúbbnum og hafi þau talað við um daginn og veginn, en ekki minnzt á dauða bifreiðarstjórans. Hún kveðst hafa farið ein í Klúbbinn og farið heim þaðan í leigu-bifreið, sem hún náði í við bifreiðastæði Hreyfils á Sundlaugavegi. Hún kveðst engin deili hafa vitað á bifreiðarstjóranum og ekkert talað við hann utan hins óhjákvæmilega í sambandi við aksturinn. Sérstaklega aðspurð segir hún, að ákærði hafi áreiðanlega ekki ekið henni heim í þetta skipti. Hún segir, að Carl og hún hafði ræðzt síðar við um fyrrgreint mál, en út af framburði hans um það efni kveðst hún ekki vita, hvað það ætti að vera, sem hún hefði ætlað að segja honum frá, en hætt svo við það, eða yfir hverju hún hefði átt að byggja og haft hug á að tala um, en ekki treyst sér til að gera, þegar til átti að taka. Hún segir, að eftir að hún hafði frétt um handtöku ákærða, hafi hún og Carl talað saman um málið og hún látið þá í ljós við hann undrun sína á handtökunni og talið, að hann hefði ekki getað orðið valdur að bana bifreiðarstjórans eða verið við það mál riðinn. Hún segir, að það sé rétt, að Carl hafi verið staddur hjá henni í Álfheimum 30, þegar dóttir hennar hafi farið þaðan út til að hringja heim til ákærða, en Guðlaug Erla kveðst svo hafa í annað skipti og síðar hringt heim til ákærða og þá hafi Carl ekki verið í íbúðinni. Hún segir, að sími hafi ekki verið í Álfheimum 30.

Sverrir Einarsson dómfulltrúi minnst þess, að skömmu eftir að hann hafði úrskurðað ákærða í gæzluvarðhald, hringdi til hans stúlka, sem honum heyrðist vera þvoglumælt og einkennileg

í tali. Kvaðst hún vilja koma því á framfæri, að ákærði hefði ekki gert það, sem hann væri grunaður um að hafa framið. Sverrir kveðst hafa sagt henni, að hún skyldi koma þessu á framfæri við rannsóknarlögregluna, og síðan hafi hann sagt Leifi Jónssyni frá samtalinu. Leifur hafi getið sér þess til, að stúlkan hefði verið Guðlaug Skagfjörð.

Fyrirnefndur Hilmar Þorbjörnsson dvelur nú vestan hafs, og hefur hann eigi verið yfirheyrður.

Í fyrrgreindum peningakassa ákærða, sem fannst að Sækambi við húsleitina 7. marz f. á., var brotin og þvæld ljósmynd af stúlku, og á bakhlið myndarinnar var stimpill ljósmyndastofu Jóns K. Sæmundssonar hér í borg. Ljósmyndari þessi hefur gefið þær upplýsingar, að hann hafi tekið myndina í apríl 1955 og sé hún af Guðlaugu Skagfjörð, þá til heimilis í Barmahlíð 15 hér í borg.

Ákærða hefur verið sýnd þessi ljósmynd, og kveður hann, að hún sé af fyrrgreindri Guðlaugu Skagfjörð. Segir hann, að hún hafi gefið honum myndina fyrir mörgum árum og hafi myndin þá verið jafnbrotin og þvæld, eins og hún er nú.

Rannsóknarlögreglumennirnir Njörður Snæhólm, Leifur Jónsson og Gísli Guðmundsson hafa athugað dagbækur Bifreiðastöðvarinnar Hreyfils yfir allt árið 1967 og dagana frá 1. til 19. janúar 1968 í því skyni að kanna, hvort Gunnar Sigurður Tryggvason hefði á því tímabili verið bókaður í ökuferð heim til Guðlaugar Skagfjörð, en á þeim tíma var hún búsett fyrst í Nökkvavogi 25, en síðan í Álfheimum 30, eins og fyrr segir. Farið var yfir 156 dagbækur, en hver þeirra er 238 bls., og eru 12 ferðir bókaðar á hverri síðu. Var því farið yfir samtals 37.128 bls. og 445.536 ferðir. Í eitt skipti var Gunnar Sigurður bókaður í ferð að heimili Guðlaugar, og var það 2. janúar 1968 að Álfheimum 30. Það er ekkert nafn skráð við ferð þessa, og er því ekki unnt að sjá af bókuninni, hver hefur pantað bifreiðina. Húsið Álfheimar 30 er fjórar hæðir og tvær íbúðir á hverri hæð. Rannsóknarlögreglumennirnir hafa því talið það vera of fjarlægð að reyna að grennslast fyrir um það í húsinu, hver hafi pantað bifreiðina í þetta skipti, þar sem svo langt er um liðið (17. janúar 1970).

#### D.

Ákærði kveðst aldrei hafa átt viðskipti eða samskipti við Gunnar Sigurð Tryggvason eða hitt hann eða talað við hann, en þó þekkt hann í sjón. Hann kveðst ekki hafa séð hann oft, en

séð honum bregða fyrir nokkrum sinnum í leigubifreið sinni eða fyrir utan hana og það hafi komið fyrir, að hann hafi séð hann fara í Hafnarbíó kl. 1700, á meðan hann beið fyrir utan Nóa á Barónsstíg eftir Rögnu dóttur sinni að loknum vinnudegi hennar. Hann kveðst ekki hafa vitað um nafn Gunnars Sigurðar, fyrr en eftir að kunnigert hafði verið opinberlega nafn þess manns, sem fannst látinn í leigubifreið sinni að morgni 18. janúar 1968, og hann heyrði lýsingu á þeim manni. Ákærði kveðst aldrei hafa komið í húsið nr. 8 við Kamsveg hér í borg. Hann kveðst aldrei hafa heyrt nokkurn minnst á Gunnar Sigurð í lifanda lífi.

Fyrrgreindur Kristján Ómar Kristjánsson kveðst ekki vita til þess, að ákærði hafi þekkt Gunnar Sigurð eða átt einhver samskipti við hann. Hann segir, að ákærði og hann hafi rætt nokkuð oft saman um dauða Gunnars Sigurðar og hafi hann ekki getað séð nokkra breytingu á ákærða, þegar þeir ræddu um þann atburð. Hann minnst þess, að ákærði lét orð falla um, að rannsóknarlögreglumennirnir væru þess ekki umkomnir að upplýsa málið og finna hinn seka, en tók jafnframt fram, að morðinginn þyrfti að finnast. Ákærði minnst þess, að þeir Kristján Ómar ræddu um morðið á Gunnari Sigurði, en hann man ekki einstök orðaskipti þeirra við þau tækifæri.

Fyrrgreindur Gísli Álfgeirsson minnst þess, að einhverju sinni eftir dauða Gunnars Sigurðar hafi hann verið ásamt ákærða og máske einhverjum fleiri í bifreið Jóhannesar Ingvarssonar á stæði við Réttarholtsveg og hafi þá talið borizt að nefndum dauðdaga. Ákærði hafi þá sagt: „Þeir finna hann aldrei“, og átt þá við hinn seka. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessu atviki.

Umfangsmikil rannsókn lögreglu hefur farið fram í því skyni að upplýsa, hvort ákærði og Gunnar Sigurður hafi þekkt eða haft einhver samskipti saman.

Fyrrgreindir þrír menn, Sigurður Helgason, Kristinn Jóhann Björgvin Helgason og Árni Haraldsson, svo og tveir vinir ákærða í mörg ár, þeir Meyvant Meyvantsson bifreiðarstjóri, Reynimel 92, og Sverrir Guðmundur Meyvantsson bifreiðarstjóri, Kvisthaga 6, báðir hér í borg, hafa allir borið, að þeir viti ekki til þess, að ákærði hafi þekkt Gunnar Sigurð.

Gunnar Gils Jónsson, Mávahlíð 13 hér í borg, kveðst hafa unnið hjá Agli Skallagrímssyni h/f bæði árin, sem Gunnar Sigurður vann þar. Fyrra árið hafi Gunnar Sigurður verið aðstoðarmaður hans við akstur á öli út um borgina, meðal annars á Hótel Borg, og hafi 2—3 aðrar bifreiðar verið notaðar til þessa starfs.

Gunnar Gils kveðst ekki muna eftir ákærða á þessum tíma og ekki vita til þess, að Gunnar Sigurður hafi þekkt hann. Valdimar Helgi Eiríksson bifreiðarstjóri, Kvisthaga 15 hér í borg, vann einnig um tíma hjá Agli Skallagrímssyni h/f. Hann kveður, að þeir Gunnar Sigurður hafi nokkrum sinnum ekið öli á Hótel Borg, og minnst hann þess ekki, að ákærði hafi nokkru sinni tekið á móti því eða að hafa séð hann í þau skipti.

Viðar Gestsson pípulagningameistari, Kleppsvegi 102 hér í borg, kveðst hafa þekkt ákærða, síðan þeir unnu saman á Hótel Borg á árunum um 1948—1949. Hann kveðst ekki vita til þess, að ákærði og Gunnar Sigurður hafi þekkt, en ákærði hljóti þó að hafa þekkt hann í sjón. Því til styrktar segir hann, að mjög stuttu eftir að Gunnar Sigurður fannst látinn, hafi ákærði komið heim til hans og hafi þá nefndur dauðdagi borizt í tal á milli þeirra, en hann man ekki, hvor þeirra hóf máls á því efni, og hafi ákærði þá lýst Gunnari Sigurði sem feittum og fyrirferðarmiklum manni, eða með orðum sömu merkingar. Hann man ekki einstök orðaskipti hans og ákærða um þetta mál, og hann minnst þess ekki að hafa orðið var við einhverja breytingu á ákærða við þetta tækifæri eða síðar. Í tilefni af þessum framburði Viðars tekur ákærði fram, að hann hafi mjög oft drukkið kaffi heima hjá Viðari, eftir að hann fór að aka leigubifreið hjá Bæjarleiðum, og geti framburður Viðars verið alveg réttur, en hann muni ekki eftir einstökum orðaskiptum þeirra um þetta efni.

Rannsóknarlögreglan hefur yfirheyrð

a) 13 starfsmenn, karla og konur, sem unnu margvísleg störf á Hótel Borg samtímis ákærða,

b) 79 bifreiðarstjóra, afgreiðslumenn svo og framkvæmdastjóra Bifreiðastöðvar Steindórs, sem unnu þar samtímis ákærða, svo og

c) 136 bifreiðarstjóra, afgreiðslufólk svo og stöðvarstjóra Bæjarleiða, sem unnu þar samtímis ákærða, og veit enginn þeirra til þess, að ákærði hafi þekkt Gunnar Sigurð eða að þeir hafi átt einhver samskipti saman.

Búnaðarbanki Íslands hefur látið sakadómi í té ljósrit af þeim 83 tékkum, sem ákærði gaf út á fyrrgreindan reikning sinn nr. 8966 í þeim banka. Enginn af tékkum þessum er gefinn út til handa Gunnari Sigurði Tryggvasyni eða framseldur af honum. Útvegsbanki Íslands hefur látið sakadómi í té ljósrit af þeim 30 tékkum, sem Gunnar Sigurður gaf út á fyrrgreindan reikning sinn nr. 3139 í nefndum banka, og er seinasti tékkinn dagsettur 12. janúar 1968 og gefinn út til handhafa, að fjárhæð kr. 3.000.00.

Enginn af tékkum þessum er gefinn út til handa ákærða eða framseldur af honum.

#### Ð.

Að undangengnum úrskurði, uppkveðnum 28. júlí f. á., var Þórði Möller, yfirlækni á Kleppsspítalanum hér í borg, falið með bréfi, dags. 26. ágúst f. á., að rannsaka geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Með bréfi, dags. 20. desember f. á., sendi yfirlæknirinn dóm-inum skýrslu, dags. sama dag, um rannsókn sína, og er niður-staða yfirlæknisins þessi:

„Álit mitt er því: Sveinbjörn Gíslason, bifreiðarstjóri, er hvorki fáviti, geðveikur né heldur geðvilltur maður í venjulegri merk-ingu þess orðs, heldur meðalgefinn maður, yfirborðslegur og kærulaus, sennilega óproskaður af ábyrgðartilfinningu og óreiðu-maður, einkanlega í peningamálum. Hann er við núverandi að-stæður mjög varkár, gefur mjög takmarkaðar upplýsingar um sjálfan sig og er greinilega í varnarstöðu, sem álykta má bæði af því og eins ýmsum atriðum, sem koma fram í sálfræðiprófinu. Engar líkur verða leiddar af þessu að því, hvort hér sé um að ræða varnir gætins manns eða að sektarvitund sé undir niðri.

Ekkert bendir til þess, að Sveinbjörn sé annað en fyllilega sakhæfur í þessu máli, ef hann er við það riðinn á annað borð, á annan veg eða frekar en hann hefur þegar játað“.

#### VIII. kafli.

Þórður Björnsson yfirsakadómari hafði með höndum dómsrann-sókn í máli þessu. Eftir útgáfu ákæru 22. september 1969 hafa þrír dómara farið með málið samkvæmt 3. ml. 5. gr. laga nr. 82/1961, Þórður Björnsson sem dómsformaður og sakadómara Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson.

Dómsformaður tók upphaflega saman atvikalýsingu dóms þessa, og eru dómendur allir sammála um hana, eins og hún er rakin í köflum I—VII hér að framan.

Dómara Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson eru sammála um eftirfarandi niðurstöður og dómsorð.

a) *Ákæra fyrir brot gegn 211. gr. eða til vara gegn 211., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.*

Gunnar Sigurður Tryggvason var skotinn til bana í bifreið sinni á Laugalæk hér í borg aðfaranótt fimmtudagsins 18. janúar 1968. Þegar litið er til framburðar vitna, bæði um það, hvenær

síðast spurðist til ferða Gunnars Sigurðar um nóttina, og um það, hvenær menn urðu varir við bifreið hans á Laugalæk um morguninn, og hliðsjón jafnframt höfð að stöðu gjaldmælis í bifreið hans, sem enn var í gangi um morguninn, er Gunnar Sigurður fannst örendur, má telja víst, að dauða hans hafi borið að höndum á tímabilinu frá því klukkan nokkuð yfir fimm og þar til kl. nokkru fyrir sex um nóttina. Er ekki ólíklegt, að það hafi verið nærri miðju þessa tímaskeiðs.

Gunnar Sigurður beið bana af skoti, sem hleypt hefur verið í hnacka honum og telja verður, að komið hafi úr skothylki, sem fannst á gólfi bifreiðarinnar. Af rannsókn alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum, sem lýst hefur verið, þykir sannað, að skoti þessu hafi verið hleypt úr Smith & Wesson skammbyssu þeirri, sem fannst í bifreið ákærða, R 15612, hinn 6. marz 1969. Engin ummerki í bifreiðinni bentu til þess, að þar hefðu neins konar átök orðið, áður en skotinu var hleypt af. Af öllum aðstæðum má ráða, að það hafi verið gert að Gunnari Sigurði óviðbúnum og að ekki hafi verið um voðaskot að ræða, heldur hafi Gunnar Sigurður verið ráðinn af dögum af ásetningi.

Skammbyssu sú, sem hér er um að ræða, var eign Jóhannesar Jósefssonar og hafði horfið úr vörzlum hans árið 1965. Frá því rannsókn sú hófst, sem beindist að ákærða Sveinbirni sem grunuðum, eða í marz 1969, og allt fram til 28. júní 1969, neitaði ákærði því með öllu, að hann hefði tekið byssuna frá Jóhannesi, heldur hefði hann fundið hana í bifreið sinni rétt eftir miðjan janúar 1969 og væri sér ókunnugt um, hvernig hún hefði þangað komizt. Hinn 28. júní breytti hann framburði sínum og kannaðist nú við, að hann hefði tekið byssuna heima hjá Jóhannesi árið 1965. Hins vegar neitaði hann enn, að hann hefði haft vörzlur hennar í janúar 1968. Hefði hann, líklega vorið 1966, tekið byssuna með sér til þess að sýna hana vinnufélaga sínum og gleymt henni í mælaborðshólfi bifreiðarinnar R 1402, er hann skilaði henni til geymslu að lokinni vinnu um kvöldið, en næsta dag hefði hann orðið var við, að byssan var horfin. Eftir það hefði hann ekkert til hennar spurt, fyrr en hún hefði komið í ljós í bifreiðinni R 15612 í janúar 1969. Hefur ákærði síðan haldið fast við þennan framburð um feril byssunnar og umráð sín yfir henni.

Þegar byssan kom í ljós í marz 1969, var hún samkvæmt vætti Magnúsar Helgasonar og Snæbjörns Magnússonar fullhlaðin 7 skotum af gerðinni Smith & Wesson, cal. 35, og báru skotin stafinn U í miðri hvellhettu. Eitt slíkt skot fannst í læstum pen-

ingakassa við leit á heimili ákærða, án þess að hann hafi gefið skýringu á því, hvernig það hafi þangað komið eða hvaðan. Á heimili Jóhannesar Jósefssonar reyndust í febrúar 1968 vera til um 140 skot af þessu tagi. Við rannsókn málsins kom í ljós, að ákærði hafði á lyklakippu sinni útidyralkil að húsi Jóhannesar Jósefssonar. Ekki hefur hann getað skýrt, hvernig á því standi.

Á hvellhettu skothylkis þess, sem fannst í bifreið Gunnars Sigurðar Tryggvasonar, var pinnafar í miðju, en annað pinnafar utan á hvellhettunni. Á fjórum af skotum þeim, sem voru í byssunni, er hún fannst í bifreið ákærða, voru einnig pinnaför utan við miðju á hvellhettunni. Lítur út fyrir, að reynt hafi verið að skjóta skotum þessum úr annarri byssu, en skotið ekki sprungið. Grunur leikur á, að hér hafi verið um að ræða byssa af Mauser gerð, sem ákærði átti og seldi vinnufélaga sínum árið 1966, en rannsókn hefur þó eigi sannað, að það sé sú byssa, sem reynt hefur verið að skjóta skotunum úr.

Skot af gerðinni S&W 35 með bókstafnum U í miðri hvellhettu hafa ekki verið framleidd eftir árið 1925. Við rannsókn málsins komu skot af þessari gerð í ljós á tveimur stöðum hér í borginni auk þeirra, sem áður var lýst, þ. e. í verzluninni Goðaborg, þar sem reyndust vera tveir pakkar með slíkum skotum, og hjá Bjarna Þór Guðmundssyni, sem hafði undir höndum 37 skot. Ekki hefur tekizt að rekja slóð þessara skota.

Framburður ákærða um það, að byssan hafi horfið úr bifreiðinni R 1402 árið 1966 og að hún hafi komið aftur í vörzlur hans í janúar 1969, er allur með hinum mestu ólíkindum. Vaknar sterkur grunur um, að framburður þessi sé rangur og hafi margnefnd byssa verið í vörzlum ákærða eða á hans vegum, er Gunnar Sigurður var ráðinn af dögum. Hafi ákærði annað hvort unnið verkið sjálfur eða einhver annar með vilja hans eða vitund. Verða nú tilgreind fleiri atriði, er styrkja þann grun:

Samkvæmt frásögn ákærða liðu 5—7 vikur, frá því hann fann byssuna í bifreiðinni R 15612 og þar til hann missti vörzlur bifreiðarinnar, og byssan kom þar í ljós. Ákærði skilaði lögreglu ekki byssunni né tilkynnti um hana. Á þessu tímabili hitti ákærði að máli lögreglumennina Lárus Salómonsson og Njörð Snæhólm, en lét byssunnar þó ekki getið við þá. Ákærði kannast við það, að það hafi hvarflað að sér, að hér væri komin byssa sú, sem Gunnar Sigurður Tryggvason var skotinn til bana með. Ákærði hefur engar sennilegar skýringar getað gefið á því, hvers vegna hann lét undir höfuð leggjast að skila byssunni eða tilkynna

um hana. Fyrst bar hann því við, að hann hefði gert ráð fyrir, að sá, sem skilið hefði byssuna eftir, mundi spyrja eftir henni. Síðar hefur ákærði sagt, að hann hafi ekki tilkynnt fund byssunnar af ótta við, að hann yrði þá bendlaður við dauða Gunnars Sigurðar Tryggvasonar.

Sá framburður ákærða, að hann hafi gleymt byssunni í bifreiðinni árið 1966, er hann telur hana hafa horfið, þykir mjög tortryggilegur, og rannsókn hefur ekkert leitt í ljós til styrktar því, að hún kunni að hafa verið tekin úr geymsluhólfi bifreiðarinnar, eins og ákærði vill vera láta.

Ákærði telur sig hafa fundið byssuna undir framsæti bifreiðarinnar, er hann var að ræsta hana. Af athugunum, sem gerðar hafa verið, er sennilegt, að byssa, sem komið væri fyrir undir framsæti bifreiðarinnar, mundi fljótlega færast til við akstur og koma í ljós út undan sætinu.

Viðbrögð ákærða og orð þau, sem hann lét sér um munn fara, eftir að byssan gekk honum úr greipum 6. marz 1969 og eftir að hann hafði verið handtekinn næsta dag, benda fremur til sektar ákærða en sakleysis.

Enn má geta þess, að framburður ákærða um ýmis önnur atriði, sem fram hafa komið í rannsókninni, svo sem það, hvornig hann sé kominn að kvikmyndaspólum, er fundust í vörzlum hans, er í meira lagi vafasamur. Bendir þetta ásamt fleiru til þess, að vald sé að treysta framburði ákærða.

Á hinn bóginn verður að líta til atriða, er draga úr líkum að því, að ákærði hafi orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana.

Ákærði telur sig hafa verið heima hjá sér alla aðfaranótt 18. janúar 1968. Hafi hann komið heim upp úr miðnætti og farið á fætur á venjulegum tíma um morguninn og ekið dóttur sinni til vinnu laust fyrir kl. hálf átta. Er þessi framburður studdur vætti konu ákærða og dóttur. Sönnur hafa raunar ekki verið færðar á það, að ákærði hafi verið heima hjá sér á þeim tíma, er Gunnar Sigurður var skotinn til bana. Hins vegar hefur ekkert komið fram, er bendi til þess, að hann hafi þá verið utan heimilis síns. Hefur þó farið fram mjög víðtæk rannsókn til könnunar á þessu. Enginn þeirra fjölmörgu, sem skýrsla hefur verið tekin af, kveðst þó hafa orðið var við ákærða á ferli umrædda nótt. Enginn þeirra, er hittu ákærða að máli að morgni 18. janúar 1968 eða áttu tal við hann næstu daga á eftir, telur sig hafa orðið varan við neitt óeðlilegt í fari hans.

Ekkert hefur komið fram þrátt fyrir rækilega könnun, sem

bendir til þess, að neins konar kynni eða tengsl hafi verið milli ákærða og Gunnars Sigurðar Tryggvasonar. Er ekki hægt að leiða neinar sennilegar getur að því, hvað ákærða ætti að hafa gengið til að svipta Gunnar Sigurð lífi. Gunnar Sigurður var maður friðsamur og óáleitinn, var vel látinn af þeim, sem kynni höfðu af honum, og átti sér ekki, svo vitað væri, neinn óvildarmann. Af gögnum þeim, sem fyrir liggja um Gunnar Sigurð og persónulega hagi hans, er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvaða hvatir hafi stýrt hendi banamanns hans, hver svo sem hann hefur verið.

Þegar metin eru í heild atriði þau, sem nú hafa verið talin, verður að vísu að telja, að verulegar líkur hafi verið leiddar að því, að ákærði hafi orðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni að bana, en þó varhugavert að telja í refsímáli, að það sé sannað með fullnægjandi hætti.

Kemur þá til úrlausnar varakrafa ákæruvalds um refsíabyrgð á hendur ákærða fyrir hlutdeild í broti gegn 211. gr. almennra hegningarlaga.

Áður var frá því greint, að frásögn ákærða um hvarf byssunnar og endurfund hennar væri mjög fjarstæðukennd. Kæmi til greina að hafna henni með öllu og álykta, að ákærði hefði haft umráð byssunnar á þeim tíma, er morðið var framið. Hefði það þá, ef ákærði framdi það ekki sjálfur, verið unnið af einhverjum öðrum, sem fengið hefði skotvopnið hjá ákærða. En þótt ályktað væri á þessa leið, yrði ákærða ekki refsað, nema sannað þætti, að huglæg refsiskilyrði væru fyrir hendi, þ. e. að hann hefði látið byssuna í té, til þess að hún yrði notuð í þessu skyni, eða að hann hefði að minnsta kosti vitað eða mátt búast við, að svo yrði. Um þessi atriði er hins vegar allt á huldu, og verður ekkert um þau fullyrt. Þykir ákærði því ekki verða sakfelldur fyrir hlutdeild í því, að Gunnar Sigurður Tryggvason var sviptur lífi.

Ákærði verður þannig sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga og af ákæru um hlutdeild í slíku broti.

b) *Ákæra fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.*

Ákærði tók árið 1965 skammbyssu með leynd á heimili Jóhannesar Jósefssonar og sló eign sinni á hana í auðgunarskyni. Er hér um að ræða verknað, sem refsing er við lögð í 244. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 69/1964, skal ekki höfða opinbert mál út af þjófnaðarbroti, ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 3.000 kr.

og engin sérstök atvik auka saknæmi þess, og sökunautur hefur ekki áður gerzt sekur um auðgunarbrot, nema sá krefjist þess, sem misgert var við. Ákærði hafði ekki fyrr reynzt sekur um auðgunarbrot. Um verðmæti skotvopns þess, sem ákærði tók, er nokkur vafi, en í bandarískum verðlista (Shooters Bible) frá 1964 er verð byssu af þessu tagi talið 30 Bandaríkjadollarar, þ. e. um 1.300 kr. íslenskar, miðað við skráð gengi árið 1965. Þegar þessa er gætt, þykir, þótt hafðar séu í huga gildandi reglur um tolla á skotvopnum, ósannað, að verðmæti byssunnar hafi farið fram úr 3.000.00 kr. Engin sérstök atriði í framkvæmd þessa brots þykja auka á refsinaemi þess. Krafa um málshöfðun út af byssu-stuldinum kom ekki fram. Ber þannig að vísa þessu ákæruatriði frá dómi.

c) *Ákæra fyrir brot gegn reglugerð nr. 105/1936.*

Með því að hafa skotvopn í fórum sínum án tilskilins leyfis hefur ákærði brotið gegn 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sem sett er með heimild í lögum nr. 69/1936. Hefur ákærði með broti þessu unnið samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936, sbr. lög nr. 14/1948, til refsingar, er ákveðin verður 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sekt þessa telst ákærði hafa þegar afplánað að fullu með 10 dögum af gæzluvarðhaldsvist sinni.

Þar sem ákærði er einungis sakfelldur fyrir smávægilegan þátt ákærunnar, þykir rétt að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðin eru kr. 120.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, skal vera sýkn af ákærum fyrir brot gegn 211. gr. og fyrir brot gegn 211., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga er vísað frá dómi.

Ákærði sæti fyrir brot gegn 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sektin telst þegar afplánuð með 10 dögum af gæzluvarðhaldsvist ákærða.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.00.

## Sér atkvæði

dómsformanns Þórðar Björnssonar.

Ég tel, að VIII. kafli í forsendum dómsins svo og dómsorð ætti að vera þannig:

## VIII. kafli.

Þórður Björnsson yfirsakadómari hafði með höndum dómsrannsókn í máli þessu. Eftir útgáfu ákæru 22. september 1969 hafa þrír dómáramur farið með málið samkvæmt 5. gr., 3. mgr., laga nr. 82/1961, Þórður Björnsson sem dómsformaður og sakadómáramur Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson.

Munnlegur flutningur málsins fór fram dagana 19. og 20. janúar s.l. Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins. Gerði hann þær kröfur í málinu, að ákærði verði dæmdur til þyngstu refsingar að lögum og til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin hæfileg saksóknarlausn ríkissjóði til handa.

Réttargæzlumaður ákærða og verjandi hans í málinu, Björn Sveinbjörnsson hæstaréttarlögmaður, gerði þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum ákærum ákæruvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til lágmarksrefsingar fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936. Þá gerði hann kröfu til, að allur kostnaður málsins, þar á meðal hæfileg málsvarnarlausn honum til handa, verði greiddur úr ríkissjóði.

## A.

Verður nú tekið til athugunar, hvort ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi þá og brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru greinir. Verður fyrst virt, hvort ákærði hefur gerzt brotlegur gegn 211. gr. hegningarlaganna eða gegn þeirri grein, samanborið við 22. gr. laganna. (A-E).

Kemur fyrst til álita, hvenær Gunnar Sigurður Tryggvason hlaut skotsárið og bana sinn.

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, hóf hann akstur leigubifreiðar sinnar, R 461, þó nokkru fyrir miðnætti aðfaranótt 18. janúar 1968. Um nóttina fór hann sannanlega tvær ökuferðir, aðra skömmu eftir miðnætti, en hina eftir kl. 0300. Henni lauk í Miðtúni, að því er ætla má um kl. 0345, og ók hann síðan vestur Miðtún. Næst sáu tveir bifreiðarstjórar bifreið hans við

bifreiðastaur Hreyfils norðan megin á Sundlaugavegi milli Hrísa-  
 teigs og Gullteigs, og sneri hún í vestur eða norðvestur. Annar  
 bifreiðarstjórinn sá bifreiðina tvisvar og Gunnar Sigurð undir  
 stýri hennar, og heldur hann, að klukkan hafi þá verið um 0400  
 og um 0405. Hinn bifreiðarstjórinn ók tvisvar fram hjá staur-  
 num, í fyrra skiptið muni klukkan hafa verið um 0400, en í seinna  
 skiptið um kl. 0440. Hann segir, að bifreiðin og Gunnar Sigurður  
 í henni hafi verið við staurinn í annað skiptið og, að því er  
 hann minnir, í seinna skiptið. Næst sáu nokkrir vegfarendur,  
 hvar bifreiðin R 461 stóð kyrr austan megin á Laugalæk milli  
 Sundlaugarvegjar og Bugðulækjar og sneri í suður. Sigurpáll  
 Ófeigsson gekk fram hjá bifreiðinni, og var vél hennar í gangi,  
 og kveikt var á „park“-ljósum hennar. Hann kveðst hafa greinilega  
 séð, að Gunnar Sigurður, sem hann þekkti í sjón, sat hreyfingar-  
 laus vinstra megin í framsæti bifreiðarinnar og hallaði höfðinu  
 aftur. Honum sýndist annar maður vera í aftursætinu nærri því  
 fyrir aftan Gunnar Sigurð, og virtist maðurinn vera álútur í  
 sætinu. Sigurpáll gekk rակleitt áfram að Rauðalæk 2 og kom  
 þangað alveg rétt fyrir kl. 0600. Gísli Álfgeirsson heldur, að  
 klukkan hafi verið 0615 til kl. 0620, þegar hann ók fram hjá  
 bifreiðinni, og gat hann þá ekki betur séð en að maður sæti undir  
 stýri hennar og hallaði höfðinu örlítið aftur á bak. Magnús  
 Andrés�on ók laust fyrir kl. 0630 frá Norðurbrún 4 og fram hjá  
 bifreiðinni. Sat þá maður undir stýri hennar, og leit út fyrir, að  
 hann svæfi eða dottaði. Ívar Andersen heldur, að klukkan hafi  
 verið um 0645, þegar hann ók frá Laugalæk 26 og suður þá götu.  
 Sá hann þá bifreið, sem ætla verður, að hafi verið R 461, og  
 var maður í sæti bifreiðarstjórans. Jóhann Jón Þorvaldsson held-  
 ur, að hann hafi lagt af stað frá Laugarnesvegi 94 í bifreið sinni  
 klukkan rúmlega 0700, og ók hann fram hjá R 461. Sá hann  
 þá í sjónhendingu, að maður sat undir stýri bifreiðarinnar, og  
 hallaðist höfuð hans aftur á bak. Þeir feðgar Jóhann Jón og  
 Magnús Helgi, sem var þá læknanemi, námu svo staðar við bif-  
 reiðina, og kveður hinn síðarnefndi, að klukkan hafi þá verið  
 0710. Hann opnaði framhurð bifreiðarinnar og sá þá, að nokkuð  
 blóð hafði runnið úr hægra munnviki manns, sem sat undir stýri  
 hennar, og taldi hann, að maðurinn væri látinn, og þegar hann  
 þreifaði á púlssi hans, fann hann, að maðurinn var farinn að  
 kólna. Vél og miðstöð bifreiðarinnar voru í gangi og nokkuð  
 heitt inni í henni, en rúður hennar lokaðar. Þeir feðgar óku síðan  
 að Laugarnesvegi 94 og hringdu á lögreglustöðina og tilkynntu

atburðinn. Var klukkan þá 0715, og ber lögreglumönnunum, sem komu fyrstir á vettvang, saman um, að þeir hafi verið komnir þangað aðeins fáeinum eða 5—7 mínútum síðar. Vél bifreiðarinnar var þá í gangi svo og gjaldmælir, og kveikt var á stöðuljósum hennar. Maður, sem reyndist vera Gunnar Sigurður Tryggvason, var undir stýri bifreiðarinnar. Var hann mjög fljótlega fluttur á slysavarðstofuna, og þar upplýstu læknar, að hann væri þegar látinn. Í skýrslu læknisins, sem krufði lík Gunnars Sigurðar, getur ekki dánarstundar hans, en hann ályktar, að hann hafi látizt samstundis af skotsári því, sem hann hlaut í höfuðið. Telja verður, að gjaldmælir bifreiðarinnar hafi verið stöðvaður kl. 0823, og sýndi hann þá kr. 87.00. Athugun á mælinum í bifreiðinni kyrrstæðri sýndi, að það tók tímann frá kl. 2010 til kl. 2306 að sýna upphæðina kr. 87.00, en mælirinn var þá þremur mínútum of lágur miðað við klukkustund og sýndi kr. 31.80, en átti að sýna kr. 33.00 á klukkustund. Önnur athugun á mælinum, þegar bifreiðinni var ekið á eðlilegum hraða um borgina, sýndi, að það tók tímann frá kl. 1705 til kl. 1858 að sýna upphæðina kr. 87.00, og hafði bifreiðinni þá verið ekið 58 kílómetra.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fullyrt með öryggi, hvernær Gunnar Sigurður hlaut skotsárið og lézt, en ætla verður, að það hafi verið nokkru eftir kl. 0500, og sennilega eftir kl. 0515 og eigi síðar en laust fyrir eða um kl. 0600.

Jafnframt þykir upplýst, að kúlunni, sem varð Gunnari Sigurði að bana, var hleypt af í hnakka hans á mjög stuttu færi, og bendir ekkert til þess, að komið hafi til átaka í bifreiðinni, áður en skotið reið af. Hér við bætist, að vél og gangmælir bifreiðarinnar var í gangi, kveikt var á biðljósum hennar og hún staðsett úti á götunni, þannig að vinstri framendi hennar var 1.60 metra og vinstri afturendi 2 metra frá nyrðri gangstéttarbrún. Bendir þetta til þess, að verknaðinn hafi borið brátt að og Gunnari Sigurði að óvörum. Hér kemur og til, að verknaðurinn átti sér stað á þeim tíma sólarhrings, þegar minnst umferð er, og á opnu svæði, þar sem nokkur fjarlægð er til næstu íbúðarhúsa, og þar að auki var veður slæmt, stormur og rigning.

Framangreind atriði draga mjög úr möguleikum þess, að hér hafi verið um voðaskot eða óhappaverk að ræða, heldur styrkja þau þá niðurstöðu, að Gunnari Sigurði hafi verið ráðið bana af ásettu ráði.

## B.

Næst kemur til álitna, hver hefur haft byssuna undir höndum eða ráð hennar á þeim tíma, þegar Gunnar Sigurður var sviptur lífi með henni, og þá sér í lagi, hvort það var ákærði. Hér koma mörg og margvísleg atriði til greina, og verða þau nú talin:

1) Það verður að telja sannað með skýrslu alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum, sem staðfest er með eiði hjá notarius publicus í Columbiafylki, að skothylki því, sem fannst í bifreiðinni R 461 umræddan morgun, hafi verið skotið úr byssu þeirri, sem fannst í bifreið ákærða, R 15612, hinn 6. marz 1969. Einnig kveður alríkislögreglan, að kúlunni, sem fannst í höfði Gunnars Sigurðar, hafi getað verið skotið úr byssu þessari, og verður að ganga úr frá því, að svo hafi verið, þó að lögreglan telji, að smásjarmörkin á yfirborði kúlunnar séu vegna skemmda ónóg til að þekkja meg. Byssan og skotin voru af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson, cal. 35.

Jóhannes Jósefsson, fyrrum eigandi Hótelis Borgar, var eigandi byssunnar, og hafði hún horfið frá honum úr ólæstum kassa á heimili hans að Tjarnarstíg 8 á Seltjarnarnesi sumarið 1965.

2) Á tímabilinu frá 7. marz til 28. júní f. á. staðhafði ákærði, að hann hefði ekki tekið byssuna frá Jóhannesi Jósefssyni, heldur hefði hún þá fyrst komið í hendur hans, þegar hann hefði fundið hana undir hægra framsæti bifreiðarinnar R 15612 rétt eftir miðjan janúar f. á. Hinn 28. júní f. á. breytti hann þessum fram-  
burði á þann veg, að hann viðurkenndi að hafa árið 1965 tekið byssuna á heimili Jóhannesar á Tjarnarstíg 8 í þeim tilgangi að selja hana og nota andvirðið til eigin þarfa. Engin skot hefðu verið í byssunni og hefði hann aldrei látið skot í hana. Byssuna hefði hann látið í peningakassa sinn, sem hann geymdi á stiga-  
palli á heimili sínu að Sækambi.

Hinn 28. júní f. á. viðurkenndi ákærði einnig, að hann hefði á árunum 1953—1955 tekið hálfan annan pakka af skammbyssu-  
skotum úr skúffu í sumarbústað Jóhannesar Jósefssonar við Hít-  
ará í þeim tilgangi að athuga, hvort skotin „pössuðu í“ Mauser byssu hans. Hann hefði prófað eitt skotið, en það hefði reynzt vera of lítið. Hann orðaði það sem möguleika, að hann hefði látið skot þetta í fyrrgreindan peningakassa sinn. Hin skotin hefði hann látið í læsta skúffu í skrifborði, þar sem Mauser byssan var geymd, en hann vissi ekkert, hvað orðið hefði af þeim. Þau hefðu horfið eða gufað upp og máske hefði hann fleygt þeim.

Enn fremur skýrði ákærði frá því 28. júní f. á., sbr. framburð

hans 17. nóvember f. á., að máskæ um vorið 1966 hefði hann tekið byssuna úr peningakassanum og haft hana með sér á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna hana Þóri Magnússyni bifreiðarstjóra, og heldur hann, að þeir Þórir hafi verið búnir að tala saman um, að hann sýndi honum byssuna, þó að tiltekinn dagur hafi ekki verið ákveðinn. Þórir hafi ekki verið að vinna þennan dag, og kveðst ákærði því hafa geymt byssuna allan daginn í læstu geymsluhólfi bifreiðarinnar R 1402, sem hann ók þá hjá Steindóri, en gleymt að taka byssuna með sér, þegar hann skilaði bifreiðinni með lykklum hennar í kveikjulásnum í port bifreiðastöðvarinnar við Sólvallagötu um kl. 0100 um nóttina. Næsta dag hafi hann athugað strax í geymsluhólf bifreiðarinnar, þegar hann kom til að ná í hana, en þá hafi byssan verið horfin úr því. Hann kveðst svo ekki hafa séð byssuna aftur fyrr en laust eftir miðjan janúar f. á., en þá hafi hún verið undir sæti bifreiðarinnar R 15612, eins og fyrr greinir. Byssan hafi þá verið fullhlaðin 7 skotum. Hann kveðst síðan hafa geymt hana fullhlaðna í læstu geymsluhólfi bifreiðarinnar, þar til hún var tekin af honum 6. marz f. á.

3) Við húsleitina á heimili ákærða 7. marz f. á. fannst fyrrgreindur peningakassi, og voru þá í honum meðal annars tvö skot, annað Smith & Wesson, cal. 35, en hitt WRA, 9 millimetrar. Fyrirnefnda skotið reyndist vera af sömu tegund og stærð og skotið, sem notað var gegn Gunnari Sigurði, svo og skotin sjö, sem voru í byssunni, sem fannst í bifreiðinni R 15612.

Ákærði kveður, að engin skot hafi átt að vera í kassanum og geti hann ekkert borið um skotin tvö í honum, og mundi hann ekki eftir þeim, sbr. þó framburð hans í 1. lið.

Kassinn var ávallt læstur með lykli, sem ákærði hafði í lykklaveski sínu eða í læstri skúffu í Sækambi, sem hann geymdi lykklinn að.

4) Fram hefur komið, að skotin Smith & Wesson, cal. 35, voru framleidd á árunum 1913—1940, og árið 1925 var hætt að hafa stafinn U á hvellhettu þeirra. Stafurinn U er á skothylkinu, sem fannst í bifreiðinni R 461, og einnig á Smith & Wesson cal. 35 skotinu, sem fannst í peningakassa ákærða, svo og á skotunum sjö, sem voru í byssunni, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612. Öll þessi skot hafa því verið framleidd fyrir árið 1926.

Aðeins ein tegund af byssum hefur verið framleidd fyrir þessa stærð skota, og er það Smith & Wesson skammbyssan, cal. 35, sú hin sama og fannst í bifreiðinni R 15612. Aðeins 8.350 stykki

hafa verið búin til af þessari byssutegund, og var framleiðslu hætt árið 1921.

5) Það mun hafa verið 14. febrúar 1968 sem Lárus Fjeldsted Salómonsson fann 12 Smith & Wesson cal. 35 skot í veiðitösku í kjallara húss Jóhannesar Jósefssonar á Tjarnarstíg 8 og nánar tiltekið í geymslu þar eða þvottahúsi, en þaðan var innangengt út í bifreiðarskúr við húsið, og var hurðin þar á milli læst með smekklási frá þvottahúsinu.

Næsta dag fundu þeir Lárus Fjeldsted og Njörður Snæhólm til viðbótar um 130 skot af sömu stærð og tegund í kössum í þvottahúsinu.

Ákærði hafði í lyklaveski sínu lykil, sem gekk að útidyrhurð íbúðar Jóhannesar í húsinu, og hefur hann ekki getað gert grein fyrir því, hvers vegna hann hafði þennan lykil, og Brynhildur, ekkja Jóhannesar, kveður, að hann hafi ekki átt að hafa hann.

6) Njörður Snæhólm kveður, að hvellhetturnar í þremur af skotunum sjö, sem voru í byssunni, sem fannst í R 15612, séu með einu pinnafari og hvellhettan í því fjórða sé með tveimur pinnaförum. Förin séu utarlega eða utan við miðju í hvellhettunum og ekki öll eins djúp að sjá.

Förin eftir pinna byssunnar, sem fannst í R 15612, séu hins vegar alveg í miðju hvellhettunnar og öðruvísi að sjá en förin í skotunum fjórum. Þau för muni því ekki vera úr þessari byssu, heldur hljóti að hafa verið reynt að skjóta þeim skotum úr annarri byssu.

Einnig sé aukafar í hvellhettu skotsins, sem varð Gunnari Sigurði að bana.

Enn fremur hafi komið í ljós, að skotin Smith & Wesson, cal. 35, „passi“ ekki í 8 tilteknar og tiltækar skammbyssutegundir og hafi skothylkið verið aðeins of digurt til að ganga í patrónusætið.

Njörður og Leifur Jónsson prófuðu að skjóta Smith & Wesson cal. 35 skotum úr fyrrgreindri Mauser byssu, sem ákærði átti, og ber þeim saman um, að byssan hafi ekki sprengt hvellhetturnar og hafi pinnaförin verið aðeins utan við miðju. Þeir telja því, að möguleiki sé á því, að pinnaförin í skotunum fjórum, sem voru í byssunni, sem fannst í R 15612, geti verið eftir Mauser byssuna.

Athugun bandarísku alríkislögreglunnar leiddi eftirfarandi í ljós:

Mauser byssan var hlaðin 10 Smith & Wesson cal. 35 skot-

hylkjum og reynt að skjóta þeim. Aðeins eitt skot heppnaðist, en kúlan úr skothylki þessu festist í hlaupinu. Litla dældin í hvellhettu skothylkisins, sem fannst í R 461, er ekki með nægilegum smásjármerkingum til að bera megi kennsl á pinnann, sem kann að hafa markað þær. Skothylkin fjögur eru með pinna-mörkum, sem kynnu að vera eftir pinna með hringlaga merkingum, en ekki fundust neinar slíkar hringlaga merkingar á mörkum eftir pinnann úr Mauser byssunni, sem reyndist vera brotinn, og í núverandi ásigkomulagi er endi hans lítillaga flattur og skilur ekki eftir hringlaga merkingar.

Þeir Njörður og Leifur hafa prófað 11 tilteknar og tiltækar tegundir riffilskota í Mauser byssuna, og telja þeir, að enginn möguleiki sé á því að skjóta skotum þessum úr byssunni og ekki heldur minni eða stærri skotum.

Þeir hafa einnig prófað 10 tilteknar og tiltækar tegundir skammbyssuskota í Mauser byssuna, og telja þeir, að skot þessi séu ýmist of stór eða of lítil, til þess að hægt sé að skjóta þeim úr byssunni nema þá með miklum aðgerðum. Smith & Wesson cal. 35 skotið sé það skot, sem komist næst því að ganga í byssuna, þó að það „passi“ engan veginn.

Komið hefur fram, að fyrir mörgum árum skutu Helgi, sonur ákærða, og tveir piltar aðrir, þá um eða innan við fermingaráldur, og máske á árunum 1959—1960, skotum úr byssu skammt frá Sækambi, og fengu þeir bæði byssuna og skotin í skrifborðs-skúffu þar. Telja má upplýst, að byssan hafi verið fyrrgreind Mauser byssa ákærða og einnig af þeim fyrrgreindu skammbyssuskotum, sem ákærði kveðst hafa tekið í sumarbústaðnum við Hítará á árunum 1953—1955, og að þau skot hafi þá verið af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson, cal. 35.

7) Komið hafa í leitirnar Smith & Wesson cal. 35 skot með stafnum U á hvellhettu á tveimur öðrum stöðum en heima hjá Jóhannesi Jósefssyni, heima hjá ákærða svo og í byssunni, sem fannst í R 15612.

Seinni hluta sumars 1968 fundust tveir eldgamlir, upplitaðir og snjáðir pakkar af þessum skotum í skáp í verzluninni Goðaborg. Þessi stærð og tegund skota var þó aldrei seld eða höfð til sölu þar, og er ekki vitað, hvernig þessir skotpakkar hafa komist í verzlunina.

Bjarni Þór Guðmundsson bifreiðasmiður hafði undir höndum 37 skot af þessari tegund og stærð, og kveðst hann hafa fengið þau í kringum árið 1959, en um nánari atvik að því er ekki vitað.

Hann kveðst engum hafa sagt frá skotum þessum, og hann kveðst heldur ekki hafa látið neitt af þeim frá sér fara. Hann álitur það vera alveg öruggt mál, að hann hafi geymt skotin það vel, að annar maður hafi ekki komizt í þau.

8) Í framburði sínum til 28. júní f. á. kveður ákærði, að þegar hann hafði fundið byssuna og komizt að því, að hún var fullhlaðin, hafi honum dottið í hug, að einhver hefði af ásettu ráði verið að koma honum í vandræði með því að láta byssuna í bifreiðina, en jafnframt hafi hvarflað að honum, að ef til vill hafi átt að nota byssuna á hann. Honum hafi þó ekki dottið í hug neinn ákveðinn maður í þessu sambandi.

Ákærði kveðst þó ekki hafa tilkynnt lögreglunni um byssuna af einhverri vitleysu og hafi hann ætlað að athuga það sjálfur, hver hefði látið byssuna þarna, og hafi hann jafnvel búizt við því, að maðurinn mundi koma til hans og spyrja um hana. Ætlan ákærða hafi verið að komast að því, hver sá maður væri, sem gæti verið svona illviljaður í hans garð, en hann hafi þó ekki ætlað að afhenda honum byssuna.

Aðspurður um ólíkindi þess, að maður, sem hefði ætlað sér að koma ákærða í vandræði með því að skilja byssuna eftir í bifreiðinni, eða að maður, sem hefði ætlað sér að nota byssuna á hann, færi að gefa sig fram við hann og spyrja um byssuna, þá kveðst ákærði ekki geta svarað því neinu.

Enn fremur kveðst ákærða hafa komið í hug, nokkru eftir að hann hafi fundið byssuna, að það gæti litið illa út, ef hann skilaði henni ekki til lögreglunnar eða léti hana vita af henni. Það hafi orðið til þess, að hann hafi nokkrum sinnum reynt að ná í Lárus Fjeldsted símleiðis, en ekki tekizt það.

Aðspurður um, hvers vegna hann hringdi ekki á lögreglustöðina eða til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, þar sem hann hefði auðveldlega getað fengið samband strax, svarar ákærði: „Af einhverjum ástæðum gerði ég það ekki“.

Upplýst er, að ákærði hitti og talaði við Lárus Fjeldsted tvisvar, eftir að hann kveðst hafa fundið byssuna í R 15612, en áður en hann var handtekinn, og í annað skiptið var ákærði í nefndri bifreið, svo og að ákærði hitti einnig Njörð Snæhólm einu sinni á þessum tíma. Í öll skiptin lét ákærði undir höfuð leggjast að skýra lögreglumönnum frá byssunni, sem hann hafði undir höndum.

9) Ákærði hefur viðurkennt, að það hafi hvarflað að honum, að byssan í bifreiðinni R 15612 væri byssa Jóhannesar Jósefs-

sonar, og hafi honum fundizt byssan vera lík henni. Enn fremur hafi honum dottið í hug, að verið gæti, að þetta væri byssan, sem Gunnar Sigurður hefði verið myrtur með, en Njörður Snæhólm hafi talað við hann skömmu eftir morðið, líklega í tvö skipti, og skýrt honum frá því, að stærð byssunnar, sem Gunnar Sigurður hefði verið myrtur með, væri annað hvort cal. 35 eða 38, og hafi Njörður nefnt aðra töluna svo og að miklar líkur væru fyrir því, að byssa þessi væri sú hin sama og tekin hefði verið frá Jóhannesi Jósefssyni eða þá byssa af sömu gerð.

Þrátt fyrir það, að ákærði breytti framburði sínum 28. júní f. á., eins og að framan er rakið, hefur hann vísað áfram til fyrri framburðar síns um geymslu byssunnar, en kveðst nú ekki hafa tilkynnt um fund hennar af einskærum ótta við að verða bendlaður við bana Gunnars Sigurðar.

10) Næturverðirnir þrír í verkstæði og þvottahúsi Steindórsstöðvar hafa borið það, að bifreiðarnar hafi verið skildar eftir þar að næturlagi ólæstar og lykklar þeirra hafðir í kveikjulásnum, en dyr verkstæðishússins hafi ávallt verið lokaðar á næturnar og dyr þvottahússins lokaðar með slagbrandi að innan. Næturvörðurinn hafi verið í lítilli kompu í einu horni þvottahússins eða í verkstæðinu.

Ekkert hefur komið fram því til styrktar, að einhver maður hafi komizt í bifreiðina R 1402 á fyrrgreindum stað að næturlagi og tekið þar byssu úr hanzkahólfi hennar eða að ákærði hafi gleymt byssu í hólfinu eina nótt. Sú frásögn ákærða, að hann hafi gleymt byssunni í bifreiðinni, er mjög ósennileg svo og sú frásögn hans, að hann hafi farið með byssuna niður á Bifreiðastöð Steindórs í því skyni að sýna Þóri Magnússyni hana án þess að vera búinn að skýra honum fyrir fram frá því og tiltaka dag þann og stund, sem hann ætlaði sér að sýna honum gripinn.

11) Njörður Snæhólm og Leifur Jónsson bera, að eftir 10 mínútna akstur bifreiðarinnar R 15612 með skammbyssuna, sem fannst í henni, liggjandi á vinstri hlið, þ. e. á „eyranu“, sem gefur meiri mótstöðu, undir miðju framsæti hægra megin fram undir brún á teppinu og því beint fram af hægri hluta aftursætis, hafi byssan verið komin það langt aftur undan sætinu, að ekki hafi verið nokkur leið að komast hjá því að sjá hana úr aftursætinu. Þá telja þeir mestar líkur vera fyrir því, að farþegi, sem settist í aftursætið hægra megin, hefði sparkað byssunni fram fyrir, þegar hann hefði stungið tánum inn undir sætið, nema því aðeins að eitthvað hefði verið undir sætinu að framan, sem

hefði komið í veg fyrir það. Njörður kveðst hafa prófað þetta og lent þá strax á byssunni.

Þeir Njörður og Leifur óku ásamt Ragnari Vigni í annað sinn í R 15612, en höfðu þá framsæti bifreiðarinnar í fremstu stillingu, eins og ákærði mun hafa haft sætið við akstur. Byssan var sett á gólfið undir framsæti hægra megin milli teppis aftur í bifreiðinni og teppis frammi í henni í bil undir miðju sætisins. Við akstur bifreiðarinnar færðist byssan til fram að brún teppisins frammi í bifreiðinni án þess að kastast fram í hana.

12) Þegar allt það er virt, sem hér að framan greinir, er ekki hægt að taka trúanlega frásögn ákærða um, að byssan hafi horfið frá honum árið 1966 og komið svo fram í bifreið hans á s.l. ári. Dómurinn lítur svo á, að sá framburður ákærða fái alls ekki staðizt. Handhöfn ákærða eða ráð hans á byssunni hafa ekki rofnað á þann veg, sem hann vill vera láta, og verður að telja, að frásögn hans um það efni sé röng og sögð gegn betri vitund.

### C.

Kemur þá til álita, hvar ákærði var aðfaranótt og árla morguns 18. janúar 1968.

Ákærði kveðst hafa komið heim til sín upp úr kl. 2400 þá nótt. Um morguninn hafi hann ekið Rögnu, dóttur sinni, til vinnu í Nóa eins og venjulega. Síðan hafi hann ekið inn Borgartún og hjá Klúbbnum hafi hann svarað talstöð Bæjarleiða og hafið leiguakstur. Hann hafi haldið áfram akstri um morguninn og líklega um hádegisbil hafi hann frétt um dauða Gunnars Sigurðar í talstöð bifreiðarinnar.

Karólína, eiginkona ákærða, telur, að hann hafi komið heim að venju milli kl. 0100 og 0200 um nóttina og að hún hafi vakið hann á venjulegum tíma um morguninn og hann síðan ekið Rögnu í vinnuna.

Ragna fullyrðir, að frá desember 1967 til febrúar 1968 hafi ákærði ekið henni til vinnu á morgnana og hafi þau yfirleitt lagt af stað að heiman um eða laust eftir kl. 0720. Hún staðhæfir, að hann hafi ekið henni til vinnu umræddan morgun og telur útilokað, að hann hafi verið kominn á fætur á undan henni, því að það hafi ekki komið fyrir.

Halldóra Guðmundsdóttir, sem vann með Rögnu og Helgu, móður ákærða, í Nóa á þessum tíma, minnst þessa morguns. Hún kveðst hafa verið í sama vinnuflokki og Helga, þegar þær

heyrðu á vinnustaðnum, að leigubifreiðarstjóri hefði verið myrtur. Hún segir, að Helga hafi orðið óttaslegin út af ákærða, þar sem ekki hafi verið vitað á staðnum, hvert nafn bifreiðarstjórans var. Helga hafi sagt við hana, að hún vildi fara í síma til að spyrjast fyrir um ákærða, og farið svo í burtu og komið svo nokkru síðar aftur og sagzt þá vera búin að hringja og hefði hún fengið það staðfest, að allt væri í lagi með ákærða. Halldóru minnir, að þetta hafi verið fyrir hádegi. Hún kveðst ekki muna sérstaklega eftir Röggu þennan dag.

Gísli Álfgeirsson minnir endilega og telur sig vera öruggan um að hafa séð ákærða koma inn á aðalstöð Bæjarleiða við Langholtsveg nálægt kl. 0700 þennan morgun og talað við hann almennt um daginn og veginn og hafi hann ekki getað séð neitt athugavert eða óvenjulegt við hann. Gísli Guðmundsson hafi svo komið inn á stöðina, og minnir Gísli Álfgeirsson, að Gísli Guðmundsson og ákærði færu að tala saman og að þeir hafi rætt um tiltekinn bát.

Gísli Guðmundsson kveðst hafa verið við leigubifreiðarakstur þennan morgun, en hann man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann kom þá inn á aðalstöð Bæjarleiða við Langholtsveg. Hann telur það mjög ótrúlegt, að hann hafi verið kominn þangað um eða eftir kl. 0700, því að venjulega hafi hann ekki hafið leigukstur fyrr en um kl. 0730 eða laust fyrir kl. 0800.

Ákærði kveður, að hann hafi örugglega ekki getað verið kominn á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg fyrr en eftir kl. 0730, en segir, að hann hljóti að hafa komið þangað. Hann man ekki sérstaklega eftir því að hafa talað við Gísli Álfgeirsson þennan morgun, og hann minnst þess heldur ekki, að hann hafi rætt við Gísli Guðmundsson um morguninn, og staðhæfir, að það hafi ekki getað verið fyrir kl. 0800.

Í bókum Bæjarleiða er seinasta ökuferð ákærða 17. janúar 1968 bókuð kl. 2015 að Njörvasundi 17 og fyrsta ferð hans næsta morgun kl. 0735 að Kleppsvegi. Ragna er stimpluð komin til vinnu kl. 0731 þann morgun. Gísli Guðmundsson er ekki bókaður í ökuferð fyrir hádegi þennan dag, en Gísli Álfgeirsson er bókaður í fjórar ferðir þennan morgun frá því laust fyrir kl. 0700 til kl. 0810.

Bækur Bæjarleiða leiða í ljós, að í desember 1967 og janúar 1968 hefur ákærði marga morgna ekki verið bókaður í ökuferð að morgni, eftir að Ragna hefur verið stimpluð til vinnu, og

einnig hefur ákærði marga morgna verið bókaður í ökuferðir fyrir kl. 0730.

Það þykir ekkert vera því til fyrirstöðu tímans vegna, að það geti verið rétt hjá ákærða, að hann hafi að morgni 18. janúar 1968 ekið Rögnu til vinnu og nokkrum mínútum síðar hafið leiguakstur, eins og viðskiptabækur Bæjarleiða sýna. Framburður Gísla Álfgeirssonar og Halldóru Guðmundsdóttur draga þó úr líkindum þess, að ákærði hafi ekið Rögnu til vinnu þennan morgun. Að því er varðar framburð Halldóru, er á það að líta, að nærtækast hefði verið fyrir móður ákærða að spyrja Rögnu um hann og ferðir hans þennan morgun, ef hann hefði ekið henni þá til vinnu. Þá er ákærði einn til frásagnar um, að hann hafi verið staddur í Borgartúni hjá Klúbbnum, þegar hann svaraði talstöð Bæjarleiða og hóf leiguakstur. Einnig er rétt að hafa í huga, að ef ákærði hefur ráðið Gunnari Sigurði bana, gat honum verið umhugað um að haga sér fyrst á eftir eins og ekkert hefði í skorizt með því að aka dóttur sinni til vinnu og hefja síðan leiguakstur.

#### D.

Verður nú vikið nokkuð að einkahögum Gunnars Sigurðar og mögulegum ástæðum fyrir því, að hann var sviptur lífi, svo og að einkahögum ákærða og mögulegum samskiptum hans og Gunnars Sigurðar.

Það er upplýst, að Gunnar Sigurður var óvenjulega feitur maður og að hann átti erfitt með gang og hreyfingar. Hann stundaði leigubifreiðarakstur aðallega að næturlagi, og fannst honum það þægilegra og rólegra en að aka að degi til. Tekjur hans voru almennar þurftartekjur, og nægðu þær sakir reglusemi hans og nægjusemi. Hann var rólegur og friðsamur og kom sér vel á vinnustað, og í frítímum sínum dvaldist hann mest á heimili sínu og stundaði það. Hann var ókvæntur og ekki við konu kenndur. Það hefur ekkert komið fram, sem gæti bent til þess, að hann hefði átt nokkurn óvin eða óvildarmann. Það var heldur ekkert, sem benti til þess, að hann væri í einhverjum vandræðum eða hefði áhyggjur, áður en dauða hans bar að, og þeim, sem sáu hann seinustu nóttina, sem hann lifði, kemur saman um, að ekkert óvenjulegt eða óeðlilegt hafi þá verið við hann.

Það er ekki fengin óbyggjandi skýring á því, hvers vegna Gunnar Sigurður var sviptur lífi.

Það má ganga út frá því, að hann hafi þá haft meðferðis tvö peningaveski eins og venjulega. Annað veskið hefur ekki komið í leitirnar, og er ekki ólíklegt, að í því hafi verið 3—4 þúsund krónur. Möguleiki er á því, að Gunnari Sigurði hafi verið ráðinn bani til fjár.

Ítarleg könnun hefur farið fram á því, hvort verið gæti, að Gunnar Sigurður hefði lánað út fé í hagnaðarskyni, en ekkert hefur komið fram, sem gæti bent til þess, og það, sem fram hefur komið, bendir til þess, að svo hafi alls ekki verið.

Framburður Þuríðar Jóhönnu, systur Gunnars Sigurðar, um konuna G bendir til einhverra samskipta þeirrar konu og hans, þó ekki væri nema í sambandi við flutning á áfengi til hennar, en af því verður þó engin ályktun dregin. Ef til vill hefði varðveizla á skjölum og skilríkjum Gunnars eftir lát hans getað veitt einhverjar frekari upplýsingar í málinu, og er það mjög miður farið, að ekki var lagt hald á þau og þau varðveitt.

Ákærði vann hjá Jóhannesi Jósefssyni á árunum 1936—1960. Síðan hefur hann unnið lengst af við akstur leigubifreiðar til mannflutninga og ekki átt ökutækið sjálfur. Á árunum 1965—1968 sótti hann í þrjú skipti um atvinnuleyfi leigubifreiðarstjóra, en hann virðist ekki hafa sótt fastar á um að fá leyfi en aðrir umsækjendur. Hann var skuldlaus, þegar hann hætti að vinna hjá Jóhannesi, og árið 1961 gaf Jóhannes honum húseignina Sækamb. Fljótlega eftir það fór ákærði að safna skuldum, þó að hann hefði miðlungstekjur, og jukust fjárhagserfiðleikar hans með ári hverju, þó að eiginkona hans og elztu börnin væru farin að vinna úti seinustu árin. Kom að því, að gengið var að honum, og var Sækambur seldur nauðungarsölu á s.l. ári. Honum kom til hugar að flytja búferlum til Ástralíu, og fannst heima hjá honum útfyllt frumrit innflytjandaumsóknar þangað, dags. 23. janúar 1969. Hann kveður þó, að aldrei hafi komið til mála að hann flytti til Ástralíu nema með fjölskyldu sinni, en hún hafi verið því mótfallin. Upplýst er, að ákærði hefur haft áhuga á dáleiðslu og sér í lagi á sjálfsdáleiðslu.

Ákærði kveðst ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð og aldrei hafa átt samskipti eða talað við hann, en þekkt hann þó í sjón. Það hefur heldur ekkert sérstakt komið fram til styrktar því, að þeir hafi þekkt eða að þeir hafi átt einhver samskipti, og hafi svo verið, hefur það farið leynt.

Komið hefur fram, að ákærði hefur þekkt Guðlaugu Erlu

Skagfjörð frú, Stóragarði 26 hér í borg, síðan á árinu 1955. Framburður Carls Möllers hljóðfæraleikara um hegðun Guðlaugar Erlu laugardagskvöldið næsta á eftir dauða Gunnars Sigurðar og um þau orð hennar, að maðurinn, sem hefði myrt bifreiðarstjóran, kæmi heim til hennar þá um nóttina, gæti bent til einhverrar vitneskju hennar um það mál, en því hefur hún eindregið neitað og kveður, að ef hún hafi sagt eitthvað í þá átt, hafi það verið hrein vitleysa og ímyndun hjá henni. Hún kveðst hafa talið það vera mjög ólíklegt, að ákærði hefði ráðið Gunnari Sigurði bana, og er upplýst, að skömmu eftir að hann hafði verið úrskurðaður í gæzluvarðhald á s.l. ári, hringdi hún undir áhrifum áfengis í skrifstofu sakadóms og rannsóknarlögreglu og kvaðst vilja koma því á framfæri, að hún teldi ákærða vera saklausan. Hún kveðst ekki hafa þekkt Gunnar Sigurð, og hefur ekkert sérstakt komið fram til stuðnings því, að hún hafi verið kona sú, G að nafni, sem getur um í fyrrgreindum framburði Þuríðar Jóhónnu.

#### D.

Samkvæmt framansögðu hefur margt komið fram í málinu, sem færir stoð undir þá niðurstöðu, að ákærði hafi ráðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni bana.

Þessi atriði eru einkum:

1. Að því er ætla verður milli kl. 0500 og 0600 hinn 18. janúar 1968 var Gunnar Sigurður sviptur lífi með skammbyssu og kúlu af tegundinni og stærðinni Smith & Wesson, cal. 35. Notuð var til verknaðarins byssa, sem hvarf frá Jóhannesi Jósefssyni á árinu 1965. Öll rannsókn málsins styrkir þá niðurstöðu, að Gunnar Sigurður hafi verið sviptur lífi af ásettu ráði.

2. Hinn 6. marz 1969 fannst fyrrgreind byssa fullhlaðin sjö skotum í læstu geymsluhólfi í leigubifreið ákærða. Frá 7. sama mánaðar til 28. júní 1969 neitaði hann því eindregið að hafa tekið byssuna eða nokkur skot frá Jóhannesi Jósefssyni, en hjá honum vann hann í fjölmörg ár.

Hinn 28. júní 1969 viðurkenndi ákærði hins vegar að hafa á árinu 1965 tekið byssuna í heimildarleysi á heimili Jóhannesar og slegið eign sinni á hana, en engin skot hafi þá verið í henni. Í sama skipti viðurkenndi ákærði einnig að hafa á árunum 1953—1955 tekið í heimildarleysi hálfan annan pakka af skammbyssuskotum frá Jóhannesi í sumarbústað hans við Hítará, og má

telja upplýst, að það hafi verið skot af sömu tegund og stærð og „pössuðu í“ fyrrnefnda byssu svo og það skot, sem varð Gunnari Sigurði að bana.

3. Ákærði geymdi byssuna vandlega á heimili sínu í læstum peningakassa, sem hann hafði einn lykil að. Hinn 7. marz 1969 fannst í kassanum eitt Smith & Wesson skammbyssuskot, cal. 35.

4. Stafurinn U var á skothylki kúlunnar, sem varð Gunnari Sigurði að bana, sbr. 1. lið, og einnig á skotunum sjö, sem voru í byssunni, þegar hún fannst í bifreiðinni R 15612, sbr. 2. lið, svo og á fyrrgreindu skoti, sem fannst í peningakassa ákærða, sbr. 3. lið. Skot þessi hafa ekki verið framleidd síðar en árið 1925. Slík skot átti Jóhannes Jósefsson bæði í sumarbústað sínum við Hítará, þar sem ákærði dvaldist í fjölmörg ár sumarlangt sem starfsmaður hans, svo og í kjallara húss síns á Tjarnarstíg 8, sem ákærði hafði lykil að, en engin skýring hefur fengizt á því, hvers vegna hann hafði lykilinn.

5. Pinnaför eru í hvellhettum fjögurra af þeim sjö skotum, sem voru í fyrrgreindri byssu. Möguleiki er á því, að för þessi séu til orðin af því, að þau hafi klikkað í Mauser byssu þeirri, sem ákærði átti, og er reyndar engin önnur skýring tiltæk á förunum, þó að á hinn bóginn sé ekki hægt að fullyrða neitt um það atriði, en sé svo, eru skotin fjögur gömul skot, sem hafa verið í vörzlum ákærða.

Lítil dæld er einnig á hvellhettu skothylkis kúlunnar, sem varð Gunnari Sigurði að bana, þó að eigi sé unnt að bera kennsl á pinnann, sem kann að hafa markað hana.

6. Það hefur ekkert komið fram, sem getur bent til þess, að einhver af þeim skotum, sem voru í verzluninni Goðaborg eða í fótum Bjarna Þórs Guðmundssonar, hafi farið út til annarra, enda ber að hafa í huga, að almennt notagildi þessara skota var ekkert, þar eð þau „pössuðu“ aðeins í hina fágætu Smith & Wesson cal. 35 skammbyssu, sem telja má, að enginn hafi átt hér á landi nema Jóhannes Jósefsson.

7. Saga ákærða um hvarf byssunnar á árinu 1966 og um endurkomu hennar laust eftir miðjan janúar 1969 er tilbúningur og hlýtur að vera sögð gegn betri vitund. Það styrkir þá niðurstöðu, að ákærði hafi haft byssuna undir höndum eða ráð hennar allan þennan tíma og þar á meðal, þegar skotið, sem varð Gunnari Sigurði að bana, reið af henni.

8. Ákærði vissi, að byssan, sem hann geymdi í bifreið sinni og hann kveðst hafa fundið þar í janúar f. á., eða eins byssa

hafði verið notuð til að bana Gunnari Sigurði, og honum var einnig kunnugt um, að verið var að leita að þessari byssu. Sterk rök hníga að því, að saklaus maður, sem hafði vitneskju um þetta, hefði ekki látið stjórnast af ótta við að vera ranglega bendlaður við dauða Gunnars Sigurðar og leynt byssunni, heldur hefði hann þegar í stað tilkynnt um hana til yfirvalda.

9. Það er ósannað, að ákærði hafi komið heim til sín og sofað þar aðfaranótt 18. janúar 1968, og þó að hann hefði ekið dóttur sinni til vinnu laust fyrir eða um kl. 0730 þá um morguninn, sem er einnig ósannað, er alls ekki útilokað tímans vegna, að hann hafi hleypt af skoti því, sem varð Gunnari Sigurði að bana.

10. Orð og viðbrögð ákærða, eftir að hann hafði misst byssuna 6. marz 1969 og eftir að hann hafði verið handtekinn daginn eftir, benda til sektarvitundar hans frekar en sakleysis.

Þau atriði, sem veikja eða veikt gætu þá niðurstöðu, að ákærði hafi hleypt af skoti því, sem varð Gunnari Sigurði að bana, eru einkum þessi:

1. Það hafa ekki komið fram beinar sannanir fyrir því, hvar ákærði var nóttina, sem Gunnar Sigurður var sviptur lífi, og þá heldur ekki, að hann hafi þá verið utan heimilis síns.

2. Það er ekki vitað til þess, að ákærði og Gunnar Sigurður hafi þekkt eða átt samskipti saman.

3. Það hefur ekki tekizt að fá raunsanna skýringu á því, hvers vegna Gunnar Sigurður var sviptur lífi og hvers vegna ákærði hefði átt að gera það öðrum fremur.

Hér rís spurning um sönnun sakar og sér í lagi um óbeina sönnun í máli þessu.

Öldum saman var í gildi hér á landi svonefnt rannsóknarréttarfar. Aðaláherzlan var lögð á að fá sökunaut til að játa á sig brot, og var þá sönnun fengin. Sérstakar réttarfarsreglur auðvelduðu dómara að fá játningu sökunauts. Hann var skyldugur til að svara spurningum dómara og var dómara heimilt að setja hann í fangelsi við vatn og brauð, þar til hann fékkst til að svara.

Með lögum nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála voru afnumdar margar reglur rannsóknarréttarfarsins, en í staðinn voru lögleiddar margar reglur svonefnds ákæruvéttarfars, sem hefur verið lengi í gildi í nágrannaríkjum okkar. Samkvæmt þeim reglum hefur réttur sökunauts aukizt verulega. Aðaláherzlan er ekki lengur lögð á að knýja fram játningu sökunauts. Hann þarf ekki að svara spurningum dómara

frekar en hann sjálfur kýs, og dómara ber að vekja athygli sökunauts á þessum rétti hans.

Reglan „in dubio pro reo“ hefur lengi gilt um sönnun sakar í opinberum málum hér á landi. Með lögum nr. 27/1951, sbr. nú lög nr. 82/1961, er þessi regla staðfest, sbr. 108. gr. laganna, þar sem segir, að sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvíli á ákærvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi. Samkvæmt 109. gr. laganna metur dómari það einnig eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana (óbein sönnun).

Í nágrannaríkjum okkar hafa hinar nýju reglur ákæru réttarfarsins um skýrslur sökunauts og fráhravar frá hinni eldri reglu, að leggja aðaláherzlu á að fá fram játningu hans, leitt óhjákvæmilega til þess, að breytingar hafa orðið á viðhorfi dómstóla til sönnunar í sakamálum. Þeir hafa í auknum mæli farið að líta svo á, að neitun sökunauts þurfi ekki að vera annað en mannlegt viðbragð hans við framborinni sök án tillits til sannleiksgildis neitunarinnar, og þeir hafa þá einnig í auknum mæli beitt óbeinni sönnun eða líkum til að sanna sök.

Sakadómurinn treystir sér þó ekki til þess að svo vöxnu máli að feta alveg í fótspor dómstóla nágrannaríkja í þessu efni og telur sig hafa hér stoð í dómum Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum eftir gildistöku laga nr. 27/1951, þar sem rétturinn hefur ekki vikið frá hinum gömlu reglum rannsóknarréttarfarsins og dómvenjum um sönnun sakar. Hér eiga við orð Páls Jónssonar Vídalíns og allrar lögréttu í dómi, uppkveðnum 20. júlí 1706 á Alþingi — þó í óskildu máli sé — en þar segir meðal annars: „... og hversu sem vort lögmál er í þessari grein fjarlæggt og ólíkt lögmáli annara landa, ... þá samt dirfumst vér ekki frá þessa lands lögmáli að víkja ...“, sbr. Alþb. Ísl. IX, bls. 378—379.

Fyrir því og með skírskotun til allra málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan í dómi þessum, svo og hafandi í huga hin gömlu orð Jónsbókar, Mannhelgi, 17. kap., „ok því skal dómurinn hvervetna til betra efnis færa, ef þeir vitu jafnvíst hvárt tveggja“, hneigist dómurinn að því að líta svo á, að eigi sé fram komin gegn eindreginni neitun ákærða lögfull sönnun

fyrir því, að hann hafi ráðið Gunnari Sigurði Tryggvasyni bana. Ber því að sýkna hann af þeirri grein ákærunnar í málinu.

#### E.

Rís þá spurningin, hvort ákærði hefur átt þátt í því eða veitt liðsinni til þess, að Gunnar Sigurður var sviptur lífi.

Koma hér einkum til greina eftirtalin atriði:

1. Gunnar Sigurður hlaut sinn bana með skotvopni því, sem fannst fullhlaðið í læstu bifreiðarhólfi hjá ákærða og hann hafði fyrir dauða Gunnars Sigurðar tekið að ófrjálsu og geymt síðan vandlega og leynt heima hjá sér í læstum peningakassa.

2. Ósannindi ákærða um hvarf byssunnar á árinu 1966 og um endurkomu hennar á árinu 1969 svo og önnur þau atriði, sem rakin hafa verið frammar í þessum kafla dómsins, leiða í ljós, að handhöfn hans á byssunni eða ráð hennar hafa ekki rofnað, heldur hefur hann haft hana undir höndum eða ráð hennar, þegar Gunnar Sigurður var sviptur lífi með henni.

3. Sá verknaður hefur ekki orðið framinn nema fyrir hátt-semi ákærða þannig, að hafi hann ekki framið verknaðinn sjálfur, hefur hann látið byssuna af hendi við annan eða látið hana öðrum í té og að því er ætla verður ásamt skotum.

4. Ákærði hefur því átt þátt í verknaðinum eða veitt liðsinni til hans, hver sem hleypt hefur af banaskotinu.

5. Framburður ákærða og framkoma öll í rannsókn málsins svo og sakargögn og sakaratriði þess, eins og þau hafa verið rakin hér að framan í dómi þessum, sýna, að þessi þátttaka hans í verknaðinum eða liðsinni til hans hlýtur að hafa verið með saknæmum hætti, þ. e. á þann veg, að huglægum skilyrðum til brotsins er fullnægt.

Fyrir því hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 211. gr., sbr. 22. gr., 1. mgr., hegningarlaganna.

Rétt þykir að taka fram, að launung og undanskot ákærða á byssunni samkvæmt framburði hans sjálfs frá því laust eftir miðjan janúar 1969 þar til hún fannst 6. marz sama ár væri, án þess að annað kæmi til, brot gegn valdstjórninni samkvæmt 112. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

#### F.

Ákærði hefur með heimildarlausri töku margnefndrar skammbyssu í auðgunartilgangi frá Jóhannesi Jósefssyni árið 1965 brotið gegn 244. gr. hegningarlaganna.

Í amerísku bókinni „Shooters Bible, Gun Traders Guide“, útgáfu frá árinu 1964, eru skammbyssur af þessari tegund og stærð verðlagðar á 30 dollara.

Árið 1965 var sölugengi á bandarískum dollar íslenskar kr. 43.06 og aðflutningsgjöld af skammbyssum námu 60% af tollverði. Þá mun smásöluálagning af byssum, sem fluttar voru beint inn frá útlöndum, hafa verið 29.8% og söluskattur nam 7.5%.

Samkvæmt þessu hefði smásöluverð á skammbyssu, sem kostaði 30 dollara í Bandaríkjunum, verið hér á landi árið 1965 sem hér segir:

1. Verð á byssu, \$ 30 × 43.06 . . . . .	=	kr. 1.291.80
2. Bankakostnaður, 0.5% . . . . .	=	— 6.46
		<hr/>
		kr. 1.298.26
3. Aðflutningsgjöld, 60% . . . . .	=	— 778.94
		<hr/>
		kr. 2.077.20
4. Smásöluálagning, 29.8% . . . . .	=	— 619.00
		<hr/>
		kr. 2.696.20
5. Söluskattur, 7.5% . . . . .	=	— 202.22
		<hr/>
		Smásöluverð, samtals kr. 2.898.42

og er þá ekki talinn með flutnings- og váttryggingarkostnaður byssunnar.

Í 1. gr. laga nr. 69/1964, sbr. 256. gr., 2. mgr., hegningarlaga nr. 19/1940 segir, að ef tjón af þjófnaðarbroti nemi ekki yfir 3.000 krónum og engin sérstök atvik auki saknæmi þess og sökunautur hafi ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skuli því aðeins opinbert mál höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Það eru mörg atvik, sem auka verulega saknæmi þjófnaðarbrotis ákærða. Það eykur saknæmi brotsins,

að ákærði sló eign sinni á skammbyssu, sem honum var óheimilt að lögum að hafa í vörzlum sínum,

að hann sló eign sinni á hættulegan mun, sem og manntjón hlaut af,

að hann hafði áður slegið eign sinni á hálfan annan pakka af skotum, sem „pössuðu í“ byssuna, svo og

að hann stal frá velgerðarmanni sínum, Jóhannesi Jósefssyni, á heimili hans fágætum mun, sem honum var kunnugt um, að var Jóhannesi mjög kær og hafði sérstakt minjagildi fyrir hann.

Þegar af þessum ástæðum tekur 1. gr. laga nr. 69/1964, sbr. 256. gr., 2. mgr., laga nr. 19/1940 ekki til þessa brots ákærða.

Handhöfn ákærða á skammbýssunni varðar einnig við 3. gr., 1. mgr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 69/1936.

#### G.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber sérstaklega að hafa í huga annars vegar, að háttsemi sú, sem ákærði er sekur fundinn um, beinist gegn þeim hagsmunum, sem mönnum eru helgastir og ekki verða síðar bættir, lífinu sjálfu, en hins vegar, að ekki er að fullu upplýst í öllum einstökum atriðum, hversu stórvægi- legur þáttur ákærða hefur verið í framkvæmd brotsins. Rétt þykir, að þessi vafi um mikilvægi þáttar ákærða í brotinu verði metinn honum í hag samkvæmt reglunni „in dubio pro reo“, þó að hann hafi reyndar fyrst og fremst sjálfur valdið þessum vafa með því að segja ekki sannleikann í málinu.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til allra málavaxta, máls- atvika og málgagna svo og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár.

Ákærði hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 8. marz f. á. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt, að varðhaldsvist þessi komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000.00, svo og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Gíslason, sæti fangelsi í 5 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 8. marz 1969 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 120.000.00, svo og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.